

SKÓLASKÝRSLA

2011

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Hag- og upplýsingasvið

2011

Skólaskýrsla 2011

© Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30

Pósthólf 8100

128 Reykjavík

2011/17

Umsjón með útgáfu: Valgerður F. Ágústsdóttir og Magnús Karel Hannesson

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	7
LEIKSKÓLI	8
1. Leikskólabörn	9
Samantekt	19
2. Leikskólar	20
Samantekt	22
3. Starfsfólk	23
Samantekt	33
4. Kostnaður vegna leikskóla	34
4.1 Kostnaður sveitarfélaga vegna reksturs leikskóla	34
4.2 Rekstrarútgjöld í hlutfalli af skatttekjum	39
4.3 Kostnaður á hvert heilsdagsígildi barna	42
Samantekt	46
GRUNNSKÓLI	47
5. Nemendur	48
Samantekt	55
6. Grunnskólar	56
Samantekt	57
7. Starfsfólk í grunnskóla	58
7.1. Kennarar	58
Samantekt	67
7.2 Annað starfsfólk	67
Samantekt	73
7.3. Allt starfsfólk í grunnskóla	74
Samantekt	78
8. Kostnaður vegna grunnskóla	79
8.1. Kostnaður sveitarfélaga vegna reksturs grunnskóla	79
8.2. Rekstrarútgjöld í hlutfalli af skatttekjum	84
8.3. Rekstrarkostnaður á hvern nemanda	87
Samantekt	89
HELSTU ÞÆTTIR Í SKÓLAMÁLASTARFI SAMBANDSINS 2011	90
Skólamálanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga	90
Skólaþing sveitarfélaga og málstofa sambandsins um skólamál	90
Skólamálastefna Sambands íslenskra sveitarfélaga	90
Sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólastarf til 2020	90
Sameiginleg framtíðarsýn fyrir leikskólastarf	91
Lok samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis í skólamálum	91
Skólavogin og ákvörðun um samstarfsaðila	93
Tilraunaverkefni um ytra mat á grunnskólastarfi	94
Samstarfsnefnd um símenntun/starfsþróun kennara	95
Úthlutanir úr Námsleyfasjóði og Endurmenntunarsjóði grunnskóla vegna skólaársins 2011-2012	96
SETNING REGLUGERÐA SAMKVÆMT LÖGUNUM FRÁ 2008	97
1. Reglugerð nr. 872/2009, um inntak menntunar leik-, grunn- og framhaldsskólakennara (október 2009)	97
2. Reglugerð nr. 893/2009, um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald (október 2009)	97
3. Reglugerð nr. 896/2009, um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla (október 2009)	97

4. Reglugerð nr. 897/2009, um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín (október 2009)	97
5. Reglugerð nr. 980/2009, um viðurkenningu grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum (desember 2009).....	98
6. Reglugerð nr. 160/2010, um matsnefnd náms- og starfsráðgjafa (febrúar 2010)	98
7. Reglugerð nr. 440/2010, um störf og starfshætti undanþágunefndar grunnskóla (apríl 2010)	98
8. Reglugerð nr. 584/2010, um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum (júní 2010).....	98
9. Reglugerð nr. 585/2010, um nemendur með sérþarfir í grunnskóla (júní 2010).....	98
LISTI YFIR ÁHUGAVERT EFNI ER VARÐA SKÓLAMÁL	100
Staða lestrarkennslu í íslenskum grunnskólum [Eingöngu á rafrænu formi]	100
Útgáfa rits OECD, Education at a Glance 2011	100
Svigrúm íslenskra grunnskólastjóra til forystu og stjórnar.....	100
Það er enginn aflögufær: Innleiðing nýútskrifaðra kennara í starf í grunnskóla	101
Leiðbeiningar fyrir skólanefndir.....	101
Skólastefna sveitarfélaga – Handbók	101
Skýrsla um starfsemi og stjórnun lengdrar viðveru.....	102
Niðurstöður könnunar á framkvæmd samrekturs skóla	102
Nemendur með íslensku sem annað tungumál í grunnskólum	102
FYLGISKJÖL	
Fylgiskjal 1 – Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum	104
Fylgiskjal 2 – Lög um leikskóla.....	110
Fylgiskjal 3 – Lög um grunnskóla	118
Fylgiskjal 4 – Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla	134
Fylgiskjal 5 – Fjöldi barna í leikskóla sveitarfélaga árið 2010 eftir lengd dvalar og sveitarfélagi ásamt fjölda heilsdagsígilda.....	141
Fylgiskjal 6 – Stöðugildi starfsfólks í leikskólum sveitarfélaga árið 2010 og hlutfallsleg skipting þeirra	143
Fylgiskjal 7 – Hlutfall þjónustutekna af beinum rekstrarkostnaði leikskóla sveitarfélaga árið 2010 eftir sveitarfélögum.....	145
Fylgiskjal 8 – Hlutfall rekstrarútgjalda vegna leikskóla af skatttekjum árið 2010	147
Fylgiskjal 9 – Beinn rekstrarkostnaður leikskóla sveitarfélaga á hvert heilsdagsígildi árið 2010 eftir sveitarfélögum.....	149
Fylgiskjal 10 – Stöðugildi starfsfólks í grunnskóla árið 2010 eftir menntun og sveitarfélögum	151
Fylgiskjal 11 – Hlutfallsleg skipting starfsfólks við kennslu árið 2010 eftir réttindum og sveitarfélögum.....	153
Fylgiskjal 12 – Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi starfsfólks við kennslu árið 2010 eftir sveitarfélögum.....	155
Fylgiskjal 13 – Rekstrarútgjöld vegna grunnskóla sem hlutfall af skatttekjum sveitarfélaga árið 2010	157
Fylgiskjal 14 – Rekstrarútgjöld vegna grunnskóla sem hlutfall af skatttekjum sveitarfélaga árið 2010	159
Fylgiskjal 15 – Beinn rekstrarkostnaður (brúttó) grunnskóla sveitarfélaga á hvern nemanda 2010	161
Fylgiskjal 16 – Heildarútgjöld vegna leikskóla og grunnskóla sem hlutfall af skatttekjum árið 2010	163
Fylgiskjal 17 – Listi yfir fulltrúa sambandsins í nefndum á sviði skólamála	165
Fylgiskjal 18 – Skólaskrifstofur sveitarfélaga og skólar utan þeirra	167

INNGANGUR

Markmiðið með útgáfu þessarar skýrslu er að birta tölulegar upplýsingar um skólamál og gera þær aðgengilegar fyrir sveitarstjórnarmenn, stjórnendur grunnskólans og aðra þá sem fylgjast vilja með þróun í skólamáli. Í skýrslunni er bæði fjallað um leikskóla og grunnskóla.

Tölulegar upplýsingar ná til málaflokkanna á landsvísi en einnig er þeim skipt niður eftir landshlutum. Að auki eru upplýsingarnar að nokkru leyti flokkaðar eftir íbúafjölda sveitarfélaga.

Upplýsingar í skýrslunni eru fengnar frá Hagstofu Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Í höfuðdráttum er gerð grein fyrir starfsemi hvors skólastigs um sig árið 2010 og að auki eru birtar sambærilegar upplýsingar aftur í tímann eins og kostur er.

Skýrslan gefur möguleika á árlegum samanburði á ýmsum lykiltölum í skólalaldi.

Birtar eru ýmsar magntölur yfir nemendur, skóla, kennara og annað starfsfólk og kostnað vegna málaflokkanna. Til viðbótar þessu eru birtar tölur í viðaukum aftast í skýrslunni þar sem valdar lykiltölur eru birtar á hvert sveitarfélag.

Að auki er að finna fróðleik frá öðrum sviðum sambandsins. Fjallað er um helstu þætti í skólamálastarfi sambandsins frá árinu 2011. Fjallað er um skólamálanefnd, Skólalæping sambandsins, símenntun kennara og nýtt samstarf sambandsins við Skólalæping ehf. vegna Skólalæpingar. Þá er samstarfsverkefni sambandsins og mennta- og menningarmálaráðuneytis í skólamáli gerð nokkur skil.

Að lokum er fjallað um setningu reglugerða samkvæmt lögum frá 2008. Hér er að finna yfirlit yfir nýjar reglugerðir, ásamt örstuttri umfjöllun um inntak þeirra. Þá er að finna í skýrslunni nýja reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum, sem og lög um leik- og grunnskóla ásamt lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla sem birt voru áður í Skólaskýrslu 2008.

Skýrslan er tekin saman af Valgerði Ágústsdóttur, sérfræðingi á hag- og upplýsingasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga.

LEIKSKÓLI

Leikskóli er fyrsta skólastigið í skólakerfinu samkvæmt lögum nr.90/2008 um leikskóla og er ætlaður börnum undir skólaskyldualdri. Sveitarfélög bera ábyrgð á starfsemi leikskóla. Löggin kveða á um að sveitarfélög hafi forustu um að tryggja börnum leikskóladvöl og beri ábyrgð á heildarskipan skólalands í leikskólum sveitarfélags. Sveitarfélög skulu setja sér almenna stefnu um leikskólalands í sveitarfélagi og kynna hana fyrir íbúum þess. Á vegum 63 sveitarfélaga landsins er starfræktur leikskóli eða í 82% þeirra. Í þessum kafla verður fjallað um ýmsar lykiltölur um leikskólabörn, leikskóla, starfsfólk á leikskóla og rekstrarkostnað.

Hér má sjá yfirlit lykiltalna vegna leikskóla á tímabilinu 2005–2010. Fjöldi starfsfólks vísar til fjölda stöðugilda. Rekstrarkostnaður er staðvirtur á verðlagi ársins 2010.

Tafla 1. Helstu lykiltölur vegna leikskóla 2005–2010

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	Breyting 05–10	% br. 05–10
Fjöldi leikskólabarna alls	16.864	17.216	17.561	18.278	18.716	18.961	2.097	12%
Fjöldi leikskólabarna í leikskólum sveitarfélaga	15.322	15.385	15.386	15.912	16.123	16.122	800	5%
Heilsdagsígildi barna alls	16.208	16.856	17.443	18.353	18.701	18.818	2.610	16%
Heilsdagsígildi barna í leikskólum sveitarfélaga	14.810	15.517	15.805	16.471	16.106	15.986	1.176	8%
Leikskólar alls	262	267	270	275	281	277	15	6%
Leikskólar sveitarfélaga	234	236	234	238	244	238	4	2%
Stöðugildi alls starfsfólks við uppeldis- og menntunarstörf ¹	3.535	3.807	3.950	4.350	4.432	4.371	564	16%
Stöðugildi deildarstjóra, leikskólakennara og annarra við uppeldis- og menntunarstörf ²	2.869	3.114	3.274	3.629	3.646	3.615	501	17%
Starfsfólk við önnur og ótilgreind störf	399	394	418	411	415	399	5	1%
Allt starfsfólk	3.935	4.201	4.368	4.761	4.847	4.014	-187	-5%
Heildarrekstrarkostnaður alls ³	20.035.969	23.185.745	26.311.239	27.435.301	27.943.294	26.924.267	6.888.298	34%
Rekstrarútgjöld í hlutfalli af skatttekjum *	11%	13%	14%	15%	16%	16%	5 prós.stig	45%
Beinn rekstrarkostnaður á hvert heils dagsígildi leikskóla sveitarfélaga	1.235	1321	1338	1358	1414	1396	161	13%
% tekna af rekstrarkostnaði leikskóla sveitarfélaga	28%	21%	18%	16%	16%	17%	11 prós.stig	-39%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: ¹: Öll stöðugildi starfsfólks er sinna uppeldis- og menntunarstörfum, ásamt þeim er sinna stuðningsstörfum og öllum stjórnendum. ²: Stöðugildi starfsfólks er sinna uppeldis- og menntunarstörfum ásamt stöðugildi deildarstjóra.

Stjórnendur og starfsmenn er sinna stuðningi eru ekki taldir með. ³: Heildarrekstrarkostnaður leikskóla er allur rekstrarkostnaður bruttó af öllum leikskólastofnunum ásamt sameiginlegum liðum og framlögum sveitarfélaga til sjálfstætt starfandi leikskóla. Á sameiginlega liði er kostnaður bókfærður vegna leikskólafulltrúa, leikskólanefnda og dagvistarskrifstofa sveitarfélaga. Tölur í þús.kr. og staðvirt á verðlagi ársins 2010. *: Heildarútgjöld nettó (sameiginlegir liðir, leikskólar sveitarfélaga og framlög til sjálfstætt starfandi leikskóla. Á verðlagi hvers árs. Beinn rekstrarkostnaður leikskóla er allur bruttó rekstrarkostnaður færður á leikskóla sveitarfélaga án sameiginlegs kostnaðar. Tölur í þús.kr. og staðvirt á verðlagi ársins 2010.

1. Leikskólabörn

Í markmiðsgrein laga um leikskóla nr. 90/2008 er kveðið á um að í leikskólum skuli velferð og hagar barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Þannig skuli veita börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Hér á eftir verður fjallað um leikskólabörn, fjölda þeirra og heilsdagsígildi, aldursskiptingu og lengd dvalartíma á leikskóla.

Tafla 2. Fjöldi leikskólabarna og heilsdagsígilda 1998–2010

	Öll leikskólabörn				Leikskólabörn í leikskólum reknur af sveitarfélögum				Leikskólabörn í sjálfstætt starfandi leikskólum			
	Fjöldi leikskólabarna	Breyting frá fyrra ári	Fjöldi heilsdagsígilda	Breyting frá fyrra ári	Fjöldi leikskólabarna	Breyting frá fyrra ári	Fjöldi heilsdagsígilda	Breyting frá fyrra ári	Fjöldi leikskólabarna	Breyting frá fyrra ári	Fjöldi heilsdagsígilda	Breyting frá fyrra ári
1998	15.105		11.905		14.174		11.094		795		811	
1999	14.761	-2%	12.047	1%	13.934	-2%	11.328	2%	799	1%	719	-11%
2000	14.574	-1%	12.325	2%	13.703	-2%	11.569	2%	841	5%	756	5%
2001	15.578	7%	13.738	11%	14.405	5%	12.686	10%	1.142	36%	1.053	39%
2002	16.282	5%	14.736	7%	14.987	4%	13.559	7%	1.267	11%	1.177	12%
2003	16.685	2%	15.473	5%	15.146	1%	14.039	4%	1.510	19%	1.434	22%
2004	16.755	0%	15.902	3%	15.263	1%	14.575	4%	1.492	-1%	1.328	-7%
2005	16.864	1%	16.208	2%	15.322	0%	14.810	2%	1.542	3%	1.398	5%
2006	17.216	2%	16.856	4%	15.385	0%	15.517	5%	1.831	19%	1.339	-4%
2007	17.561	2%	17.443	3%	15.386	0%	15.805	2%	2.175	19%	1.638	22%
2008	18.278	4%	18.353	5%	15.912	3%	16.471	4%	2.366	9%	1.882	15%
2009	18.716	2%	18.701	2%	16.123	1%	16.106	-2%	2.593	10%	2.566	36%
2010	18.961	1%	18.818	1%	16.122	0%	15.986	-1%	2.839	9%	2.832	10%
Breyting 98–10	3.856		6.913		1.948		4.892		2.044		2.021	
% breyting 98–10	26%		58%		14%		44%		257%		249%	

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Börn í opinberum leikskólum og sjálfstætt starfandi leikskólum. Heilsdagsígildi eru reiknuð þannig að dvalartími í 4 klst. jafngildir hálfu heilsdagsígildi, dvalartími í 5 klst. = 0,625 og 6 klst. = 0,75, 7 klst. = 0,875, 8 klst. viðvera reiknast sem 1 heilsdagsígildi, 9 klst. viðvera reiknast sem 1,125 heilsdagsígildi og 10 klst. viðvera sem 1,250.


Í töflu 2 er að finna yfirlit yfir fjölda leikskólabarna frá árinu 1998 til ársins 2010. Á tímabilinu hefur leikskólabörnum alls fjölgað um 3.856 börn eða um 26%. Aukning í þjónustu leikskóla sést þó ekki síður í þróun heilsdagsígilda. Börn dvelja mislangan tíma á leikskóla á dag en lengd dvalartíma barna er umreiknuð yfir í heilsdagsígildi. Heilsdagsígildum alls hefur fjölgað um 58% á árunum 1998–2010 eða um 6.913 heilsdagsígildi.

Þetta segir okkur að viðvera barna á leikskóla hefur lengst. Athygli er vakin á því að útreikningur á fjölda heilsdagsígilda er örlítið frábrugðinn því sem verið hefur. Í stað þess að reikna 7 tíma vistun og yfir sem eitt heilsdagsígildi, þá er 8 tíma vistun viðmið fyrir eitt heilsdagsígildi, sjá skýringu við töflu 2.

Tafla 2 sýnir einnig að leikskólabörnum fjölgar hlutfallslega meira í sjálfstætt starfandi leikskólum á tímabilinu 1998–2010 en í þeim leikskólum sem reknir eru af sveitarfélögum.

Í fylgiskjali 5 er yfirlit yfir fjölda heilsdagsígilda og fjölda leikskólabarna í hverju sveitarfélagi fyrir sig árið 2010.

Mynd 1. Fjöldi barna og heilsdagsígilda í öllum leikskólum 1998–2010




Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Börn í opinberum leikskólum og sjálfstætt starfandi leikskólum. Heilsdagsígildi eru reiknuð þannig að dvalartími í 4 klst. jafngildir hálfu heilsdagsígildi, dvalartími í 5 klst. = 0,625 og 6 klst. = 0,75, 7 klst. = 0,875, 8 klst. viðvera reiknast sem 1 heilsdagsígildi og 9 klst. viðvera reiknast sem 1,125 heilsdagsígildi og 10 klst. viðvera sem 1,250.

Á mynd 1 sjáum við gögnin úr töflu 2 sett fram á myndrænan hátt. Árið 2010 er 18.961 barn í öllum leikskólum landsins eða samtals 18.818 heilsdagsígildi. Frá árinu 1998 hefur leikskólabörnum alls fjölgað um ríflega 3.800 eða 26%. Á sama tíma eykst fjöldi heilsdagsígilda mun meir eða um 58% sem jafngildir 6.913 heilsdagsígildum.

Mynd 2. Fjöldi barna og heilsdagsígilda í leikskólum sveitarfélaga 1998–2010



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.


Skýring: Börn í opinberum leikskólum og sjálfstætt starfandi leikskólum. Heilsdagsígildi eru reiknuð þannig að dvalartími í 4 klst. jafngildir hálfu heilsdagsígildi, dvalartími í 5 klst. = 0,625 og 6 klst. = 0,75, 7 klst. = 0,875, 8 klst. viðvera reiknast sem 1 heilsdagsígildi, 9 klst. viðvera reiknast sem 1,125 heilsdagsígildi og 10 klst. viðvera sem 1,250.

Á mynd 2 er að finna yfirlit um þróun barnafjölda á leikskólum reknur af sveitarfélögum. Þar kemur einnig fram fjöldi heilsdagsígilda barna á leikskólum.

Hér kemur fram áþekkt þróun og á mynd 1. Leikskólabörnum hefur fjölgað um 1.948 í leikskólum sveitarfélaga eða um tæp 14% á tímabilinu 1998–2010. Á sama tíma hefur fjöldi heilsdagsígilda

barna á leikskólum vaxið um 44% eða um 4.892 heildsdagsgildi. Það að heildsdagsgildum barna á leikskóla fjölgi meira en heildarfjölda þeirra er skýr vísbending um að viðvera barna sé að lengjast.

Mynd 3. Fjöldi barna og heildsdagsgilda í leikskólum sveitarfélaga 1998–2010



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Börn í opinberum leikskólum og sjálfstætt starfandi leikskólum. Heildsdagsgildi eru reiknuð þannig að dvalartími í 4 klst. jafngildir hálfu heildsdagsgildi, dvalartími í 5 klst. = 0,625 og 6 klst. = 0,75, 7 klst. = 0,875, 8 klst. viðvera reiknast sem 1 heildsdagsgildi og 9 klst. viðvera reiknast sem 1,125 heildsdagsgildi og 10 klst. viðvera sem 1,250.

Á myndinni hér fyrir ofan má sjá fjölda barna í sjálfstætt starfandi leikskólum á árunum 1998–2010. Fjöldaaukning er veruleg. Þannig eru 795 börn í sjálfstætt starfandi leikskólum árið 1998, en árið 2010 hefur tala þeirra hátt í þrefaldast. Hlutfallslega fjölgar leikskólabörnum í sjálfstætt starfandi leikskólum meira en börnum í leikskólum reknur af sveitarfélögum.

Tafla 3. Fjöldi barna í leikskólum á Íslandi 1998–2010 eftir landshlutum


	Reykjavík	Höfuðborgar- svæðið án Rvk.	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Landið allt
1998	5.959	3.327	837	744	518	455	1.421	673	1.171	15.105
1999	5.696	3.232	851	733	502	438	1.446	681	1.185	14.764
2000	5.455	3.289	850	725	510	442	1.477	668	1.158	14.574
2001	5.844	3.689	1.038	820	460	446	1.539	588	1.154	15.578
2002	6.182	4.001	1.061	839	449	449	1.534	569	1.198	16.282
2003	6.433	4.108	1.038	825	430	467	1.570	663	1.151	16.685
2004	6.523	4.153	1.047	859	383	454	1.544	656	1.136	16.755
2005	6.495	4.269	1.079	852	376	445	1.514	704	1.130	16.864
2006	6.458	4.538	1.093	892	380	392	1.625	691	1.147	17.216
2007	6.394	4.640	1.251	886	397	385	1.624	719	1.265	17.561
2008	6.501	5.110	1.346	890	375	382	1.619	753	1.302	18.278
2009	6.652	5.385	1.351	860	388	416	1.629	744	1.291	18.716
2010	6.719	5.483	1.340	885	403	411	1.632	713	1.375	18.961
Breyting 98–10	760	2.156	503	141	-115	-44	211	40	204	3.856
% breyting 98–10	13%	65%	60%	19%	-22%	-10%	15%	6%	17%	26%

Heimild: Hagstofa Íslands.

Skýring: Átt er við öll leikskólabörn, bæði í opinberum leikskólum sem og sjálfstætt starfandi leikskólum.

Tafla 3 sýnir fjölda leikskólabarna í leikskólum eftir landshlutum tímabilið 1998–2010 . Þeim fjölgar hlutfallslega mest á höfuðborgarsvæði utan Reykjavíkur(65%) og á Suðurnesjum (60%). Á Vestfjörðum fækkar leikskólabörnum á tímabilinu um 22% og á Norðurlandi vestra fækkar þeim um 10%.


Mynd 4. Hlutfallsleg aldursskipting leikskólabarna 1998–2010



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Á mynd 4 sést hver þróun hefur verið í aldurssamsetningu leikskólabarna. Árið 1998 er hlutfall tveggja ára barna og yngri um 22%, en árið 2010 er það komið upp í 33% af heildarfjölda leikskólabarna. Það er því um þriðjungur barna á leikskóla sem er tveggja ára eða yngri árið 2010.

Mynd 5. Hlutfall leikskólabarna af árgöngum 1–5 ára barna 1998–2010



Heimild: Hagstofa Íslands.

Skýring: Hlutfall leikskólabarna af árgöngum 1–5 ára barna.

Ásókn í þá þjónustu sem leikskólinn veitir hefur aukist umtalsvert á undanförunum árum. Árið 1998 sækja 69% barna á aldrinum 1–5 ára leikskóla en árið 2010 er það hlutfall komið upp í 82%.

Tafla 4. Hlutfall leikskólabarna af árgöngum 1–5 ára barna 1998–2010 eftir landshlutum

	Reykjavík	Höfuðsv. án Rvk	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Landið allt
1998	71	67	61	71	76	64	69	72	71	69
1999	68	65	62	72	76	64	69	74	74	68
2000	67	66	62	69	79	66	72	75	73	68
2001	71	72	75	75	77	67	75	70	73	72
2002	77	78	79	75	80	71	76	70	80	77
2003	80	79	77	78	78	73	79	84	79	79
2004	83	78	77	80	78	74	80	84	79	80
2005	83	77	78	80	78	77	80	88	76	80
2006	83	80	77	85	83	80	84	91	76	81
2007	82	79	80	83	86	80	83	88	74	81
2008	82	83	78	81	84	81	82	91	81	82
2009	82	84	80	80	80	85	83	91	79	83
2010	80	84	81	82	84	92	82	91	83	82

Heimild: Hagstofa Íslands.

Tafla 4 sýnir yfirlit yfir hlutfall leikskólabarna samtals af árgöngum 1–5 ára barna á tímabilinu 1998–2010 eftir landshlutum. Árið 2010 er það hlutfall hæst á Norðurlandi vestra (92%) og á Austurlandi (91%). Lægst er það í Reykjavíkurborg eða 80% og þá á Suðurnesjum með 81%.


Tafla 5. Hlutfall leikskólabarna af árgangi eftir aldri 1998–2010

	Alls	Á fyrsta ári	1 árs	2 ára	3 ára	4 ára	5 ára
1998	69	0	12	65	87	91	88
1999	68	0	11	61	87	91	90
2000	68	0	10	54	89	92	91
2001	72	0	14	73	92	93	91
2002	77	1	19	84	93	94	93
2003	79	1	24	89	93	95	93
2004	80	1	27	90	94	95	93
2005	80	1	30	89	94	95	93
2006	81	1	33	91	96	96	92
2007	81	1	31	92	96	96	94
2008	82	1	36	92	95	95	91
2009	83	1	37	93	95	96	93
2010	82	1	35	93	95	97	94
Breyting	13	1	23	28	8	6	6
% breyting	19%		192%	43%	9%	7%	7%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitafélaga.

Í töflu 5 er að finna yfirlit yfir hlutfall leikskólabarna af árgangi eftir aldri. Árið 2010 eru 94% fimm ára barna á leikskóla og hefur fjölgað um sex prósentustig miðað við árið 1998. Mjög mikil fjölgun hefur orðið meðal yngri barnanna. Þannig voru 12% eins árs gamalla barna á leikskóla árið 1998 en eru 35% af árgangi árið 2010. Þá hefur tveggja ára gömlum börnum líka fjölgað mikið eða um 28 prósentustig á tímabilinu. Því má segja að ásókn í þá þjónustu sem leikskólinn veitir hefur aukist umtalsvert á tímabilinu, ekki síst meðal foreldra yngri barna.

Mynd 6. Hlutfall leikskólabarna af árgangi eftir aldri árið 2010



Heimild: Hagstofa Íslands.

Á mynd 6 sést hlutfall leikskólabarna af árgangi greint eftir aldri barnanna. Árið 2010 eru 35% barna á fyrsta ári í leikskóla og 93% eins árs barna. Athygli vekur að 94% 5 ára barna eru á leikskóla. Líkleg skýring á því að sú tala er ekki hærri er skólaga 5 ára barna.

Tafla 6. Hlutfall leikskólabarna af íbúafjölda 1998–2010


	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Reykjavík		5,2%	4,9%	5,2%	5,5%	5,7%	5,7%	5,7%	5,5%	5,4%	5,5%	5,6%	5,7%
Höfuðsv. án Rvk.	5,6%	5,2%	5,2%	5,6%	5,9%	6,0%	5,9%	5,9%	6,0%	5,9%	6,1%	6,6%	6,6%
Suðurnes	5,3%	5,3%	5,2%	6,2%	6,3%	6,1%	6,1%	6,0%	5,8%	6,1%	6,3%	6,3%	6,3%
Vesturland	5,3%	5,2%	5,1%	5,7%	5,8%	5,7%	6,0%	5,7%	5,9%	5,7%	5,7%	5,5%	5,8%
Vestfirðir	6,0%	6,0%	6,3%	5,7%	5,7%	5,5%	5,0%	5,0%	5,1%	5,4%	5,1%	5,3%	5,5%
Norðurland vestra	4,8%	4,6%	4,7%	4,8%	4,9%	5,1%	5,1%	5,0%	5,3%	5,2%	5,2%	5,6%	5,6%
Norðurland eystra	5,4%	5,5%	5,6%	5,8%	5,7%	5,9%	5,7%	5,6%	5,7%	5,6%	5,6%	5,6%	5,6%
Austurland	5,5%	5,6%	5,6%	5,0%	4,8%	5,6%	5,3%	5,1%	4,5%	5,2%	5,9%	5,8%	5,7%
Suðurland	5,7%	5,7%	5,5%	5,4%	5,6%	5,3%	5,2%	5,0%	5,0%	4,9%	5,4%	5,3%	5,8%
Landið allt	5,5%	5,3%	5,2%	5,4%	5,6%	5,7%	5,7%	5,6%	5,6%	5,6%	5,7%	5,9%	6,0%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.
Skýring: Hlutfall leikskólabarna af íbúafjölda

Í töflu 6 koma fram upplýsingar um hlutfallslegan fjölda leikskólabarna af heildarfjölda íbúa í landshlutum frá 1998–2010. Árið 2010 er lægst hlutfall leikskólabarna af íbúafjölda á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra, en hæst á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur. Sé þróunin skoðuð á árunum 1998–2010 sést að hlutfallið hefur lækkað á Vestfjörðum. Á öðrum svæðum hefur hlutfallið hækkað á tímabilinu 1998–2009.

Árið 2010 hækkar hlutfallið nokkuð á Vesturlandi og Suðurlandi frá fyrra ári. Hér skal það áréttað að um er ræða fjölda barna á leikskóla sem hlutfall af íbúafjölda, en ekki fjölda barna í árgöngum í hlutfalli af íbúafjölda.

Mynd 7. Hlutfallsleg skipting á lengd dvalartíma leikskólabarna 1998–2010



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Í mynd 7 er að finna eina megin skýringu á því hve heilsdagsígildum hefur fjölgað frá 1998. Viðvera barna á leikskólum hefur aukist gífurlega á tímabilinu. Hlutdeild þeirra barna sem dvelja hálfan daginn eða minna á leikskóla hefur minnkað verulega en hlutdeild þeirra barna sem dvelja 7–8 klst. eða lengur stórukaust, eða úr tæpum 25% árið 1998 í 59% árið 2010. Þá hefur þeim börnum fjölgað mikið sem dvelja 9 klst. eða lengur, hlutdeild þeirra er 18% árið 1998 en hækkar jafnt og þétt og hefur aukist um 20 prósentustig 10 árum síðar. Sú breyting verður milli árunna 2008 og 2010 að börnum með lengsta vistunartímann fækkar.

Vert er að hafa í huga að hér er um keypta vistunartíma að ræða en ekki raundvalartíma.

Í fylgiskjali 5 er yfirlit yfir fjölda heilsdagsígilda og fjölda leikskólabarna í hverju sveitarfélagi fyrir sig árið 2010.


Tafla 7. Daglegur dvalartími leikskólabarna 1998–2010

	4 klst.	5-6 klst.	7-8 klst.	9 klst. og yfir	Alls
1998	4.330	4.176	3.856	2.743	15.105
1999	3.679	3.941	3.710	3.431	14.761
2000	2.916	3.778	4.403	3.477	14.574
2001	2.367	3.508	5.529	4.174	15.578
2002	2.161	3.064	6.354	4.703	16.282
2003	1.747	2.883	6.761	5.294	16.685
2004	1.296	2.665	7.241	5.553	16.755
2005	1.002	2.437	7.831	5.594	16.864
2006	744	2.123	8.285	6.064	17.216
2007	467	1.954	8.694	6.446	17.561
2008	316	1.812	9.125	7.025	18.278
2009	350	1.734	9.845	6.787	18.716
2010	362	1.717	11.179	5.703	18.961
% br. 98–10	-92%	-59%	190%	108%	26%

Heimild: Hagstofa Íslands.

Viðvera barna í leikskóla hefur lengst umtalsvert hin síðari ár. Í töflu 7 kemur fram að þeim börnum sem dvelja á leikskóla í 4 klukkustundir dag hvern hefur fækkað um 92 % árið 2010 miðað við árið 1998. Hlutfallsleg fækkun nemur tæpum 59% meðal barna er dvelja í leikskólanum í 5–6 tíma dag hvern. Stóraukning hefur orðið meðal barna er annars vegar dvelja í 7–8 klukkustundir á degi hverjum og hins vegar sem dvelja 9 klukkustundir eða lengur á leikskóla, en fjöldi þeirra barna hefur ríflega tvöfaldast. Alls hefur leikskólabörnum fjölgað um 26% á tímabilinu.

Mynd 8. Hlutfallsleg skipting leikskólabarna eftir lengd dvalartíma og landshlutum árið 2010



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Myndin hér að ofan sýnir hlutfallslega skiptingu leikskólabarna eftir lengd dvalartíma og einnig eftir landshlutum árið 2010. Börn í Reykjavík sem dveljast á leikskóla í 4 tíma á dag eru svo fá að þau ná ekki 1%. Þessi hópur er alls staðar fámennastur. Hlutfallslega er hann stærstur á Vestfirðum en þar dveljast 10% leikskólabarna í 4 stundir á dag í leikskóla. Barnahópurinn sem dvelur í 7–8 tíma á dag er alls staðar hlutfallslega stærsti hópurinn, og stærstur í Reykjavíkurborg og á Suðurlandi.

Barnahópurinn sem dvelur lengst á leikskóla, 9 klst. eða meira, er hlutfallslega stærstur á höfuðborgarsvæðinu öllu.


Tafla 8. Dvalartími barna á leikskóla árið 2010 eftir stærð sveitarfélaga

	Fjöldi svf.	4 klst.		5-6 klst.		7 - 8klst.		9 - 10 klst.		Samtals	
		Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
≤ 500 íbúar	12	14	7%	50	24%	123	59%	20	10%	207	1%
501 - 1000	18	62	8%	150	21%	420	57%	99	14%	731	4%
1001-2000	11	53	5%	227	23%	491	51%	196	20%	967	5%
2001-5000	13	115	5%	451	19%	1.360	57%	472	20%	2.398	13%
5001 ≥	8	87	1%	660	8%	4.520	58%	2.582	33%	7.849	41%
Reykjavík	1	31	0%	179	3%	4.265	63%	2.334	34%	6.809	36%
Alls	63	362	2%	1.717	9%	11.179	59%	5.703	30%	18.961	100%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofa Íslands.

Í töflu 8 er dvalartími leikskólabarna skoðaður eftir stærð sveitarfélaga. Hér má greina tengsl milli stærðar sveitarfélaga og dvalartíma barna á leikskóla. Fram kemur að í minni sveitarfélögum dvelja börn í styttri tíma á leikskóla en í þeim stærri. Að auki má sjá í dálkinum til hægri skiptingu barna í leikskóla eftir stærð sveitarfélags. Þannig búa 36% leikskólabarna í Reykjavík árið 2010, en einungis 1% í sveitarfélögum sem hafa 500 eða færri íbúa.

Mynd 9. Dvalartími barna á leikskóla árið 2010 eftir stærð sveitarfélaga



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofa Íslands.
Skýring: Bæði einkareknir leikskólar og leikskólar reknir af opinberum aðilum.

Í mynd 9 hafa upplýsingar úr töflu 8 verið settar fram á myndrænu formi. Hér sést glögg að um tengsl er að ræða milli stærðar sveitarfélaga og dvalartíma barna á leikskóla. Í minnstu sveitarfélögunum er hlutfall barna er dvelja 4 klukkustundir á leikskóla um 7%, en það hlutfall fer lækkandi eftir því sem sveitarfélögin eru stærri. Í sveitarfélögum með íbúa yfir 5000 dvelur einungis 1% barna í 4 klukkustundir á dag í leikskóla og í Reykjavík er ekkert barn sem dvelur það stuttan tíma á dag í leikskóla. Í Reykjavík er hlutfall barna er dvelja í leikskóla í 9–10 klukkustundir hæst eða 34%. Í minnstu sveitarfélögunum er það hlutfall um 10%.

Tafla 9. Hlutfallsleg skipting leikskólabarna eftir lengd dvalartíma og stærð sveitarfélaga 2008 og 2009

	4 klst.			5-6 klst.			7-8 klst.			9-10 klst.		
	2008	2009	2010	2008	2009	2010	2008	2009	2010	2008	2009	2010
≤ 500 íbúar	6	4	7	28	27	24	54	56	59	12	12	10
501 - 1000	7	7	8	25	25	21	53	54	57	15	14	14
1001-2000	6	7	5	25	23	23	48	50	51	21	20	20
2001-5000	4	4	5	19	18	19	48	54	57	29	24	20
5001 ≥	1	1	1	10	8	8	54	50	58	35	40	33
Reykjavík	0	0	0	3	3	3	46	55	63	51	42	34

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofa Íslands.
Skýring: Bæði einkareknir leikskólar og leikskólar reknir af opinberum aðilum. Um hlutfallstölur er að ræða.

Í töflu 9 birtist þróun dvalartíma leikskólabarna árin 2008–2010 eftir stærð sveitarfélaga. Í öllum stærðarflokkum sveitarfélaga fjölga leikskólabornum hlutfallslega sem dvelja 7–8 klst. á dag í leikskóla.

Athygli vekur að árið 2010 fækkar börnum í Reykjavík sem dvelja í 9–10 tíma um 17 prósentustig frá árinu 2008.

Tafla 10. Fjöldi barna í leikskólum sem nutu sérstaks stuðnings 1998–2010 eftir kyni

	Alls	Breyting frá fyrra ári	Drengir	Breyting frá fyrra ári	Stúlkur	Breyting frá fyrra ári
1998	553		382		171	
1999	625	13%	419	10%	206	20%
2000	751	20%	537	28%	214	4%
2001	805	7%	542	1%	263	23%
2002	901	12%	594	10%	307	17%
2003	1.081	20%	704	19%	377	23%
2004	984	-9%	657	-7%	327	-13%
2005	907	-8%	613	-7%	294	-10%
2006	984	8%	652	6%	332	13%
2007	1.212	23%	784	20%	428	29%
2008	934	-23%	622	-21%	312	-27%
2009	1.362	46%	910	46%	452	45%
2010	1.232	-10%	834	-8%	398	-12%
Breyting 98–10	679		452		227	
% breyting 98–10	123%		118%		133%	

Heimild: Hagstofa Íslands.

Skýring: Með sérstökum stuðningi er átt við börn sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika fá sérstaka aðstoð eða þjálfun undir handleiðslu sérfræðinga.

Tafla 10 sýnir þann fjölda barna í leikskólum sem nutu sérstaks stuðnings á tímabilinu 1998–2010 eftir kyni. Með sérstökum stuðningi er átt við börn sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika fá sérstaka aðstoð eða þjálfun undir handleiðslu sérfræðinga. Alls hefur fjöldi barna er njóta sérstaks stuðnings ríflega tvöfaldast á tímabilinu. Nokkuð fleiri drengir njóta sérstaks stuðnings en stúlkur. Árið 2010 er fjöldi drengja 834 en stúlkna 398. Hlutfallsleg þróun er þó svipuð.

Tafla 11. Hlutfall barna af leikskólabornum sem njóta sérstaks stuðnings eftir kyni 1998–2010


	Alls	Drengir	Stúlkur
1998	3,7	4,9	2,3
1999	4,2	5,5	2,9
2000	5,2	7,1	3
2001	5,2	6,8	3,4
2002	5,5	7,2	3,8
2003	6,5	8,3	4,6
2004	5,9	7,7	4
2005	5,4	7,1	3,6
2006	5,7	7,4	3,9
2007	6,9	8,8	5
2008	5,1	6,6	3,5
2009	7,3	9,4	5
2010	6,5	8,5	4,3

Heimild: Hagstofa Íslands.

Skýring: Um hlutfallstölur er að ræða. Með sérstökum stuðningi er átt við börn sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika fá sérstaka aðstoð eða þjálfun undir handleiðslu sérfræðinga.

Árið 1998 njóta 3,7% leikskólabarna sérstaks stuðnings en eftir því sem líður á tímabilið hækkar það hlutfall. Hæst verður það árið 2009 eða 7,3% og er 6,5% árið 2010. Þegar litið er til kyngreindra upplýsinga sést að hlutfall drengja er nálægt því að vera tvöfalt hærra en stúlkna og helst það út tímabilið 1998–2010.

Mynd 10. Fjöldi leikskólabarna eftir stærð leikskóla 2004–2010



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofa Íslands.

Í mynd 10 er fjöldi leikskólabarna flokkaður eftir stærð leikskóla árin 2004 – 2010. Langflest leikskólabörn eru í leikskóla með 61–90 leikskólabörnum árið 2010. Langfæst eru í leikskóla með 30 börnum eða færri.

Samantekt

Árið 2010 eru 18.961 leikskólabörn í leikskólum landsins eða 18.818 heilsdagsígildi. Frá árinu 1998 hefur leikskólabörnum alls fjölgað um rúmlega 3800 eða um 26%. Leikskólabörn í leikskólum reknur af opinberum aðilum eru 16.122 árið 2010 eða 15.986 heilsdagsígildi. Í leikskólum reknur af sveitarfélögum hefur börnum fjölgað um tæplega 1.950 á tímabilinu eða um 14%.

Heilsdagsígildum fjölgar mun meira en börnum frá árinu 1998, meðal allra leikskóla fjölgar heilsdagsígildum um 6.913 eða 58%, og meðal leikskóla reknur af sveitarfélögum fjölgaði heilsdagsígildum um 4.892 eða 44%. Það að heilsdagsígildum barna fjölgi meira heldur en fjölda barna gefur skýra vísbendingu um að viðvera barna á leikskólum hefur verið að lengjast.

Á tímabilinu 1998–2010 jókst mjög viðvera barna í leikskóla. Þeim börnum sem dvelja 4–6 klukkustundir á dag fækkaði mikið en fjöldi barna sem dvelja sjö klukkustundir eða lengur tvöfaldaðist. Sé þróunin skoðuð eftir stærð sveitarfélaga koma tengsl stærðar þeirra og dvalartíma barna á leikskóla í ljós. Í minni sveitarfélögum dvelja börn á leikskóla í styttri tíma en í stærri sveitarfélögum.

Þá vekur það athygli að ásókn í þá þjónustu sem leikskólinn veitir hefur aukist mjög vegna yngri barna frá árinu 1998. Árið 1998 dvöldu 12% eins árs barna í leikskóla, en árið 2010 er það hlutfall 35%.

Börnum sem njóta sérstaks stuðnings í leikskóla fjölgar líka á tímabilinu en tala þeirra ríflega tvöfaldað. Hlutfall drengja er fá sérstakan stuðning er tvöfalt hærra en hlutfall stúlkna.

2 Leikskólar

Samkvæmt lögum um leikskóla skulu sveitarfélög hafa forustu um að tryggja börnum leikskóladvöl. Leikskóli er starfræktur í flestum sveitarfélögum landsins eða í 81% þeirra. Árið 2010 voru starfræktir 277 leikskólar í 63 sveitarfélögum. Að auki eru nokkur smærri sveitarfélög sem kaupa þessa þjónustu af stærra nágrannasveitarfélagi.

Tafla 12. Fjöldi leikskóla eftir landshlutum 1998–2010

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	Br. 98–10	% br. 98–10
Reykjavík	84	84	84	86	88	93	94	94	93	94	94	95	95	11	13%
Höfuðsv. án Rvk.	42	43	44	49	49	50	49	50	54	56	60	63	61	19	45%
Suðurnes	10	10	10	12	12	12	12	12	12	14	15	15	15	5	50%
Vesturland	15	14	14	15	15	15	14	14	15	16	16	16	15	0	0%
Vestfirðir	13	13	14	14	13	13	12	12	13	13	13	13	13	0	0%
Norðurland vestra	10	10	10	10	10	9	8	8	7	7	7	8	7	-3	-30%
Norðurland eystra	30	32	32	31	31	31	32	31	33	31	31	32	32	2	7%
Austurland	17	18	17	17	17	18	17	18	17	17	17	17	17	0	0%
Suðurland	28	28	28	27	27	26	24	23	23	22	22	22	22	-6	-21%
Landið allt	249	252	253	261	262	267	262	262	267	270	275	281	277	28	13%

Heimild: Hagstofa Íslands.

Frá árinu 1998 hefur leikskólum fjölgað um 28 og er fjöldi þeirra 277 árið 2010 og hefur fækkað um fjóra frá fyrra ári. Þróun í einstökum landshlutum er sú að þeim fjölgar verulega á höfuðborgarsvæðinu öllu og nokkuð á Suðurnesjum, en fækkar á Suðurlandi og Norðurlandi vestra.

Tafla 13. Fjöldi leikskóla eftir rekstrarformi og landshlutum 1998–2010

	1998		2002		2006		2008		2010		Breyting 98–10	
	Leikskólar sveitarfélaga	sjálfstætt st. leikskólar	Leikskólar sveitarfélaga	sjálfstætt st. leikskólar	Leikskólar sveitarfélaga	sjálfstætt st. leikskólar	Leikskólar sveitarfélaga	sjálfstætt st. leikskólar	Leikskólar sveitarfélaga	sjálfstætt st. leikskólar	Leikskólar sveitarfélaga	sjálfstætt st. leikskólar
Reykjavík	71	13	73	11	82	12	77	16	76	19	5	6
Höfuðsv. án Rvk.	39	3	33	11	39	10	42	12	48	13	9	10
Suðurnes	9	1	8	2	10	2	6	6	10	5	1	4
Vesturland	15	0	14	0	14	0	14	1	15	0	0	0
Vestfirðir	13	0	14	0	12	0	13	0	13	0	0	0
Norðurland vestra	10	0	10	0	8	0	7	0	7	0	-3	0
Norðurland eystra	28	2	30	2	29	3	30	3	30	2	2	0
Austurland	17	0	17	0	17	0	17	0	17	0	0	0
Suðurland	26	2	28	0	24	0	23	0	22	0	-4	-2
Landið allt	223	26	236	26	240	27	237	38	238	39	15	13

Heimild: Hagstofa Íslands.

Sveitarstjórn getur leyft öðrum aðilum að byggja og reka leikskóla í formi sjálfseignarstofnunar, hlutafélags eða samkvæmt öðru viðurkenndu rekstrarformi. Slíkir leikskólar eru nefndir sjálfstætt starfandi leikskólar og fá rekstrastuðning frá viðkomandi sveitarfélagi. Áður kom fram að leikskólum hefur fjölgað um 28 frá árinu 1998. Sé litið til rekstraraðila þá má sjá að leikskólum

reknum af sveitarfélögum hefur fjölgað um 15 á tímabilinu og sjálfstætt starfandi leikskólum um 13 leikskóla.

Á höfuðborgarsvæðinu verður mikil aukning á sjálfstætt starfandi leikskólum á tímabilinu, þeim fjölgar um tíu á höfuðborgarsvæði utan Reykjavíkurborgar á meðan að leikskólum sveitarfélaga fjölgar um níu. Svipaða sögu er að segja af Reykjavíkurborg.


Tafla 14. Fjöldi leikskóla og leikskólabarna eftir rekstrarformi 1998–2009

	Allir leikskólar		Leikskólar reknir af opinb. aðilum				Sjálfstætt starfandi leikskólar			
	Fj. skóla	Fj. barna	Fj. skóla	%	Fj. barna	%	Fj. skóla	%	Fj. barna	%
1998	249	15.105	223	90%	14.174	94%	26	10%	931	6%
1999	252	14.761	230	91%	13.934	94%	22	9%	827	6%
2000	253	14.574	231	91%	13.703	94%	22	9%	871	6%
2001	261	15.578	237	91%	14.405	92%	24	9%	1.173	8%
2002	262	16.283	237	90%	14.987	92%	25	10%	1.296	8%
2003	267	16.685	237	89%	15.146	91%	30	11%	1.539	9%
2004	262	16.755	234	89%	15.263	91%	28	11%	1.492	9%
2005	262	16.864	234	89%	15.322	91%	28	11%	1.542	9%
2006	267	17.216	236	88%	15.385	89%	31	12%	1.831	11%
2007	270	17.446	234	87%	15.271	88%	36	13%	2.175	12%
2008	275	18.286	238	87%	16.124	88%	37	13%	2.162	12%
2009	281	18.716	244	87%	16.123	86%	37	13%	2.593	14%
2010	277	18.961	238	86%	16.263	86%	39	14%	2.698	14%
Breyting 98–10	28	3.856	15		2.089		13		1.767	
% breyting 98–10	11%	26%	7%		15%		50%		190%	

Heimild: Hagstofa Íslands.

Í töflu 14 má sjá fjölda skóla eftir rekstrarformi á tímabilinu 1998–2010. Einkareknum eða sjálfstætt starfandi leikskólum fjölgaði um 13 á tímabilinu og eru 39 talsins árið 2010. Athygli vekur að þeim fjölgar um fimm milli árána 2006 og 2007. Árið 2010 eru 238 leikskólar á Íslandi reknir af opinberum aðilum eða 87% allra leikskóla á landinu. Stór meirihluti allra leikskólabarna eru í skólum sem reknir eru af sveitarfélögum eða 87%. Fjöldi barna í sjálfstætt starfandi einkaskólum hefur þó tæplega þrefaldast á tímabilinu.

Mynd 11. Fjöldi leikskóla eftir barnafjölda 2004–2010




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofa Íslands.

Á mynd 11 hér að ofan er gerð grein fyrir dreifingu leikskóla á Íslandi eftir stærð þeirra. Stórum leikskólum með 91–120 leikskólabörn hefur fækkað um átta frá árinu 2004 miðað við árið 2010.

Reyndar hefur stærstu leikskólunum með 121 leikskólabarn og yfir fjölgað um 13 á tímabilinu. Þá hefur skólum með 61–90 börn fjölgað um átta árið 2010 miðað við árið 2004. Leikskólum með 30 börnum eða færri fækkaði árið 2010 um níu miðað við árið 2004.

Árið 2010 er tæp 60% leikskóla með 31–90 leikskólabörn eða 165 leikskólar. Það er hækkun um eitt prósentustig frá árinu 2008.

Mynd 12. Starfstími leikskóla 2003–2010



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Mynd 12 sýnir þróun á starfstíma leikskóla á tímabilinu 2003–2010. Hér kemur fram að starfstími leikskóla lengdist fram til ársins 2008. Árið 2009 og 2010 verður nokkur breyting. Þannig fækkar leikskólum opnum í 50–51 viku á ári úr 110 í 50 milli árunna 2008 og 2009 og svo í 28 árið 2010. Að sama skapi tvöfaldast fjöldi leikskóla sem hafa opið í 48–49 vikur á ári milli árunna 2008 og 2010.

Leikskólum með stuttan starfstíma eða 30–47 vikur á ári fækkaði um rúm 50% árið 2008 miðað við árið 2003. Þeim fjölgaði hins vegar nokkuð árið 2009 frá fyrra ári og eru 11 árið 2010. Fjöldi leikskóla sem starfa í 50–52 vikur þrefaldaðist á tímabilinu 2003–2008, en árið 2009 fækkar þeim verulega frá fyrra ári eða um 65 leikskóla og 48%. Þeim fækkar svo enn árið 2010 eða um 24 miðað við árið 2009.

Samantekt

Árið 2010 eru starfandi 277 leikskólar á Íslandi og hefur þeim fjölgað um 28 eða 13% frá árinu 1998. Árið 2010 er hlutfall leikskóla sem reknir eru af sveitarfélögum 86% og hefur lækkað um fjögur prósentustig miðað við árið 1998.

Um 60% leikskóla á landinu eru með 31–90 leikskólabörn árið 2010. Í 22 skólum eða 8% leikskóla eru 121 leikskólabarn eða fleiri.

Á tímabilinu 1998–2008 lengdist starfstími leikskóla en styttest árin 2009 og 2010 meðal þeirra leikskóla sem lengstan höfðu opnunartímann.

3. Starfsfólk

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 segir að leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólakennari skuli hafa menntun leikskólakennara. Heimilt er að ráða starfsfólk án leikskólamenntunar enda fáist ekki leikskólakennarar til starfsins. Hér verður að mestu fjallað um þann hóp sem sinnir uppeldis- og menntunarstörfum, þ.e.. allir starfsmenn leikskóla ásamt öllum stjórnendum en ekki starfsfólk við ræstingar eða matreiðslu. Skipta má starfsfólki er sinna uppeldis- og menntunarstörfum í þrennt; stjórnendur, starfsmenn er sinna uppeldis- og menntunarstörfum og starfsmenn er sinna stuðningi. Í þessum kafla verður alla jafna talað um þennan hóp sem eina heild.

Tafla 15. Fjöldapróun stöðugilda starfsfólks í leikskóla eftir menntun 1994–2010

	Starfsfólk alls	% breyting frá fyrra ári	Leikskóla- kennarar	% breyting frá fyrra ári	Aðrir með uppeldis- menntun	% breyting frá fyrra ári	Ófaglærðir við uppeldi og menntun	% breyting frá fyrra ári	Önnur og ótilgreind stórf	% breyting frá fyrra ári
1994	2.373		768		110		1.239		256	
1995	2.403	1%	803	5%	64	-42%	1.335	8%	201	-21%
1996	2.458	2%	755	-6%	134	109%	1.278	-4%	291	45%
1997	2.580	5%	769	2%	115	-14%	1.429	12%	268	-8%
1998	2.780	8%	788	2%	129	12%	1.588	11%	275	3%
1999	2.871	3%	870	10%	102	-21%	1.607	1%	292	6%
2000	2.985	4%	803	-8%	122	20%	1.710	6%	350	20%
2001	3.279	10%	934	16%	130	7%	1.856	9%	359	3%
2002	3.578	9%	987	6%	171	32%	2.025	9%	395	10%
2003	3.811	7%	1.075	9%	178	4%	2.144	6%	414	5%
2004	3.872	2%	1.170	9%	193	8%	2.096	-2%	413	0%
2005	3.935	2%	1.227	5%	225	17%	2.083	-1%	400	-3%
2006	4.201	7%	1.340	9%	253	12%	2.214	6%	394	-2%
2007	4.367	4%	1.347	1%	269	6%	2.333	5%	418	6%
2008	4.761	9%	1.498	11%	453	68%	2.399	3%	411	-2%
2009	4.847	2%	1.596	7%	537	19%	2.299	-4%	415	1%
2010	4.770	-2%	1.548	-3%	560	4%	2.269	-1%	394	-5%
Breyting 94 - 10	2.397		780		450		1.030		138	
% breyting 94 - 10	101%		102%		409%		83%		54%	

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga

Skýring: Átt er við fjölda stöðugilda starfsfólks. Starfsmenn leikskóla að Kárahnjúkum ekki taldir með árin 2004–2006. Önnur og ótilgreind stórf vísa til ræstinga, eldhússtarfa og svo framvegis. Bæði sjálfstætt starfandi leikskólar og leikskólar reknir af opinberum aðilum. Í þessum tölum eru einnig allir stjórnendur leikskóla, svo sem leikskólastjórar, aðstoðarleikskólastjórar og deildarstjórar. Hér eru einnig starfsmenn er sinna stuðningi innan leikskólans.

Í töflu 15 hér að ofan er birt yfirlit um fjölda starfsfólks og skiptingu þess með hliðsjón af menntun þess. Fram kemur að stöðugildum starfsfólks alls í leikskóla hefur fjölgað um 2.397 og hafa tvöfaldast á árunum 1994–2010, og fjölgun frá fyrra ári er hlutfallslega mest árið 2001. Gott er að hafa í huga að leikskólum hefur fjölgað um 28 frá árinu 1998, og leikskólabörnum og þá sér í lagi heilsdagsgildum hefur fjölgað verulega á tímabilinu.

Stöðugildum leikskólakennara hefur fjölgað um 480 eða tvöfaldast á tímabilinu. Mest er fjölgunin milli árána 2000 og 2001, og svo aftur árið 2008. Stöðugildum þeirra er sinna uppeldi og menntun leikskólabarna en hafa aðra uppeldismenntun en leikskólakennaranám hefur fjölgað um 450 eða rúmlega fimmfaldast á tímabilinu. Þar munar mestu um stórlega aukningu árið 2008 miðað við fyrra ár.

Ófaglærðum er starfa við uppeldis- og menntunars törf í leikskólum hefur fjölgað um 1.030 stöðugildi eða 83%. Stöðugildum þessara starfsmanna fækkar um 4% árið 2010 miðað við fyrra ár og aftur um 1% árið 2010. Þá hefur stöðugildum þeirra er sinna öðrum og ótilgreindum störfum fjölgað um 54% eða 138 stöðugildi árið 2010 miðað við árið 1994.

Í fylgiskjali 6 er yfirlit yfir fjölda stöðugilda starfsfólks við menntun- og uppeldisstörf í leikskólum sveitarfélaga árið 2010 og hlutfallslega skiptingu þeirra.

Tafla 16. Hlutfallsleg skipting stöðugilda starfsfólks við menntunar- og uppeldisstörf í leikskólum eftir menntun 1994–2010


	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Leikskólakennarar	36%	36%	35%	33%	31%	34%	30%	32%	31%	32%	34%	35%	35%	34%	34%	36%	35%
Aðrir með uppeldismenntun	5%	3%	6%	5%	5%	4%	5%	4%	5%	5%	6%	6%	7%	7%	10%	12%	13%
Ófaglærðir við uppeldisstörf	59%	61%	59%	62%	63%	62%	65%	64%	64%	63%	61%	59%	58%	59%	55%	52%	52%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Reiknað út frá stöðugildum starfsfólks. Stöðugildi vegna annarra og ótilgreindra starfa ekki meðtalin. Í þessum tölum eru einnig allir stjórnendur leikskóla, svo sem leikskólastjórar, aðstoðarleikskólustjórar og deildarstjórar. Hér eru einnig starfsmenn er sinna stuðningi innan leikskólans. Bæði sjálfstætt starfandi leikskólar og leikskólar reknir af opinberum aðilum.

Tafla 16 sýnir yfirlit yfir hlutfallslega skiptingu starfsfólks við menntunar- og uppeldisstörf á tímabilinu 1994–2010. Fram kemur að hlutfall leikskólakennara, sem og annarra með uppeldismenntun og ófaglærðra, sveiflast lítillega á þessu 16 ára tímabili og er 35% árið 2010. Hlutfall annarra með uppeldismenntun árið 2010 er 13% og hefur hækkað um átta prósentustig miðað við árið 1994. Hlutfall ófaglærðra hefur lækkað úr 59% árið 1994 og í 52% árið 2010.


Mynd 13. Hlutfallsleg skipting stöðugilda starfsfólks í öllum leikskólum eftir menntun 2006–2010



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Á mynd 13 kemur fram að hlutfall starfsmanna á leikskólum með leikskólakennaramenntun hefur lítið breyst á tímabilinu 2006–2010 og er 35% við lok þess. Þá vekur athygli að starfsfólki með aðra uppeldismenntun fjölgar nokkuð árin 2008–2010. Hér er bæði tekið til einkarekinna leikskóla sem og þeirra sem reknir eru af sveitarfélögum.

Mynd 14. Hlutfallsleg skipting stöðugilda starfsfólks við uppeldis- og menntunarstörf í leikskólum eftir menntun árið 2010




Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Í mynd 14 hér fyrir ofan var gerð grein fyrir hlutfallslegri skiptingu starfsfólks eftir menntun í öllum leikskólum landsins. Í framhaldi af því er fróðlegt að máta þá skiptingu við leikskóla sem annars vegar reknir eru af sveitarfélögum og hins vegar sjálfstætt starfandi leikskólum líkt og gert er í mynd 14.

Athygli vekur að hlutfall leikskólakennara er talsvert lægra í sjálfstætt starfandi leikskólum árið 2010 en í leikskólum reknum af sveitarfélögum og munar sjö prósentustigum. Hlutfall starfsfólks með aðra uppeldis- og menntun en leikskólakennaranám er hins vegar herra í sjálfstætt starfandi leikskólum.

Mynd 15. Hlutfallsleg skipting stöðugilda starfsfólks eftir menntun og landshlutum árið 2010



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Starfsfólk í leikskólum við uppeldis- og menntunarstörf reknur af opinberum aðilum sem og sjálfstætt starfandi leikskólum. Átt er við hlutfallslega skiptingu stöðugilda en ekki fjölda starfsmanna.

Hlutfallsleg skipting á fjölda stöðugilda í leikskólum eftir menntun og landssvæðum kemur fram á mynd 15. Þar sést að hlutfall stöðugilda með leikskólakennaramenntun er langhæst á Norðurlandi eystra og þá á Vesturlandi. Hlutfall stöðugilda með leikskólakennaramenntun er lægst í Reykjavík. Hlutfall starfsfólks með aðra uppeldismenntun en leikskólakennaranám er hæst í Reykjavík og þá á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 17. Fjöldi starfsfólks við uppeldis- og menntunarstörf í leikskóla eftir menntun og landshlutum 2006, 2008 og 2010

	2006				2008				2010				Breyting 2006 - 2010			
	Leikskóla kennarar	Aðrir með uppeldismenntun	Ófaglærðir við uppeldisstörf	Alls	Leikskóla-kennarar	Aðrir með uppeldismenntun	Ófaglærðir við uppeldisstörf	Alls	Leikskóla-kennarar	Aðrir með uppeldismenntun	Ófaglærðir við uppeldisstörf	Alls	Leikskóla-kennarar	Aðrir með uppeldismenntun	Ófaglærðir við uppeldisstörf	Alls
Reykjavík	511	162	986	1.659	524	231	1.035	1.790	501	295	924	1.720	-10	133	-62	61
Höfuðbsv. án Rvk.	433	92	695	1.220	478	172	780	1.430	511	192	760	1.463	78	100	65	243
Suðurnes	79	5	192	276	111	19	219	349	113	27	188	328	34	22	-4	52
Vesturland	85	9	123	217	88	14	138	240	102	14	112	228	17	5	-11	11
Vestfirðir	31	4	61	96	28	6	52	86	30	9	65	104	-1	5	4	8
Norðurland vestra	31	2	68	101	37	11	65	113	40	9	68	117	9	7	0	16
Norðurland eystra	186	11	195	392	200	34	188	422	208	42	194	444	22	31	-1	52
Austurland	49	2	144	195	70	13	150	233	67	13	126	206	18	11	-18	11
Suðurland	89	11	203	303	122	25	217	364	135	40	194	369	46	29	-9	66
Landið allt	1.494	298	2.667	4.459	1.658	525	2.844	5.027	1.707	641	2.631	4.979	213	343	-36	520

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Átt er við fjölda starfsfólks en ekki stöðugildi. Í þessum tölum eru einnig allir stjórnendur leikskóla, svo sem leikskólastjórar, aðstoðarleikskólastjórar og deildarstjórar. Hér eru einnig starfsmenn er sinna stuðningi innan leikskólans.

Tafla 17 sýnir þróun fjölda starfsfólks í leikskólum er sinna uppeldis- og menntunarstörfum árin 2006, 2008 og 2010 eftir menntun og landshlutum. Það skal tekið fram að þessi tafla sýnir fjölda starfsfólks en ekki stöðugildi. Árið 2010 sinntu 4.979 starfsmenn þessum störfum í leikskóla og hafði fjölgað um 12% frá árinu 2006 eða um 520. Í öllum landshlutum fjölgar í þessum starfsmannahópi á tímabilinu. Leikskólakennurum fjölgaði alls um 14% eða um 213 á tímabilinu.

Tafla 18. Hlutfallsleg skipting starfsfólks við menntunar- og uppeldisstörf eftir menntun og landshlutum 2006, 2008 og 2010

	2006			2008			2010		
	Leikskóla-kennarar	Aðrir með uppeldismenntun	Ófaglærðir við uppeldisstörf	Leikskóla-kennarar	Aðrir með uppeldismenntun	Ófaglærðir við uppeldisstörf	Leikskóla-kennarar	Aðrir með uppeldismenntun	Ófaglærðir við uppeldisstörf
Reykjavík	31%	10%	59%	29%	13%	58%	29%	17%	54%
Höfuðsv. án Rvk.	35%	8%	57%	33%	12%	55%	35%	13%	52%
Suðurnes	29%	2%	70%	32%	5%	63%	34%	8%	57%
Vesturland	39%	4%	57%	37%	6%	58%	45%	6%	49%
Vestfirðir	32%	4%	64%	33%	7%	60%	29%	9%	63%
Norðurland vestra	31%	2%	67%	33%	10%	58%	34%	8%	58%
Norðurland eystra	47%	3%	50%	47%	8%	45%	47%	9%	44%
Austurland	25%	1%	74%	30%	6%	64%	33%	6%	61%
Suðurland	29%	4%	67%	34%	7%	60%	37%	11%	53%
Landið allt	34%	7%	60%	33%	10%	57%	34%	13%	53%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Reiknað út frá fjölda starfsfólks en ekki stöðugildum. Í þessum tölum eru einnig allir stjórnendur leikskóla, svo sem leikskólastjórar, aðstoðarleikskólastjórar og deildarstjórar. Hér eru einnig starfsmenn er sinna stuðningi innan leikskólans.

Tafla 18 sýnir hlutfallslega skiptingu starfsfólks við menntunar- og uppeldisstörf í leikskólum eftir menntun og landshlutum árin 2006, 2008 og 2010. Athygli er vakin á því að taflan byggist á fjölda starfsfólks en ekki fjölda stöðugilda. Árið 2010 er hlutfall leikskólakennara hæst á Norðurlandi eystra, en lægst í Reykjavík og Vestfirðum.

Tafla 19. Skipting alls starfsfólks í leikskóla árið 2010 eftir menntun og stærð sveitarfélaga

	Fj. svf.	Leikskóla-kennarar		Önnur uppeldis-menntun		Ófaglærðir við uppeldisstörf		Samtals	
		fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%
≤ 500 íbúar	12	15	33%	2	5%	28	62%	45	1%
501 - 1000	18	65	38%	11	6%	95	56%	170	4%
1001 - 2000	11	58	27%	21	10%	136	63%	215	5%
2001 - 5000	13	202	35%	61	11%	307	54%	570	13%
5001 ≥	8	750	41%	198	11%	884	48%	1.831	42%
Reykjavík	1	459	30%	267	17%	819	53%	1.545	35%
Landið allt	63	1.548	35%	560	13%	2.269	52%	4.376	100%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofa Íslands.

Skýring: Fjöldi vísar í fjölda stöðugilda í einkareknum leikskólum og þeim sem reknir eru af sveitarfélögum. Námundað er að einum heilum. Í þessum tölum eru einnig allir stjórnendur leikskóla, svo sem leikskólastjórar, aðstoðarleikskólastjórar og deildarstjórar. Hér eru einnig starfsmenn er sinna stuðningi innan leikskólans.

Í töflu 19 má sjá skiptingu starfsfólks í leikskóla eftir menntun þess og stærð sveitarfélaga árið 2010. Hlutfall leikskólakennara er hæst meðal sveitarfélaga sem hafa fleiri en 5000 íbúa að Reykjavík undanskilinni. Í Reykjavík er hlutfall leikskólakennara af starfsfólki er sinna uppeldis- og menntunarstörfum á leikskóla um 30% og er lægra en hjá sveitarfélögum með 501–1000 íbúa. Hlutfall starfsmanna með aðra uppeldismenntun en leikskólakennaramenntun er hæst hjá Reykjavíkurborg, og fer svo minnkandi eftir því sem sveitarfélögin eru minni. Í dálkinum lengst til hægri sést svo hlutfallsleg skipting starfsfólks eftir stærð sveitarfélaga. Þannig er um 1% allra er starfa í leikskóla við störf í sveitarfélögum með 500 eða færri íbúa.

Tafla 20. Brottfall starfsfólks við uppeldi og menntun (hlutfall) 1999–2010 eftir menntun

	Leikskólakennarar	Aðrir með uppeldismenntun	Ófaglærðir	Allt starfsfólk við uppeldi og menntun
1999	10,9	46,7	35,9	29,2
2000	12,4	31,1	36,0	28,5
2001	10,0	29,6	32,1	25,6
2002	8,7	26,5	27,3	21,7
2003	8,8	20,8	27,2	21,5
2004	6,8	27,7	29,6	22,7
2005	8,2	24,7	33,1	24,6
2006	10,1	24,3	30,2	
2007	10,0	24,8	33,6	25,1
2008	15,4	29,3	35,1	28,3
2009	8,6	19,8	27,9	20,7
2010	14,3	32,5	28,8	24,3
Breyting 99 - 10	3,4	-14,2	-7,1	-4,9
% breyting 99 - 10	31%	-30%	-20%	-17%

Heimild: Hagstofa Íslands.

Skýring: Hér er fjallað um brottfall starfsfólks við uppeldis- og menntunarstörf. Tölur eru hlutfallstölur. Í þessum tölum eru einnig allir stjórnendur leikskóla, svo sem leikskólastjórar, aðstoðarleikskólastjórar og deildarstjórar. Hér eru einnig starfsmenn er sinna stuðningi innan leikskólans.

Í töflu 20 er yfirlit um brottfall starfsfólks leikskóla er sinna uppeldis- og menntunarstörfum á tímabilinu 1999–2010. Átt er við hlutfall þeirra sem voru við störf í desember árið á undan en eru ekki við störf í desember viðkomandi ár. Þannig eru tæp 11% leikskólakennara sem voru við störf í desember 1998, ekki lengur við störf í desember árið 1999.

Brottfall meðal leikskólakennara er nokkuð sveiflukennt á tímabilinu, er um 11% í upphafi þess, fer niður í tæp 7% árið 2004 en er komið upp í rúm 15% árið 2008. Við lok tímabilsins, eða árið 2010 er brottfall leikskólakennara rúmlega 14% hækkar verulega frá fyrra ári. Á tímabilinu hefur brottfallshlutfall leikskólakennara hækkað um 3,4 prósentustig, sem nemur 31% aukningu. Brottfall annarra starfsmanna með uppeldismenntun hefur lækkað verulega á tímabilinu eða um tæp 14 prósentustig sem nemur 30%.

Tafla 21. Fjöldi stöðugilda í leikskóla og heilsdagsígildi barna 2005–2010

		Stöðugildi alls starfsfólks	Stöðugildi alls starfsfólks er sinna uppeldis- og menntunarstörfum ¹	Stöðugildi deildarstjóra, leikskólakennara og annarra er sinna uppeldis- og menntunarstörfum ²	Heilsdagsígildi barna á leikskóla	Fjöldi heilsdagsígilda á öllum stöðugildi starfsfólks	Fjöldi heilsdagsígilda á öllum stöðugildi er sinna uppeldis- og menntunarst. ¹	Fjöldi heilsdagsígilda á stöðugildi deildarstjóra og leikskólakennara er sinna uppeldis- og menntunarstörfum ²	er sinna uppeldis- og menntunarst.
2005	Svf.	3.603	3.233	2.619	14.778	4,1	4,4		5,6
	Allir	3.935	3.536	2.869	16.162	4,1	4,4		5,6
2006	Svf.	3.792	3.439	2.816	15.222	4,0	4,2		5,4
	Allir	4.201	3.807	3.114	16.805	4,0	4,3		5,4
2007	Svf.	3.977	3.474	2.870	15.118	3,8	4,2		5,3
	Allir	4.367	3.950	3.274	17.385	4,0	4,2		5,3
2008	Svf.	4.273	3.827	3.157	15.793	3,7	4,1		5,0
	Allir	4.761	4.350	3.629	18.298	3,8	4,0		5,0
2009	Svf.	4.217	3.848	3.157	16.328	3,9	4,0		5,2
	Allir	4.847	4.432	3.646	18.670	3,9	4,2		5,1
2010	Svf.	4.109	3.772	3.107	16.632	4,0	4,4		5,4
	Allir	4.770	4.377	3.615	18.818	3,9	4,3		5,2
Breyting 05–10	Svf.	506	539	488	1.854	-0,1	-0,0		-0,3
	Allir	835	841	746	2.656	-0,2	-0,1		-0,4
% breyting 05–10	Svf.	14%	17%	19%	13%	-1%	-8%		-5%
	Allir	21%	24%	26%	16%	-4%	-8%		-8%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofa Íslands.

Skýring: ¹= Öll stöðugildi starfsfólks er sinna uppeldis- og menntunarstörfum, ásamt þeim er sinna stuðningsstörfum og öllum stjórnendum. ²= Stöðugildi starfsfólks er sinna uppeldis- og menntunarstörfum ásamt stöðugildi deildarstjóra.

Stjórnendur og starfsmenn er sinna stuðningi eru ekki taldir með.

Hér að ofan í töflu 21 er yfirlit yfir fjölda stöðugilda í leikskóla og fjölda heilsdagsígilda leikskólabarna á tímabilinu 2005–2010, bæði í leikskólum sem reknir eru af sveitarfélögum og svo í öllum leikskólum óháð rekstrarformi. Stöðugildum alls starfsfólks fjölgaði um 835 eða 21% ef litið er til allra leikskóla og heilsdagsígildum barna fjölgaði um 2.656 eða 16%. Sé eingöngu horft til leikskóla sem reknir eru af sveitarfélögum sést að fjölgun meðal starfsfólks nam 506 stöðugildum eða 14% og heilsdagsígildum barna fjölgaði um 1.854 eða 13%.

Fjöldi heilsdagsígilda barna á hvert stöðugildi allra er sinna uppeldis- og menntunarstörfum í leikskóla hefur fækkað um 8% bæði meðal leikskóla reknur af sveitarfélögum og sé litið til allra leikskóla á landinu. Árið 2010 eru 4,4 heilsdagsígildi barna á öllum stöðugildi þeirra er sinna uppeldis- og menntunarstörfum, stuðnings- og stjórnunarstörfum (sjá skýringu fyrir neðan töflu).

Einnig er fróðlegt að skoða hvernig landið liggur þegar eingöngu er horft til stöðugilda starfsfólks sem sinnir uppeldis- og menntunarstörfum. Hér er átt við deildarstjóra ásamt því starfsfólki sem sinnir uppeldis- og menntunarstörfum inn á deildum leikskóla (sjá skýringu fyrir neðan töflu). Árið 2010 eru 5,2 heilsdagsígildi barna á hvert stöðugildi þessa hóps og hefur fækkað um 8% frá árinu 2005.

Tafla 22. Stöðugildi starfsfólks við uppeldis- og menntunarstörf 1998–2010 eftir starfssviðum

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	Breyt ing 98– 10	% br. 98– 10
Leikskólastjórar	236	245	241	257	251	260	257	268	270	275	249	273	254	18	8%
breyting milli ára		4%	-2%	7%	-2%	4%	-1%	4%	1%	2%	-9%	10%	-7%		
Aðstoðarleikskólastjórar	140	162	153	174	173	187	184	185	185	183	217	217	195	55	39%
breyting milli ára		16%	-6%	14%	-1%	8%	-2%	1%	0%	-1%	19%	0%	-10%		
Deildarstjórar	375	418	402	496	540	577	638	644	694	721	767	800	780	405	108%
breyting milli ára		11%	-4%	23%	9%	7%	11%	1%	8%	4%	6%	4%	-3%		
Leikskólakennarar og aðrir starfsmenn við uppeldi/menntun	1.604	1.614	1.715	1.851	2.071	2.212	2.198	2.225	2.420	2.553	2.862	2.846	2.835	1.231	77%
breyting milli ára		1%	6%	8%	12%	7%	-1%	1%	9%	5%	12%	-1%	0%		
Leikskólakennarar og aðrir starfsmenn við stuðning	144	133	115	142	148	161	181	214	238	218	254	296	307	163	113%
breyting milli ára		-8%	-14%	23%	4%	9%	12%	18%	11%	-8%	17%	17%	4%		
Starfsfólk alls við uppeldis- og menntunarstörf	2.499	2.572	2.626	2.920	3.183	3.397	3.458	3.536	3.807	3.950	4.349	4.432	4.371	1.872	75%
breyting milli ára		3%	2%	11%	9%	7%	2%	2%	8%	4%	10%	2%	-1%		

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Í töflu 22 sést skipting stöðugilda starfsfólks er sinna uppeldis- og menntunarstörfum 1998 til og með ársins 2010 eftir starfssviðum. Deildarstjórum fjölgaði um 405 stöðugildi á tímabilinu eða sem nemur tvöföldun á fjölda stöðugilda. Leikskólakennurum í almennum uppeldis- og menntunarstörfum fjölgaði um 1.231 stöðugildi eða um 77%. Hafa þeir í huga að leikskólum fjölgaði um 28 á sama tíma. Alls fjölgaði stöðugildum starfsfólks við uppeldis- og menntunarstörf um 1.872 eða um 75% árið 2010 miðað við árið 1998.

Sé eingöngu litið til fyrra árs má sjá að starfsfólki fækkar á öllum sviðum, nema leikskólakennurum og öðrum er vinna við stuðning inn á leikskólum, þeim fjölgaði um 4% árið 2010 miðað við fyrra ár.

Tafla 23. Stöðugildi annars starfsfólks 1998–2010 eftir starfssviðum

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	Breyt ing 98 - 10	% br. 98- 10
Starfsmenn við matreiðslu	212	220	231	246	246	285	299	295	305	328	342	347	347	135	64%
breyting milli ára		4%	5%	6%	0%	16%	5%	-1%	3%	8%	4%	1%	0%		
Starfsmenn við ræstingar	67	72	100	102	89	98	99	87	70	72	69	68	52	-15	-22%
breyting milli ára		7%	39%	2%	-13%	10%	1%	-12%	-20%	3%	-4%	-1%	-24%		
Annað og óskilgreint	2	7	28	11	32	31	16	17	19	18	0	0	0	-2	-100%
breyting milli ára		250%	300%	-61%	191%	-3%	-48%	6%	12%	-5%	-100%	-100%	-100%		
Starfsfólk alls við önnur störf	281	299	359	359	367	414	414	399	394	418	411	415	399	134	48%
breyting milli ára		6%	20%	0%	2%	13%	0%	-4%	-1%	6%	-2%	1%	-4%		

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Einnig er fróðlegt að skoða skiptingu stöðugilda starfsfólks er sinna öðru en uppeldis- og menntunarstörfum í leikskóla. Talsverð aukning hefur orðið á stöðugildum starfsfólks er sinna matreiðslu og öðrum eldhússtörfum inn á leikskólum. Stöðugildum starfsmanna við ræstingar hefur fækkað nokkuð eða um 15, en þau eru 52 árið 2010. Í ljósi þess að leikskólar landsins eru 277

talsins árið 2010 má ljóst vera að margir stjórnendur leikskóla velja að bjóða þessi störf út til verktaka.

Tafla 24. Stöðugildi starfsfólk við uppeldi og menntun í leikskólum 2010 eftir starfssviðum og kyni

	Alls	Karlur		Konur	
		Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Leikskólastjórar	254	6	2%	248	98%
Aðstoðarleikskólastjórar	195	5	3%	190	97%
Deildarstjórar	780	17	2%	763	98%
Leikskólakennarar og aðrir starfsmenn við uppeldi/menntun	2.835	146	5%	2.689	95%
Leikskólakennarar og aðrir starfsmenn við stuðning	307	10	3%	297	97%
Starfsfólk alls við uppeldis- og menntunarstörf	4.371	184	4%	4.187	96%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Árið 2010 eru 4% þeirra er starfa við uppeldis- og menntunarstörf karlmenn eða sem nemur 184 stöðugildum. Yfirgnæfandi meirihluti starfsmanna á leikskóla eru konur. Hlutfall karlmannna er hæst meðal leikskólakennara og annarra starfsmanna er sinna almennum uppeldis- og menntunarstörfum inn á deildum, eða um 5%.

Tafla 25. Starfsfólk í leikskóla við uppeldis- og menntunarstörf 2007–2010 eftir aldri


	2007		2008		2009		2010	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Yngri en 20 ára	250	5,4%	219	4,4%	102	2,0%	100	2,0%
20-29	1207	26,3%	1.376	27,4%	1287	25,2%	1253	25,2%
30-39 ára	1212	26,4%	1.375	27,4%	1518	29,7%	1394	28,0%
40-49 ára	1052	22,9%	1.104	22,0%	1127	22,1%	1132	22,7%
50-59 ára	663	14,4%	716	14,2%	798	15,6%	819	16,4%
60-66 ára	200	4,4%	214	4,3%	246	4,8%	256	5,1%
67 ára og eldri	11	0,2%	23	0,5%	25	0,5%	25	0,5%
Alls	4.595	100,0%	5.027	100,0%	5.103	100,0%	4.979	100,0%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Í töflunni eru upplýsingar um fjölda starfsmanna í leikskóla við uppeldis- og menntunarstörf, en ekki fjölda stöðugilda.

Í töflu 25 hér fyrir ofan sést skipting starfslíðs í leikskólum eftir aldri. Þess ber að geta að hér er um fjölda starfsmanna að ræða en ekki fjölda stöðugilda. Árið 2010 er um 53% starfsmanna á aldrinum 20–39 ára og fækkar um fjögur prósentustig frá fyrra ári. Starfsmönnum yngri en 20 ára fækkar sem hlutfalli af heild á tímabilinu úr tæplega 5,5% niður í 2%. Hins vegar hefur hlutfallslega fjölgað í aldurshópnum 50–59 ára árið 2010 miðað við árið 2007.

Mynd 16. Hlutfallsleg skipting starfsfólks í leikskóla við uppeldis- og menntunartörf 2007–2010 eftir aldri



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Í myndinni eru upplýsingar um fjölda starfsmanna í leikskóla við uppeldis- og menntunartörf en ekki fjölda stöðugilda.

Í mynd 16 eru upplýsingar úr töflu 24 settar fram á myndrænan hátt. Hér er átt við allt starfsfólk leikskóla er kemur að uppeldis- og menntunartörfum. Hér sést glögg að starfsmönnum yngri en 20 ára sem hlutfalli af starfslíði fækkaði á tímabilinu. Hins vegar fjölgar starfsmönnum á aldrinum 40–49 og 50–59 ára. Hlutfall starfsfólks 60 ára og eldri hækkar um eitt prósentustig.

Tafla 26. Leikskólastarfsmenn í launuðu leyfi 1998–2010

	Karlar	Konur	Alls	% breyting frá fyrra ári
1998	1	191	192	
1999	1	160	161	-16%
2000	0	234	234	45%
2001	1	240	241	3%
2002	2	234	236	-2%
2003	2	230	232	-2%
2004	1	245	246	6%
2005	3	271	274	11%
2006	6	309	315	15%
2007	6	358	364	16%
2008	0	230	230	-37%
2009	0	44	44	-88%
2010	5	207	212	-8%
Breyting 98 - 10	4	16	20	
% breyting 98 - 10	400%	8%	10%	

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga

Skýring: Hér er átt við fjölda starfsmanna en ekki stöðugildi.

Að lokum er yfirlit yfir þann fjölda starfsmanna sem hlutu launað leyfi á tímabilinu 1998–2010. Þróunin er nokkuð sveiflukennnd, talsverð aukning varð árið 2000 sem nam 45%. Árin 2008 og 2009 fækkar þeim starfsmönnum mjög sem fara í launað leyfi, og árið 2010 fækkar þeim um 8% frá fyrra ári.

Samantekt

Árið 2010 eru alls 4.770 stöðugildi starfandi í leikskóla og hafa þau tvöfaldast miðað við árið 1994. Stöðugildi leikskólakennara eru 1.548 talsins árið 2010 og fjölgaði um 780 stöðugildi frá árinu 1994 og hafa einnig tvöfaldast á tímabilinu. Hlutfall þeirra er sinna uppeldis- og menntunarstörfum og hafa leikskólakennaramenntun var 35% árið 2010.

Ef horft er til landshluta þá er hlutfall leikskólakennara hæst á Norðurlandi eystra eða 50% árið 2010. Það er hins vegar lægst í Reykjavík eða 30%. Hlutfall starfsfólks með aðra menntun en leikskólakennaramenntun er hins vegar hæst í Reykjavík eða 17%. Lægst er það hlutfall á Vesturlandi og Austurlandi eða 6%.

Sé litið til hlutfalls leikskólakennara á leikskólum og stærð sveitarfélaga kemur í ljós að það er hæst meðal sveitarfélaga er hafa 5001 íbúa og yfir, að Reykjavíkurborg undanskilinni, árið 2010 eða 41%. Lægst er það meðal sveitarfélaga er hafa 1001–2000 íbúa eða 27%. Athygli er vakin á töflu í Fylgiskjali 6 er sýnir hlutfallslega skiptingu stöðugilda starfsfólks er sinna uppeldis- og menntunarstörfum eftir menntun og sveitarfélögum.

Árið 2010 eru 4,3 heilsdagsígildi barna á öll stöðugildi þeirra er sinna uppeldis- og menntunarstörfum, stuðnings- og stjórnunarstörfum.

Einnig er fróðlegt að skoða hvernig landið liggur þegar eingöngu er horft til stöðugilda starfsfólks sem sinnir uppeldis- og menntunarstörfum. Hér er átt við deildarstjóra ásamt því starfsfólki sem sinnir uppeldis- og menntunarstörfum inn á deildum leikskóla (sjá skýringu fyrir neðan töflu 3.7). Árið 2010 eru 5,2 heilsdagsígildi barna á hvert stöðugildi þessa hóps og hefur fækkað um 8% frá árinu 2005.

4. Kostnaður vegna leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 bera sveitarfélög ábyrgð á heildarskipan skólahlalds í leikskólum sem og húsnæði og búnaði, sérurræðum leikskóla og framkvæmd leikskólastarfs í sveitarfélagi. Sveitarfélögin annast þannig rekstur leikskólans en foreldrar leikskólabarna greiða hluta af kostnaði við reksturinn. Almennt hefur verið stuðst við þá þumalfingursreglu að foreldrar greiði um 1/3 af heildarkostnaði leikskólans. Það hlutfall hefur þó breyst umtalsvert hin síðari ár. Árið 2010 er rekinn leikskóli í 63 sveitarfélögum. Í 10 sveitarfélögum að auki er ekki rekinn leikskóli en greidd ákveðin upphæð með börnum búsettum í sveitarfélaginu sem nýta sér þjónustu leikskóla í öðru sveitarfélagi.

Í þessum kafla verður farið yfir allan kostnað sveitarfélaga vegna leikskóla á landsvísu og eftir landshlutum, hlutfall launakostnaðar af rekstrartekjum, hlutfallslega skiptingu rekstrarkostnaðar og tekna og útgjalda vegna leikskóla sem hlutfall af skatttekjum sveitarfélaga.

Hér er gerður greinarmunur á heildarrekstrarkostnaði leikskóla annars vegar og beinum rekstrarkostnaði leikskóla hins vegar. Heildarrekstrarkostnaður felur í sér allan rekstrarkostnað sem færður er á leikskólastofnanir, kostnað sem bókfærður er á sameiginlega liði leikskóla í hverju sveitarfélagi ásamt framlagi til rekstrar sjálfstætt starfandi leikskóla. Sameiginlegir liðir vísa til kostnaðar vegna leikskólafulltrúa, leikskólanefnda og dagvistarskrifstofa sveitarfélaga. Með beinum rekstrarkostnaði vegna leikskóla er átt við allan þan rekstrarkostnað sem tilfellur á þá sjálfstæðu rekstrareiningu sem hver leikskólastofnun er.

Hér er ekki tekið til kostnaðar vegna gæsluvalla eða dagvistunar í heimahúsum.

4.1 Kostnaður sveitarfélaga vegna reksturs leikskóla

Árið 2010 nam heildarkostnaður sveitarfélaga vegna reksturs leikskóla 26,9 milljörðum króna eða því sem nemur 1,75% af vergri landsframleiðslu sama ár. Þjónustutekjur námu rúmlega 3,8 milljörðum króna árið 2010. Allar rekstrartölur eru í þúsundum króna. Í þessum hluta er fjallað um brúttó rekstrarkostnað, þ.e.. ekki er búið að draga þjónustutekjur frá.

Tafla 27. Rekstrarkostnaður leikskóla sem % af vergri landsframleiðslu 2007–2010

	2007	2008	2009	2010
Heildarrekstrarkostnaður leikskóla sem % af VLF	1,64%	1,65%	1,78%	1,75%
Beinn rekstrarkostnaður leikskóla sem % af VLF	1,56%	1,59%	1,74%	1,73%
Heildarrekstrarútgjöld leikskóla sem % af VLF	1,33%	1,36%	1,50%	1,48%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofa Íslands.

Skýring: Heildarrekstrarkostnaður= allur rekstrarkostnaður brúttó af öllum leikskólastofnunum með sameiginlegum liðum og framlagi til sjálfstætt starfandi leikskóla. Á sameiginlega liði er kostnaður bókfærður vegna leikskólafulltrúa, leikskólanefnda og dagvistarskrifstofa sveitarfélaga. Beinn rekstrarkostnaður= Allur brúttó rekstrarkostnaður færður á hverja leikskólastofnun. Heildarrekstrarútgjöld= Nettó, þ.e.. búið er að draga þjónustutekjur frá.

Í töflu 27 gefur að líta helstu lykiltölur vegna reksturs leikskóla settar í samhengi við eina helstu lykiltölu þjóðhagsreikninga eða verga landsframleiðslu. Hér sést að hlutfall heildarrekstrarkostnaðar leikskóla af VLF er 1,64% árið 2007 en er komið upp í 1,75% árið 2009.

Tafla 28. Rekstrarreikningur sveitarfélaga árið 2010 vegna leikskóla


	Sameiginlegir liðir	Leikskólar sveitarfélaga	Annar leikskólakostnaður/ framlög til sjálfstætt starfandi leikskóla	Leikskólar alls
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	-14.959	-3.735.129	-85.612	-3.813.957
Tekjur alls	-14.959	-3.735.129	-85.612	-3.813.957
Laun og launatengd gjöld	139.028	17.138.872	18.087	17.295.987
Annar rekstrarkostnaður	160.930	5.181.242	4.286.108	9.628.280
Kostnaður alls (brúttó)	299.958	22.320.114	4.304.195	26.924.267
Rekstrarútgjöld (nettó)	284.999	18.584.985	4.218.583	23.110.310

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Tölur eru í þús.kr. Sameiginlegir liðir: Hér bókfærast kostnaður vegna leikskólanefndar, dagvistarskrifstofu og leikskólafulltrúa o.fl. þ.h.

Árið 2010 nam heildarrekstrarkostnaður sveitarfélaga vegna leikskóla tæpum 27,0 ma.kr. Þegar sameiginlegur kostnaður og framlög til sjálfstætt starfandi leikskóla eru tekin með. Sameiginlegur kostnaður vísar til kostnaðar vegna leikskólanefnda, dagvistarskrifstofu og leikskólafulltrúa. Þessi liður er fyrirferðarmeiri hjá stærri sveitarfélögum. Heildarþjónustutekjur voru rétt um 3,8 ma.kr. og nettó heildarrekstrarútgjöld námu því rétt um 23,0 ma.kr. árið 2010. Rekstrarkostnaður beint á leikskólastofnanir nam rétt rúmum 22,0 ma.kr árið 2010, og þjónustutekjur og aðrar tekjur vegna leikskóla voru rúmir 3,7 ma.kr. og nettó rekstrarútgjöld námu því rúmlega 18,5 ma.kr.

Mynd 17. Hlutfallsleg skipting kostnaðar sveitarfélaga vegna leikskóla árið 2010



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Beinn rekstrarkostnaður á leikskóla sveitarfélaga.

Mynd 17 sýnir að langstærsti kostnaðarliður vegna leikskóla eru laun og launatengd gjöld, og nema þau rétt rúmum þremur fjórðu af heildarkostnaði.

Í töflu 28 kemur fram hver heildarkostnaður við rekstur leikskólans hefur verið á tímabilinu og hverjar hafa verið tekjur leikskólans. Annar rekstrarkostnaður tekur til útgjaldaþátta eins og húsaleigu, vöru- og þjónustukaupa, styrkja og framlaga.

Tafla 29. Kostnaður sveitarfélaga vegna reksturs leikskóla 2004–2010

	Heildarrekstrarkostnaður leikskóla				Beinn rekstrarkostnaður leikskóla sveitarfélaga			
	Rekstrar- kostnaður	% breyting frá fyrra ári	Þjónustu- tekjur	% breyting frá fyrra ári	Rekstrar- kostnaður	% breyting frá fyrra ári	Þjónustu- tekjur	% breyting frá fyrra ári
2005	20.035.969		5.307.819		18.561.177		5.238.860	
2006	23.192.307	16%	4.635.132	-13%	20.800.263	12%	4.543.099	-13%
2007	26.311.239	13%	4.383.511	-5%	21.243.034	2%	4.143.533	-9%
2008	27.445.258	4%	3.974.080	-9%	22.364.597	5%	3.878.882	-6%
2009	27.943.294	2%	3.817.365	-4%	22.779.106	2%	3.725.782	-4%
2010	26.924.267	-4%	3.813.957	0%	22.320.114	-2%	3.735.129	0%
Breyting 05-10	6.888.298		-1.493.862		3.758.937		-1.503.731	
% breyting 05-10	34%		-28%		20%		-29%	

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Kostnaður er á verðlagi ársins 2009. Tölur eru í þús.kr. Rekstrarkostnaður vísar í brúttókostnað. Heildarrekstrarkostnaður leikskóla = allur rekstrarkostnaður brúttó af öllum leikskólastofnunum með sameiginlegum liðum ásamt framlagi til sjálfstætt starfandi leikskóla. Á sameiginlega liði er kostnaður bókfærður vegna leikskólafulltrúa, leikskólanefnda og dagvistarskrifstofa sveitarfélaga. Beinn rekstrarkostnaður leikskóla sveitarfélaga = Allur brúttó rekstrarkostnaður færður á hverja leikskólastofnun án sameiginlegs kostnaðar.

Á tímabilinu 2004–2010 jókst heildarrekstrarkostnaður vegna leikskóla um 34% eða tæplega sjö ma.kr. Hlutfallslega mest er breytingin milli árána 2005 og 2006 en þá eykst kostnaðurinn um 16%. Árið 2010 lækkar heildarrekstrarkostnaður vegna leikskóla um 4% frá fyrra ári.

Athyglisvert er að þjónustutekjurnar, þ.e. það sem foreldrar greiða vegna leikskólavistunar, hafa dregist saman um 28% árið 2010 miðað við árið 2004 eða um ríflega 1,4 ma.kr. Sé þróunin skoðuð milli ára sést að þjónustutekjurnar dragast talsvert saman á tímabilinu.

Tafla 29 sýnir að auki hliðstæða þróun í beinum rekstrarkostnaði leikskóla þegar kostnaður vegna sameiginlega liða er ekki tekinn með.

Tafla 30. Heildarkostnaður sveitarfélaga vegna reksturs leikskóla 2006, 2008 og 2010 eftir landshlutum

	2006		2008		2010		Breyting 06-10		% breyting 06-10	
	Þjónustu- tekjur	Rekstrar- kostnaður	Þjónustu- tekjur	Rekstrar- kostnaður	Þjónustu- tekjur	Rekstrar- kostnaður	Þjónustu- tekjur	Rekstrar- kostnaður	Þjónustu- tekjur	Rekstrar- kostnaður
Reykjavík	-1.432.692	8.208.630	-1.159.190	10.484.421	-1.114.026	9.821.271	318.666	1.612.641	-22%	20%
Höfuðsv. án Rvk.	-1.375.044	6.612.847	-1.087.613	7.504.257	-1.116.525	7.564.787	258.520	951.940	-19%	14%
Suðurnes	-276.777	1.411.069	-217.602	1.888.155	-191.949	1.812.596	84.828	401.526	-31%	28%
Vesturland	-295.942	1.091.687	-301.801	1.269.012	-258.325	1.310.671	37.617	218.984	-13%	20%
Vestfirðir	-132.355	507.438	-113.689	536.552	-117.767	528.584	14.588	21.146	-11%	4%
Norðurland vestra	-128.709	479.360	-113.041	503.406	-116.771	597.965	11.938	118.605	-9%	25%
Norðurland eystra	-415.353	2.209.933	-410.749	2.291.135	-375.124	2.290.595	40.229	80.662	-10%	4%
Austurland	-195.688	1.019.821	-198.398	1.092.979	-173.177	1.054.439	22.512	34.618	-12%	3%
Suðurland	-382.571	1.644.961	-370.207	1.865.384	-350.293	1.943.361	32.278	298.400	-8%	18%
Landið allt	-4.635.132	23.185.745	-3.972.289	27.435.301	-3.813.957	26.924.267	821.175	3.738.522	-18%	16%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Staðvirt á verðlagi ársins 2010. Tölur eru í þús.kr. Inn í þessum tölum eru sameiginlegir liðir vegna leikskóla sem og framlög til sjálfstætt starfandi leikskóla. Á sameiginlega liði er kostnaður bókfærður vegna leikskólafulltrúa, leikskólanefnda og dagvistarskrifstofa sveitarfélaga.

Tafla 30 sýnir heildarkostnað sveitarfélaga og þjónustutekjur vegna reksturs leikskóla eftir landshlutum árin 2006, 2008 og 2010 ásamt breytingu á tímabilinu. Rekstrarkostnaður jókst um tæpa fjóra ma.kr. á tímabilinu á landsvísu. Ríflega helmingur af þeim kostnaðarauka myndast á höfuðborgarsvæðinu öllu en þar hækkaði kostnaður um rúmlega 2,5 ma.kr. Hlutfallslega er kostnaðaraukningin mest á Norðurlandi vestra en þar nam kostnaðaraukningin 25%. Kostnaður hækkaði í öllum landshlutum á tímabilinu en mjög misjafnt er hve mikil sú hækkun var.

Þjónustutekjur lækkuðu um 18% á landsvísu árið 2010 miðað við árið 2006 og þegar þróunin er skoðuð eftir landshlutum sést glögg að þær hafa lækkað mest í þéttbýlu landshlutunum, og þá sérstaklega á Suðurnesjum, Reykjavíkurborg og nágrennasveitarfélögum hennar.

Tafla 31. Beinn rekstrarkostnaður sveitarfélaga vegna reksturs leikskóla 2006, 2008 og 2010 eftir landshlutum


	2006		2008		2010		Breyting 06–10		% breyting 06–10	
	Þjónustu-tekjur	Rekstrar-kostnaður	Þjónustu-tekjur	Rekstrar-kostnaður	Þjónustu-tekjur	Rekstrar-kostnaður	Þjónustu-tekjur	Rekstrar-kostnaður	Þjónustu-tekjur	Rekstrar-kostnaður
Reykjavík	-1.347.220	7.555.201	-1.100.128	8.052.481	-1.065.764	7.931.985	281.456	376.784	-21%	5%
Höfuðsv. án Rvk.	-1.348.843	5.552.068	-1.095.803	6.223.619	-1.117.083	6.068.357	231.760	516.289	-17%	9%
Suðurnes	-271.502	1.091.999	-217.600	1.187.567	-191.950	1.157.011	79.552	65.012	-29%	6%
Vesturland	-275.187	1.028.778	-283.726	1.183.178	-245.190	1.239.790	29.997	211.012	-11%	21%
Vestfirðir	-126.455	502.399	-112.136	526.290	-116.369	504.950	10.086	2.551	-8%	1%
Norðurland vestra	-121.436	424.743	-111.068	465.997	-116.259	581.972	5.177	157.229	-4%	37%
Norðurland eystra	-416.464	1.819.470	-397.476	1.857.573	-371.727	1.921.746	44.737	102.276	-11%	6%
Austurland	-196.179	1.005.340	-190.377	1.059.026	-142.822	889.189	53.357	-116.151	-27%	-12%
Suðurland	-383.923	1.525.451	-370.568	1.808.867	-367.965	2.025.114	15.958	499.663	-4%	33%
Landið allt	-4.487.209	20.505.450	-3.878.882	22.364.597	-3.735.129	22.320.114	752.080	1.814.664	-17%	9%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Staðvirk á verðlagi ársins 2010. Tölur eru í þús.kr. Hér er eingöngu um beinan kostnað að ræða, þ.e. þann kostnað sem bóktæður er beint á leikskólastofnun.

Í töflu 31 eru sömu upplýsingar og í töflu 30, nema að hér er kostnaður vegna sameiginlegra liða og framlög til sjálfstætt starfandi skóla ekki innifalinn.

Mynd 18. Hlutfallsleg skipting rekstrarkostnaðar og tekna 2004–2010



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Skiptingin er byggð á beinum rekstrarkostnaði leikskóla sveitarfélaga

Á mynd 18 kemur fram að hlutfall tekna af rekstrarkostnaði hefur minnkað á tímabilinu 2004–2010. Árið 2004 eru þjónustutekjur um 29% af rekstrarkostnaði leikskóla á landsvísu en árið 2010 nema tekjurnar um 17% af rekstrarkostnaði leikskóla. Þannig hefur hlutfall tekna af rekstrarkostnaði lækkað um 12 prósentustig frá árinu 2004. Þó hækkar hlutfallið árið 2010 um eitt prósentustig frá fyrra ári. Í töflunni hér fyrir neðan sjáum við hlutfall tekna af rekstrarkostnaði eftir landssvæðum.

Tafla 32. Hlutfall tekna af beinum rekstrarkostnaði leikskóla 2004–2010 eftir landshlutum


	2004		2006		2008		2010	
	Þjónustu-tekjur	Rekstrar-kostnaður	Þjónustu-tekjur	Rekstrar-kostnaður	Þjónustu-tekjur	Rekstrar-kostnaður	Þjónustu-tekjur	Rekstrar-kostnaður
Reykjavík	30%	70%	17%	83%	13%	87%	13%	87%
Höfuðbsv. án Rvk.	30%	70%	23%	77%	17%	83%	18%	82%
Suðurnes	30%	70%	24%	76%	17%	83%	17%	83%
Vesturland	30%	70%	25%	75%	23%	77%	20%	80%
Vestfirðir	28%	72%	24%	76%	20%	80%	23%	77%
Norðurland vestra	34%	66%	27%	73%	22%	78%	20%	80%
Norðurland eystra	30%	70%	22%	78%	20%	80%	19%	81%
Austurland	24%	76%	18%	82%	16%	84%	16%	84%
Suðurland	28%	72%	24%	76%	19%	81%	18%	82%
Landið allt	29%	71%	21%	79%	16%	84%	17%	83%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Skiptingin er byggð á beinum rekstrarkostnaði vegna leikskóla sveitarfélaga.

Í töflu 32 kemur fram hlutfall þjónustutekna af rekstrarkostnaði leikskóla skipt upp eftir landshlutum árin 2004–2010. Hér sést þróunin vel eftir landshlutum sem skoða má á landsvísu á mynd 19. Hlutfall tekna af rekstrarkostnaði hefur lækkað umtalsvert í öllum landshlutum á tímabilinu.

Mynd 19. Hlutfall tekna af beinum rekstrarkostnaði leikskóla árið 2010 eftir landshlutum



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Skiptingin er byggð á beinum rekstrarkostnaði vegna leikskóla sveitarfélaga.

Mynd 19 sýnir hlutfall tekna af rekstrarkostnaði leikskóla árið 2010 eftir landssvæðum. Tekjur leikskóla eru hlutfallslega lægst miðað við rekstrarkostnað í Reykjavík eða 13%, en hlutfallið er hæst á Vestfjörðum eða 23%.

Í fylgiskjali 7 er að finna yfirlit yfir hlutfall þjónustutekna af beinum rekstrarkostnaði leikskóla fyrir hvert sveitarfélag árið 2010.

Tafla 33. Hlutfall tekna af beinum rekstrarkostnaði leikskóla 2008, 2009 og 2010 eftir stærð sveitarfélaga


	2008			2009			2010		
	Lægsta gildi	Vegið meðaltal	Hæsta gildi	Lægsta gildi	Vegið meðaltal	Hæsta gildi	Lægsta gildi	Vegið meðaltal	Hæsta gildi
≤ 500 íbúar	4%	17%	29%	0%	17%	37%	0%	14%	21%
501-1000	8%	18%	27%	8%	18%	27%	8%	19%	31%
1001-2000	15%	19%	23%	14%	18%	22%	15%	19%	23%
2001-5000	15%	20%	23%	14%	18%	23%	13%	19%	25%
5001 ≥	15%	18%	24%	15%	18%	24%	16%	19%	23%
Reykjavík		13%			13%			13%	

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Skiptingin er byggð á beinum rekstrarkostnaði vegna leikskóla sveitarfélaga.

Tafla 33 sýnir okkur tekjur sveitarfélaga vegna leikskóla sem hlutfall af beinum rekstrarkostnaði eftir stærð þeirra. Gefið er upp vegið meðaltal fyrir hvern hóp sveitarfélags ásamt hæsta og lægsta gildi sem gefur vísbendingu um dreifingu innan hvers hóps.

Mynd 20. Flokkun á hlutfallslegri skiptingu tekna af beinum rekstrarkostnaði 2008–2010




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Á mynd 20 kemur fram að í flestum sveitarfélögum, eða 42, liggur hlutfall tekna af rekstrarkostnaði á bilinu 20–25%. Dreifingin er þó nokkur eins og kemur líka fram í töflu 32, þ.e.. allt frá 0% og upp í 31%. Rétt er að taka fram að þar sem tekjurnar eru hlutfallslega lægstar getur verið um sérstakar aðstæður að ræða, svo sem fámennir leikskólar, ekki seld hádegishressing í leikskólanum eða aðrar staðbundnar aðstæður sem valda því að hlutfall tekna er svo lágt sem raun ber vitni.

4.2 Rekstrarútgjöld í hlutfalli af skatttekjum

Hér að framan er greint frá því hve mikið sveitarfélög greiða í rekstrarkostnað vegna leikskóla ásamt þjónustutekjum. Einnig er fróðlegt að skoða rekstrarútgjöld, sem hlutfall af skatttekjum þeirra, þ.e.. hversu miklu af heildarskatttekjum sínum sveitarfélög verja í rekstur leikskóla. Í þessum kafla er sjónum beint að heildarrekstrarútgjöldum vegna leikskóla þ.e.. þegar búið er að taka tillit til þjónustutekna. Heildarrekstrarútgjöld fela í sér útgjöld vegna sameiginlegra liða, leikskólastofnana og framlaga til sjálfstætt starfandi leikskóla. Skatttekjur sveitarfélaga eru útsvar, fasteignaskattur, greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og aðrar tekjur er hafa skattalegt ígildi.


Mynd 21. Rekstrarútgjöld vegna leikskóla sem hlutfall af skatttekjum 2008–2010



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.
Skýring: Um er að ræða vegið meðaltal á landsvísu og svo landshluta.

Á mynd 21 má sjá rekstrarútgjöld vegna leikskóla sem hlutfall af skatttekjum sveitarfélaga eftir landssvæðum árin 2008, 2009 og 2010. Rekstrarútgjöld allra sveitarfélaga vegna leikskóla nema 15% af skatttekjum þeirra árið 2008 og hafa hækkað um eitt prósentustig árið 2010. Rekstrarútgjöld sveitarfélaga vegna leikskóla er sá kostnaður sem eftir stendur þegar tillit hefur verið tekið til þjónustugjalda. Sem hlutfall af skatttekjum er kostnaðarbyrðin hæst árið 2010 á höfuðborgarsvæði utan Reykjavíkurborgar, eða 18%. Lægst er hún á Vestfirðum eða 11% árið 2010. Rétt er að benda á að kostnaðarbyrði sveitarfélaga innan hvers landssvæðis er afar misjöfn og síst minni en milli landssvæða.

Mynd 22. Hlutfall rekstrarútgjalda vegna leikskóla af skatttekjum sveitarfélaga árið 2010




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Mynd 22 sýnir dreifingu sveitarfélaga á hve háu hlutfalli þau verja af skatttekjum sínum til rekstrarútgjalda vegna leikskóla. Dreifingin er nokkur, eða allt frá því að sveitarfélög verja 1% af skatttekjum sínum til þessa og upp í 25%. Þau sveitarfélög sem verja innan við 5% af skatttekjum sínum til rekstrarútgjalda vegna leikskóla, eiga það sameiginlegt að reka ekki sjálf leikskóla en greiða ákveðna upphæð með börnum búsettum í sveitarfélaginu sem nýta sér þjónustu leikskóla í öðru sveitarfélagi.

Grafið sýnir að eitt sveitarfélag varði 25% af skatttekjum sínum til leikskóla árið 2010. Rétt er að geta þess að um fámenn og tekjulágt sveitarfélag er að ræða.

Í fylgiskjali 8 er að finna töflu með yfirlit um hlutfall rekstrarútgjalda af skatttekjum á hvert sveitarfélag.


Mynd 23. Flokkun á hlutfalli rekstrarútgjalda af skatttekjum sveitarfélaga 2008–2010



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Á mynd 23 kemur fram að í 36 sveitarfélögum liggur hlutfall rekstrarútgjalda vegna leikskóla af skatttekjum á bilinu 10–14%. Myndin sýnir að þeim sveitarfélögum sem verja 9% af skatttekjum til leikskóla eða minna fækkar nokkuð miðað við fyrri ár. Það skal tekið fram að í mörgum sveitarfélaganna þar sem hlutfallið er hvað lægst er um sérstakar aðstæður að ræða þar sem fámenn sveitarfélög starfrækja ekki sjálf leikskóla og gert hafa samninga við stærri sveitarfélög um þá þjónustu gegn umsömdu rekstrarframlagi.

Mynd 24. Hlutfall kostnaður vegna leikskóla af skatttekjum árið 2010 eftir stærð sveitarfélaga



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Mynd 24 sýnir hve háu hlutfalli af skatttekjum sínum sveitarfélög verja til rekstrarútgjalda leikskóla eftir stærð þeirra. Gefið er upp vegið meðaltal fyrir hvern hóp sveitarfélags ásamt hæsta og lægsta gildi sem gefur vísbendingu um dreifingu innan hvers hóps. Vegið meðaltal meðal sveitarfélaga með 500 og færri íbúa er 9%. Hæst er hlutfallið 25% og lægst rétt innan við 1% í þeim stærðarflokki. Hér skal enn áréttað að meðal fámennari sveitarfélaga er nokkuð algengt að þau starfræki ekki sjálf leikskóla en geri samninga við stærri sveitarfélög um þá þjónustu gegn umsömdu rekstrarframlagi. Það skýrir að minnsta kosti að hluta hve lágt hlutfall af skatttekjum þau verja til leikskóla.

Með því að flokka gögnin eftir stærð sveitarfélaga og líta til vegins meðaltals sést að því fámennari sem sveitarfélög eru því lægra hlutfalli verja þau að jafnaði til rekstrarútgjalda vegna leikskóla.

4.3 Kostnaður á hvert heilsdagsígildi barna

Að lokum er fróðlegt að skoða rekstrarkostnað vegna leikskóla á hvert heilsdagsígildi leikskólabarna, þ.e.. hvað hvert heilsdagsígildi kostar sveitarfélagið. Notast er við heilsdagsígildi í stað fjölda barna í því skyni að gera samanburð milli sveitarfélaga betri. Rétt er að hafa í huga að staðbundnar aðstæður og innri gerð landssvæða geta haft talsverð áhrif á þessa lykiltölu. Þannig getur verið erfitt á fámennum og strjálbýlum svæðum að samnýta mannvirki og þekkingu. Þó eru einnig til dæmi um hið gagnstæða þar sem fámenn sveitarfélög hafa náð árangri í að samnýta bjargir, t.d. þegar um er að ræða samrekstur leikskóla og grunnskóla. Í þessum hluta er eingöngu litið til beins rekstrarkostnaðar, þ.e.. hvorki kostnaður vegna sameiginlegra liða né framlög til sjálfstætt starfandi leikskóla er innifalinn.

Tafla 34. Beinn rekstrarkostnaður á hvert heilsdagsígildi leikskólabarna í leikskólum sveitarfélaga 2005–2010

	Beinn rekstrarkostnaður á hvert heilsdagsígildi	% breyting frá fyrra ári
2005	1.235	
2006	1.321	7%
2007	1.338	1%
2008	1.358	1%
2009	1.414	4%
2010	1.396	-1%
Breyting 05–10	161	
% breyting 05–10	13%	

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Í töflu 34 er að finna yfirlit yfir beinan rekstrarkostnað á hvert heilsdagsígildi leikskólabarna á tímabilinu 2005–2010 og að auki hlutfallslega breytingu milli ára. Þannig sést að kostnaður á hvert heilsdagsígildi hækkar að raungildi um 13% á tímabilinu öllu. Árið 2010 lækkar þó kostnaður á hvert heilsdagsígildi um 1% frá fyrra ári.

Tafla 35. Beinn Rekstrarkostnaður á hvert heilsdagsígildi leikskólabarna í leikskólum sveitarfélaga árið 2010 eftir landshlutum

	Lægsta gildi	Vegið meðaltal	Hæsta gildi	Munur á hæsta og lægsta gildi
Reykjavík		1.337		
Höfuðsv. án Rvk.	1.231	1.354	1.488	257
Suðurnes	1.304	1.495	1.588	284
Vesturland	1.408	1.586	2.176	768
Vestfirðir	1.165	1.392	1.566	401
Norðurland vestra	1.290	1.579	2.306	1.016
Norðurland eystra	1.121	1.406	1.952	831
Austurland	1.447	1.619	1.860	413
Suðurland	1.058	1.469	2.111	1.053
Landið allt	1.028	1.396	2.306	1.278

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.


Skýring: Tölur eru í þús.kr. Um beinan rekstrarkostnað leikskóla sveitarfélaga er að ræða á hvert heilsdagsígildi. Hér hefur ekki verið tekið tillit til þjónustugjalda á móti. Vegið meðaltal landshluta og á landsvísu.

Í töflu 35 er gefið upp vegið meðaltal ásamt hæsta og lægsta gildi kostnaðar á heilsdagsígildi árið 2010. Meðal rekstrarkostnaður á hvert heilsdagsígildi leikskólabarna á landsvísu er 1.396 þús.kr. Taflan sýnir einnig að dreifing kostnaðar á heilsdagsígildi er talsverð, og munar 1.278 þús.kr. á því sveitarfélagi sem lægstan kostnað hefur á hvert heilsdagsígildi og því sveitarfélagi sem hefur hæstan kostnað. Rekstrarkostnaður á hvert heilsdagsígildi er 1.337 þús.kr. í Reykjavík. Meðalrekstrarkostnaður er hæstur á Austurlandi eða 1.619 þús.kr. og þá á Vesturlandi eða 1.586 þús.kr. á hvert heilsdagsígildi.

Athygli er vakin á því að útreikningur á fjölda heilsdagsígilda tók breytingum í Skólaskýrslu 2010. Í stað þess að reikna 7 tíma vistun og yfir sem eitt heilsdagsígildi, þá er 8 tíma vistun viðmið fyrir eitt heilsdagsígildi, 9 tíma viðvera er reiknuð sem 1,125 heilsdagsígildi og 10 tíma viðvera sem 1,25 heilsdagsígildi.

Í fylgiskjali 9 er að finna yfirlit yfir beinan rekstrarkostnað á hvert heilsdagsígildi á hvert sveitarfélag.


Mynd 25. Beinn rekstrarkostnaður á hvert heilsdagsígildi leikskólabarna í leikskólum sveitarfélaga árið 2010 eftir landshlutum



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Í mynd 25 eru gögn úr töflu 35 sett fram á myndrænan hátt. Hér sést glögglega að munur á þessari lykiltölu er ekki síst minni innan landssvæða en milli þeirra.


Mynd 26. Dreifing beins rekstrarkostnaðar á hvert heilsdagsígildi leikskólabarna í leikskólum sveitarfélaga árið 2010



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Mynd 26 sýnir dreifingu kostnaðar sveitarfélaga reiknað á hvert heilsdagsígildi leikskólabarna árið 2010. Dreifingin er nokkur eða allt frá 1.058 þús.kr. á hvert heilsdagsígildi til 2.176 þús.kr. árið 2010.

Mynd 27. Flokkun á rekstrarkostnaði á heilsdagsígildi árið 2010



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Á myndinni hér fyrir ofan er rekstrarkostnaður á hvert heilsdagsígildi flokkaður eftir upphæð. Þannig má sjá að hjá þremur sveitarfélögum er rekstrarkostnaður á hvert heilsdagsígildi lægri en 1.200 þús.kr. árið 2010. Jafnframt er ljóst að flest sveitarfélög verja milli 1.400 þús.kr. til 1.700 þús.kr. á hvert heilsdagsígildi eða 28 talsins.

Tafla 36. Rekstrarkostnaður á heilsdagsígildi leikskólabarna árið 2010 eftir stærð sveitarfélaga


	Lægsta gildi	Vegið meðaltal	Hæsta gildi	Munur á hæsta og lægsta gildi
≤ 500 íbúar	1.058	1.568	2.306	1.248
501-1000	1.121	1.527	2.111	990
1001-2000	1.304	1.516	2.176	872
2001-5000	1.279	1.545	1.795	516
5001 ≥	1.231	1.369	1.521	290
Reykjavík		1.337		

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Tölur eru í þús.kr. Um er að ræða beinan rekstrarkostnað á hvert heilsdagsígildi. Hér hefur ekki verið tekið tillit til þjónustugjalda á móti. Vegið meðaltal hvers stærðarhóps sveitarfélaga.

Að lokum er gagnlegt að skoða rekstrarkostnað á hvert heilsdagsígildi eftir stærð sveitarfélaga. Við sjáum að mesta dreifingin er meðal fámennustu sveitarfélaganna en þar munar ríflega 1,2 m.kr. á hvert stöðugildi þar sem kostnaðurinn er hæstur og lægstur. Vegið meðaltal þessarar lykiltölu er hæst meðal fámennustu sveitarfélaganna og lægst hjá Reykjavíkurborg og þá nágranna-sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.

Mynd 28. Rekstrarkostnaður á heilsdagsígildi leikskólabarna árið 2010 eftir stærð sveitarfélaga



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Í mynd 28 eru upplýsingar úr töflu 36 settar fram á myndrænan hátt. Hér sést glögg tve dreifingin er mikil meðal fámennari sveitarfélöganna.

Samantekt

Árið 2010 nam heildarrekstrarkostnaður sveitarfélaga vegna leikskóla tæpum 27 ma.kr. eða því sem nam 1,75% af vergri landsframleiðslu sama ár. Þjónustutekjur námu rúmum 3,8 ma.kr. Langstærsti kostnaðarliður eru laun og launatengd gjöld en þau nema rétt rúmum þremur fjórðu af heildarkostnaði.

Á árunum 2005–2010 jókst rekstrarkostnaður vegna leikskóla um tæpa 7 ma.kr. eða 34% og mest milli áruna 2005 og 2006. Þjónustutekjur drógust hins vegar saman um 28% eða um tæplega 1,5 ma.kr.

Þá hefur hlutfall þjónustutekna af rekstrarkostnaði lækkað árið 2010 miðað við árið 2004 eða úr 29% í 17%.

Sveitarfélög verja mismiklu hlutfalli af skatttekjum sínum til reksturs leikskóla, allt frá 1% og upp í 25% af skatttekjum. Flest sveitarfélög, eða 36 talsins, verja á milli 10-14% af skatttekjum sínum til reksturs leikskóla. Vegið meðaltal allra sveitarfélaga er 16% af skatttekjum.

Rekstrarkostnaður á hvert heilsdagsígildi leikskólabarns árið 2010 nam 1.396 þús.kr. á landsvísu. Meðalrekstrarkostnaður er hæstur á Austurlandi eða 1.619 þús.kr. og þá á Vesturlandi eða 1.586 þús.kr. á hvert heilsdagsígildi.

GRUNNSKÓLI

Hér má sjá yfirlit lykiltalna vegna grunnskóla á tímabilinu 2005–2010. Fjöldi starfsfólks vísar til fjölda stöðugilda. Rekstrarkostnaður er staðvirtur á verðlagi ársins 2010.

Tafla 37. Helstu lykiltölur vegna grunnskóla 2005–2010

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	Breyting 05–10	% breyting 05–10
Fjöldi nemenda í grunnskólum sveitarfélaga	43.864	43.303	43.177	42.845	42.227	41.780	-2.084	-5%
Fjöldi nemenda í grunnskólum sveitarfélaga, meðaltal 2 skólaára	43.973	43.593	42.956	43.011	42.536	42.004	-1.969	-4%
Fjöldi grunnskóla sveitarfélaga	170	166	165	165	165	162	-8	-5%
Stöðugildi starfsfólks við kennslu í grunnskólum sveitarfélaga alls ¹	4.629	4.721	4.890	4.901	4.694	4.563	-66	-1%
Stöðugildi starfsfólks við önnur störf í grunnskólum sveitarfélaga	2.083	2.154	2.149	2.290	2.288	2.157	74	4%
Stöðugildi alls starfsfólks í grunnskólum sveitarfélaga	6.712	6.875	7.039	7.191	6.982	6.720	8	0%
Rekstrarkostnaður alls ²	52.901.509	53.968.268	54.917.137	58.353.061	58.577.049	57.010.532	4.109.023	8%
Rekstrarútgjöld % af skatttekjum *	39%	35%	33%	35%	36%	37%	-2 prósentustig	-5%
Rekstrarkostnaður stofnun ³	49.133.130	50.482.401	50.184.330	52.788.554	52.525.763	51.652.296	2.519.167	5%
Rekstrarkostnaður / nemanda ^a	1.117	1.158	1.168	1.227	1.235	1.231	114	10%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Rekstrartölur eru í þús.kr. og staðvitar á verðlagi ársins 2010. ¹ Stöðugildi starfsfólks við kennslu: Skólastjórar, aðstoðarskólastjórar og sérkennarar eru meðtaldir. Stöðugildi eru námunduð að heilu tölugildi. Startíðir í sjálfstætt starfandi skólum meðtalið. ²: Átt er við allan brúttó rekstrarkostnað vegna deildarinnar grunnskóli (sameiginlegir liðir, grunnskólastofnun, vistun utan skólatíma, annar grunnskólakostnaður). ³: Beinn rekstrarkostnaður brúttó á stofnunina grunnskóli. *: Rekstrarútgjöld af skatttekjum - á verðlagi hvers árs. Rekstrarkostnaður á nemanda: Beinn rekstrarkostnaður grunnskóla á nemanda.

5. Nemendur

Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91 frá 2008 er skólaskylda að jafnaði tíu ár en getur verið skemmri. Þannig er öllum börnum og unglingum að jafnaði á aldrinum 6–16 ára skylt að sækja grunnskóla.

Tafla 38. Fjöldi nemenda í grunnskóla 1997–2010

	Allir nemendur í grunnskóla		Nemendur í sjálfstætt starfandi grunnskóla		Allir nemendur í 1. bekk	
	Fjöldi	% breyting frá fyrra ári	Fjöldi	% breyting frá fyrra ári	Fjöldi	% breyting frá fyrra ári
1997	42.318		*		4.435	
1998	42.421	0,2%	527		4.469	0,8%
1999	43.030	1,4%	549	4,2%	4.534	1,5%
2000	43.644	1,4%	565	2,9%	4.435	-2,2%
2001	44.103	1,1%	529	-6,4%	4.305	-2,9%
2002	44.695	1,3%	453	-14,4%	4.341	0,8%
2003	44.809	0,3%	452	-0,2%	4.178	-3,8%
2004	44.511	-0,7%	430	-4,9%	4.160	-0,4%
2005	44.336	-0,4%	472	9,8%	4.123	-0,9%
2006	43.875	-1,0%	572	21,2%	4.276	3,7%
2007	43.841	-0,1%	664	16,1%	4.134	-3,3%
2008	43.511	-0,8%	666	0,3%	4.069	-1,6%
2009	42.929	-1,3%	702	5,4%	4.182	2,8%
2010	42.539	-0,9%	759	8,1%	4.283	2,4%
Breyting 97–10	221		232		-152	
% breyting 97–10	1%		44%		-3%	

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.
Skýring: *: Gögn ekki tiltæk.

Í töflu 38 er að finna yfirlit yfir fjölda grunnskólanemenda frá árinu 1997 til ársins 2010. Að auki má sjá fjöldapróun sama tímabils í 1. bekk í grunnskóla. Grunnskólanemendum fjölgaði lítillega fram til ársins 2003, en síðan hefur þeim fækkað. Sé litið til tímabilsins í heild hefur nemendum í grunnskóla fjölgað um 1%. Í sjálfstætt starfandi grunnskólum hefur þróunin verið með öðru móti og nemendum fjölgað um 232 á tímabilinu eða 44%.

Nemendum í 1. bekk grunnskóla fækkar um 3% á tímabilinu eða um 152 nemendur. Þeim fækkar talsvert árið 2003 miðað við fyrra ár, en fjölgar að sama skapi árið 2006 og aftur varð fjölgun meðal 1. bekkjanga árin 2009 og 2010 frá fyrra ári.

Tafla 39. Fjöldi nemenda í grunnskóla eftir landshlutum 2004–2010

	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	Breyting 04–10	% breyting 04–10
Reykjavík	15.369	15.073	14.850	14.597	14.292	13.924	13.797	-1.572	-10%
Höfuðsv. án Rvk.	11.321	11.384	11.378	11.653	11.761	11.875	11.976	655	6%
Suðurnes	2.830	2.983	3.060	3.184	3.292	3.195	3.113	283	10%
Vesturland	2.399	2.474	2.398	2.423	2.366	2.310	2.244	-155	-6%
Vestfirðir	1.246	1.190	1.147	1.096	1.074	1.019	942	-304	-24%
Norðurland vestra	1.371	1.352	1.294	1.268	1.089	1.095	1.087	-284	-21%
Norðurland eystra	4.410	4.360	4.220	4.145	4.281	4.281	4.192	-218	-5%
Austurland	1.892	1.849	1.882	1.834	1.767	1.735	1.750	-142	-8%
Suðurland	3.673	3.671	3.646	3.641	3.589	3.495	3.438	-235	-6%
Landið allt	44.511	44.336	43.875	43.841	43.511	42.929	42.539	1.972	4%

Heimild: Hagstofa Íslands.
Skýring: Miðað er við fjölda nemenda í október ár hvert.

Árið 2010 voru 42.539 grunnskólanemendur á Íslandi. Það er 4% fækkun miðað við árið 2004. Í töflu 39 má skoða þróun nemendafjölda í grunnskóla síðustu sjö ár eftir landshlutum. Einungis í tveimur landshlutum, Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur hefur nemendum í grunnskóla fjölgað á tímabilinu. Hlutfallslega hefur nemendum fjölgað mest á Suðurnesjum á tímabilinu, eða um 10%. Nemendum fækkar mest í Reykjavík eða um 1.572 nemendur en hlutfallslega fækkar þeim mest á Vestfjörðum eða um 24% og þá á Norðurlandi vestra um 21%.

Tafla 40. Fjöldi nemenda í 1. bekk í grunnskóla eftir landshlutum 2004–2010

	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	Breyting 04–10	% breyting 04–10
Reykjavík	1.478	1.382	1.511	1.398	1.405	1.368	1.434	-44	-3%
Höfuðbsv. án Rvk.	1.052	1.081	1.127	1.159	1.109	1.208	1.262	210	20%
Suðurnes	267	304	285	289	318	300	321	54	20%
Vesturland	195	243	227	248	187	233	207	12	6%
Vestfirðir	135	97	99	85	98	82	85	-50	-37%
Norðurland vestra	123	135	126	111	103	94	103	-20	-16%
Norðurland eystra	433	402	390	386	380	408	383	-50	-12%
Austurland	166	171	183	162	153	160	179	13	8%
Suðurland	311	308	328	296	316	329	309	-2	-1%
Landið allt	4.160	4.123	4.276	4.134	4.069	4.182	4.283	123	3%

Heimild: Hagstofa Íslands.

Til fróðleiks er vert að skoða fjöldaþróun í 1. bekk grunnskólans en hún segir sitthvað um endurnýjun nemendahópsins. Börnum í sex ára bekk á landsvísu fjölgaði um 3% á landsvísu á tímabilinu og eru 4.283 árið 2010. Börnum í 1. bekk fjölgaði á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur, Suðurnesjum, Austurlandi og Vesturlandi. Börnum í 1. bekk fækkaði í öðrum landshlutum, mest var fækkunin í Reykjavík en þar fækkaði sex ára börnum um 44 á tímabilinu. Hlutfallslega var fækkunin mest á Vestfjörðum en þar fækkaði börnunum um heil 37% eða 50 börn á tímabilinu.

Tafla 41. Fjöldi nemenda í grunnskólum eftir rekstrarformi og landshlutum árin 2009 og 2010

	2009		2010		Breyting 2009–2010		% breyting 2009–2010	
	Grunnskólar sveitarfélaga	Sjálfstætt starfandi	Grunnskólar sveitarfélaga	Sjálfstætt starfandi	Grunnskólar sveitarfélaga	Sjálfstætt starfandi	Grunnskólar sveitarfélaga	Sjálfstætt starfandi
Reykjavík	13.535	364	13.397	400	-138	36	-1%	10%
Höfuðbsv. án Rvk.	11.562	313	11.617	359	55	46	0%	15%
Suðurnes	3.195	0	3.113	0	-82	0	-3%	
Vesturland	2.310	0	2.244	0	-66	0	-3%	
Vestfirðir	1.019	0	942	0	-77	0	-8%	
Norðurland vestra	1.095	0	1.087	0	-8	0	-1%	
Norðurland eystra	4.281	0	4.192	0	-89	0	-2%	
Austurland	1.735	0	1.750	0	15	0	1%	
Suðurland	3.495	0	3.438	0	-57	0	-2%	
Landið allt	42.227	677	41.780	759	-447	82	-1%	12%

Heimild: Hagstofa Íslands.

Fróðlegt er að skoða fjölda nemenda í grunnskólum eftir rekstrarformi og landshlutum. Tafla 41 sýnir að nemendur í sjálfstætt starfandi skólum er eingöngu að finna í Reykjavík eða

nágrannasveitarfélögum. Hér kemur einnig fram að hlutfallsleg fjölgun nemenda er talsvert meiri í sjálfstætt starfandi grunnskólum en þeim sem sveitarfélögin reka.


Tafla 42. Fjöldi nemenda sem njóta sérkennslu eða stuðnings skólaárin 2004/2005, 2007/2008, 2009/2010 og 2010/2011

	2004–2005				2007–2008				2009–2010				2010–2011			
	Alls	Drengir	Stúlkur	Alls hlutfall af árgangi	Alls	Drengir	Stúlkur	Alls hlutfall af árgangi	Alls	Drengir	Stúlkur	Alls hlutfall af árgangi	Alls	Drengir	Stúlkur	Alls hlutfall af árgangi
1. bekkur	719	454	265	17,3	898	577	321	21,7	804	514	290	19,2	917	594	323	21,4
2. bekkur	1.093	702	391	26,0	1.112	703	409	25,7	1.032	634	398	25,5	1.074	655	419	25,8
3. bekkur	1.106	672	434	25,1	1.071	665	406	25,7	1.069	644	425	25,7	1.048	653	395	26,0
4. bekkur	1.191	717	474	27,6	1.167	702	465	27,4	1.253	788	465	28,5	1.072	659	413	25,9
5. bekkur	1.134	714	420	25,4	1.144	728	416	26,8	1.110	680	430	26,6	1.228	749	479	28,1
6. bekkur	1.106	663	443	23,8	1.151	716	435	26,0	1.149	701	448	26,7	1.023	625	398	24,6
7. bekkur	1.062	625	437	23,1	1.029	621	408	23,5	1.080	654	426	25,1	1.057	656	401	24,7
8. bekkur	862	560	302	19,2	896	560	336	19,6	971	592	379	21,7	1.037	622	415	24,1
9. bekkur	974	589	385	20,5	945	565	380	20,1	943	564	379	21,5	995	590	405	22,3
10. bekkur	864	534	330	19,3	857	521	336	18,5	871	522	349	19,3	956	550	406	22,0
Sérdeild	451	348	103	.	370	260	110	.	372	236	136	.	476	331	145	.
Alls	10.562	6.578	3.984	23,7	10.640	6.618	4.022	24,3	10.654	6.529	4.125	24,8	10.883	6.684	4.199	25,6

Heimild: Hagstofa Íslands.

Í töflu 42 er að finna yfirlit yfir fjölda nemenda eftir bekkjum sem njóta sérkennslu eða stuðnings skólaárin 2004/2005, 2007/2008, 2009/2010 og 2010/2011. Nemendum í sérdeildum hefur fjölgað um 25 á tímabilinu, og hlutfall nemenda af árgangi sem njóta sérkennslu eða stuðnings hefur heldur hækkað.

Mynd 29. Nemendur sem njóta sérkennslu eða stuðnings sem hlutfall af árgangi



Heimild: Hagstofa Íslands.

Mynd 29 sýnir hvernig hlutfall nemenda af árgangi, sem hljóta sérkennslu eða stuðning, hefur hækkað á tímabilinu í flestum bekkjum.

Tafla 43. Fjöldi nemenda er njóta stuðnings eða sérkennslu eftir kyni og staðsetningu stuðnings

	Stuðningur í veri			Stuðningur í bekk			Stuðningur bæði í veri og bekk			Samtals
	Alls	Drengir	Stúlkur	Alls	Drengir	Stúlkur	Alls	Drengir	Stúlkur	
2004–2005	4.729	2.922	1.807	1.883	1.184	699	3.950	2.472	1.478	10.562
2005–2006	3.807	2.320	1.487	1.614	986	628	4.546	2.848	1.698	9.967
2006–2007	4.171	2.588	1.583	1.639	1.018	621	4.992	3.049	1.943	10.802
2007–2008	4.452	2.715	1.737	1.469	936	533	4.719	2.967	1.752	10.640
2008–2009	3.887	2.402	1.485	1.502	946	556	5.261	3.309	1.952	10.650
2009–2010	4.641	2.803	1.838	1.573	959	614	4.440	2.767	1.673	10.654
2010–2011	3.895	2.373	1.522	1.610	1.020	590	5.378	3.291	2.087	10.883

Heimild: Hagstofa Íslands.

Hér að ofan sjáum við fjölda nemenda eftir kyni sem njóta stuðnings eftir því hvar stuðningurinn eða sérkennslan er veitt. Hér sést að drengir eru í meirihluta, en skólaárið 2010/2011 voru drengir 61% þeirra nemenda, er fengu sérkennslu eða stuðning. Árið 2010 er algengast að veita stuðning eða sérkennslu bæði í veri og bekk eða í 49% tilvika. Næst algengast er að veita þjónustuna í sérstöku kennsluveri eða í 36% tilvika.

Tafla 44. Íbúafjöldi 2004–2010 eftir landshlutum

	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	Breyting 04–10	% breyting 04–10
Reykjavík	113.667	114.800	116.446	117.721	119.848	119.547	118.326	4.659	4%
breyting milli ára		1%	1%	1%	2%	0%	-1%		
Höfuðsv. án Rvk.	70.260	72.305	75.166	78.440	81.737	81.704	82.581	12.321	18%
breyting milli ára		3%	4%	4%	4%	0%	1%		
Suðurnes	17.090	17.899	18.880	20.415	21.564	21.544	21.359	4.269	25%
breyting milli ára		5%	5%	8%	6%	0%	-1%		
Vesturland	14.423	14.863	15.025	15.452	15.720	15.707	15.370	947	7%
breyting milli ára		3%	1%	3%	2%	0%	-2%		
Vestfirðir	7.695	7.546	7.470	7.309	7.374	7.385	7.362	-333	-4%
breyting milli ára		-2%	-1%	-2%	1%	0%	0%		
Norðurland vestra	8.985	8.878	7.452	7.359	7.395	7.401	7.394	-1.591	-18%
breyting milli ára		-1%	-16%	-1%	0%	0%	0%		
Norðurland eystra	26.884	27.000	28.555	28.797	29.060	29.081	28.900	2.016	7%
breyting milli ára		0%	6%	1%	1%	0%	-1%		
Austurland	12.389	13.710	15.350	13.901	12.882	12.849	12.459	70	1%
breyting milli ára		11%	12%	-9%	-7%	0%	-3%		
Suðurland	21.793	22.403	22.917	23.478	24.176	24.150	23.879	2.086	10%
breyting milli ára		3%	2%	2%	3%	0%	-1%		
Landið allt	293.186	299.404	307.261	312.872	315.459	319.368	317.630	24.444	8%
breyting milli ára		2%	3%	2%	1%	1%	-1%		

Heimild: Hagstofa Íslands.

Skýring. Miðað er við íbúafjölda þann 1. desember ár hvert.

Ljóst er að samband er á milli fjölda íbúa á hverjum stað og fjölda grunnskólanemenda. Þannig má ætla að því fleiri íbúar á tilteknu svæði því fleiri nemendur á grunnskólaaldri. Því er fróðlegt að skoða fjölda íbúa þegar fjalla skal um nemendafjölda. Í töflu 43 má sjá íbúapróun í landshlutum árin 2004–2010.

Íbúum landsins fjölgaði um 8% á landinu eða um 24.444 íbúa og eru 317.630 þann 1. desember árið 2010. Hlutfallsleg aukning íbúa er mest á Suðurnesjum eða um 25% og 4.269 íbúa. Þá fjölgaði íbúum um 18% á höfuðborgarsvæði utan Reykjavíkur og um 10% á Suðurlandi. Austurland sker sig nokkuð úr, en þar fjölgar íbúum umtalsvert framan af á tímabilinu en fer svo aftur talsvert fækkandi.

Ef horft er fram hjá hlutfallslegum breytingum, má sjá að íbúum fjölgaði mest á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur, þá Reykjavík og á Suðurnesjum. Íbúum á Norðurlandi vestra fækkaði um tæpan fimmtung eða um 1.591 íbúa.

Tafla 45. Hlutfall grunnskólanemenda af íbúafjölda 2004–2010 eftir landshlutum

	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Reykjavík	13,5%	13,1%	12,8%	12,4%	11,9%	11,6%	11,7%
Höfuðsv. án Rvk.	16,1%	15,7%	15,1%	14,9%	14,4%	14,6%	14,5%
Suðurnes	16,6%	16,7%	16,2%	15,6%	15,3%	14,8%	14,6%
Vesturland	16,6%	16,6%	16,0%	15,7%	15,1%	14,7%	14,6%
Vestfirðir	16,2%	15,8%	15,4%	15,0%	14,6%	13,8%	12,8%
Norðurland vestra	15,3%	15,2%	17,4%	17,2%	14,7%	14,8%	14,7%
Norðurland eystra	16,4%	16,1%	14,8%	14,4%	14,7%	14,7%	14,5%
Austurland	15,3%	13,5%	12,3%	13,2%	13,7%	13,5%	14,0%
Suðurland	16,9%	16,4%	15,9%	15,5%	14,8%	14,5%	14,4%
Landið allt	15,2%	14,8%	14,3%	14,0%	13,6%	13,4%	13,4%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Fróðlegt er að skoða hvað grunnskólanemendur eru stór hluti af íbúafjölda. Í töflu 45 eru þær upplýsingar að finna eftir landshlutum frá 2004–2010. Þetta hlutfall er mjög svipað milli landshluta, en hefur lækkað alls staðar á tímabilinu. Árið 2010 er lægsta hlutfall grunnskólanemenda af heildaríbúafjölda í Reykjavík og þá Vestfirðum. Hæst er það á Norðurlandi vestra.


Tafla 46. Hlutfall grunnskólanemenda af íbúafjölda árið 2010 eftir stærð sveitarfélaga

	Fj. svf.	Lægsta gildi	Vegið meðaltal	Hæsta gildi
≤ 500 íbúar	17	8,0%	14,0%	19,0%
501 - 1000	18	9,0%	14,0%	22,0%
1001 - 2000	11	12,0%	15,0%	16,0%
2001 - 5000	13	12,0%	14,0%	18,0%
≥ 5001	8	14,0%	15,0%	17,0%
Reykjavík	1		12,0%	

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofa Íslands.

Tafla 46 sýnir hlutfall grunnskólanemenda árið 2010 af íbúafjölda eftir stærð sveitarfélaga. Reiknað er út vegið meðaltal í hverjum stærðarflokki ásamt hæsta og lægsta gildi. Fram kemur hve ólík sveitarfélögin eru út frá lýðfræðilegu sjónarhorni þó þau séu flokkuð eftir stærð. Í þeim flokki sveitarfélaga sem hafa allt að 500 íbúa árið 2010 er að finna sveitarfélög þar sem grunnskólabörn telja aðeins 8% af heildaríbúafjölda íbúa og annað þar sem sama hlutfall er 19%.

Mynd 30. Fjöldi nemenda eftir stærð skóla 2006–2010



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Mynd 30 gerir grein fyrir fjölda nemenda í skólum flokkað eftir stærð skóla árin 2006–2010. Langflestir grunnskólanemendur landsins eru í skóla með 251–450 nemendum. Nemendum í skólum með yfir 450 nemendur fækkaði árið 2010 miðað við árið 2008. Um 1.100 nemendur sækja skóla þar sem nemendur eru 50 eða færri.

Tafla 47. Fjöldi bekkjardeilda ásamt fjölda nemenda að meðaltali eftir bekk 2002–2010

	2002		2004		2006		2008		2010		% breyting 2002–2010	
	Fjöldi bekkjardeilda	Fj. nemenda í bekkjardeild að meðaltali	Fjöldi bekkjardeilda	Fj. nemenda í bekkjardeild að meðaltali	Fjöldi bekkjardeilda	Fj. nemenda í bekkjardeild að meðaltali	Fjöldi bekkjardeilda	Fj. nemenda í bekkjardeild að meðaltali	Fjöldi bekkjardeilda	Fj. nemenda í bekkjardeild að meðaltali	Fjöldi bekkjardeilda	Fj. nemenda í bekkjardeild að meðaltali
1. bekkur	264	16,6	245	17,0	253	17,0	251	16,2	248	17,3	-6%	4%
2. bekkur	244	17,3	237	17,4	236	17,2	239	17,1	235	17,7	-4%	2%
3. bekkur	245	17,8	238	18,7	235	17,9	246	18,1	219	18,4	-11%	3%
4. bekkur	249	18,4	232	18,4	230	18,3	232	17,8	227	18,2	-9%	-1%
5. bekkur	241	19,0	232	19,0	236	18,8	229	18,8	237	18,4	-2%	-3%
6. bekkur	239	18,4	239	19,2	231	18,7	232	18,3	220	18,9	-8%	3%
7. bekkur	246	19,3	241	19,2	231	19,3	239	18,6	224	19,1	-9%	-1%
8. bekkur	231	19,2	223	19,7	235	19,8	225	19,4	216	19,7	-6%	3%
9. bekkur	236	19,4	238	20,0	226	20,5	229	19,5	218	20,4	-8%	5%
10. bekkur	212	19,2	226	19,5	227	19,2	237	19,7	215	19,7	1%	3%
ALLS	2.407	18,4	2.351	18,8	2.340	18,6	2.359	18,3	2.259	18,8	-6%	2%

Heimild: Hagstofa Íslands.

Í töflu 47 er yfirlit um fjölda bekkjardeilda í hverjum bekk á landinu ásamt fjölda nemenda í bekk að meðaltali árin 2002, 2004, 2006, 2008 og 2010. Sé litið til fjölda bekkjardeilda má sjá að þeim fækkar meðal allra bekkja nema í 10. bekk, þar fjölga þeim um þrjár á tímabilinu. Fjöldi nemenda í bekk að meðaltali eykst í flestum bekkjum á tímabilinu nema í 4., 5. og 7. bekk.

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir að hlutverk grunnskóla sé, í samvinnu við heimilin, að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Grunnskóli skal stuðla að vísýni hjá nemendum og veita nemendum tækifæri til þess að nýta sköpunarkraft sinn og afla sér þekkingar og leikni í stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal leggja grundvöll að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfva hæfni þeirra til samstarfs við aðra. Þannig á skólinn að búa nemendur undir ævilangt nám og síbreytilegar kröfur.

Fyrsti áfanginn á þeirri leið er útskrift úr grunnskóla og næsta skref er frekara nám í framhaldsskólum landsins. Því er áhugavert að skoða hlutfall 16 ára ungmenna sem innritaðist í framhaldsskóla á árunum 2003–2010.

Tafla 48. Hlutfallsleg skólasókn 16 ára ungmenna í framhaldsskóla 2003–2010 eftir landshlutum


	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Reykjavík	91%	93%	95%	92%	92%	93%	95%	95%
Höfuðbsv. án Rvk.	94%	94%	95%	94%	95%	95%	97%	95%
Suðurnes	90%	90%	90%	91%	88%	88%	92%	92%
Vesturland	91%	94%	91%	90%	96%	93%	94%	94%
Vestfirðir	91%	93%	95%	91%	93%	95%	97%	91%
Norðurland vestra	91%	90%	98%	96%	95%	95%	95%	95%
Norðurland eystra	92%	93%	94%	95%	95%	94%	95%	96%
Austurland	89%	91%	93%	92%	94%	96%	96%	96%
Suðurland	91%	93%	90%	91%	90%	93%	93%	93%
Landið allt	92%	93%	94%	93%	93%	93%	95%	95%

Heimild: Hagstofa Íslands.

Skýring: Fólk í námi innanlands frá og með fyrsta ári framhaldsskólastígs með lögheimili innanlands. Skólasókn reiknast sem hlutfall nemenda af mannfjölda í viðkomandi aldursflokk í viðkomandi landshluta 1. desember ár hvert.

Hlutfallsleg skólasókn 16 ára ungmenna á landsvísi er 95% árið 2010 og stendur í stað miða við fyrra ár, en hækkar um tvö prósentustig sé miðað við árin á undan. Ljóst má vera að hér gætir áhrifa efnahagsástandsins og atvinnuleysis. Skólasókn hefur aukist mest á tímabilinu 2003–2010 á Austurlandi. Milli árána 2009 og 2010 stendur skólasókn nokkuð í stað, eykst um eitt prósentustig á Norðurlandi eystra en athygli vekur að á Vestfirðum lækkar skólasóknin um heil sex prósentustig milli ára og tvö prósentustig á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkurborgar. Árið 2010 er skólasókn mest á Norðurlandi eystra og Austurlandi eða 96 %.

Mynd 31. Hlutfallsleg skólasókn 16 ára ungmenna í framhaldsskóla 2003–2010 eftir landshlutum



Heimild: Hagstofa Íslands.

Á mynd 31 má sjá sókn 16 ára ungmenna í framhaldsskóla á myndrænu formi eftir landshlutum.

Tafla 49. Hlutfallsleg skólasókn 16 ára ungmenna í framhaldsskóla 2003–2010 eftir landshluta og kyni

		Reykjavík	Höfuðbsv. án Rvk.	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Landið allt
2003	Piltar	90%	94%	87%	91%	89%	89%	89%	82%	91%	90%
	Stúlkur	93%	94%	94%	92%	95%	92%	95%	96%	91%	94%
2004	Piltar	92%	94%	88%	93%	92%	89%	90%	87%	91%	92%
	Stúlkur	94%	94%	93%	94%	93%	91%	96%	95%	97%	94%
2005	Piltar	94%	93%	88%	88%	96%	99%	95%	91%	88%	93%
	Stúlkur	96%	96%	92%	96%	93%	97%	93%	95%	92%	95%
2006	Piltar	91%	92%	90%	88%	92%	95%	94%	91%	88%	91%
	Stúlkur	93%	95%	92%	93%	90%	97%	95%	92%	94%	94%
2007	Piltar	91%	94%	86%	96%	93%	96%	95%	92%	90%	92%
	Stúlkur	93%	96%	91%	96%	93%	94%	96%	97%	91%	94%
2008	Piltar	92%	94%	86%	94%	93%	95%	95%	98%	91%	93%
	Stúlkur	94%	95%	90%	92%	96%	96%	93%	94%	95%	94%
2009	Piltar	94%	96%	93%	95%	97%	96%	97%	96%	91%	95%
	Stúlkur	96%	98%	91%	92%	96%	95%	93%	97%	94%	96%
2010	Piltar	94%	94%	91%	92%	89%	93%	97%	94%	91%	94%
	Stúlkur	96%	97%	94%	96%	94%	96%	95%	99%	95%	96%

Heimild: Hagstofa Íslands.

Að lokum er fróðlegt að skoða skólasókn ungmennanna eftir kyni og landshluta. Almenna reglan er sú að hlutfallsleg skólasókn 16 ára stúlkna er aðeins hærra en pilta. Athygli vekur að árið 2005 snýst blaðið við í þremur landshlutum; Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra. Árið 2010 er hlutfall pilta hærra en stúlkna á Norðurland eystra. Hæst er það meðal stúlkna á Austurlandi sama ár eða 99%. Lægst er það 89% meðal pilta á Vestfjörðum árið 2010.

Samantekt

Árið 2009 eru 42.539 nemendur í grunnskólum landsins og hafði þeim þá fækkað um 390 frá fyrra ári. Nemendur í grunnskólum sveitarfélaga voru 41.780 talsins eða 98% þeirra. Frá árinu 2004 hefur grunnskólanemendum fækkað á öllum landssvæðum nema á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur.

Nemendum í sérdeildum hefur fækkað um 25 frá skólaárinu 2004/2005, og hefur hlutfall nemenda af árgangi sem njóta sérkennslu eða stuðnings heldur hækkað.

Árið 2010 er hlutfall grunnskólanemenda af íbúafjölda lægst í Reykjavík af öllum landshlutum eða 11,7%.

Hlutfallsleg skólasókn 16 ára ungmenna er 95% á landsvísi árið 2010 og stendur í stað miðað við fyrra ár.

6. Grunnskólar

Samkvæmt lögum er sveitarfélögum skylt að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 6–16 ára. Skólaárið 2010/2011 voru starfræktir 172 grunnskólar á landinu öllu.

Tafla 50. Fjöldi grunnskóla eftir landshlutum 1998–2010

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	Breyt ing 98– 10
Reykjavík	40	42	42	45	45	43	43	43	43	44	45	45	46	6
Höfuðsv. án Rvk.	24	24	24	24	25	26	26	27	28	29	29	31	29	5
Suðurnes	7	8	8	8	8	8	8	9	9	10	9	9	9	2
Vesturland	15	15	15	15	15	15	15	12	12	12	12	11	10	-5
Vestfirðir	16	13	13	14	14	14	14	13	13	13	13	13	13	-3
Norðurland vestra	15	13	12	12	12	10	10	10	9	8	7	7	7	-8
Norðurland eystra	29	29	28	28	28	27	27	25	24	24	27	27	26	-3
Austurland	24	22	22	21	21	21	21	21	20	18	16	16	16	-8
Suðurland	26	26	26	26	24	23	23	17	15	16	16	16	16	-10
Landið allt	196	192	190	193	192	187	187	177	173	174	174	175	172	-24

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Frá árinu 1998 hefur grunnskólum fækkað um 24 og er fjöldi þeirra 172 árið 2010. Mest hefur þeim fækkað á Suðurlandi eða um 10 skóla og einnig fækkaði þeim um átta á Norðurlandi vestra og á Austurlandi. Á sama tímabili fjölgaði grunnskólum um 11 á höfuðborgarsvæðinu öllu og um tvo á Suðurnesjum. Hér er þó vert að hafa í huga að í allnokkrum tilfella þegar um sameiningar grunnskóla er að ræða, þá er yfirstjórnin sameinuð, en starfsemi haldið áfram í þá viðkomandi útibúum frá móðurskóla.

Tafla 51. Fjöldi skóla og nemenda eftir rekstrarformi skóla 1998–2010


	Skólar alls	Nemendur alls	Grunnskólar reknir af sveitarfélögum *				Sjálfstætt starfandi grunnskólar			
			Fjöldi skóla	%	Fjöldi nemenda	%	Fjöldi skóla	%	Fjöldi nemenda	%
1998	196	42.421	191	97%	41.894	99%	5	3%	527	1%
1999	192	43.030	186	97%	42.481	99%	6	3%	549	1%
2000	190	43.644	184	97%	43.079	99%	6	3%	565	1%
2001	193	44.103	187	97%	43.574	99%	6	3%	529	1%
2002	192	44.695	186	97%	44.242	99%	6	3%	453	1%
2003	187	44.809	179	96%	44.357	99%	8	4%	452	1%
2004	178	44.511	171	96%	44.081	99%	7	4%	430	1%
2005	177	44.336	170	96%	43.864	99%	7	4%	472	1%
2006	173	43.875	166	96%	43.303	99%	7	4%	572	1%
2007	174	43.841	165	95%	43.031	98%	9	5%	664	2%
2008	174	43.511	165	95%	43.031	98%	9	5%	666	2%
2009	175	42.929	165	94%	42.227	98%	10	6%	702	2%
2010	172	42.539	162	94%	41.780	98%	10	6%	759	2%
Breyting 98–10	-24	118	-29		-114		5		232	
% breyting 98–10	-12,2%	0,3%	-15,2%		-0,3%		100,0%		44,0%	

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: *: Sérskólar hér meðtaldir.

Í töflu 51 má sjá fjölda skóla eftir rekstrarformi árin 1998 – 2010. Sjálfstætt starfandi grunnskólum fjölgaði um fimm á tímabilinu. Árið 2010 eru 162 grunnskólar á Íslandi reknir af sveitarfélögum eða 94% þeirra. Yfirgnæfandi meirihluti grunnskólanemenda á Íslandi eru í skólum sem reknir eru af sveitarfélögum eða 98%. Nemendum í sjálfstætt starfandi grunnskólum hefur þó fjölgað 44% á tímabilinu eða um 232 nemendur og eru 759 árið 2010.

Mynd 32. Fjöldi grunnskóla eftir nemendafjölda 2005–2010



*Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.
Skýring: Nemendafjöldi er fenginn frá skólum 15. október ár hvert.*

Á mynd 32 er gerð grein fyrir dreifingu grunnskóla á Íslandi eftir stærð, eða nemendafjölda þeirra árin 2005–2010. Lítil breyting er á samsetningu skóla árið 2010 miðað við fyrra ár. Þó fjölgar skólum með 151–250 nemendur um tvo frá fyrra ári og skólum með 451–600 nemendum um tvo sömuleiðis. Þá fækkar skólum með 251–450 nemendur um fimm. Árið 2010 eru 62% skóla með nemendafjölda frá 101 og upp í 600 eða í allt 107 skólar.

Samantekt

Árið 2010 voru 172 grunnskólar starfræktir á landinu, þar af 162 á vegum sveitarfélaga. Frá árinu 1998 hefur skólum fækkað um 24. U m 62% skóla eru með frá 101–600 nemendur árið 2010. 22% grunnskóla hafa 50 nemendur eða færri.

7. Starfsfólk í grunnskóla

Kafli þessi er þrískiptur. Í upphafi kaflans er fjallað um kennara í grunnskóla, bæði þá er hafa tilskilda menntun og þá kennara sem ekki hafa kennsluréttindi. Farið er í gegnum nokkrar lykiltölur, m.a. niðurröðun eftir starfssviðum, réttindum, kyni og að lokum aldursdreifing kennara. Annar undirkaflí snýr að öðru starfsfólki í grunnskóla sem er breiður hópur er kemur að ýmissi þjónustu innan grunnskólans. Að lokum er fjallað um starfsfólk í grunnskóla í heild sinni. Í nær öllum tilvikum er fjallað um stöðugildi starfsfólks en ekki fjölda starfsmanna.

7.1. Kennarar

Það er yfirlýst stefna stjórnvalda að þeir einir sem hlotið hafa menntun grunnskólakennara starfi við kennslu í grunnskólum. Stefna þessi birtist í lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008. Víða eru þó þær aðstæður að ekki er hægt að manna allar stöður með grunnskólakennurum sem lokið hafa réttindanámi og sækja þarft um undanþágur fyrir kennara sem ekki hafa tilskilda menntun. Hér á eftir verður fjallað um starfsfólk við kennslu og kennara jöfnum höndum en þá er átt við skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, grunnskólakennara, kennara án kennsluréttinda og sérkennara, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Tafla 52. Fjöldi stöðugilda kennara eftir réttindum 1998–2010

	Grunnskóla- kennarar	% breyting frá fyrra ári	Kennarar án kennsluréttinda	% breyting frá fyrra ári	Kennarar alls	% breyting frá fyrra ári
1998	2.988		530		3.518	
1999	3.176	6%	527	-1%	3.703	5%
2000	3.145	-1%	639	21%	3.784	2%
2001	3.517	12%	756	18%	4.273	13%
2002	3.671	4%	766	1%	4.437	4%
2003	3.725	1%	715	-7%	4.440	0%
2004	3.918	5%	542	-24%	4.460	0%
2005	4.184	7%	512	-6%	4.697	5%
2006	4.233	1%	566	10%	4.798	2%
2007	4.318	2%	667	18%	4.985	4%
2008	4.341	1%	675	1%	5.016	1%
2009	4.418	2%	373	-45%	4.791	-4%
2010	4.358	-1%	313	-16%	4.671	-3%
Breyting 98–10	1.370		-217		1.153	
% breyting 98–10	46%		-41%		33%	

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Skólastjórar, aðstoðarskólastjórar og sérkennarar eru meðtaldir. Stöðugildi eru námunduoð að heilu tölugildi. Starfsfólk í sjálfstætt starfandi skólum meðtalið.

Árið 2010 eru stöðugildi allra kennara 4.671 og hefur þeim fækkað um 3% frá fyrra ári sem jafngildir 120 stöðugildum. Taflan sýnir þróunina í kennarahópnum eftir réttindum frá 1998 – 2010. Á því tímabili hefur stöðugildum allra kennara fjölgað um 1.153 eða 33%.

Sé betur að gáð má sjá talsverða hreyfingu innan kennarahópsins. Þannig hefur grunnskólakennurum fjölgað um 46% á tímabilinu eða um 1.370 stöðugildi, en kennurum án kennsluréttinda fækkar um 41% eða um 217 stöðugildi á tímabilinu.

Taflan sýnir einnig hlutfallslega breytingu frá fyrra ári. Athygli vekur að stöðugildum kennara án kennsluréttinda fækkar um heil 45% milli áráanna 2008 og 2009 eða 302 stöðugildi. Ljóst er að hér gæti áhrifa efnahagsástandsins; grunnskólakennarar sem störfuðu á öðrum vettvangi leituðu í

auknum mæli inn í skólana á kostnað kennara án kennsluréttinda. Þannig fækkar stöðugildum kennara alls um 225 stöðugildi árið 2009 miðað við fyrra ár.

Í fylgiskjali 10 er yfirlit yfir fjölda stöðugilda starfsfólks í grunnskóla í hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Tafla 53. Fjöldi stöðugilda kennara eftir rekstrarformi grunnskóla 2003–2010

	Grunnskólar sveitarfélaga			Sjálfstætt starfandi grunnskólar		
	Grunnskóla-kennarar	Kennarar án kennsluréttinda	Kennarar alls	Grunnskóla-kennarar	Kennarar án kennsluréttinda	Kennarar alls
2003	3.704	704	4.408	46	11	57
2004	3.872	531	4.403	46	11	57
2005	4.133	496	4.629	52	17	69
2006	4.201	520	4.721	66	12	78
2007	4.243	647	4.890	75	21	96
2008	4.248	653	4.901	79	19	98
2009	4.339	355	4.694	79	18	97
2010	4.269	294	4.563	90	19	109
Breyting 98–10	565	-410	155	44	8	52
% breyting 98–10	15%	-58%	4%	96%	73%	91%

Heimild: Hagstofa Íslands.

Í töflu 53 má sjá skiptingu stöðugilda kennara eftir rekstrarformi grunnskóla á tímabilinu 2003–2010. Á tímabilinu hefur kennurum alls fjölgað um 155 eða 4% í grunnskólum sveitarfélaga. Meðal sjálfstætt starfandi grunnskóla fjölgaði þeim um 52 sem er nánast tvöföldun stöðugilda á tímabilinu. Hér verður að hafa í huga að skólar sem reknir eru af sveitarfélögum fækkaði um 17 á sama tíma en sjálfstætt starfandi grunnskólum fjölgaði um tvo.

Tafla 54. Fjöldi stöðugilda kennara eftir réttindum og landshlutum 1998–2010

	1998			2008			2010			Breyting 1998-2010			% breyting 98–10		
	Grunnskóla-kennarar	Kennarar án kennsluréttinda	Alls	Grunnskóla-kennarar	Kennarar án kennsluréttinda	Alls	Grunnskóla-kennarar	Kennarar án kennsluréttinda	Alls	Grunnskóla-kennarar	Kennarar án kennsluréttinda	Alls	Grunnskóla-kennarar	Kennarar án kennsluréttinda	Alls
Reykjavík	1.135	65	1.200	1.495	112	1.607	1.417	35	1.452	282	-30	252	25%	-46%	21%
Höfuðsv. án Rvk.	623	41	664	1.131	120	1.250	1.131	58	1.189	508	17	525	82%	42%	79%
Suðurnes	147	32	179	264	86	350	301	32	333	154	0	154	105%	1%	86%
Vesturland	185	56	241	223	56	278	228	18	245	43	-38	4	23%	-68%	2%
Vestfirðir	77	67	144	110	47	157	121	25	146	44	-42	2	57%	-62%	1%
Norðurland vestra	103	54	157	111	29	140	127	16	143	24	-38	-14	23%	-70%	-9%
Norðurland eystra	299	92	391	450	74	523	439	40	478	140	-52	87	47%	-57%	22%
Austurland	144	67	211	181	78	259	205	47	251	61	-20	40	42%	-30%	19%
Suðurland	279	52	331	377	74	451	391	41	431	112	-11	100	40%	-22%	30%
Landið allt	2.992	526	3.518	4.341	675	5.016	4.358	313	4.671	1.366	-213	1.153	46%	-41%	33%

Heimild: Hagstofa Íslands.

Skýring: Skólustjórar, aðstoðarskólustjórar og sérkennarar eru meðtaldir. Stöðugildi eru námunduð að heilu tölugildi. Grunnskólakennarar eru þeir kennarar sem lokið hafa kennsluréttindanámi.

Í töflu 54 sjáum við fjölda stöðugilda grunnskólakennara og kennara án kennsluréttinda eftir landshlutum. Kennurum án kennsluréttinda fækkar á landsvísu um 213 stöðugildi á tímabilinu og þeim fækkar í öllum landshlutum nema á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur. Á Suðurnesjum er ekkert stöðugildi kennara án kennsluréttinda árið 2010.

Stöðugildum grunnskólakennara fjölga í öllum landshlutum þó misjafnlega mikið. Stöðugildum þeirra fjölga mest á höfuðborgarsvæðinu öllu eða alls um tæp 800 stöðugildi. Hlutfallslega er fjölgunin mest á Suðurnesjum en þar hefur fjöldi þeirra tvöfaldast og svo á höfuðborgarsvæði utan Reykjavíkur. Fjölgun grunnskólakennara er langminnst á norðurlandi vestra eða um 24 stöðugildi eða 23%.

Sé horft til breytinga á kennurum alls má sjá að þeim fjölga í öllum landshlutum nema á Norðurlandi vestra þar sem þeim fækkar alls um 14 stöðugildi eða 9%. Starfsfólki við kennslu fjölgaði hlutfallslega mest á Suðurnesjum eða um 86% og þá á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur eða um 79%.

Tafla 55. Stöðugildi kennara og hlutfallsleg skipting þeirra eftir réttindum og stærð sveitarfélaga 2010


	Fj. svf.	Grunnskólakennarar		Kennarar án kennsluréttinda		Kennarar alls	
		Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
≤ 500 íbúar	17	88	82%	19	18%	107	2%
501-1000	18	247	86%	42	14%	288	6%
1001-2000	11	264	89%	31	11%	295	6%
2001-5000	13	669	88%	92	12%	761	16%
≥ 5001	8	1.675	95%	93	5%	1.768	38%
Reykjavík	1	1.417	98%	35	2%	1.452	31%
Landið allt	68	4.358	93%	313	7%	4.671	100%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Stöðugildi eru námundud að heilu tölugildi. Grunnskólakennarar eru þeir kennarar sem lokið hafa kennsluréttindanámi.

Í töflu 55 kemur fram fjöldi stöðugilda starfsfólks við kennslu ásamt hlutfallslegri skiptingu þeirra eftir stærð sveitarfélaga árið 2010. Í Reykjavík er hlutfall grunnskólakennara 98% og hefur hækkað um heil fimm prósentustig frá 2008. Eftir því sem sveitarfélög eru fámennari, því lægra verður hlutfall grunnskólakennara. Það skal þó áréttað að dreifing innan hópa getur verið allnokkur. Tæplega þriðjungur alls starfsfólks sem sinnir kennslu í grunnskóla starfar í Reykjavík.

Mynd 33. Hlutfall grunnskólakennara í sveitarfélögum 2008–2010



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Á mynd 33 kemur fram dreifing sveitarfélaga á því hve hátt hlutfall kennarahóps eru grunnskólakennarar árin 2008–2010. Dreifingin er mikil þrátt fyrir að hafa minnkað hin síðari ár. Hlutfallið er lægst 48% árið 2010 og hefur hækkað um fimm prósentustig fyrra ári þegar hlutfallið er lægst 43%. Í 11 sveitarfélögum eru allir kennarar við grunnskóla með grunnskóla-kennaramenntun árið 2010 en og fjölgar þeim um sjö frá fyrra ári.

Tafla 56. Hlutfallsleg skipting kennara eftir réttindum 1998–2010

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Grunnskólakennarar	85%	86%	83%	82%	83%	84%	88%	89%	88%	87%	87%	92%	93%
Kennarar án kennsluréttinda	15%	14%	17%	18%	17%	16%	12%	11%	12%	13%	13%	8%	7%

Heimild: Hagstofa Íslands.

Tafla 56 sýnir hlutfallslega skiptingu starfsfólks við kennslu eftir réttindum á landsvísu á tímabilinu 1998–2010. Hlutfall grunnskólakennara er 85% árið 1998 en árið 2010 er það komið í 93 % og hefur aldrei verið hærra á tímabilinu. Hlutfall grunnskólakennara eykst um fimm prósentustig milli árana 2008 og 2009 og má leiða líkum að því efnahagsástandið sé stór skýringarþáttur. Grunnskólakennarar sem störfuðu á öðrum vettvangi leituðu í auknum mæli inn í skólana á kostnað kennara sem ekki höfðu kennsluréttindi.

Í fylgiskjali 11 er yfirlit yfir hlutfallslega skiptingu stöðugilda starfsfólks við kennslu eftir réttindum í hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Tafla 57. Hlutfall grunnskólakennara og kennara án kennsluréttinda í grunnskólum 2006–2010 eftir landshlutum

	2006		2007		2008		2009		2010	
	Grunnskóla-kennarar	Kennarar án kennsluréttinda	Grunnskóla-kennarar	Kennarar án kennsluréttinda	Grunnskóla-kennarar	Kennarar án kennsluréttinda	Grunnskóla-kennarar	Kennarar án kennsluréttinda	Grunnskóla-kennarar	Kennarar án kennsluréttinda
Reykjavík	94%	6%	93%	7%	93%	7%	98%	2%	98%	2%
Höfuðsv. án Rvk.	91%	9%	90%	10%	90%	10%	95%	5%	95%	5%
Suðurnes	83%	17%	75%	25%	75%	25%	84%	16%	90%	10%
Vesturland	84%	16%	80%	20%	80%	20%	89%	11%	93%	7%
Vestfirðir	77%	23%	70%	30%	70%	30%	77%	23%	83%	13%
Norðurland vestra	77%	23%	79%	21%	79%	21%	83%	17%	89%	11%
Norðurland eystra	86%	14%	86%	14%	86%	14%	92%	8%	92%	8%
Austurland	72%	28%	70%	30%	70%	30%	78%	22%	81%	19%
Suðurland	84%	16%	84%	16%	84%	16%	89%	11%	91%	9%
Landið allt	88%	12%	87%	13%	87%	13%	92%	8%	93%	7%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Skólastjórar, aðstoðarskólastjórar og sérkennarar eru meðtaldir. Um stöðugildi er að ræða. Grunnskólakennarar eru þeir kennarar sem lokið hafa kennsluréttindanámi.

Tafla 57 sýnir skiptingu kennara eftir réttindum eftir landshlutum 2006–2010. Á landsvísu hefur grunnskólakennurum fjölgað um fimm prósentustig – úr 88% árið 2006 í 93% árið 2010. Árið 2010 er hlutfall grunnskólakennara hæst í Reykjavík eða 98% og þá annars staðar á höfuðborgarsvæðinu eða 95%. Lægst er það á Austurlandi og Vestfjörðum eða 81% og 83% árið 2010. Athygli er vakin á því að munur innan landshluta er ekki síst minni en milli landshluta. Þannig er t.d. hlutfall grunnskólakennara 100% í 10 sveitarfélögum úti á landi og þar af í tveimur sveitarfélögum á Vestfjörðum.

Tafla 58. Fjöldi stöðugilda starfsfólks við kennslu eftir starfssviðum 1998–2010

	Skólastjórar	Breyting frá fyrri ári	Aðstoðar- skólastjórar	Breyting frá fyrri ári	Deildarstjórar	Breyting frá fyrri ári	Kennarar	Breyting frá fyrri ári	Sérkennarar	Breyting frá fyrri ári	Allis	Breyting frá fyrri ári
1998	192		126		0		3.015		185		3.518	
1999	189	-2%	140	11%	0	0%	3.137	4%	237	28%	3.703	5%
2000	189	0%	149	6%	0	0%	3.225	3%	221	-7%	3.784	2%
2001	202	7%	141	-5%	45	0%	3.651	13%	234	6%	4.273	13%
2002	190	-6%	143	1%	140	211%	3.719	2%	245	5%	4.437	4%
2003	191	1%	141	-1%	175	25%	3.705	0%	228	-7%	4.440	0%
2004	183	-4%	139	-1%	191	9%	3.712	0%	233	2%	4.458	0%
2005	186	2%	139	0%	190	-1%	3.912	5%	269	15%	4.696	5%
2006	178	-4%	147	6%	236	24%	3.778	-3%	455	69%	4.794	2%
2007	190	7%	142	-3%	246	4%	3.896	3%	512	13%	4.986	4%
2008	180	-5%	138	-3%	271	10%	4.012	3%	415	-19%	5.016	1%
2009	178	-1%	148	7%	279	3%	3.709	-8%	478	15%	4.792	-4%
2010	175	-2%	126	-15%	252	-10%	3.630	-2%	488	2%	4.671	-3%
Breyting 98–10	-17		0		252		615		303		1.153	
% breyting 98–10	-9%		0%		0%		20%		164%		33%	

Heimild: Hagstofa Íslands.

Skýringar: Sinni starfsmaður störfum sem falla á fleiri en eitt starfssvið, vísar starfssvið til aðalstarfs. Með kennurum er bæði átt við grunnskólakennara og kennara án kennsluréttinda. Stöðugildi eru námunduð að heilu tölugildi. Deildarstjórar eru flokkaðir með kennurum árin 1998–2000.

Í töflu 58 má sjá hvernig starfsfólk við kennslu skiptist á starfssvið frá árinu 1998 til ársins 2010. Skólastjórum hefur fækkað um 17 eða 9% frá árinu 1998. Athyglisverð þróun á sér stað meðal aðstoðarskólastjóra, fram til ársins 2009 fjölgaði þeim um 22 eða 17%. Árið 2010 fækkar þeim um 22 frá fyrra ári eða 15% og eru jafnmargir og þeir voru við upphaf tímabilsins. Stöðugildi deildarstjóra eru 140 árið 2002 og fjölgaði um 112 og voru 252 árið 2010. Þeim hefur þó fækkað um 10% eða 27 stöðugildi frá fyrra ári.

Kennurum hefur fjölgað um 615 stöðugildi eða 20% á tímabilinu, þ.e. grunnskólakennurum og kennurum án kennsluréttinda til samans. Fjöldi sérkennara hefur meira en tvöfaldast á tímabilinu og fjölgaði um rúm 300 stöðugildi á tímabilinu og eru 488 árið 2010. Hér sést að sérkennurum fjölgar hratt frá árinu 2005 og fram til ársins 2007. Hins vegar fækkar þeim talsvert árið 2008 miðað við fyrra ár eða um 19%. Árið á eftir fjölgar þeim að sama skapi um heil 15% milli ára.

Tafla 59. Starfsfólk við kennslu eftir starfssviðum og landshlutum 2010

	Skólastjórar	Aðstoðar- skólastjórar	Deildarstjórar	Kennarar	Sérkennarar
Reykjavík	42	31	73	1.076	177
Höfuðsv. án Rvk.	34	33	74	947	154
Suðurnes	8	8	17	248	33
Vesturland	10	7	12	193	27
Vestfirðir	12	4	4	114	7
Norðurland vestra	7	6	11	123	5
Norðurland eystra	24	12	26	377	38
Austurland	17	12	8	209	11
Suðurland	20	12	28	343	36
Landið allt	175	126	252	3.630	488

Heimild: Hagstofa Íslands.

Skýring: Stöðugildi eru námunduð að heilu tölugildi.

Tafla 59 sýnir skiptingu starfsfólks við kennslu á starfssvið eftir landshlutum árið 2010. Stöðugildi stjórnenda eru 553 talsins eða tæp 12% stöðugilda starfsfólks við kennslu árið 2010. Stöðugildi sérkennara eru 488 eða sem nemur 10% þeirra er starfa við kennslu.

Tafla 60. Hlutfallsleg skipting stöðugilda starfsfólks við kennslu eftir starfssviðum 1998–2010

	Skólastjórar	Aðstoðar- skólastjórar	Deildarstjórar	Kennarar	Sérkennarar	Alls
1998	5%	4%	0%	86%	5%	100%
1999	5%	4%	0%	85%	6%	100%
2000	5%	4%	0%	85%	6%	100%
2001	5%	3%	1%	85%	5%	100%
2002	4%	3%	3%	84%	6%	100%
2003	4%	3%	4%	83%	5%	100%
2004	4%	3%	4%	83%	5%	100%
2005	4%	3%	4%	83%	6%	100%
2006	4%	3%	5%	79%	9%	100%
2007	4%	3%	5%	80%	8%	100%
2008	4%	3%	5%	80%	8%	100%
2009	4%	3%	6%	77%	10%	100%
2010	4%	3%	5%	78%	10%	100%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýringar: Sinni starfsmaður störfum sem falla á fleiri en eitt starfssvið, vísar starfssvið til aðalstarfs. Með kennurum er bæði átt við grunnskólakennara og kennara án kennsluréttinda. Stöðugildi eru námunduð að heilu tölugildi. Deildarstjórar eru flokkaðir með kennurum árin 1998–2000.

Tafla 60 sýnir að hlutfallsleg skipting þeirra er starfa við kennslu í grunnskólum eftir starfssviðum breytist nokkuð á tímabilinu. Hlutfall deildarstjóra sem áður voru flokkaðir með kennurum í gögnum Hagstofunnar hækkaði um þrjú prósentustig fram til ársins 2009 miðað við árið 2002. Árið 2010 lækkaði hlutfall þeirra um prósentustig frá fyrra ári. Þá hefur hlutfall sérkennara af starfsfólki við kennslu hækkað um fimm prósentustig á tímabilinu.

Tafla 61. Starfsfólk við kennslu í grunnskólum árið 2010 eftir starfssviðum og kyni


	Karlar			Konur	
	Alls	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Skólastjórar	175	78	45%	97	55%
Aðstoðarskólastjórar	126	43	34%	83	66%
Deildarstjórar	252	40	16%	212	84%
Kennarar	3.630	757	21%	2.873	79%
Sérkennarar	488	55	11%	433	89%
Alls	4.671	973	21%	3.698	79%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Stöðugildi eru námunduð að heilu tölugildi.

Tafla 61 sýnir kynjahlutfall starfsfólks við kennslu haustið 2010 eftir starfssviðum. Nokkuð hærra hlutfall kvenna gegnir stöðu skólastjóra en karlar, en á öðrum starfssviðum er hlutfall kvenna mun hærra. Hæst er hlutfall kvenna meðal sérkennara eða 89%. Hlutfall karla er hæst meðal skólastjóra, 45% og aðstoðarskólastjóra 34%.

Mynd 34. Starfsfólk við kennslu eftir kyni 2003–2010



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.
Skýring: Skólastjórar, aðstoðarskólastjórar og sérkennarar eru meðtaldir.

Á mynd 34 má sjá kynjahlutföll hjá öllu starfsfólki við kennslu. Hlutfall kvenna eykst með hverju ári um eitt prósentustig til ársins 2005, en árin 2006–2008 stendur það í stað miðað við fyrra ár. Hlutfall kvenna hækkar svo aftur um eitt hlutfallstig árið 2009 og stendur í stað árið 2010 og er þá 79% starfsfólks við kennslu í grunnskólum.


Tafla 62. Starfsfólk við kennslu í grunnskólum eftir aldri 2004, 2006, 2008 og 2010

	2004		2006		2008		2010		Breyting 2004-2010	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
29 ára og yngri	518	11%	551	11%	555	11%	353	7%	-165	-32%
30-39 ára	1.350	29%	1.371	28%	1.394	27%	1342	27%	-8	-1%
40-49 ára	1.409	30%	1.487	30%	1.452	28%	1433	29%	24	2%
50-59 ára	1.141	24%	1.216	24%	1.286	25%	1265	26%	124	11%
60 ára og eldri	307	6%	344	7%	414	8%	493	10%	186	61%
Samtals	4.725	100%	4.969	100%	5.101	100%	4.886	100%	161	3%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.
Skýring: Skólastjórar, aðstoðarskólastjórar og sérkennarar eru meðtaldir. Hér er vísað í fjölda starfsfólks en ekki stöðugildi.

Í töflu 62 er farið yfir aldurssamsetningu kennara og þróun hennar árin 2004, 2006, 2008 og 2010. Á árinu 2010 er fjölmennasti hópur kennara á aldrinum 40–49. Kennurum fer fjölgandi í öllum aldurshópum á tímabilinu að undanskildum kennurum yngri en 39 ára. Kennurum á aldrinum 30 – 39 ára fækkar um 1% á tímabilinu og kennurum 29 ára og yngri fækkar um 32%. Kennurum 50 – 59 ára fjölgar um 11% en hlutfallsleg aukning er mest meðal kennara sem eru 60 ára og eldri eða 61%. Þróun sl. ára bendir til þess að kennarastéttin sé að eldast, sem er nokkuð umhugsunarefni.

Mynd 35. Aldursdreifing starfsfólks við kennslu í grunnskólum 2004, 2006, 2008 og 2010



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.
Skýring: Skólastjórar, aðstoðarskólastjórar og sérkennarar eru meðtaldir.

Á mynd 35 eru upplýsingar úr töflu 62 settar fram á myndrænan hátt.

Tafla 63. Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi starfsfólks við kennslu 2000–2010 eftir landshlutum

	2000	2003	2007	2008	2009	2010	2000–2010		2008–2010	
							Breyting	% breyting	Breyting	% breyting
Reykjavík	12,4	10,2	9,0	8,9	9,4	9,5	-2,9	-23%	0,6	7%
Höfuðsv. án Rvk.	13,3	11,4	9,6	9,4	9,7	10,1	-3,3	-24%	0,7	7%
Suðurnes	13,9	10,8	10,0	9,4	9,3	9,3	-4,5	-33%	-0,1	-1%
Vesturland	10,3	9,3	8,3	8,5	8,5	9,1	-1,2	-11%	0,6	8%
Vestfirðir	8,9	8,1	7,1	6,9	6,9	6,5	-2,4	-27%	-0,4	-6%
Norðurland vestra	8,6	8,7	7,8	7,8	7,5	7,6	-1,0	-12%	-0,2	-3%
Norðurland eystra	10,3	9,4	8,2	8,2	8,6	8,8	-1,5	-15%	0,6	7%
Austurland	8,6	7,6	6,8	6,8	6,8	7,0	-1,6	-19%	0,1	2%
Suðurland	10,1	9,3	8,3	8,0	8,1	8,0	-2,2	-21%	0,0	0%
Landið allt	11,5	10,0	8,8	8,7	9,0	9,1	-2,4	-21%	0,4	5%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.
Skýring: Skólastjórar, aðstoðarskólastjórar og sérkennarar eru meðtaldir.

Árið 2010 eru 9,1 nemandi á hvert stöðugildi starfsfólks við kennslu á landsvísu og hefur þeim fækkað hlutfallslega um 21% miðað við árið 2000. En sé litið til ársins 2008 þá hefur nemendum fjölgað um 5% á hvert stöðugildi. Ef tafla 63 er skoðuð eftir landshlutum má sjá að nemendum á stöðugildi starfsfólks við kennslu fækkar alls staðar á tímabilinu 2000–2010, þó fækkunin sé mismikil. Nemendum á hvert stöðugildi þessa hóps hefur fækkað mest á höfuðborgarsvæðinu öllu ásamt Suðurnesjum eða um 3,3–4,5 nemanda á árunum 2000–2010 eða sem jafngildir hlutfallslegri fækkun um 24–33%.

Þessi þróun snýst þó við á milli árunum 2008 og 2010 í öllum landshlutum nema á Suðurnesjum, Vestfjörðum og á Norðurlandi vestra. Austurland sker sig úr að því leyti að þar eru fæstir nemendur á hvert stöðugildi öll árin sem hér um ræðir nema árið 2010. Þá eru Vestfirðir með fæsta nemendur á hvert stöðugildi kennara.

Tafla 64. Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi kennara 2006–2009 eftir landshlutum

	2006		2007		2008		2009		2010		% breyting 06–10		% breyting 09–10	
	Kennarar ¹	kennarar ²	Kennarar ¹	kennarar ²	Kennarar ¹	kennarar ²	Kennarar ¹	kennarar ²	Kennarar ¹	kennarar ²	Kennarar ¹	kennarar ²	Kennarar ¹	kennarar ²
Reykjavík	12,8	11,9	12,2	11,4	11,7	10,9	12,6	11,7	12,8	12,0	0%	1%	2%	2%
Höfuðsv. án Rvk.	12,1	11,2	12,0	11,1	12,0	11,0	12,6	11,6	12,7	11,7	5%	5%	0%	1%
Suðurnes	13,2	12,3	13,0	12,2	11,2	10,6	12,2	11,3	12,6	11,8	-5%	-4%	3%	4%
Vesturland	10,5	10,0	10,3	9,8	9,9	9,4	10,8	10,0	11,6	10,9	11%	10%	8%	9%
Vestfirðir	9,3	9,1	8,7	8,4	8,4	8,0	8,7	8,4	8,2	8,0	-11%	-12%	-5%	-5%
Norðurland vestra	10,7	10,1	10,4	9,9	9,3	8,5	8,8	8,1	8,9	8,2	-17%	-19%	0%	0%
Norðurland eystra	10,6	10,0	9,9	9,5	10,0	9,5	10,8	10,2	11,1	10,4	5%	4%	3%	2%
Austurland	8,7	8,4	8,4	8,0	8,0	7,7	8,2	7,8	8,4	8,0	-4%	-5%	2%	3%
Suðurland	10,1	9,8	10,0	9,6	9,5	8,9	10,3	9,5	10,0	9,3	-1%	-5%	-3%	-2%
Landið allt	11,6	10,9	11,3	10,6	10,8	10,2	11,6	10,8	11,7	11,0	1%	0%	1%	2%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Kennarar¹ = Grunnskólakennarar og kennarar án kennsluréttinda. Skólastjórnendur, deildarstjórar og sérkennarar eru ekki meðtaldir. Kennarar² = Grunnskólakennarar og kennarar án kennsluréttinda ásamt deildarstjórum.

Skólastjórnendur og sérkennarar eru ekki meðtaldir.

Að lokum er áhugavert að rýna ögn betur í þessa lykiltölu og skoða fjölda nemenda á hvert stöðugilda kennara sem ekki sinnir stjórnun eða sérkennslu. Í töflunni hér að ofan er annars vegar að finna fjölda nemenda á hvert stöðugildi kennara og hins vegar fjölda nemenda hvert stöðugildi kennara og deildarstjóra.

Sé litið til fyrri lykiltölunnar allt tímabilið má sjá að misjafnt er milli landshluta hvort nemendum hefur fækkað á hvert stöðugildi eður ei. Þeim fækkar hlutfallslega mest á Norðurlandi vestra eða um 17%, en mesta aukningin varð Vesturlandi eða 11%. Sé horft á seinni kennitöluna yfir allt tímabilið, þ.e.. fjölda nemenda á hvert stöðugildi kennara og deildarstjóra kemur í ljós svipuð þróun.

Sé hins vegar þróunin skoðuð milli áronna 2009 og 2010 þá sjáum við að nemendum fjölgar nokkuð á hvert stöðugildi í öllum landshlutum, nema á Vestfirðum og Suðurlandi. Skiptir þá engu hvor lykiltalan er skoðuð. Sú þróun helst í hendur við þá staðreynd að stöðugildum kennara fækkar árið 2010 frá fyrra ári um 120 stöðugildi.

Tafla 65. Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi starfsfólks við kennslu árið 2009 eftir stærð sveitarfélaga

	Fj. svf	Lægsta gildi	Vegið meðaltal	Hæsta gildi
≤ 500 íbúar	17	1,9	5,8	28,9
501-1000	18	4,3	6,2	8,4
1001-2000	11	7,3	8,3	11,3
2001-5000	13	6,3	8,1	10,7
≥ 5001	8	9,3	10,1	11,2
Reykjavík	1		9,5	

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Að lokum sýnir tafla 65 fjölda grunnskólanemenda á hvert stöðugildi starfsfólks við kennslu eftir stærð sveitarfélaga. Taflan sýnir vegið meðaltal hvers hóps fyrir sig ásamt hæsta og lægsta gildi sem

gefur til kynna dreifingu innan hvers hóps fyrir sig. Í sveitarfélögum með yfir 5000 íbúa er vegið meðaltal fjölda nemenda á hvert stöðugildi starfsfólks við kennslu hæst árið 2010. Sé horft til hæsta og lægsta gildis kemur í ljós hve ólík niðurstaða getur verið milli sveitarfélaga innan hvers stærðarflokks.

Samantekt

Árið 2010 eru stöðugildi alls starfsfólks við kennslu 4.671 talsins og hefur þeim fækkað um 120 frá fyrra ári eða sem nemur 3%. Grunnskólakennurum fækkar um 1% frá fyrra ári eða um 60 stöðugildi. Kennurum án kennsluréttinda fækkar árið 2010 um 16% frá fyrra ári eða um 60 stöðugildi. Það kemur ofan á fækkun þeirra um 45% milli árána 2008 og 2009. Ljóst er að hér gætir áhrifa efnahagsástandsins. Grunnskólakennarar sem störfuðu á öðrum vettvangi leituðu í auknum mæli inn í skólana á kostnað kennara án kennsluréttinda.

Árið 2010 er hlutfall grunnskólakennara í grunnskólum landsins 93%. Sé litið til landshluta er hlutfall grunnskólakennara hæst í Reykjavík eða 98% og lægst á Austurlandi eða 81%.

Þegar starfsfólk við kennslu er skoðað eftir starfssviðum kemur í ljós að stöðugildi sérkennara hafa ríflega tvöfaldast árið 2010 miðað við árið 1998. Árið 2010 eru konur 79% starfsfólks við kennslu í grunnskóla. Þá eru vísbendingar um að kennarastéttin sé að eldast. Kennurum fjölgar í öllum aldursflokkum nema í yngstu tveimur aldurshópnum. Þeim fækkar um 1% meðal 30–39 ára kennarar og heil 32% meðal 29 ára kennara og yngri. Þeim fjölgar mest eða um 66% í aldurshópnum 60 ára og eldri árið 2010 miðað við árið 2003.

Árið 2010 er 9,1 nemandi á hvert stöðugildi alls starfsfólks við kennslu á landsvísu og hefur fjölgað um 0,1 frá fyrra ári en var 11,5 árið 2000. Frá árinu 2000 til ársins 2010 hefur fjöldi nemenda á hvert stöðugildi starfsfólks við kennslu minnkað um 21%. Þessi þróun snýst við í langflestum landshlutum árin 2008–2010.

Sé eingöngu litið til stöðugilda grunnskólakennara og kennara án kennsluréttinda, þ.e.. án stjórnenda, deildarstjóra og sérkennara, þá kemur í ljós 11,7 nemendur eru bak við hvert stöðugildi kennara árið 2010.

7.2 Annað starfsfólk

Þegar fjallað er um starfsfólk í grunnskólum er víst að starfsfólk við kennslu er þar í forgrunni. Reyndin er þó að fjölmargt annað starfsfólk starfar í grunnskólum við ýmis störf og hefur fjölgað verulega frá því að sveitarfélögin tóku við rekstri grunnskólans samstíga því að þjónusta í skólum landsins hefur aukist. Í kaflanum verður þessi starfsmannahópur einnig nefndur „annað starfsfólk“. Fjöldi stöðugilda starfsfólks í grunnskóla árið 2010 sem sinna öðru en kennslu voru 2.187 talsins og fækkar um 6% frá fyrra ári.

Tafla 66. Þróun fjölda stöðugilda annars starfsfólks 1998–2010

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	% br. 98–10
Annað starfsfólk	1.419	1.683	1.680	1.846	2.093	2.174	2.116	2.104	2.179	2.179	2.316	2.324	2.187	54%
Breyting frá fyrra ári		264	-3	166	247	81	-58	-12	75	0	137	8	-137	
% br. frá fyrra ári		19%	0%	10%	13%	4%	-3%	-1%	4%	0%	6%	0%	-6%	

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Tafla 66 sýnir þróun á heildarfjölda þess starfsfólks í grunnskóla er sinnir öðrum störfum en kennslustörfum og breytingu frá fyrra ári. Á tímabilinu 1998–2010 fjölgaði stöðugildum annars starfsfólks um 768 eða rúm 54%. Hlutfallsleg breyting er mest árið 1999 miðað við fyrra ár eða

19% aukning og þá árið 2002 um 13% frá fyrra ári. Nokkur fækkun er í þessum starfsmannahóp árið 2004 en þá fækkar stöðugildum um 58 eða 3% frá fyrra ári. Þá fækkar stöðugildum annarra starfsmanna um 6% árið 2010 miðað við fyrra ár.

Tafla 67. Annað starfsfólk í grunnskólum eftir starfssviði 2005–2010

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	Breyting 05–10	% breyting 05–10
Bókasafnsfræðingar og fl.	50	51	38	45	45	56	6	12%
Félagsráðgjafar	0	3	4	4	3	4	4	
Sálfræðingar	11	8	9	12	11	10	-1	-9%
Námsráðgjafar	45	71	68	70	83	78	33	73%
Skólahjúkrunarfræðingar	22	21	18	23	3	20	-2	-9%
Þroskaþjálfar	71	86	102	117	115	118	47	66%
Stuðningsfulltrúar	430	468	470	513	517	479	49	11%
Ritarar, tölvuumsjón	159	160	164	155	160	152	-7	-4%
Tómstundafulltrúar	6	4	5	7	6	5	-1	-17%
Starfsfólk í mötuneytum	231	225	206	234	252	238	7	3%
Húsverðir	132	131	120	134	142	122	-10	-8%
Skólaliðar, gangaverðir og fl.	991	943	975	1003	989	905	-86	-9%
Annað	27	8	0	0	0	0	-27	-
Samtals	2.175	2.179	2.179	2.316	2.324	2.187	12	1%

Heimild: Hagstofa Íslands.

Skýring: Stöðugildi eru námunduð að heilu stöðugildi. Skólabílstjórar og aðrir verktakar eru ekki inn í þessum tölum. Sinni starfsmaður störfum sem falla á fleiri en eitt starfssvið vísar starfssvið til aðalstarfs.

Ef við skoðum töflu 67 hér að ofan kemur í ljós að stöðugildum þeirra sem ekki sinna kennslu í grunnskólum landsins hefur fjölgað um 12 stöðugildi árið 2010 miðað við árið 2005 og eru 2.187 talsins. Eins og áður segir fækkar um 6% í þessum starfsmannahópi árið 2010 miðað við fyrra ár. Fjöldi stöðugilda þessa starfshóps stendur í stað milli árána 2006 og 2007. Þróunin á tímabilinu er talsvert misjöfn eftir starfssviðum. Þannig fjölgaði námsráðgjöfum um 33 stöðugildi eða 73% og þroskaþjálfum fjölgaði um 47 stöðugildi eða 66%.

Ef við skoðum sérstaklega breytingar sem verða milli árána 2008 og 2009 þá sést að námsráðgjöfum fjölgar um 13 stöðugildi. Í því samhengi er vert að minnst þess að í 13. gr. nýrra laga um grunnskóla nr. 91/2008 er kveðið á um að nemendur eigi rétt á námsráðgjöf í skólanum af til þess bærur sérfræðingum. Þeim fækkar svo aftur lítillega árið 2010. Skólahjúkrunarfræðingum fækkar verulega milli árána 2008 og 2009, en fjölgar svo aftur talsvert árið 2010 frá fyrra ári. Skólaliðum fækkar um 86 stöðugildi á tímabilinu og þar af verulega eða um 84 stöðugildi milli árána 2009 og 2010.

Tafla 68. Annað starfsfólk í grunnskólum 2003–2010 eftir landshlutum

	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	Breyting 03–10	% breyting 03–10
Reykjavík	709	689	684	724	691	729	706	692	-17	-2%
% breyting frá fyrra ári		-3%	-1%	6%	-5%	5%	-3%	-2%		
Höfuðsv. án Rvk.	541	519	527	558	562	578	611	557	16	3%
% breyting frá fyrra ári		-4%	2%	6%	1%	3%	6%	-9%		
Suðurnes	134	128	130	143	145	150	141	136	2	1%
% breyting frá fyrra ári		-4%	2%	10%	2%	3%	-6%	-4%		
Vesturland	140	134	139	117	125	137	145	132	-8	-6%
% breyting frá fyrra ári		-4%	4%	-16%	7%	10%	6%	-9%		
Vestfirðir	56	57	53	53	43	51	53	50	-6	-11%
% breyting frá fyrra ári		2%	-7%	-1%	-19%	20%	3%	-6%		
Norðurland vestra	95	92	94	85	91	97	94	86	-9	-9%
% breyting frá fyrra ári		-3%	2%	-10%	7%	7%	-3%	-9%		
Norðurland eystra	215	222	204	212	223	231	241	226	11	5%
% breyting frá fyrra ári		3%	-8%	4%	5%	4%	4%	-6%		
Austurland	94	80	91	99	103	123	119	106	12	13%
% breyting frá fyrra ári		-15%	14%	9%	4%	19%	-3%	-11%		
Suðurland	190	193	183	187	196	221	213	203	13	7%
% breyting frá fyrra ári		2%	-5%	2%	5%	13%	-4%	-5%		
Samtals	2.175	2.114	2.104	2.179	2.179	2.316	2.324	2.187	12	1%
% breyting frá fyrra ári		-3%	0%	4%	0%	6%	0%	-6%		


Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Stöðugildi eru námunduð að heilu stöðugildi. Skólabílstjórar og aðrir verktakar eru ekki inn í þessum tölum. Sinni starfsmaður störfum sem falla á fleiri en eitt starfssvið vísar starfssvið til aðalstarfs.

Hér að ofan eru tölur yfir annað starfsfólk í grunnskólum eftir landshlutum 2003–2010. Árið 2010 eru 2.187 stöðugildi er sinna öðru en kennslu í grunnskóla. Það sem vekur athygli hér er að það fækkar nokkuð í þessum starfsmannahópi árið 2005 miðað við árið 2003, en árið 2006 fjölgaði aftur í hópnum um 75 stöðugildi og hefur náð rúmlega sömu stærð og árið 2003. Árið 2008 fjölgar aftur í hópnum eða um 6% frá fyrra ári, en árið 2010 fækkar í starfsmannahópnum um 6% miðað við árið 2009.

Sé litið yfir allt tímabilið þá er misjafnt hvernig þróunin er eftir einstökum landshlutum. Öðru starfsfólki fjölgar í öllum landshlutum utan Reykjavíkur, Vesturlands, Vestfirjar og Norðurlands vestra. Hlutfallsleg fjölgun er mest á Austurlandi. Stöðugildum fjölgar mest á höfuðborgarsvæði utan Reykjavíkur eða um 16 stöðugildi. Sé eingöngu horft til ára 2009 og 2010 þá sést að það stöðugildum annarra starfsmanna fækkar í öllum landshlutum.

Mynd 36. Annað starfsfólk í grunnskóla eftir stærð sveitarfélaga 2007–2010



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofa Íslands.

Á mynd 36 má sjá fjölda starfsfólks í grunnskóla sem sinnir öðru en kennslu eftir stærð sveitarfélaga. Stöðugildum fækkar meðal allra stærðarflokka sveitarfélaga árið 2010 miðað við árið 2009 að undanskildum sveitarfélögum með 501–2000 íbúa, þar fjölgar þeim lítillega á sama tíma.

Tafla 69. Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi annars starfsfólks í grunnskóla 2003–2010 eftir landshlutum

	2003	2005	2006	2007	2008	2009	2010	Breyting 03–10	% breyting 03–10
Reykjavík	21,8	22,0	20,5	21,1	19,6	19,7	20,9	-0,8	-4%
Höfuðsv. án Rvk.	20,9	21,6	20,4	20,7	20,4	19,4	20,8	-0,2	-1%
Suðurnes	21,1	22,9	21,4	21,9	22,0	22,6	22,6	1,5	7%
Vesturland	17,6	17,8	20,5	19,4	17,3	15,9	16,5	-1,1	-6%
Vestfirðir	22,3	22,5	21,8	25,7	20,9	19,1	19,1	-3,2	-14%
Norðurland vestra	14,9	14,4	15,3	14,0	11,3	11,6	12,4	-2,5	-17%
Norðurland eystra	20,6	21,4	19,9	18,6	18,5	17,7	18,5	-2,1	-10%
Austurland	20,8	20,3	19,0	17,7	14,4	14,6	16,2	-4,6	-22%
Suðurland	19,5	20,1	19,5	18,5	16,2	16,4	16,8	-2,7	-14%
Landið allt	20,6	21,1	20,1	20,1	18,8	18,5	19,5	-1,2	-6%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Tafla 69 sýnir okkur fjölda nemenda á hvert stöðugildi annars starfsfólks í grunnskóla eftir landshlutum. Árið 2010 eru 19,5 nemendur á hvert stöðugildi annars starfsfólks og hefur fækkað um rúmlega einn nemanda frá árinu 2003. Sé eingöngu litið ársins 2010 má sjá að nemendum hefur fjölgað um einn á hvert stöðugildi annars starfsfólks miðað við árið 2009.

Nemendum á hvert stöðugildi fjölgar á Suðurnesjum um tæplega 1,5 nemanda eða 7%. Í öðrum landshlutum hefur nemendum á hvert stöðugildi fækkað og hlutfallslega mest á Austurlandi og á Norðurlandi vestra. Árið 2010 eru fæstir nemendur á hvert stöðugildi annars starfsfólks á Norðurlandi vestra eða 12,4. Þeir eru flestir á hvert stöðugildi á Suðurnesjum eða 22,6.

Tafla 70. Annað starfsfólk í grunnskólum 2008–2010 eftir starfssviðum í Reykjavík, höfuðborgarsvæði án Reykjavíkur og á Suðurnesjum

	Reykjavík				Höfuðborgarsvæði án Rvk.				Suðurnes			
	2008	2010	breyt- ing	%	2008	2010	breyt- ing	%	2008	2010	breyt- ing	%
Bókasafnsfr. og fl.	12,4	15,9	3,5	28%	13,1	16,6	3,6	27%	4,6	5,1	0,5	10%
Sálfræðingar	6,3	6,6	0,3	4%	3,5	1,1	-2,4	-68%	0,0		0,0	
Námsráðgjafar	30,7	29,6	-1,1	-3%	17,3	20,4	3,1	18%	5,2	6,5	1,3	24%
Félagsráðgjafar	1,7	0,7	-1,0	-61%	0,3	0,8	0,5	163%	0,0		0,0	
Skólahjúkrunarfr.	6,7	6,7	0,0	1%	8,8	8,9	0,1	1%	0,0		0,0	
Proskapjálfar	43,3	41,8	-1,5	-4%	37,5	32,2	-5,3	-14%	5,5	7,1	1,5	27%
Stuðningsfulltrúar	143,5	128,3	-15,2	-11%	111,5	102,3	-9,2	-8%	41,9	41,0	-0,9	-2%
Skrifstofustjórar, ritarar	52,2	55,4	3,3	6%	50,8	45,3	-5,6	-11%	9,0	9,8	0,8	8%
Tómstundafulltrúar	1,0	1,0	0,0	0%	5,4	2,5	-2,9	-54%	0,0		0,0	
Matráðar, starfsfólk í mótuneytum	70,2	69,8	-0,4	-1%	55,7	62,2	6,5	12%	5,6	6,1	0,4	8%
Húsvörðir	35,3	30,0	-5,3	-15%	38,3	40,5	2,2	6%	7,1	8,1	1,0	14%
Skólaliðar, gangaverðir og fl.	325,9	273,3	-52,7	-16%	235,4	244,1	8,7	4%	70,6	54,1	-16,5	-23%
Samtals	729,1	659,1	-70,0	-10%	577,5	576,9	-0,7	0%	149,7	137,7	-12,0	-8%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Tafla 69 sýnir þróun á fjölda stöðugilda annars starfsfólks í grunnskólum eftir starfssviðum á höfuðborgarsvæðinu öllu og á Suðurnesjum árin 2008 og 2010. Á landsvísu fækkaði stöðugildum þessa starfsfólks á tímabilinu um tæp 6% eða 129 stöðugildi. Nokkuð misjafnt er milli landshluta hvernig þróun hefur verið á einstökum starfssviðum.

Í Reykjavík fækkaði stöðugildum þessa starfsmannahóps um 70 stöðugildi eða 10% árið 2010 miðað við árið 2008. Stöðugildum bókasafnsfræðinga fjölgar um 3,5 stöðugildi eða 28% á tímabilinu. Stöðugildum skrifstofustjóra og þeirra er sinna ritarastörfum fjölgar um rúm þrjú stöðugildi eða um 6%. Stuðningsfulltrúum fækkar um rúm 15 stöðugildi eða 11%. Skólaliðum fækkar um ríflega 52 stöðugildi eða 16%.

Á höfuðborgarsvæði utan Reykjavíkur stóð fjöldi starfsmanna er sinna öðru en kennslu nánast í stað á tímabilinu og eru 577 talsins árið 2010. Námsráðgjöfum fjölgar um rúm þrjú stöðugildi og skólaliðum fjölgaði um tæp níu stöðugildi. Stuðningsfulltrúum fækkaði hins vegar um rúmlega níu stöðugildi og skrifstofustjórum um ríflega fimm stöðugildi.

Á Suðurnesjum nam fækkun í þessum starfsmannahópi 12 stöðugildum á tímabilinu. Námsráðgjöfum fjölgar um rúm stöðugildi eða 24%. Proskapjálfum fjölgar um 1,5 stöðugildi. Skólaliðum fækkar um ríflega 16 stöðugildi eða 23% á tímabilinu.

Tafla 71. Annað starfsfólk í grunnskólum 2008–2009 eftir starfssviðum á Vesturlandi, Vestfjörðum og á Norðurlandi vestra

	Vesturland				Vestfirðir				Norðurland vestra			
	2008	2010	breyt- ing	%	2008	2010	breyt- ing	%	2008	2010	breyt- ing	%
Bókasafnsfr. og fl.	2,7	4,4	1,7	61%	2,6	2,1	-0,5	-19%	0,0	0,0	0,0	
Sálfræðingar	0,0	0,8	0,8		0,0	0,0	0,0		0,0	0,0	0,0	
Námsráðgjafar	1,6	2,2	0,5	31%	0,8	1,6	0,8	103%	1,2	1,3	0,1	8%
Félagsráðgjafar	0,0	0,0	0,0		0,0	0,0	0,0		0,0	0,0	0,0	
Skólahjúkrunarfr.	0,6	0,6	0,0	0%	0,0	0,0	0,0		0,8	0,5	-0,3	-33%
Proskapjálfar	5,3	8,5	3,3	62%	1,0	1,7	0,7	70%	3,7	2,5	-1,2	-32%
Stuðningsfulltrúar	34,4	34,3	-0,1	0%	13,9	13,8	-0,1	-1%	17,4	22,8	5,4	31%
Skrifstofustjórar, ritarar	10,7	9,5	-1,2	-11%	2,1	2,2	0,1	3%	3,7	3,4	-0,3	-8%
Tómstundafulltrúar	0,0	0,0	0,0		0,0	0,0	0,0		0,0	0,0	0,0	
Matráðar, starfsfólk í mötuneytum	11,1	9,9	-1,2	-11%	5,6	4,1	-1,5	-27%	15,9	17,2	1,3	8%
Húsvörðir	4,8	2,2	-2,6	-55%	3,5	5,0	1,5	43%	9,4	6,4	-3,0	-32%
Skólaliðar, gangaverðir og fl.	65,8	63,8	-2,1	-3%	21,8	18,8	-3,0	-14%	44,5	33,6	-10,9	-24%
Samtals	136,9	135,9	-1,0	-1%	51,3	49,2	-2,0	-4%	96,5	87,7	-8,8	-9%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Tafla 71 sýnir þróun á fjölda stöðugilda annars starfsfólks í grunnskólum eftir starfssviðum á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra árin 2008 og 2010. Á landsvísu fækkaði stöðugildum þessa starfsfólks á tímabilinu um tæp 6% eða 129 stöðugildi. Nokkuð misjafnt er milli landshluta hvernig þróun hefur verið á einstökum starfssviðum.

Á Vesturlandi fækkaði stöðugildum starfsfólks er sinnir öðru en kennslu í grunnskólum um eitt stöðugildi eða 1%. Proskapjálfum fjölga um rúm þrjú stöðugildi eða 62%. Húsvörðum fækkar um tæp þrjú stöðugildi eða 55%.

Á Vestfjörðum fækkaði stöðugildum þessa hóps um tvö stöðugildi sem nemur 4%. Fækkun stöðugilda er mest meðal skólaliða sem fækkaði um þrjú stöðugildi eða 14% og fækkun meðal starfsfólks mötuneyta um 1,5 stöðugildi. Stöðugildum húsvarða fjölgaði hins vegar um 1,5 stöðugildi á tímabilinu.

Á Norðurlandi vestra fækkaði stöðugildum annars starfsfólks um 9% eða tæp níu stöðugildi. Stöðugildi skólaliða fækkaði um tæp 11 stöðugildi og stöðugildum húsvarða um þrjú stöðugildi. Stuðningsfulltrúum fjölgaði um rúm fimm stöðugildi á sama tíma.

Tafla 72. Annað starfsfólk í grunnskólum 2008–2009 eftir starfsviðum á Norðurlandi eystra, Austurlandi og á Suðurlandi

	Norðurland eystra				Austurland				Suðurland			
	2008	2010	breyting	%	2008	2010	breyting	%	2008	2010	breyting	%
Bókasafnsfr. og fl.	3,4	5,9	2,5	73%	2,6	1,9	-0,7	-28%	3,2	4,1	0,9	27%
Sálfræðingar	0,9	0,9	0,0	0%	0,0	0,0	0,0		1,0	1,0	0,0	0%
Námsráðgjafar	6,5	9,2	2,7	42%	2,8	3,7	0,9	33%	4,2	3,2	-1,0	-23%
Félagsráðgjafar	2,0	2,0	0,0	0%	0,0	0,0	0,0		0,0	0,5	0,5	
Skólahjúkrunarfr.	3,9	1,8	-2,2	-55%	1,0	1,2	0,2	20%	1,5	0,0	-1,5	-100%
Þroskajálfar	10,1	10,9	0,8	8%	2,1	4,8	2,7	126%	8,4	8,4	0,0	0%
Stuðningsfulltrúar	52,0	41,9	-10,1	-19%	23,4	26,2	2,8	12%	74,9	68,1	-6,8	-9%
Skrifstofustjórar, ritarar	10,6	11,2	0,5	5%	5,8	5,1	-0,7	-13%	10,1	10,2	0,1	1%
Tómstundafulltrúar	0,4	0,0	-0,4	-100%	0,0	0,0	0,0		0,0	1,0	1,0	
Matráðar, starfsfólk í mötuneytum	27,5	28,8	1,3	5%	13,7	9,3	-4,4	-32%	28,6	30,9	2,3	8%
Húsvörðir	15,9	14,1	-1,8	-11%	11,9	7,8	-4,1	-35%	8,3	8,5	0,2	3%
Skólaliðar, gangaverðir og fl.	97,8	100,5	2,7	3%	59,8	48,1	-11,7	-20%	81,1	68,8	-12,2	-15%
Samtals	231,1	227,2	-3,9	-2%	123,1	107,9	-15,2	-12%	221,2	204,7	-16,4	-7%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Tafla 72 sýnir þróun á fjölda stöðugilda annars starfsfólks í grunnskólum eftir starfssviðum á Norðurlandi eystra, Austurlandi og Suðurlandi árin 2008 og 2010. Á landsvísu fækkaði stöðugildum þessa starfsfólks á tímabilinu um tæp 6% eða 129 stöðugildi. Nokkuð misjafnt er milli landshluta hvernig þróun hefur verið á einstökum starfssviðum.

Á Norðurlandi eystra fækkaði stöðugildum þessa starfshóps um tæp fjögur stöðugildi eða um 2%. Mestu munar um fækkun meðal stuðningsfulltrúa en þeim fækkaði um 10 stöðugildi á tímabilinu eða um 19%. Námsráðgjöfum fjölgaði hins vegar um tæp þrjú stöðugildi.

Á Austurlandi fækkaði í þessum starfsmannahóp um rúm 15 stöðugildi eða um 12% á tímabilinu. Þroskajálfum fjölgaði um tæp þrjú stöðugildi og hefur fjöldi þeirra ríflega tvöfaldast árið 2010 miðað við árið 2008. Stuðningsfulltrúum fjölgaði um tæp þrjú stöðugildi eða 12%. Skólaliðum fækkaði um tæp 12 stöðugildi eða um 20%.

Á Suðurlandi fækkaði stöðugildum þessa starfshóps um rúmlega 16 eða 7%. Skólaliðum fækkaði um 12 stöðugildi eða 15% og stuðningsfulltrúum um tæp sjö stöðugildi eða 9% á tímabilinu.

Samantekt

Hér að ofan er rakin þróun í starfsmannahaldi starfsfólks við grunnskólann er ekki sinna kennslu árin 2005–2010 á landsvísu og svo árin 2008 og 2010 eftir landshlutum. Á landsvísu fækkar skólahjúkrunarfræðingum mest eða um 86 stöðugildi og húsvörðum um tíu stöðugildi. Mesta fjölgunin á landsvísu hefur orðið í stétt stuðningsfulltrúa, námsráðgjafa og þroskajálfa. Í því samhengi er vert að minnast þess að í 13. gr. nýrra laga um grunnskóla nr. 91/2008 er kveðið á um að nemendur eigi rétt á námsráðgjöf í skólanum af til þess bærur sérfræðingum.

Þróunin er áþekk eftir landshlutum tímabilið 2008–2010 stöðugildum annarra starfsmanna á fækkar í öllum landshlutum, en stendur nánast í stað á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkurborgar. Misjafnt er þó eftir starfssviðum hver þróunin er milli landshluta.

7.3. Allt starfsfólk í grunnskóla

Í þessum kafla er fjallað um allt starfsfólk í grunnskóla þ.e.. starfsfólk við kennslu og annað starfsfólk. Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir þessum tveimur starfsmannahópum sitt í hvoru lagi. Árið 2010 eru stöðugildi alls starfsfólks í grunnskóla 6.858 talsins og hefur fækkað um 257 stöðugildi frá fyrra ári en það nemur 4% fækkun milli ára.

Tafla 73. Fjöldi stöðugilda starfsfólks í grunnskóla 1998–2010

	Starfsfólk við kennslu	% breyting frá fyrra ári	Annað starfsfólk	% breyting frá fyrra ári	Starfsfólk alls	% breyting frá fyrra ári
1998	3.518		1.419		4.937	
1999	3.703	5%	1.683	19%	5.386	9%
2000	3.784	2%	1.679	0%	5.463	1%
2001	4.273	13%	1.846	10%	6.119	12%
2002	4.437	4%	2.093	13%	6.530	7%
2003	4.440	0%	2.174	4%	6.614	1%
2004	4.460	0%	2.116	-3%	6.576	-1%
2005	4.697	5%	2.104	-1%	6.801	3%
2006	4.798	2%	2.179	4%	6.977	3%
2007	4.985	2%	2.179	0%	7.164	3%
2008	5.016	1%	2.316	6%	7.332	2%
2009	4.791	-4%	2.324	0%	7.115	-3%
2010	4.671	-3%	2.187	-6%	6.858	-4%
Breyting 98–10	1.153		768		1.921	
% breyting 98–10	33%		54%		39%	

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Stjórnendur, s.s. skólastjórnar, aðstoðarskólastjórnar og deildarstjórnar ásamt sérkennurum eru flokkaðir með starfsfólki við kennslu. Stöðugildi eru námunduð að heilu tölugildi. Starfsfólk í sjálfstætt starfandi skólum meðtalið.

Tafla 73 sýnir þróunina meðal starfsmanna grunnskólans þar sem þeir eru flokkaðir saman er sinna kennslustörfum og svo þeir er sinna öðrum störfum, frá 1998–2010. Á tímabilinu hefur stöðugildum alls starfsfólks fjölgað um 1.921 eða 39%. Hlutfallsleg breyting milli ára er mest árið 2001, en þá fjölga stöðugildum alls í grunnskóla um 12% miðað við fyrra ár. Þrisvar á tímabilinu gerist það að í heildina fækki stöðugildum starfsfólks í grunnskóla; árið 2004, 2009 og svo aftur árið 2010 miðað við fyrra ár.

Tafla 74. Hlutfallsleg skipting kennara og annars starfsfólks 1998–2010

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Starfsfólk við kennslu	71%	69%	69%	70%	68%	67%	68%	69%	69%	70%	67%	67%	68%
Annað starfsfólk	29%	31%	31%	30%	32%	33%	32%	31%	31%	30%	33%	33%	32%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Í töflu 74 kemur fram hlutfallsleg skipting milli starfsfólks við kennslu annars vegar og annars starfsfólks í grunnskóla hins vegar á tímabilinu 1998–2010. Árið 1998 eru stöðugildi kennara 71% af heildarstöðugildafjölda í grunnskóla. Árið 2010 er það hlutfall 68%, og því ljóst að annað starfsfólk sem hluti af heild hefur fjölgað um þrjú prósentustig á tímabilinu.

Tafla 75. Allt starfsfólk í grunnskóla 2008 og 2010 eftir landshlutum

	2008			2010			Breyting 2008–2010			% breyting 2008–2010		
	Starfsfólk við kennslu	Annað starfsfólk	Starfsfólk alls	Starfsfólk við kennslu	Annað starfsfólk	Starfsfólk alls	Starfsfólk við kennslu	Annað starfsfólk	Starfsfólk alls	Starfsfólk við kennslu	Annað starfsfólk	Starfsfólk alls
Reykjavík	1.607	729	2.336	1.452	659	2.111	-155	-70	-225	-10%	-10%	-10%
Höfuðbsv. án Rvk.	1.250	578	1.828	1.189	577	1.766	-61	-1	-62	-5%	0%	-3%
Suðurnes	350	150	500	333	138	471	-17	-12	-29	-5%	-8%	-6%
Vesturland	278	137	415	245	136	381	-33	-1	-34	-12%	-1%	-8%
Vestfirðir	157	51	208	146	49	195	-11	-2	-13	-7%	-4%	-6%
Norðurland vestra	140	97	236	143	88	231	4	-9	-5	3%	-9%	-2%
Norðurland eystra	523	231	754	478	227	706	-45	-4	-49	-9%	-2%	-6%
Austurland	259	123	382	251	108	359	-8	-15	-23	-3%	-12%	-6%
Suðurland	451	221	672	431	205	636	-19	-16	-36	-4%	-7%	-5%
Landið allt	5.016	2.316	7.332	4.671	2.186	6.857	-345	-130	-475	-7%	-6%	-6%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Stöðugildi eru námundð að heilu stöðugildi.

Hér að ofan hefur þróunin verið rakin á landsvísi. Tafla 75 sýnir þróunina eftir landshlutum árin 2008 og 2010. Starfsfólki við kennslu fækkar um 7% á landsvísi frá árinu 2008 eða um 345 stöðugildi. Því fækkar í öllum landshlutum nema á Norðurlandi vestra. Mest er fækkunin í Reykjavík en þar fækkar starfsfólki við kennslu um 155 stöðugildi eða 10%. Á sama fækkar stöðugildum annars starfsfólks um 130 eða 6%. Því fækkar í öllum landshlutum nema á höfuðborgarsvæði utan Reykjavíkur þar sem fjöldi annars starfsfólks stendur í stað. Alls fækkar starfsfólki í grunnskóla um 6% árið 2010 miðað við árið 2008 og því fækkar í öllum landshlutum. Fækkunin er hlutfallslega mest í Reykjavík eða 10%.

Tafla 76. Hlutfall kennara og annars starfsfólks eftir landshlutum 2003–2010

		Reykjavík	Höfuðbsv. án Rvk.	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Landið allt
2003	Starfsfólk við kennslu	67%	66%	66%	66%	73%	63%	68%	74%	68%	67%
	Annað starfsfólk	33%	34%	34%	34%	27%	37%	32%	26%	32%	33%
2004	Starfsfólk við kennslu	67%	67%	67%	66%	73%	65%	68%	76%	67%	68%
	Annað starfsfólk	33%	33%	33%	34%	27%	35%	32%	24%	33%	32%
2005	Starfsfólk við kennslu	69%	69%	66%	67%	75%	64%	70%	75%	69%	69%
	Annað starfsfólk	31%	31%	34%	33%	25%	36%	30%	25%	31%	31%
2006	Starfsfólk við kennslu	69%	67%	67%	70%	74%	63%	70%	73%	70%	69%
	Annað starfsfólk	31%	33%	33%	30%	26%	37%	30%	27%	30%	31%
2007	Starfsfólk við kennslu	69%	68%	70%	67%	75%	59%	69%	68%	67%	68%
	Annað starfsfólk	31%	32%	30%	33%	25%	41%	31%	32%	33%	32%
2008	Starfsfólk við kennslu	69%	68%	70%	67%	75%	59%	69%	68%	67%	68%
	Annað starfsfólk	31%	32%	30%	33%	25%	41%	31%	32%	33%	32%
2009	Starfsfólk við kennslu	69%	67%	71%	64%	75%	62%	68%	70%	68%	68%
	Annað starfsfólk	31%	33%	29%	36%	25%	38%	32%	30%	32%	32%
2010	Starfsfólk við kennslu	69%	67%	71%	64%	75%	62%	68%	70%	68%	68%
	Annað starfsfólk	31%	33%	29%	36%	25%	38%	32%	30%	32%	32%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Í töflu 76 hefur starfsfólki við kennslu annars vegar og öðru starfsfólki hins vegar verið stillt upp sem hlutfalli af heildar starfsmannafjölda í grunnskóla eftir landshlutum árin 2003–2010. Árið 2003 eru kennarar 67% starfsfólks í grunnskóla á landsvísu og það hlutfall hækkar um eitt prósentustig árið 2010. Þróunin er misjöfn eftir landshlutum. Kennurum hefur fjölgað sem hlutfalli af heildarfjölda starfsfólks um fimm prósentustig á Suðurnesjum og tvö á Vestfjörðum og í Reykjavíkurborg. Á Austurlandi lækkar þetta hlutfall um fjögur prósentustig á tímabilinu og um tvö á Vesturlandi. Hlutfall starfsfólks við kennslu af heildarfjölda starfsmanna árið 2010 er hæst á Vestfjörðum en lægst á Norðurlandi vestra.

Tafla 77. Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi alls starfsfólks í grunnskóla 2003–2010 eftir landshlutum

	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	Breyting 03–10	% breyting 03–10
Reykjavík	7,2	7,3	6,5	6,4	6,3	6,1	6,4	6,5	-0,7	-10%
Höfuðborgarsv án Rvk	7,2	7,2	7,2	6,7	6,6	6,4	6,5	6,8	-0,4	-5%
Suðurnes	7,3	7,3	7,6	7,0	6,8	6,6	6,6	6,6	-0,7	-9%
Vesturland	6,0	6,1	6,0	6,1	5,8	5,7	5,5	5,9	-0,1	-2%
Vestfirðir	6,0	5,9	5,8	5,6	5,6	5,2	5,1	4,8	-1,2	-20%
Norðurland vestra	5,5	5,3	5,4	5,7	5,0	4,6	4,5	4,7	-0,8	-15%
Norðurland eystra	6,5	6,3	6,5	5,9	5,7	5,7	5,8	5,9	-0,6	-9%
Austurland	5,5	5,6	5,1	5,1	4,9	4,6	4,7	4,9	-0,6	-11%
Suðurland	6,2	6,3	6,2	5,9	5,8	5,3	5,4	5,4	-0,8	-13%
Landið allt	6,8	6,8	6,5	6,3	6,1	5,9	6,0	6,2	-0,6	-8%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Tafla 77 sýnir fjölda nemenda á hvert stöðugildi starfsmanns í grunnskóla eftir landshlutum árin 200–2010. Í heildina hefur nemendum fækkað um 8% á hvert stöðugildi starfsmanns í grunnskóla og árið 2010 eru 6,2 nemendur á hvert stöðugildi starfsmanns í grunnskóla. Nemendum á hvert stöðugildi starfsfólks fækkar í öllum landshlutum á tímabilinu. Hlutfallsleg breyting er mest á Vestfjörðum þar sem nemendum fækkar um 20% á hvert stöðugildi.

Það er þó athyglisvert að skoða þróunina árin 2008–2010 en þá kemur í ljós að nemendum fjölgar lítillega á hvert stöðugildi í flestum landshlutum.

Tafla 78. Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi alls starfsfólks 2007–2010 eftir stærð sveitarfélaga

	Lægsta gildi			Vegið meðaltal			Hæsta gildi		
	2008	2009	2010	2008	2009	2010	2008	2009	2010
≤ 500 íbúar	1,0	1,5	1,5	3,9	3,7	3,6	5,2	5,0	4,8
501-1000	3,6	3,0	3,6	4,6	4,5	4,5	6,4	6,9	7,0
1001-2000	3,1	4,7	4,7	5,1	5,5	5,4	6,8	6,3	7,2
2001-5000	4,5	4,1	4,2	5,4	5,3	5,5	7,0	7,1	7,6
5001 ≥	6,1	6,2	6,3	6,6	6,7	6,9	7,4	7,1	7,5
Reykjavík				6,0	6,4	6,4			

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Í töflu 78 má sjá fjölda nemenda á hvert stöðugildi í grunnskóla eftir stærð sveitarfélaga árin 2008, 2009 og 2010. Nemendur eru fæstir á hvert stöðugildi í minnstu sveitarfélögunum sé litið til vegins meðaltals, en flestir í sveitarfélögum er hafa 5000 íbúa eða fleiri. Sé litið til hæsta og lægsta gildis í hverjum stærðarflokki, kemur í ljós hvað dreifingin er mikil innan hvers stærðarflokks.

Tafla 79. Fjöldi nemenda og starfsfólks í grunnskóla 2003–2010

	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	breyting 03–10	% breyting 03–10
Nemendur	44.809	44.511	44.336	43.875	43.841	43.511	42.929	42.539	-2.270	-5%
Breyting frá fyrra ári		-0,7%	-0,4%	-1,0%	-0,1%	-0,8%	-1,3%	-0,9%		
Starfsfólk við kennslu	4.440	4.460	4.697	4.798	4.985	5.016	4.791	4.671	231	5%
Breyting frá fyrra ári		0,5%	5,3%	2,2%	3,9%	0,6%	-4,5%	-2,5%		
Annað starfsfólk	2.174	2.116	2.104	2.179	2.179	2.316	2.324	2.187	13	1%
Breyting frá fyrra ári		-2,7%	-0,6%	3,6%	0,0%	6,3%	0,3%	-5,9%		
Allt starfsfólk	6.614	6.576	6.801	6.977	7.164	7.332	7.115	6.858	244	4%
Breyting frá fyrra ári		-0,6%	3,4%	2,6%	2,7%	2,3%	-3,0%	-3,6%		

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.
Skýring: Starfsfólk við kennslu; átt er við grunnskólakennara og kennara án kennsluréttinda. Skólastjórar, aðstoðarskólastjórar, deildarstjórar og sérkennarar taldir með.

Árið 2010 eru grunnskólanemendur 42.539 talsins og hefur fækkað um 2.270 eða 5% miðað við árið 2003. Á sama tíma fjölgar starfsfólki við kennslu um 231 stöðugildi eða 5% og eru 4.671 talsins árið 2010. Öðru starfsfólki fjölgar um 13 stöðugildi. Í heildina fjölgar stöðugildum starfsfólks í grunnskóla um 4% á tímabilinu eða um 244 stöðugildi. Vert er að benda á að fjöldapróun meðal starfsfólks við kennslu snýst við árið 2009.


Tafla 80. Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi starfsfólks í grunnskóla 2003–2010

	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	breyting 03–10	% breyting 03–10
Starfsfólk við kennslu	10,1	10,0	9,4	9,1	8,8	8,7	9,0	9,1	-1,1	-11%
Annað starfsfólk	20,6	21,0	21,1	20,1	20,1	18,8	18,5	19,5	-2,1	-10%
Allt starfsfólk	6,8	6,8	6,5	6,3	6,1	5,9	6,0	6,2	-0,7	-11%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Árið 2010 er 9,1 nemandi á hvert stöðugildi kennara á landsvísu og hefur þeim fækkað hlutfallslega um 11% miðað við árið 2003. En sé miðað við fyrra ár þá sést að nemendum hefur fjölgað aðeins á hvert stöðugildi kennara. Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi starfsfólks er sinnir öðru en kennslu fækkar um 10% miðað við árið 2003. Í heildina hefur nemendum fækkað um 11% á hvert stöðugildi starfsfólks í grunnskóla á tímabilinu 2003–2010.

Mynd 37. Uppsöfnuð hlutfallsleg þróun fjölda nemenda, starfsfólks við kennslu og annars starfsfólks í grunnskóla 2003–2010



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Mynd 37 sýnir hvernig nemendum fækkar lítillega á tímabilinu eða um rúm 5%. Öðru starfsfólki í grunnskóla fækkaði árin 2004 og 2005 en fjölgaði aftur árið 2006 og er þá svipaður fjöldi við þau störf og voru árið 2003. Fjöldi annars starfsfólks helst óbreyttur árið 2007 miðað við fyrra ár en fjölgar aftur árið 2008 og lítillega árið 2009 en fækkar svo um 6% árið 2010 frá fyrra ári. Starfsfólki við kennslu fjölgar framan af á tímabilinu en fækkar um 5% árið 2009 og um 3% árið 2010.

Samantekt

Í heildina eru stöðugildi starfsfólks í grunnskóla 6.858 talsins árið 2010 og hefur fækkað um 257 stöðugildi frá fyrra ári en það nemur 4% fækkun milli ára.

Á landsvísu er hlutfall kennara 68% af öllu starfsfólki grunnskóla árið 2010.

Nemendum á hvert stöðugildi alls starfsfólks í grunnskóla fækkaði um 11% á tímabilinu 2003–2010. Athygli vekur að sú þróun snýst við árin 2009 og 2010 en þá verður lítilsháttar fjölgun nemenda á hvert stöðugildi. Á umræddu tímabili hefur nemendum fækkað en starfsfólki í heild hefur fjölgað.

8. Kostnaður vegna grunnskóla

Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er rekstur almennra grunnskóla á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga. Sjálfstætt starfandi grunnskólar sem fengið hafa samþykki sveitarstjórnar um stofnun hans og viðurkenningu frá ráðherra eiga rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar vegna nemenda sem hafa lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar í.

Ríkið ber þó enn kostnað af tilteknum þáttum er lúta að grunnskóla, s.s samræmdum prófum, kennaramenntun og námsgögnum.

Í þessum kafla verður farið yfir kostnað sveitarfélaga vegna grunnskóla eftir landshlutum, þ.e. það sem grunnskólinn kostar sveitarfélögin, kostnað vegna grunnskóla sem hlutfall af skatttekjum sveitarfélaga og kostnað á hvern nemanda. Einnig verður gerð grein fyrir sundurliðun rekstrar eins og hægt er.

8.1. Kostnaður sveitarfélaga vegna reksturs grunnskóla

Árið 2010 nam kostnaður sveitarfélaga alls vegna reksturs grunnskóla 57 ma.kr. eða því sem nemur um 3,7 % af vergri landsframleiðslu sama ár. Allar kostnaðartölur eru í þús.kr.

Tafla 81. Rekstrarkostnaður grunnskóla sem hlutfall af vergri landsframleiðslu 2007–2010

	2007	2008	2009	2010
Heildarrekstrarkostnaður (brúttó) grunnskóla sem % af VLF	3,4%	3,5%	3,7%	3,7%
Beinn rekstrarkostnaður (brúttó) grunnskóla sem % af VLF	3,2%	3,2%	3,5%	3,4%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofa Íslands.

Skýring: Heildarrekstrarkostnaður= allur rekstrarkostnaður brúttó af öllum grunnskólum ásamt sameiginlegum liðum, vistunar utan skólatíma og annan rekstrarkostnað. Á sameiginlega liði er kostnaður bókfærður vegna skólanefnda og annarra sameiginlegra liða sem ekki verða flokkaðir með hverjum skóla fyrir sig.

Beinn rekstrarkostnaður= Allur brúttó rekstrarkostnaður færður á hverja grunnskólaflokkun. Á verðlagi hvers árs fyrir sig.

Í töflu 81 eru helstu lykiltölur vegna reksturs grunnskóla settar í samhengi við eina helstu lykiltölu þjóðhagsreikninga eða verga landsframleiðslu. Hér sést að hlutfall heildarrekstrarkostnaðar grunnskóla af VLF er 3,4% árið 2007 en er komið upp í 3,7% árið 2010.

Tafla 82. Rekstrarreikningur sveitarfélaga árið 2010 vegna grunnskóla

	Heildarrekstrarkostnaður v grunnskóla	Beinn rekstrarkostnaður grunnskóla
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	-3.880.098	-2.570.308
Tekjur alls	-3.880.098	-2.570.308
Laun og launatengd gjöld	35.690.111	33.593.319
Annar rekstrarkostnaður	21.320.421	18.058.977
Kostnaður alls (brúttó)	57.010.532	51.652.296
Rekstrarútgjöld (nettó)	53.130.434	49.081.988

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.


Skýring: Heildarrekstrarkostnaður= allur rekstrarkostnaður af öllum grunnskólum ásamt sameiginlegum liðum, vistunar utan skólatíma og annan rekstrarkostnað. Á sameiginlega liði er kostnaður bókfærður vegna skólanefnda og annarra sameiginlegra liða sem ekki verða flokkaðir með hverjum skóla fyrir sig.

Beinn rekstrarkostnaður= Allur rekstrarkostnaður færður á hverja grunnskólaflokkun. Allar tölur eru í þús.kr.

Kostnaður sveitarfélaga alls vegna reksturs grunnskóla voru 57 ma.kr. árið 2010. Þjónustutekjur og aðrar tekjur vegna málaflokksins eru tæpir 3,9 ma.kr. og eru rekstrarútgjöldin nettó því ríflega 53 ma.kr. á árinu 2010. Í þessum kafla verður fjallað um heildarkostnað vegna reksturs grunnskóla og þjónustutekjur því ekki dregnar frá.

Sé eingöngu litið til þess rekstrarkostnaðar sem er færður beint á grunnskóla þá nemur hann rúmum 51,5 ma.kr. árið 2010, þjónustutekjur eru rúmir 2,5 ma.kr. og nettó rekstrarútgjöld því rúmum 49 ma.kr.

Mynd 38. Hlutfall rekstrarkostnaðar sveitarfélaga vegna grunnskóla árið 2010



*Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.
Skýring: Beinn rekstrarkostnaður vegna grunnskóla.*

Langstærsti kostnaðarliður vegna reksturs grunnskóla eru laun og launatengd gjöld en þau nema um tveimur þriðju af heildarkostnaði. Undir flokkinn annan rekstrarkostnað falla m.a. útgjaldaliðir eins og húsaleiga, vöru- og þjónustukaup, akstur, styrkir og framlög.

Tafla 83. Skipting rekstrarkostnaðar vegna grunnskóla árið 2010 samkvæmt ársreikningum

	2010	
	Rekstrarkostnaður	% af heildarkostnaði
Sameiginlegir liðir vegna grunnskóla	2.849.336	5,0%
Grunnskólar (beint á stofnun)	51.652.296	90,6%
Vistun utan skólatíma	1.949.639	3,4%
Annar grunnskólakostnaður	559.261	1,0%
Rekstrarkostnaður alls vegna grunnskóla	57.010.532	100,0%

*Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.
Skýring: Allar tölur eru í þús.kr.*

Í töflu 83 má sjá hvernig rekstrarkostnaður sveitarfélaga vegna grunnskóla skiptist á undirliði samkvæmt ársreikningum sveitarfélaga árið 2010. Ríflega 51,5 ma.kr. er bókfærður beint á stofnanir, eða 90,6% af heildarkostnað. Á sameiginlega liði er 5% af heildar rekstrarkostnaði gjaldfærður. Á það skal bent að hér er um sameiginlega liði vegna grunnskóla að ræða, eða lið 04-2-0 í ársreikningi. Að jafnaði er kostnaður vegna reksturs skólaskrifstofu bókfærður á sameiginlega liði Fræðslumála, eða lið númer 04-0.

Athygli vekur að einungis um tvo ma.kr. eru bókfærðir á liðinn „vistun utan skólatíma“ eða sem nemur 3,4% af heildarkostnaði. Ein stærsta skýringin er sú að nokkur sveitarfélög, þar á meðal nokkur stór, hafa fram til þessa bókfært kostnað vegna lengdrar viðveru eða vistunar utan skólatíma beint á stofnun eða undir aðra bókhaldsliði. Slíkt leiðir af sér að kostnaðartölur vegna grunnskóla eru ekki fyllilega samanburðarhæfar. Með vísun í auglýsingu reikningsskilanefndar og

félagsmálaráðuneytis nr. 414/2001 vill hag- og upplýsingasvið áréttu að kostnað vegna vistunar utan skólatíma/lengdrar viðveru skal bókfæra undir málaflokkinn fræðslumál 04, á lykilinn 04-28.

Tafla 84. Skipting rekstrarkostnaðar eftir landshlutum samkvæmt ársreikningum árið 2010

	Sameiginle gir liðir	% af heild	Grunnskólar	% af heild	Vistun utan skólatíma	% af heild	Annar grunnskóla- kostnaður	% af heild	Alls
Reykjavík	1.453.364	5%	16.434.330	84%	1.608.091	8%	59.603	0%	19.555.388
Höfuðsv. án Rvk.	896.844	0%	13.190.118	91%	103.984	1%	268.691	2%	14.459.637
Suðurnes	35.167	2%	3.471.543	98%	22.260	1%	16.001	0%	3.544.971
Vesturland	80.383	5%	2.856.478	96%	20.605	1%	6.206	0%	2.963.672
Vestfirðir	139.880	0%	1.383.622	89%	13.289	1%	14.957	1%	1.551.748
Norðurland vestra	1.697	7%	1.659.302	96%	35.576	2%	40.129	2%	1.736.704
Norðurland eystra	127.702	0%	5.327.310	97%	33.492	1%	26.505	0%	5.515.009
Austurland	24.956	2%	2.661.237	95%	1.379	0%	99.369	4%	2.786.941
Suðurland	53.273	1%	4.668.356	96%	110.963	2%	27.800	1%	4.860.392
Landið allt	2.813.266	5%	51.652.296	91%	1.949.639	3%	559.261	1%	57.010.532

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Í töflu 84 sést hvernig rekstrarkostnaður vegna grunnskóla skiptist á undirliði eftir landshlutum. Hér verður enn ljósara að víða er pottur brotinn þegar kemur að bókfærðum kostnaði vegna vistunar utan skólatíma.

Tafla 85. Kostnaður sveitarfélaga vegna reksturs grunnskóla 2005–2010

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	Breyting 05 - 10	% breyting 05 - 10
Rekstrarkostnaður alls	52.901.509	53.968.268	54.917.137	58.353.061	58.577.049	57.010.532	4.109.023	8%
Breyting frá fyrra ári		1.066.758	948.869	3.435.925	223.987	-1.566.517		
% breyting frá fyrra ári		2%	2%	6%	0%	-3%		

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Allar tölur í þús.kr. Rekstrarkostnaður staðvirtur á verðlagi ársins 2010. Um brúttó heildar rekstrarkostnað er að ræða, þ.e.. kostnaður vegna sameiginlegra liða, grunnskólastofnana, vistunar utan skólatíma og annars rekstrarkostnaðar er meðtalinn.

Á tímabilinu 2005–2010 jókst rekstrarkostnaður vegna grunnskóla um rúma fjóra ma.kr. eða 8%. Hlutfallsleg breyting er mest milli áranna 2007 og 2008 en þá jókst rekstrarkostnaður vegna grunnskóla um 6% eða tæpa 3,5 ma.kr. Árið 2010 stóð rekstrarkostnaður í 57 ma.kr. og lækkaði um 1,5 ma.kr. frá fyrra ári.

Í fylgiskjöllum 13 og 14 er að finna annars vegar yfirlit yfir heildarrekstrarkostnað vegna grunnskóla og hins vegar yfirlit yfir beinan rekstrarkostnað vegna grunnskóla fyrir hvert sveitarfélag árið 2010.

Tafla 86. Brúttó heildarrekstrarkostnaður sveitarfélaga vegna grunnskóla 2005–2010 eftir landshlutum

	2005	2009	2010	Breyting 2005–2010	% breyting 2005–2010	Breyting 2009–2010	% breyting 2009–2010
Reykjavík	18.267.567	19.555.079	19.555.388	1.287.822	7%	309	0%
Höfuðbsv. án Rvk.	12.283.948	15.233.073	14.459.637	2.175.689	18%	-773.436	-5%
Suðurnes	3.102.883	3.962.092	3.544.971	442.088	14%	-417.121	-11%
Vesturland	3.116.607	3.139.593	2.963.672	-152.935	-5%	-175.921	-6%
Vestfirðir	1.485.558	1.473.391	1.551.748	66.190	4%	78.357	5%
Norðurland vestra	1.729.704	1.771.020	1.736.704	7.000	0%	-34.316	-2%
Norðurland eystra	5.352.105	5.549.222	5.515.009	162.904	3%	-34.213	-1%
Austurland	2.669.702	2.727.246	2.786.941	117.239	4%	59.695	2%
Suðurland	4.893.434	5.166.332	4.860.392	-33.042	-1%	-305.940	-6%
Allt landið	52.901.509	58.577.049	57.010.532	4.109.023	8%	-1.566.517	-3%


Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Rekstrarkostnaður er staðvirkur á verðlagi ársins 2010. Fjárhæðir í þús.kr. Um brúttó heildar rekstrarkostnað er að ræða, þ.e.. kostnaður vegna sameiginlegra liða, grunnskólastofnana, vistunar utan skólatíma og annars rekstrarkostnaðar er meðtalinn.

Í töflu 86 má sjá kostnað sveitarfélaga vegna reksturs grunnskóla eftir landshlutum 2005–2010 og breytingu á tímabilinu. Á landsvísu hefur kostnaður aukist um 8% eða um fjóra ma.kr. árið 2010 miðað við árið 2005. Rúmlega 80% af þeim kostnaðarauka verður á höfuðborgarsvæðinu að Reykjavík með talinni en þar eykst kostnaður samtals um 3,4 ma.kr. Sé litið til breytinga milli áranna 2009 og 2010 þá kemur í ljós að rekstrarkostnaður hefur lækkað um 1,5 ma.kr. eða um 3%. Rekstrarkostnaður dregst mest saman á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur eða um 773 m.kr. eða 5% árið 2010 miðað við fyrra ár. Rekstrarkostnaður dregst saman í öllum landshlutum að Reykjavíkurborg, Vestfirðum og Austurlandi undanskildum.

Kostnaður eykst í flestum landshlutum á tímabilinu 2005–2010, og hlutfallslega mest í nágrennasveitarfélögum Reykjavíkurborgar eða um 18% og þá á Suðurnesjum um 14%. Rekstrarkostnaður dregst mest saman á Vesturlandi um 5% og á Suðurlandi um 1%. Hér skal hafa í huga að til og með 2005 taldist Siglufjarðarkaupstaður til Norðurlands vestra. Siglufjarðarkaupstaður og Ólafsfjarðarbær sameinast árið 2006 undir heitinu Fjallabyggð sem telst til Norðurlands eystra.

Mynd 39. Kostnaður sveitarfélaga vegna reksturs grunnskóla 2005–2010



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Rekstrarkostnaður er staðvirtur á verðlagi ársins 2010. Fjárhæðir í þús.kr. Rekstrarkostnaður alls: Allur rekstrarkostnaður af öllum grunnskólum ásamt sameiginlegum liðum, vistunar utan skólatíma og annan rekstrarkostnað. Á sameiginlega liði er kostnaður bókfærður vegna skólanefnda og annarra sameiginlegra liða sem ekki verða flokkaðir með hverjum skóla fyrir sig. Beinn rekstrarkostnaður: Allur rekstrarkostnaður færður á hverja grunnskólastofnun

Á mynd 39 eru upplýsingar um heildarkostnað sveitarfélaga vegna reksturs grunnskóla árin 2005–2010 úr töflu 86 settar fram á myndrænan hátt og að auki sjáum við þróunina í beinum rekstrarkostnaði. Að raungildi lækkar kostnaður vegna grunnskóla árið 2010 frá fyrra ári.

Tafla 87. Rekstrarkostnaður vegna grunnskóla 2009–2010 eftir stærð sveitarfélaga

	2009		2010		2009 - 2010	
	Fj. svf.	Kostnaður	Fj. svf.	Kostnaður	Breyting	% breyting
≤ 500 íbúar	19	1.607.852	17	1.334.222	-273.630	-17%
501-1000	16	2.994.120	18	3.180.240	186.120	6%
1001-2000	11	3.758.861	11	3.729.664	-29.197	-1%
2001-5000	13	8.749.221	13	8.643.474	-105.747	-1%
5001 ≥	8	21.895.440	8	21.119.516	-775.924	-4%
Reykjavík	1	19.555.079	1	19.003.416	-551.663	-3%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.


Skýring: Staðvirt á verðlagi ársins 2010. Fjárhæðir eru í þús.kr. Um brúttó heildar rekstrarkostnað er að ræða, þ.e. kostnaður vegna sameiginlegra liða, grunnskólastofnana, vistunar utan skólatíma og annars rekstrarkostnaðar er meðtalinn.

Tafla 87 sýnir rekstrarkostnað eftir stærð sveitarfélaga þar sem sveitarfélög eru flokkuð í stærðarflokka. Taflan hér fyrir ofan sýnir að kostnaður vegna grunnskóla dregst saman í öllum stærðarflokkum, nema meðal sveitarfélaga með 501–1000 íbúa. Þar eykst kostnaður um 6% eða 186 m.kr. Rekstrarkostnaður dregst mest saman hjá sveitarfélögum með 500 íbúa eða færri eða um 17%. Í Reykjavíkurborg dregst rekstrarkostnaður vegna grunnskóla saman um ríflega 0,5 ma.kr. eða 3% milli ára.

8.2. Rekstrarútgjöld í hlutfalli af skatttekjum

Hér að framan er greint frá því hve mikið sveitarfélög greiða í rekstrarkostnað vegna grunnskóla. Það er ekki síður fróðlegt að skoða hlutfall rekstrarútgjalda af skatttekjum þeirra, þ.e.. hversu miklu af heildarskatttekjum sínum sveitarfélög verja í útgjöld vegna reksturs grunnskóla. Um nettó heildar útgjöld er að ræða, þ.e.. kostnaður vegna sameiginlegra liða, grunnskólastofnana, vistunar utan skólatíma og annars rekstrarkostnaðar er meðalinn. Skatttekjur sveitarfélaga eru útsvar, fasteignaskattur, greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og aðrar tekjur er hafa skattalegt ígildi.


Mynd 40. Hlutfall rekstrarútgjalda af skatttekjum sveitarfélaga 2008–2010



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.
Skýring: Reiknað er hlutfall rekstrarútgjalda, þ.e. sá kostnaður sem stendur eftir þegar þjónustutekjur hafa verið dregnar af skatttekjum.

Á mynd 40 kemur fram dreifing sveitarfélaga á því hve háu hlutfalli þau verja af skatttekjum sínum til rekstrarútgjalda vegna grunnskóla. Myndin sýnir að dreifingin er mikil, allt frá því að sveitarfélög verja 23% af skatttekjum sínum til málaflokksins og upp í 81% árið 2010. Í flestum sveitarfélögum er hlutfallið á bilinu 31–50% eða í 58 sveitarfélögum. Í nokkrum sveitarfélögum er hlutfallið undir 30% en flest þeirra eiga það sameiginlegt að reka ekki sjálf grunnskóla en greiða ákveðna upphæð með börnum búsettum í sveitarfélaginu sem ganga í grunnskóla í öðru sveitarfélagi, eða reka grunnskóla í félagi við önnur sveitarfélög.

Mynd 41. Flokkun á hlutfalli rekstrarútgjalda af skatttekjum sveitarfélaga 2008–2010




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Reiknað er hlutfall rekstrarútgjalda af skatttekjum, þ.e. sá kostnaður sem stendur eftir þegar þjónustutekjur hafa verið dregnar frá. Miðað er við upptökuhverfi skóla þar sem samstarf er milli sveitarfélaga um rekstur skóla.

Mynd 41 sýnir flokkun á hlutfalli rekstrarútgjalda af skatttekjum sveitarfélaga árin 2008, 2009 og 2010.

Í fylgiskjali 13 er að finna yfirlit yfir rekstrarútgjöld vegna grunnskóla í hlutfalli af skatttekjum fyrir hvert sveitarfélag árið 2010.

Mynd 42. Rekstrarútgjöld vegna grunnskóla sem hlutfall af skatttekjum 2008–2010



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Um er að ræða vegið meðaltal landshluta og svo á landsvísu. Reiknað er hlutfall rekstrarútgjalda af skatttekjum, þ.e. sá kostnaður sem stendur eftir þegar þjónustutekjur hafa verið dregnar frá.

Á mynd 42 má sjá rekstrarútgjöld sem hlutfall af skatttekjum sveitarfélaga eftir landshlutum árin 2008–2010. Hafa skal í huga að kostnaðarbyrði sveitarfélaga innan landshluta er afar misjöfn. Munur á kostnaðarbyrði sveitarfélaga innan landshluta er síst minni en munur þeirra milli landshluta.

Rekstrarútgjöld allra sveitarfélaga vegna grunnskóla nemur ríflega 37% af skatttekjum þeirra árið 2010 sem er þremur prósentustigum hærra en sama hlutfall árið 2008. Árið 2010 er kostnaðarbyrðin, sem hlutfall af skatttekjum, hæst á Norðurlandi vestra eða 42%. Lægst er hún í Reykjavík eða um 34%. Athygli vekur að hlutfallið hækkar alls staðar á tímabilinu.

Að endingu er fróðlegt að skoða þessa kennitölu eftir stærð sveitarfélaga.

Tafla 88. Rekstrarútgjöld í hlutfalli af skatttekjum, eftir stærð sveitarfélaga árið 2010


	Fj. svf.	Lægsta gildi	Vegið meðaltal	Hæsta gildi
≤ 500 íbúar	23	23%	45%	81%
501-1000	18	32%	41%	54%
1001-2000	11	32%	41%	47%
2001-5000	13	31%	37%	51%
5001 ≥	8	32%	37%	41%
Reykjavík	1		34%	

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Reiknað er hlutfall rekstrarútgjalda af skatttekjum, þ.e. sá kostnaður sem stendur eftir þegar þjónustutekjur hafa verið dregnar frá.

Í töflu 88 má sjá hve háu hlutfalli af skatttekjum sínum sveitarfélög verja beint til reksturs grunnskóla eftir stærð þeirra. Gefið er upp vegið meðaltal fyrir hvern hóp sveitarfélags ásamt hæsta og lægsta gildi sem gefur vísbendingu um dreifingu innan hvers hóps. Vegið meðaltal hjá sveitarfélögum með 500 eða færri íbúa er 45%. Hæst er hlutfallið 81% og lægst 23% í þeim stærðarhópi. Dreifingin innan hvers hóps minnkar eftir því sem sveitarfélögin eru stærri.

Mynd 43. Hlutfall rekstrarútgjalda af skatttekjum sveitarfélaga árið 2010



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Reiknað er hlutfall rekstrarútgjalda af skatttekjum, þ.e. sá kostnaður sem stendur eftir þegar þjónustutekjur hafa verið dregnar frá.

Á mynd 43 má sjá upplýsingar úr töflu 88 settar fram á myndrænu formi.

8.3. Rekstrarkostnaður á hvern nemanda

Rekstrarkostnaður vegna grunnskóla á hvern nemanda er kennitala sem gjarnan er litið til, þ.e. hvað hver nemandi kostar sveitarfélagið. Hafa verður í huga að staðbundnar aðstæður og innri gerð landssvæða getur haft mikil áhrif á rekstrarkostnað vegna lögbundinnar þjónustu. Þannig er erfitt á fámennum og strjálbýlum svæðum að samnýta mannvirki og þekkingu og þar eru minni og óhagkvæmari rekstrareiningar en í fjölmennari sveitarfélögum. Í þessum kafla er fjallað um þann rekstrarkostnað sem er bókfærður beint á grunnskóla. Ekki er tekinn með kostnaður vegna sameiginlegra liða líkt og gert var í Skólaskýrslu 2009. Þá er ekki er tekinn með kostnaður vegna vistunar utan skólatíma eða annan rekstrarkostnað. Áréttað skal að ósamræmi meðal sveitarfélaga í bókhaldi eins og greint er frá í kafla 8.1 leiðir af sér ónákvæmni í samanburði milli sveitarfélaga og getur jafnvel skekkt slíkan samanburð.

Tafla 89. Beinn rekstrarkostnaður á hvern nemanda 2006–2010 eftir landshlutum

	2006	2007	2008	2009	2010	2006–2010		2009–2010	
						Breyting	% breyting	Breyting	% breyting
Reykjavík	1.192	1.176	1.224	1.238	1.220	28	2%	-18	-1%
Höfuðsv. án Rvk.	1.118	1.091	1.160	1.124	1.138	20	2%	14	1%
Suðurnes	1.019	1.003	1.123	1.171	1.101	82	8%	-70	-6%
Vesturland	1.265	1.255	1.264	1.256	1.270	5	0%	14	1%
Vestfirðir	1.230	1.245	1.310	1.321	1.410	180	15%	90	7%
Norðurland vestra	1.448	1.433	1.500	1.552	1.521	73	5%	-31	-2%
Norðurland eystra	1.096	1.186	1.243	1.249	1.257	162	15%	8	1%
Austurland	1.384	1.355	1.425	1.490	1.527	143	10%	38	3%
Suðurland	1.244	1.259	1.314	1.372	1.347	103	8%	-25	-2%
Landið allt	1.175	1.169	1.228	1.236	1.231	56	5%	-5	0%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.


Skýring: Fjárhæðir í þús.kr. og staðvirt á verðlagi ársins 2010. Vegið meðaltal landshluta og á landsvísu. Nemendafjöldi fyrir hvert ár, einnig fjöldi nemenda í sjálfstætt starfandi skólum er reiknaður út frá tveimur skólaárum og reiknað meðaltal þeirra. Beinn rekstrarkostnaður vísar í þann brúttó kostnað sem er bókfærður á hvern skóla.

Rekstrarkostnaður á hvern nemanda árið 2010 á landsvísu er 1.231 þús.kr. Búið er að leiðrétta fyrir verðlagsbreytingum á tímabilinu og raunhækkun á tímabilinu eru 56 þús.kr. á hvern nemanda eða sem nemur 5% hækkun. Kostnaður á hvern nemanda hækkar í öllum landshlutum á tímabilinu. Mest hækkar hann á Vestfjörðum eða um 180 þúsund kr. á hvern nemanda. Hlutfallslega eykst kostnaður mest á hvern nemanda á Vestfjörðum og Norðurlandi eystra eða um 15%.

Sé litið til breytinga milli árána 2009 og 2010 sést að þróunin breytist. Rekstrarkostnaður á hvern nemanda dregst saman í mörgum landshlutum, mest á Suðurnesjum eða um 6%.

Árið 2010 er rekstrarkostnaður á hvern nemanda hæstur á Austurlandi en lægstur á Suðurnesjum.

Mynd 44. Rekstrarkostnaður á hvern nemanda 2006–2010 eftir landshlutum



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Í mynd 44 eru gögn úr töflu 89 sett fram á myndrænan hátt.

Tafla 90. Rekstrarkostnaður á hvern nemanda 2006–2010

	Rekstrarkostnaður á hvern nemanda	% breyting frá fyrra ári
2006	1.175	
2007	1.169	-0,4%
2008	1.228	5,0%
2009	1.236	0,6%
2010	1.231	-0,4%
Breyting	56	
% breyting	5%	

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Fjárhæðir í þús.kr. og staðvirk á verðlagi ársins 2010. Vegið meðaltal landshluta og á landsvísu. Nemendafjöldi fyrir hvert ár er reiknaður út frá tveimur skólaárum og reiknað meðaltal þeirra. Beinn rekstrarkostnaður vísar í þann brúttó kostnað sem er bóktæður á hvern skóla.

Í töflu 90 er að finna yfirlit yfir beinan rekstrarkostnað á hvern nemanda á tímabilinu 2006–2010 og að auki hlutfallslegri breytingu milli ára. Þannig sést að kostnaður á hvern nemanda hækkar að raungildi um 5% árið 2008 miðað við fyrra ár. Árið 2010 er rekstrarkostnaður á hvern nemanda 1.231 þús.kr. og hefur hækkað um 56 þús.kr. á hvern nemanda á tímabilinu 2006–2010.

Tafla 91. Rekstrarkostnaður á hvern nemanda árið 2010 eftir stærð sveitarfélaga

	Fj. svf.	Lægsta gildi	Vegið meðaltal	Hæsta gildi	Munur á hæsta og lægsta gildi
≤ 500 íbúar	16	1.608	2.270	5.253	3.645
501-1000	18	1.104	1.666	2.453	1.349
1001-2000	11	1.161	1.449	1.762	601
2001-5000	13	923	1.295	1.598	675
5001 ≥	8	955	1.107	1.237	282
Reykjavík	1		1.220		

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.


Skýring: Fjárhæðir í þús.kr. Vegið meðaltal hvers hóps ásamt hæsta og lægsta gildi. Nemendafjöldi fyrir hvert ár er reiknaður út frá tveimur skólaárum og reiknað meðaltal þeirra.

Í töflu 91 er búið að flokka rekstrarkostnað á hvern nemanda eftir stærð sveitarfélaga. Reiknað er vegið meðaltal fyrir hvern stærðarhóp. Að auki er uppgafið lægsta og hæsta gildi innan hvers hóps sem er vísbending um mun innan hópa. Vegið meðaltal rekstrarkostnaðar á hvern nemanda er

hæst í fámennustu sveitarfélögunum eða rúmar tvær m.kr. á hvern nemanda, og lækkar eftir því sem sveitarfélögin eru fjölmennari. Þó er þessi lykiltala örlítið hærri í Reykjavík en meðal annarra sveitarfélaga með yfir 5.000 íbúa.

Munurinn er þó ekki síst minni innan hvers hóps og milli hópa. Þannig munar rúmum þrem m.kr. á hvern nemanda á lægsta og hæsta gildi meðal sveitarfélaga með 500 íbúa eða færri. Skýring á þessum mikla mun á rætur að rekja til sveitarfélags með mjög fámennan skóla hvar staðbundnar aðstæður stýra kostnaðarþætti að miklu leyti. Munur innan hóps, eða dreifingin, minnkar eftir því sem sveitarfélögin eru fjölmennari.

Mynd 45. Rekstrarkostnaður á hvern nemanda árið 2010 eftir stærð sveitarfélaga



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Tölur í þús.kr. Vegðið meðaltal hvers hóps ásamt hæsta og lægsta gildi. Nemendafjöldi fyrir hvert ár er reiknaður út frá tveimur skólaárum og reiknað meðaltal þeirra.

Á mynd 45 eru upplýsingar úr töflu 91 settar fram á myndrænan hátt. Það sveitarfélag sem býr við hæstan rekstrarkostnað á hvern nemanda ver rúmum fimm m.kr. á hvern nemanda. Um er að ræða afar fámennt sveitarfélag með afar fáa nemendur. Mest er dreifing meðal fámennari sveitarfélaga, og minnkar eftir því sem sveitarfélögin verða stærri.

Samantekt

Árið 2010 nam heildarkostnaður sveitarfélaga vegna reksturs grunnskóla 57 ma.kr. eða um 3,7% af vergri landsframleiðslu sama ár. Stærsti kostnaðarliður eru laun og launatengd gjöld en þau nema um 2/3 af heildarkostnaði. Á tímabilinu 2005–2010 jókst kostnaður að raungildi um rúma fjóra ma.kr. sem samsvarar 8% aukningu.

Sveitarfélög verja mismiklu hlutfalli af skatttekjum sínum vegna rekstrarútgjalda grunnskólans, allt frá 23% til 81%. Í nokkrum sveitarfélögum er hlutfallið undir 30% en flest þeirra eiga það sameiginlegt að reka ekki sjálf grunnskóla en greiða ákveðna upphæð með börnum búsettum í sveitarfélaginu sem ganga í grunnskóla í öðru sveitarfélagi, eða reka grunnskóla í félagi við önnur sveitarfélög.

Vegðið meðaltal allra sveitarfélaga er 37% og hefur hækkað um þrjú prósentustig frá 2007. Flest sveitarfélög verja 31–50% af skatttekjum sínum til grunnskóla eða 58 þeirra. Fámennari sveitarfélög verja herra hlutfalli af skatttekjum til málaflokksins en hin fjölmennari.

Kostnaður á hvern nemanda árið 2010 nam 1.231 þús.kr. og hefur hækkað um 5% að raungildi frá árinu 2006. Árið 2010 er kostnaður á hvern nemanda hæstur á Austurlandi og er hann ríflega þriðjungur hærri en á Suðurnesjum, þar sem hann er lægstur á hvern nemanda.

HELSTU ÞÆTTIR Í SKÓLAMÁLASTARFI SAMBANDSINS 2011

Skólamálanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga

Hlutverk skólamálanefndar samkvæmt erindisbréfi er *að vera ráðgefandi fyrir stjórn og starfsemi sambandsins í skóla- og fræðslumálum sem snerta sveitarfélög*. Í skólamálanefnd eiga sæti: Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, Gunnar Gíslason, fræðslustjóri Akureyrarkaupstaðar, Helga Guðmundsdóttir, fræðslufulltrúi á Fljótsdalshéraði, Kristín Hreinsdóttir, framkvæmdastjóri Skólaskrifstofu Suðurlands og Ragnar Þorsteinsson, fræðslustjóri Reykjavíkurborgar. Skólamálanefnd fundar allt að mánaðarlega eftir þörfum um málefni er varða skóla- og menntamál sveitarfélaga og samskipti ríkis og sveitarfélaga á þeim vettvangi. Allar fundargerðir skólamálanefndar eru birtar á upplýsingavef sambandsins, undir tenglinum „Skólamál“. Slóðin er: <http://www.samband.is/verkefni/skolamal/skolamalanefnd/>. Starfsmaður skólamálanefndar og tengiliður sambandsins við skólaskrifstofur landsins er Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi.

Skólaþing sveitarfélaga og málstofa sambandsins um skólamál

Skólaþing sveitarfélaga, sem haldið er annað hvert ár, var haldið 4. nóvember 2011. Meginumfjöllunarefni skólaþingsins voru tvö, þ.e.. innleiðing nýrra aðalnámskráa fyrir leik- og grunnskóla og sameining og samrekstur skóla. Að auki fjallaði mennta- og menningarmálaráðherra um stöðu skólamála og gaf þinggestum færi til spurninga. Fulltrúi frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga ræddi um nýjar úthlutunarreglur sjóðsins vegna framlaga til tónlistarfræðslu, á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 23. maí 2011 og fleiri áhugaverð erindi voru flutt. Markmiðið með skólaþingi er að skapa samráðs- og lærdómsvettvang milli sveitarfélaga og milli kjörinna fulltrúa og ráðinna stjórnenda skólamála í sveitarfélögum og tiltekinna hagsmunaaðila annarra. Metþátttaka var á þinginu, ríflega 220 manns. Almenn ánægja reyndist með val viðfangsefna, skipulag og framkvæmd Hlusta má á erindi þingsins og sjá samantekt á mati þinggesta á upplýsingavef sambandsins: <http://www.samband.is/verkefni/skolamal/skolathing-og-malstofur/>.

Skólamálastefna Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fyrsta skólamálastefna Sambands íslenskra sveitarfélaga var samþykkt í stjórn sambandsins árið 2008, að fenginni umsögn sveitarfélaga, valinna sérfræðinga og þinggesta á II. Skólaþingi sveitarfélaga árið 2007.

Markmiðið með skólamálastefnunni er fyrst og fremst að skilgreina hlutverk sambandsins sem sameiginlegs málsvara og hagsmunagæsluaðila sveitarfélaga í landinu og tilgreina með hvaða hætti það ætlar að uppfylla þessar skyldur sínar. Unnið er að endurskoðun stefnunnar um þessar mundir. Líklegt er að framsetningin verði með þeim hætti að settar verði fram *áherslur sambandsins í skólumálum* fremur en endanleg stefna sem endurspegli þannig betur skilgreint hlutverk sambandsins sem hagsmunagæsluaðila sveitarfélaga. Vinnu við endurskoðunina verður framhaldið á næsta ári.

Sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólastarf til 2020

Félag grunnskólakennara, Skólastjórafélag Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga unnu árið 2007 að sameiginlegri sýn fyrir grunnskólann til ársins 2020. Framtíðarsýn fyrir grunnskólastarfið er stefnuþag sem hugsað er sem fyrirmynd á landsvísi fyrir stefnumótun sveitarfélaga og grunnskóla. Framtíðarsýnin var kynnt skóla- og sveitarstjórnarfólki um land allt á sameiginlegum kynningarfundum. Lokaskýrsla og glærur frá fundum eru aðgengilegar á slóðinni

<http://www.samband.is/verkefningin/skolamal/stefnumotun/framtidarsyn-fyrir-skolastarf/>. Hjá sambandinu starfaði frá september 2009 til ágúst 2011 sérstakur [verkefnisstjóri](#) sem m.a. hafði það verkefni með höndum að innleiða framtíðarsýnina og aðstoða sveitarfélög við gerð skólastefnu. Í tengslum við störf verkefnisstjóra voru tekin saman gögn úr fyrirliggjandi rannsóknum sem sýna stöðu á ýmsum mælikvörðum úr Framtíðarsýninni við fyrri hluta þess tímabils sem hún nær til, eða frá 2007-2010. Samantekt rannsóknarniðurstaðna er ætlað að gefa grunnlínu sem hægt er að bera síðari mælingar saman við og fylgjast þannig með framgangi stefnunnar og segja til um hversu vel gengur að ná settum markmiðum.

Á grundvelli bókana með nýgerðum kjarasamningi við Félag grunnskólakennara og Skólastjórafélag Íslands lýsa aðilar sig sammála um að halda áfram vinnu á grundvelli sameiginlegrar framtíðarsýnar. Sú vinna er þegar hafin og skipaðir hafa verið tveir starfshópar fulltrúa frá báðum aðilum til þess að framhalda þeirri vinnu sem lagður var grundvöllur að 2007-2008.

Sameiginleg framtíðarsýn fyrir leikskólastarf

Með kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags leikskólakennara annars vegar og Félags stjórnenda leikskóla hins vegar fylgja samhljóða bókanir þar sem sammælt er um að fara í það verkefni á samningstímanum að móta sameiginlega framtíðarsýn sveitarstjórnarmanna, stjórnenda leikskóla og leikskólakennara um það hvernig leikskólastarfi verði best hagað með hagsmunum leikskólabarna að leiðarljósi

Lok samstarfsverkefnis Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmála-ráðuneytis í skólamállum

Samband íslenskra sveitarfélaga, mennta- og menningarmálaráðuneyti og Jöfnunarsjóður sveitarfélaga gerðu haustið 2009 með sér samstarfssamning um ráðningu verkefnisstjóra til tveggja ára til að vinna að innleiðingu nýrra laga um leik- og grunnskóla. Björk Ólafsdóttir, matsfræðingur, var ráðin verkefnisstjóri. Verkefninu er nú formlega lokið og eru hér á eftir tekin saman þau verkefni sem unnið var að.

Megináhersla í starfi verkefnisstjóra var að:

1. Kortleggja samfélagslegar rannsóknir þar sem gagna er aflað í leik- og grunnskólum í þeim tilgangi að gefa yfirlit yfir upplýsingaöflun í leik- og grunnskólum til að stuðla að aukinni hagnýtingu á þeim.
 - Unnin voru yfirlit yfir rannsóknir og kannanir í leik og grunnskólum. Um er að ræða fjögur exel skjöl sem eru aðgengileg á slóðinni:
<http://www.samband.is/verkefningin/skolamal/mat-efirlit-og-rannsoknir-a-skolastarfi/yfirlit-yfir-rannsoknir-og-kannanir-i-leik--og-grunnskolum/>
2. Skýra eftirlits- og matshlutverk sveitarfélaga gagnvart ráðuneytinu samkvæmt nýjum lögum um leik- og grunnskóla. Markmiðið var að auðvelda sveitarfélögum að uppfylla þessi ákvæði laganna, til dæmis með gerð leiðbeininga fyrir skólanefndir.
 - Settur var á stofn faghópur með fulltrúum ráðuneytis og sveitarfélaga. Faghópurinn lagði fram tillögur að sameiginlegu ytra mati ráðuneytis og sveitarfélaga á grunnskólastarfi. Tillögur faghóps eru aðgengilegar á slóðinni:

<http://www.samband.is/verkefnin/skolamal/mat-eftirlit-og-rannsoknir-a-skolastarfi/faghopur-um-ytra-mat-a-skolastarfi/>

- Unnið var yfirlit yfir skyldur og ábyrgð sveitarfélaga og skólanefnda samkvæmt lögum um leikskóla. Yfirlitið er aðgengilegt á slóðinni:

<http://www.samband.is/media/mat-og-rannsoknir-a-skolastarfi/Leidbeiningar-fyrir-skolaneindir-vegna-leikskola.pdf>

- Unnið var yfirlit yfir skyldur og ábyrgð sveitarfélaga og skólanefnda samkvæmt lögum um grunnskóla. Yfirlitið er aðgengilegt á slóðinni:

<http://www.samband.is/media/mat-og-rannsoknir-a-skolastarfi/Leidbeiningar-fyrir-skolaneindir-vegna-grunnskola.pdf>

- Unnar voru leiðbeiningar og viðmið fyrir sveitarfélög í tengslum við innra mat leikskóla. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á slóðinni:

<http://www.samband.is/media/mat-og-rannsoknir-a-skolastarfi/Leidbeiningar-fyrir-eftirlit-med-innra-mati-leikskola.pdf>

- Unnar voru leiðbeiningar og viðmið fyrir sveitarfélög í tengslum við innra mat grunnskóla. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á slóðinni:

<http://www.samband.is/media/mat-og-rannsoknir-a-skolastarfi/Leidbeiningar-fyrir-eftirlit-med-innra-mati-grunnskola.pdf>

3. Veita sveitarfélögum almenna ráðgjöf um val, greiningu og samhæfingu á mælitækjum og aðferðum til þess að auðvelda þeim að uppfylla skyldur sínar um eftirlit með skólastarfi og mat á gæðum þess.

- Tekið var saman yfirlit yfir matstæki fyrir leikskóla. Yfirlitið er aðgengilegt á slóðinni:

<http://www.samband.is/verkefnin/skolamal/leikskoli/eydublod-og-onnur-utgafa/>

- Tekið var saman yfirlit yfir matstæki fyrir grunnskóla. Yfirlitið er aðgengilegt á slóðinni:

<http://www.samband.is/verkefnin/skolamal/grunnskoli/matstaeki-fyrir-grunnskola/>

- Vorið 2011 voru haldin námskeið fyrir skólanefndir víðs vegar um landið þar sem verkefnisstjóri fjallaði um ábyrgð og hlutverk skólanefnda samkvæmt lögum um leik- og grunnskóla.
- Verkefnisstjóri tók þátt í þróun Skólavogar, sem er tilraunaverkefni á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga um mat á skólastarfi og samantekt tölulegra upplýsinga um skólastarf.
- Ásamt Svandísi Ingimundardóttur skrifaði verkefnisstjóri grein í Sveitarstjórnarmál þar sem fjallað var um hvernig sveitarfélög geta nýtt sér niðurstöður PISA rannsóknarinnar.

4. Veita sveitarfélögum almenna ráðgjöf varðandi stefnumótun í skólamálu og hanna leiðbeiningar sem gætu auðveldað sveitarfélögum þá vinnu.

- Tekin var saman handbók um gerð skólastefnu sveitarfélaga. Handbókin er aðgengileg á slóðinni:

<http://www.samband.is/media/stefnumotun-i-skolamalum/Skolastefna-stora.pdf>

- Byggt á handbókinni voru teknar saman styttri leiðbeiningar um mótun skólastefnu í sveitarfélögum. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á slóðinni:

<http://www.samband.is/media/stefnumotun-i-skolamalum/Skolastefna-litla.pdf>

- Á heimasíðu sambandsins voru settir tenglar á skólastefnur þeirra sveitarfélaga sem hafa mótað sér slíkar stefnur. Ennfremur var sett inn leiðbeinandi efni sem viðkomandi sveitarfélög hafa tekið saman til upplýsingar um feril stefnumótunarvinnu sinnar. Skólastefnur og leiðbeinandi efni eru aðgengileg á slóðinni:

<http://www.samband.is/verkefnin/skolamal/stefnumotun/skolastefnur-sveitarfelaga/>

- Skrifuð var grein í Sveitarstjórnarmál þar sem fjallað var um mótun skólastefnu sveitarfélaga.
- Vorið 2011 voru haldin námskeið fyrir skólanefndir víðs vegar um landið þar sem verkefnisstjóri fjallaði um gerð skólastefnu sveitarfélaga.

5. Fylgja eftir sameiginlegri framtíðarsýn fyrir grunnskólastarf til 2020 og gera áherslur framtíðarsýnar aðgengilegar sem viðmið við gerð skólastefnu sveitarfélaga.

- Í handbók um gerð skólastefnu er fjallað um framtíðarsýnina og hagnýtingu hennar við skólastefnugerð sveitarfélaga.
- Úr fyrirbyggjandi rannsóknarniðurstöðum voru teknar saman upplýsingar í tengslum við skilgreinda mælikvarða í framtíðarsýninni til að hafa grunnlínu til að meta framfarir út frá. Samantekt grunnlínugagna er aðgengileg á slóðinni: <http://www.samband.is/verkefnin/skolamal/stefnumotun/framtidarsyn-fyrir-skolastarf/>
- Verkefnisstjóri var fulltrúi sambandsins í faghóp um heilsueflandi grunnskóla, sem er verkefni á vegum Lýðheilsustöðvar/Landlæknisembættisins.

Skólavogin og ákvörðun um samstarfsaðila

Skólavogin var í upphafi sett á laggirnar sem tilraunaverkefni af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga í samstarfi við valin sveitarfélög árið 2007. Skólavogin skilar samanburði á viðhorfi nemenda, foreldra og starfsfólks í grunnskólum, árangri nemenda og ýmsum rekstrarupplýsingum. Sveitarfélögum sem tóku þátt í verkefninu fjölgaði hratt og var svo komið að ef átti að halda verkefninu áfram var nauðsynlegt að koma því í annað og öflugra vistunar- og úrvinnsluumhverfi. Árið 2010 tók verkefnisstjórn Skólavogarinnar því ákvörðun um að það hefði runnið sitt skeið sem tilraunaverkefni og þörf væri á að finna verkefninu farveg til framtíðar.

Skólavogin byggir á norskrri hugmyndafræði (Bedre kommune). Verkefnið hefur frá upphafi verið þróað hjá Kommuneforlaget sem er dótturfyrirtæki norska sveitarfélagasambandsins (KS). Það hefur skilað miklum árangri og náð mikilli útbreiðslu meðal norskra sveitarfélaga. Því var haft samband við forsvarsmenn verkefnisins um möguleika á samstarfi um frekari þróun skólavogarinnar á Íslandi. Vorið 2010 komu Norðmennirnir Ove Monsen, framkvæmdastjóri Kommuneforlaget og Jan Wölneberg framleiðslustjóri hjá Kommuneforlaget og héldu kynningu fyrir starfsmenn sambandsins ásamt verkefnisstjórn.

Í framhaldi af þessum fundi lýstu Norðmenn sig reiðubúna til samstarfs við íslensk sveitarfélög um aðgang að þeirra kerfi. Forsenda þess að slíkt gæti orðið var að nægilega mörg sveitarfélög tækju þátt í verkefninu. Eitt af því sem gerði samstarf við Norðmennina áhugavert var að þeir hafa þróað álíka matskerfi og unnið er með fyrir grunnskólann fyrir flesta málaflokka sveitarfélaganna. Því geta norsk sveitarfélög nú lagt mat á hvernig starfsemi einstakra málaflokka hefur þróast milli ára og hægt er að bera þróunina saman milli einstakra sveitarféлага og flokka sveitarféлага.

Sambandið stóð fyrir kynningu á Skólavoginni og mögulegu samstarfi við Norðmenn þann 5. september 2011. Öllum framkvæmdastjórum, fjármálastjórum, formönnum fræðslunefnda og fræðslustjórum/forstöðumönnum fræðsluskrifstofa var boðin þátttaka. Sveitarfélögum var gefinn tími til 15. desember 2011 til að gefa svar um hvort þau hygðust taka þátt í verkefninu. Þann 1. nóvember 2011 höfðu innan við 10 sveitarfélög tilkynnt þátttöku sína.

Í septemberlok höfðu forsvarsmenn Skólapúlsins ehf. samband við hag- og upplýsingasvið sambandsins um mögulegt samstarf Skólapúls og Skólavogar. Skólapúlsinn ehf. hefur frá árinu 2008 boðið grunnskólum landsins þjónustu um framkvæmd, fyrirlögn og úrvinnslu viðhorfakönnunar Skólapúlsins fyrir nemendur. Þessar kannanir hafa grunnskólar nýtt við sitt innra mat. Ríflega 80 grunnskólar hafa gengið til samstarfs við Skólapúlsinn og ríkir almenn ánægja meðal þeirra um samstarfið við fyrirtækið.

Í kjölfar kynningar Norðmanna í september hófst samræða milli Reykjavíkurborgar og Skólapúlsins um hvort hægt væri að nýta niðurstöður Skólapúlsins inn í Skólavogina. Í framhaldi af því hafa starfsmenn sambandsins fundað með forsvarsmönnum fyrirtækisins til að kanna hvort flötur væri á samstarfi við þá um frekari þróun Skólavogarinnar. Á fundum sambandsins með forsvarsmönnum Skólapúlsins hefur komið í ljós að hugmyndafræði þeirra og veflausnir byggja á áþekku verklagi og norska kerfið Bedre kommune. Veruleg þróunar- og aðlögunar vinna þarf þó að eiga sér stað þar til kerfið getur farið að starfa eins og ætlast er til. Aðstandendur Skólapúlsins hafa mikinn áhuga á að taka þátt í þessari þróunarvinnu sem yrði unnin í samstarfi við starfsmenn sambandsins. Forsvarsmenn Skólapúlsins ætla að áskriftargjald til sveitarféлага standi bæði straum af rekstri og þróunarvinnu.

Hvað varðar endanlega ákvörðun þá skipti verulegu máli að mörg sveitarfélög og einstakir grunnskólar þekkjá Skólapúlsinn nú þegar og hafa góða reynslu af honum. Þá er gjaldskráin í flestum tilvikum lægri en miðað við gefnar forsendur með samstarfi við Norðmenn meðal annars vegna stöðu krónunnar gagnvart norsku krónunni. Þá er óvissu eytt vegna gjaldskrár þar sem hún liggur fyrir hjá Skólapúlsinum, en í tilviki Norðmanna er hún mjög háð fjölda þátttakenda.

Þegar kostir og gallar við samstarf hvors aðila um sig voru veginir varð það ákvörðun sambandsins að leita samstarfs við Skólapúlsinn í stað Kommuneforlaget í Noregi. Um þessar mundir er verið að vinna að langtímasamningi við Skólapúlsinn ehf. um framkvæmd Skólavogarinnar.

Tilraunaverkefni um ytra mat á grunnskólastarfi

Framkvæmd ytra mats á grunnskólum er samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 bæði á ábyrgð sveitarféлага og mennta- og menningarmálaráðuneytis. Haustið 2010 var stofnaður faghópur til að meta hvort grundvöllur væri fyrir samstarfi sveitarféлага og ráðuneytis um reglubundið ytra mat á grunnskólum. Faghópnum var falið að móta hugmynd að samstarfi og lagði hann fram skriflega tillögu um útfærslu ytra mats á grunnskólastarfi í mars 2011. Sjá: <http://www.samband.is/verkefnin/skolamal/mat-eftirlit-og-rannsoknir-a-skolastarfi/faghopur-um-ytra-mat-a-skolastarfi/>

Faghópurinn, sem samanstóð af fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytis og sveitarféлага, stakk upp á að í tilraunaskyni yrði tillaga hans prófuð með þátttöku sex skóla. Tilgangurinn yrði að kostnaðarmeta verkefnið á raunhæfan hátt og endurskoða og lagfæra áætlanir um framkvæmd

matsins. Einnig væri með tilraunaverkefninu hægt að svara á öruggari máta mörgum álitaefnum í tillögunum hvað varðar fyrirkomulag í kringum ytra matið.

Í október 2011 hófst undirbúningur ytra mats og ráðnir voru sérfræðingar til að annast útfærslu á tillögum faghóps, s.s. gerð viðmiða, siðareglna og leiðbeininga fyrir matsteymi auk þess að skipuleggja tilraunaverkefni og ráða matsaðila.

Tilraunaverkefnið sjálft hefst í janúar 2012 og stendur yfir í sex mánuði. Metnir verða sex skólar á tímabilinu, á þremur landsvæðum, og leitast verður við að meta skóla sem eru ólíkir að stærð og gerð og í ólíkum sveitarfélögum. Jafnhliða tilraunaverkefninu á sér stað mat og endurskoðun á matsaðferðum og fyrirkomulagi ytra mats. Mat og endurskipulagning er í höndum verkefnisstjóra, þeirra sem framkvæma matið og einnig verður leitað eftir sjónarmiðum þátttökuskóla og -sveitarfélaga. Tilraunaverkefnið er styrkt af mennta- og menningarmálaráðuneyti og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Sett verða á laggirnar matsteymi til að meta skólana og mynda tveir aðilar hvert teymi. Ráðnir verða tveir matsaðilar frá 1. janúar 2012 sem hvor um sig metur þrjá skóla. Á móti þeim í matsteymi er gert ráð fyrir að viðkomandi sveitarfélag tilnefni matsaðila.

Markmið með ytra matinu eru meðal annars að vera skólum hvati til frekari skólaþróunar, styðja stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi og efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla. Ekki er verið að leggja upp með að gera samanburð á skólum heldur nota samræmdar matsaðferðir þannig að í öllum skólum verði skólastarfið metið með sambærilegri nálgun og á grundvelli sömu viðmiða.

Þeir þrír matsþættir sem verða þungamiðjan í matinu eru: (1) Kennsla og nám, (2) stjórnun skóla og (3) vinnubrögð við innra mat. Einnig er gert ráð fyrir að skóli, skólaráð eða sveitarfélag geti komið fram með óskir um að matsteymi skoði sérstaklega tiltekinn þátt í starfi viðkomandi skóla.

Með því að skipa fulltrúa sína í faghóp um ytra mat áttu bæði ráðuneyti og sveitarfélög sameiginlega þátt í að móta hugmyndir um það fyrirkomulag ytra mats sem liggur til grundvallar tilraunaverkefninu. Verkefnið markar ákveðin tímamót þar sem leitast er við að prófa hvort samstarf tveggja stjórnslusviða, ríkis og sveitarfélaga, um ytra mat á grunnskólastarfi sé framkvæmanlegt. Í því samhengi má einnig benda á skýrslu Ríkisendurskoðunar frá janúar 2008 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og grunnskólann, þar sem meðal annars er kallað eftir markvissara verklagi við mat á árangri í skólastarfi og auknu eftirliti með meðferð fjárveitinga til grunnskóla.

Samstarfsnefnd um símenntun/starfsþróun kennara

Síðastliðið sumar gerðu Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Kennarasamband Íslands, Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Háskólinn á Akureyri, Listaháskóli Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga með sér samkomulag eða sérstaka viljayfirlýsingu um samstarf á sviði símenntunar. Stofnuð hefur verið samstarfsnefnd þessara aðila með það að markmiði að vinna að verkefnum á sviði símenntunar og starfsþróunar kennara á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi.

Helstu verkefni verða þessi:

- Að samræma og flokka upplýsingar um símenntunartilboð fyrir kennara og koma á laggirnar upplýsingaveitu um framboð símenntunar fyrir kennara.
- Að setja fram sameiginlegan skilning aðila á því hvað felst í símenntun/starfsþróun kennara og vinna að því að auðvelda kennurum á mismunandi skólastigum að sækja sömu símenntun/starfsþróun, að sækja sameiginleg námskeið, ráðstefnur og þróunarverkefni.
- Vinna við að greiða leið kennara til að nýta sér námsframboð háskólanna samhliða vinnu.
- Að ræða þróun samræmdra aðferða við skráningu starfsþróunar.

Verkefni byggja að verulegu leyti á tillögum nefndar á vegum mennta- og menningarmálaráðherra sem skilaði skýrslu um símenntunarmál í árslok 2010 en sömu aðilar og nú hafa gert með sér samkomulag áttu fulltrúa í þeirri nefnd. Skýrsluna má nálgast vef nefndarinnar (sjá slóð hér að neðan).

Samstarfsnefndinni til fulltingis er stýrihópur sem í sitja fjórir fulltrúar úr hópi þeirra sem sitja í samstarfsnefndinni og ennfremur hefur verið skipuð fjögurra manna ritstjórn upplýsingaveitu um símenntun.

Samkomulagið er um vinnu að fyrrgreindum málefnum í eitt ár frá 1. október 2011 til 30. september 2012 og ráðinn hefur verið starfsmaður í 50% starf til að vinna með stýrihópi og samstarfsnefnd. Allir aðilar samkomulagsins leggja fé af mörkum til starfsins.

Nánari upplýsingar gefur starfsmaður samstarfsnefndar, Edda Kjartansdóttir, eddakja@hi.is, sími 525 5983.

Vefur um vinnu nefndarinnar verður opnaður á slóðinni <https://skrif.hi.is/samstarfumsimenntun>.

Úthlutanir úr Námsleyfasjóði og Endurmenntunarsjóði grunnskóla vegna skólaársins 2011-2012

Samkvæmt kjarasamningi sambandsins og FG hafa kennarar í grunnskóla allt að 150 klst. á ári til símenntunar og aukins undirbúnings utan hefðbundins starfstíma grunnskóla (gr. 2.1.6.1). Endurmenntun kennara skal vera í samræmi við endurmenntunaráætlun skólans og undir verkstjórn skólustjóra. Þannig getur skólustjóri ákveðið að einstakir kennarar eða kennarahópar sækji skilgreinda endurmenntun (gr. 2.1.6.4). Samband íslenskra sveitarfélaga hefur umsjón með tveimur sjóðum sem styðja sérstaklega við sí- og endurmenntun kennara, ráðgjafa og stjórnenda í grunnskólum. Þeir eru Námsleyfasjóður og Endurmenntunarsjóður grunnskóla.

Markmið Námsleyfasjóðs er að tryggja fjárhagslega afkomu kennara, námsráðgjafa og stjórnenda grunnskóla í námsleyfi. Í hann renna 1,3% af dagvinnulaunum kennara og stjórnenda í grunnskólum. Úthlutun námsleyfa vegna skólaársins 2011-2012 lauk í nóvember 2010. Fjármagn til úthlutunar leyfði að veitt væru samtals 32 námsleyfi en alls bárust Námsleyfasjóði 163 fullgildar umsóknir. Aðeins var því hægt að fallast á tæplega 20% þeirra beiðna sem fyrir lágu. Eins og fram kom í auglýsingu var ákveðið að allt að 1/3 leyfa yrði úthlutað sérstaklega vegna náms sem tengist **kennslu nemenda með sértækar námsþarfir** og var 10 leyfum úthlutað til slíkra verkefna. Þeim 22 námsleyfum, sem eftir voru, var skipt á milli landshluta með hliðsjón af fjölda starfandi kennara og stjórnenda eftir landshlutum.

Hlutverk Endurmenntunarsjóðs grunnskóla er að veita fé til endurmenntunar kennara, námsráðgjafa og stjórnenda grunnskóla. Þeir sem hyggjast standa fyrir slíkri endurmenntun geta sótt um framlög úr sjóðnum, þar á meðal háskólar, skólaskrifstofur, sveitarfélög, skólar, félög og fyrirtæki.

Framlög í sjóðinn eru ákvörðuð í fjárlögum og námu þau 22,7 m.kr. árið 2011 fyrir skólaárið 2011-2012. Því til viðbótar komu vaxtatekjur sjóðsins svo endanleg upphæð úthlutunar nam ríflega 24 m.kr. Úthlutun úr sjóðnum lauk um miðjan mars 2011. Alls bárust umsóknir um styrki til 184 verkefna upp á tæpar 74,5 m.kr. Ákveðið var að veita styrki til 162 verkefna og nam heildarupphæð styrkloforða 24.424.000,-kr.

Sjá nánar um sjóðina á <http://www.samband.is/verkefnin/skolamal/simenntun-kennara-og-stjornenda/> þar eru einnig upplýsingar um fleiri sjóði sem veita styrki til símenntunar kennara og stjórnenda leik-, grunn- og tónlistarskóla.

SETNING REGLUGERÐA SAMKVÆMT LÖGUNUM FRÁ 2008

Gott samstarf hefur verið milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis um innleiðingu skólamálaölgjafarinnar sem Alþingi samþykkti vorið 2008. Veigamikill þáttur í innleiðingu er setning reglugerða, en í flestum tilvikum koma þessar reglugerðir í stað annarra sem í gildi voru á grundvelli eldri laga.

Í fyrri skólaskýrslum hefur verið gerð grein fyrir stöðu vinnu við þessar reglugerðir á hverjum tíma. Við útgáfu skólaskýrslu 2009 höfðu þannig níu reglugerðir verið birtar og komið til framkvæmda. Á þeim tíma sem liðinn er síðan hafa eftirtaldar reglugerðir komið til skjalanna:

1. Reglugerð nr. 872/2009, um inntak menntunar leik-, grunn- og framhaldsskólakennara (október 2009)

Meginefni reglugerðarinnar varðar þær lágmarkskröfur sem gerðar eru til vægis uppeldis- og kennslufræða og vægis faggreina í menntun sem viðurkenndir háskólar bjóða upp á, þegar námið veitir rétt til þess að nota starfsheitið *kennari* á mismunandi skólastigum.

2. Reglugerð nr. 893/2009, um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald (október 2009)

Þessi reglugerð tekur til innra og ytra mats í leikskólum sem reknir eru af sveitarfélögum og öðrum aðilum. Reglugerðin tekur einnig til skyldu sveitarfélaga til að veita ráðuneytinu þær upplýsingar um skólahald sem óskað er eftir vegna eftirlits með skólastarfi í leikskólum. Meðal upplýsinga um leikskólahald sem sveitarstjórnir gera grein fyrir ár hvert eru fjöldi og heiti leikskóla í sveitarfélaginu, fjöldi barna í hverjum leikskóla, fjöldi barna í árgangi, fjöldi barna í árgangi sem fá sérkennslu og fyrirkomulag hennar og fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku. Ennfremur gera sveitarfélög grein fyrir fjölda leikskólakennara í sveitarfélaginu, fjölda annarra starfsmanna leikskóla en leikskólakennara, fjölda stöðugilda leikskólakennara, fjölda stöðugilda þeirra sem hafa aðra háskólamenntun auk fjölda stöðugilda annarra starfsmanna með vísan til starfsheita, stöðuhlutfalls, menntunarstigs og aldurs. Þá er upplýst um þætti varðandi innra starf leikskóla, þ.e.. starfstíma, fjöldi skóladaga á ári, daglegan dvalartíma barna og daglegan opnunartíma leikskóla.

3. Reglugerð nr. 896/2009, um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla (október 2009)

Í reglugerðinni eru skilgreindar þær upplýsingar sem foreldrum er skylt að veita leikskóla um barn sitt. Hér er um upplýsingar að ræða sem nauðsynlegar eru fyrir skólastarfið og velferð barnsins.

Þá kveður reglugerðin einnig á um að foreldrar eigi rétt á aðgangi að upplýsingum um börn sín sem leikskólar safna og varðveita.

4. Reglugerð nr. 897/2009, um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín (október 2009)

Þessi reglugerð tekur til öflunar, meðferðar, miðlunar og vörslu upplýsinga um nemendur í grunnskólum sem hafa fylgt barni úr leikskóla. Ennfremur tekur hún til meðferðar niðurstöðu hvers konar námsmats í grunnskólum og til miðlunar upplýsinga um námsmat vegna flutnings nemenda milli skóla og innritunar í framhaldsskóla.

Reglugerðin tekur einnig til réttar foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín auk þess sem vikið er að reglum um varðveislu upplýsinga til framtíðar. Í því sambandi er það athyglisvert nýmæli að um heimildir til þess að eyða gögnum er vísað til laga um Þjóðskjalasafn, en í því felst

að reglur safnsins ráða miklu um það hvernig fara skuli með upplýsingar sem eru skráðar m.a. í tölvukerfi meðan á skólagöngu barns stendur.

5. Reglugerð nr. 980/2009, um viðurkenningu grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum (desember 2009)

Þessi reglugerð er sett á grundvelli þess ákvæðis nýju grunnskólalaganna sem fjallar um svonefnda sjálfstætt starfandi (eða einkarekna) grunnskóla. Reglugerðin útfærir lagaákvæðið nokkuð nánar og mælir m.a. fyrir um gerð þjónustusamninga milli hlutaðeigandi sveitarfélags og ábyrgðaraðila sjálfstætt starfandi skóla. Er gert ráð fyrir að í þjónustusamningi sé fjallað um fjárhagsleg samskipti aðila, þar með talið vegna nemenda með sérþarfir og nemenda með annað móðurmál en íslensku, innritun nemenda, mat og eftirlit með starfsemi skólans og upplýsingagjöf um skólahlaldið.

6. Reglugerð nr. 160/2010, um matsnefnd náms- og starfsráðgjafa (febrúar 2010)

Reglugerðin er sett á grundvelli laga nr. 35/2009, um náms- og starfsráðgjafa, og tekur til starfa og starfshátta matsnefndar. Matsnefndin fjallar um mál þegar vafi leikur á hvort uppfyllt séu skilyrði til útgáfu leyfis mennta- og menningarmálaráðherra vegna umsóknar um að mega nota starfsheitið náms- og starfsráðgjafi, sbr. 1. gr. laga nr. 35/2009 um náms- og starfsráðgjafa. Samband íslenskra sveitarfélaga á áheyrnarfulltrúa í matsnefndinni.

7. Reglugerð nr. 440/2010, um störf og starfshætti undanþágunefndar grunnskóla (apríl 2010)

Í meginatriðum mælir þessi reglugerð fyrir um framhald þess fyrirkomulags, sem verið hefur við lýði varðandi umsóknir um heimild til þess að lausráða starfsmann til kennslu við grunnskóla sem ekki hefur leyfi mennta- og menningarmálaráðherra til að nota starfsheitið grunnskólakennari.

Það er óbreytt að undanþágunefnd ákveður hvort umbeðin heimild skuli veitt eða henni synjað. Nefndin getur einvörðungu heimilað lausráðningu til kennslustarfa til bráðabirgða og aldrei lengur en til eins árs. Þá er einnig mælt fyrir um að skólastjóri þurfi ekki að leita til undanþágunefndar þegar um er að ræða ráðningu sérfræðings til kennslu sem nemur 240 mínútum á viku eða minna.

8. Reglugerð nr. 584/2010, um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum (júní 2010)

Reglugerðin tekur til sérfræðiþjónustu beggja skólastiga og hefur mikið vægi við innleiðingu nýrra laga. Meðal annars mælir reglugerðin allitarlega fyrir um starfshætti starfsfólks við sérfræðiþjónustu. Er tekið á því hvaða hlutverki þessir aðilar gegna þegar fram fer athugun og greining á þörf barns fyrir sérfræðiaðstoð og einnig varðandi ráðgjöf, eftirfylgni og mat á árangri. Ennfremur er vikið að því að starfsfólk sérfræðiþjónustu sinni stuðningi við annað starfsfólk skóla, við foreldra og við forvarnastarf.

Þá er einnig fjallað í reglugerðinni um starfsemi nemendaverndarráða grunnskóla. Skólafólk er sérstaklega hvatt til þess að kynna sér efni reglugerðarinnar.

9. Reglugerð nr. 585/2010, um nemendur með sérþarfir í grunnskóla (júní 2010)

Þessi reglugerð leysir af hólmi eldri reglugerð um frá árinu 1996 um sérkennslu. Er framsetning ákvæða í nýju reglugerðinni mjög frábrugðin þeirri eldri, enda er þeirri nýju ætlað að framfylgja breyttum áherslum og stefnumótun sem átt hefur sér stað á síðastliðnum árum. Reglugerðin hefur þannig að geyma allitarlega markmiðssetningu, m.a. um að nemendur fái jöfn tækifæri á eigin forsendum til náms og virkrar þátttöku í grunnskólum án aðgreiningar. Ennfremur segir þar að nemendur skuli fá fjölbreytt nám við hæfi í hvetjandi námsumhverfi og í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og stöðu.

Þá kveður reglugerðin á um sérúrræði innan grunnskólans og sérskóla, þar sem þeir eru starfandi. Nýmæli í reglugerðinni er að gerð sé einstaklingsbundin tilfærsluáætlun fyrir þá nemendur sem nýta sérúrræði. Er miðað við að undirbúningur tilfærsluáætlunar hefjist í 9. bekk grunnskóla til þess að undirbúa að ekki verði óæskileg skil í skólagöngu eða annarri samfélagsþátttöku, þar á meðal í atvinnulífi, þegar grunnskólanum lýkur. Í áætluninni skulu vera upplýsingar um skólagöngu nemandans, núverandi aðstæður og stöðu og áform hans um frekara nám. Ennfremur aðrar upplýsingar vegna fyrirhugaðs náms hans við hæfi í framhaldsskóla og síðar fyrir þátttöku í atvinnulífi.

Skóla fólk er sérstaklega hvatt til þess að kynna sér efni þessarar reglugerðar.

Tvær síðasttöldu reglugerðirnar fengu sérstaka umfjöllun í starfshópi sem skipaður var til þess að fara yfir það hvaða kostnaðarauka mætti telja að hlytist af setningu reglugerða á grundvelli skólagagna frá 2008. Hópurinn er skipaður tveimur fulltrúum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tveimur frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Hópurinn hefur fundað reglulega það sem af er ári 2010 og mun á næstunni taka til við að meta kostnaðaráhrif af útgáfu nýrra aðalnámsskráa fyrir leikskóla annars vegar og grunnskóla hins vegar. Hópnum hefur einnig verið ætlað að vakta almenna kostnaðarþróun varðandi tiltekna liði í skólastarfinu.

Auk þessara reglugerða sem hér eru raktar var á árinu 2009 gerð ein breyting á reglum um skólaakstur, sem upphaflega voru settar í júlí 2009. Umrædd breyting átti rætur að rekja til álits sem mennta- og menningarmálaráðuneytið lét uppi um skyldur viðtökusveitarfélags gagnvart skólagöngu barna í tímabundnu fóstri. Í tilvitnuðu áliti komst ráðuneytið að þeirri niðurstöðu að þegar um væri að ræða tímabundna vistun fósturbarns, færi um kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaga samkvæmt barnaverndarlögum. Fólst í þessari niðurstöðu að 75. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 gengi framur meginreglu 3. mgr. 5. gr. laga nr. 91/2008, um grunnskóla. Til þess að koma þeirri niðurstöðu fram gagnvart kostnaði við skólaakstur var reglum þar að lútandi breytt í október 2009.

Við útgáfu þessarar skólaskýrslu er staðan sú að lokið hefur verið við alla setningu reglugerða, sem lögin frá 2008 gerðu ráð fyrir að settar yrðu.

LISTI YFIR ÁHUGAVERT EFNI ER VARÐA SKÓLAMÁL

Staða lestrarkennslu í íslenskum grunnskólum [Eingöngu á rafrænu formi]

Í skýrslu þessari sem unnin er af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands fyrir menntamálaráðuneytið er leitast við að draga fram afstöðu ýmissa aðila sem koma að lestrarkennslu í grunnskólum, til stöðu hennar og eigin starfa innan fagsins. Þannig nýttist sú þekking á málaflökknum á sem bestan hátt.

Skýrslan er farvegur fyrir skoðanir og mat kennara, skólustjóra, sérfræðinga innan tveggja íslenskra háskóla og kennaranema á stöðu lestrarkennslu í grunnskólum.

- [stada_lesrarkennslu_i_islenskum_grunnskolum_2009.pdf](#) (1 MB)

Útgáfa rits OECD, Education at a Glance 2011

Efnahags- og framfarastofnunin OECD hefur gefið út ritið *Education at a Glance 2011, OECD Indicators*. Í ritinu má finna margvíslegar upplýsingar um menntun í 30 aðildarríkjum stofnunarinnar, sem og tölur frá Brasilíu, Chile, Eistlandi, Ísrael, Rússlandi og Slóveníu. Tölurnar eru aðallega frá skólaárinu 2008-2009. Meirihluti talna um Ísland er byggður á gögnum frá Hagstofu Íslands.

Ritið skiptist í fjóra kafla sem fjalla um: Áhrif menntunar á einstaklinga og samfélagið; fjárfestingu í menntun; aðgang að námi, þátttöku og framfarir í menntun og um skólaumhverfið og skipulag skólakerfisins. Í ritinu má finna fjölda taflna og línurita. Ítarefni má finna hér á vefsíðu OECD http://www.oecd.org/document/2/0,3746,en_2649_39263238_48634114_1_1_1_1,00.html

Svigrúm íslenskra grunnskólastjóra til forystu og stjórnar

Um er að ræða MPA ritgerð sem unnin var af Helgu Guðmundsdóttur árið 2010. Ritgerðin inniheldur annars vegar fræðilega umfjöllun, þar sem valdir þættir úr opinberri stjórnsýslu og rannsóknum á stöðu og störfum skólustjórnenda og skólaþróun ráða för. Hins vegar eru settar fram niðurstöður eigindlegrar rannsóknar, en tekin voru viðtöl við 11 starfandi grunnskólastjóra.

Niðurstöður sýna að viðmælendur telja formlega ramma um skólastarf almennt styðjandi fremur en heftandi og finna sig hafa tækifæri til að hafa áhrif á þá þar sem tilefni er til. Þeir telja foreldra og nærsamfélag vera skólanum hliðhollt og styðjandi og leggja áherslu á ábyrgð skólans gagnvart samstarfi heimila og skóla. Viðmælendur sammælast hins vegar með skýrum hætti um að það sem hefti svigrúm þeirra til forystu og stjórnunar séu kjarasamningar grunnskólakennara, einkum vinnutímarammi samningsins. Önnur meginniðurstæða snýr að stöðu grunnskólastjóra í stjórnsýslunni. Grunnskólastjórar líta á sig sem opinbera stjórnendur með ríkar forystu- og stjórnunarskyldur. Hins vegar virðist sem stjórnsýslan veiti þeim ekki alltaf það bakland sem þeir hafa þörf fyrir.

Nánari umfjöllun um ritgerðina er að finna á heimasíðu Skemmunar <http://hdl.handle.net/1946/6183>

Það er enginn aflögufær: Innleiðing nýútskrifaðra kennara í starf í grunnskóla

Ritgerðin er eigindleg rannsókn, unnin á vormisseri 2010 af Helgu Hauksdóttur, sem 30 ECTS lokaritgerð til M.Ed. prófs við Menntavísindasvið HÍ. Þar er sjónum beint að innleiðingarferli nýútskrifaðra kennara í grunnskólum.

Gagna var aflað með hálfopnum viðtölum við fjóra kennara á 1. eða 2. starfsári og fjóra skólustjóra við grunnskóla. Einnig var rætt við tvo kennara sem höfðu hætt kennslu í skólanum sínum eftir nokkur ár í kennslu.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að stjórnendur grunnskóla hafi fullan vilja til að taka vel á móti nýútskrifuðum kennurum. Innleiðingarferlið virðist þó oft ómarkvisst og fela helst í sér kynningu á ýmsum hagnýtum upplýsingum um skólastarfið í upphafi skólaárs og að útvega nýliðanum leiðsagnarkennara. Nýju kennararnir sakna þess að hafa ekki fengið meiri þjálfun á vettvangi í kennaranáminu og þeir segja að skipulag leiðsagnarkennslu þurfa að vera markvissara. Þeir óska eftir auknu samstarfi, umræðum og endurgjöf á starf sitt og meiri nálægð skólustjóra.

Nánari umfjöllun um ritgerðina er að finna á heimasíðu Skemmunnar <http://hdl.handle.net/1946/6928>

Leiðbeiningar fyrir skólanefndir

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og lögum um leikskóla nr. 90/2008 er kveðið á um að sveitarfélög beri ábyrgð á og sinni mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láti mennta- og menningarmálaráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólalags, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Ennfremur er kveðið á um að sveitarfélög eigi að fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt leiði til umbóta í skólastarfi. Í reglugerðum um mat og eftirlit í leik- og grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólalag nr. 893/2009 og 658/2009 kemur fram að það sé skólanefndar að sinna þessu hlutverki í umboði sveitarstjórnar. Það er skólanefndar að hafa eftirlit með því að skólastarf í leik- og grunnskólum samræmist lögum, reglugerðum og aðalnámskrá grunnskóla.

Unnið hefur verið yfirlit yfir lögbundnar skyldur og ábyrgð skólanefnda skv. 5., 6. og 37. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008. Ritinu er ætlað að vera skólanefndum til stuðnings og efla þær í hlutverki sínu.

Leiðbeiningarnar má nálgast á heimasíðu sambandsins undir <http://www.samband.is/media/mat-og-rannsoknir-a-skolastarfi/Yfirlit-yfir-skyldur-og-abyrgd-skolaneftnda.pdf>

Skólastefna sveitarfélaga – Handbók

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og grunnskóla nr. 91/2008 er sveitarfélögum lögð sú skylda á herðar að setja almenna stefnu um leik- og grunnskólalag í sveitarfélaginu og kynna fyrir íbúum þess. Tilgangur þessarar handbókar er að auðvelda sveitarfélögum að móta slíka stefnu og nýta hana sem virkt stjórnæki. Í handbókinni er fjallað um gerð skólastefnu og innleiðingu hennar. Kynntar eru leiðir sem geta komið sveitarfélögum að notum í stefnumótunarferlinu. Ennfremur er skýrt frá aðferðum við að koma stefnunni í framkvæmd og fylgjast með framgangi hennar.

Annars vegar var gefin út ítarleg handbók um gerð skólastefnu og svo stýtt útgáfa með leiðbeiningum um mótun skólastefnu.

Handbókina má nálgast á heimasíðu sambandsins undir <http://www.samband.is/media/stefnumotun-i-skolamalum/Skolastefna-stora.pdf>

Leiðbeiningar um mótun skólastefnu má nálgast á heimasíðu sambandsins undir <http://www.samband.is/media/stefnumotun-i-skolamalum/Skolastefna-litla.pdf>

Samskonar yfirlit yfir lögbundnar skyldur og ábyrgð skólanefnda skv. 4. og 19. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 eru aðgengilegar á slóðinni: <http://www.samband.is/media/mat-og-rannsoknir-a-skolastarfi/Leidbeiningar-fyrir-skolanefndir-vegna-leikskola.pdf>

Unnar hafa verið leiðbeiningar og viðmið fyrir sveitarfélög í tengslum við innra mat leik- og grunnskóla. Ritunum er ætlað að vera leiðarvísir fyrir skólanefndir eða aðila á þeirra vegum við sannreyna að innra mat skóla sé framkvæmt á viðunandi hátt og niðurstöður þess séu nýttar til umbóta. Um er að ræða nokkurskonar ytra mat til að efla og styðja innra mat skóla.

Leiðbeiningar fyrir eftirlit með innra mati grunnskóla eru aðgengilegar á slóðinni: <http://www.samband.is/media/mat-og-rannsoknir-a-skolastarfi/Leidbeiningar-fyrir-efirlit-med-innra-mati-grunnskola.pdf>

Leiðbeiningar fyrir eftirlit með innra mati leikskóla eru aðgengilegar á slóðinni: <http://www.samband.is/media/mat-og-rannsoknir-a-skolastarfi/Leidbeiningar-fyrir-efirlit-med-innra-mati-leikskola.pdf>

Skýrsla um starfsemi og stjórnun lengdrar viðveru

Út er komin skýrsla um starfsemi og stjórnun lengdrar viðveru. Skýrslan er unnin í kjölfar könnunar sem sambandið vann í samstarfi við Samtök áhugafólks um skólaþróun. Helstu niðurstöður hennar voru kynntar á ráðstefnu um málefni tómtundaheimila sem haldin var þann 9. apríl 2010. Með lengdri viðveru er átt við þá vistun utan skólatíma sem mörg sveitarfélög bjóða upp á, og gengur m.a undir heitunum frístundaheimili, frístundaskóli, tómtundaheimili eða skólalagvist.

Skýrsluna í heild sinni má finna á heimasíðu sambandsins undir http://www.samband.is/media/grunnskoli/Konnun_lengd-vidvera_2010.pdf

Niðurstöður könnunar á framkvæmd samreksturs skóla

Í ágúst 2010 gaf kjarasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga út skýrslu með niðurstöðum úr könnun á framkvæmd samreksturs skóla. Könnunin var gerð í samvinnu við Félag leikskólakennara og Skólastjórafélag Íslands. Samkvæmt upplýsingum sveitarfélaga er um að ræða 14 skóla með leik- og grunnskólastig í samrekstri, þrjú skóla með grunn- og tónlistarskóla í samrekstri og sjö skóla þar sem öll þrjú stigin eru rekin saman undir stjórn eins skólastjóra.

Helstu kostir við samrekstur skv. svörum sveitarfélaganna felast í betri tengingu og aukinni samþættingu milli skólastiga. Þá þykir þetta fyrirkomulag auka líkur á að fagmenntað fólk fái til starfa. Einnig er nefnt að stigin læri hvert af öðru, þá sér í lagi grunnskólastigið af leikskólastiginu. Fækkun stjórnenda þykir vera kostur og eins að fyrirkomulagið auðveldi sameiginlega stefnu í skólamálum.

Skýrsluna í heild sinni má finna á heimasíðu sambandsins undir <http://www.samband.is/media/utgefing-efni-og-eydublod/Konnun-a-samrekstri-skola-2010.pdf>

Nemendur með íslensku sem annað tungumál í grunnskólum

Könnunin var lögð fyrir á vormánuðum árið 2009 fyrir Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða. Tilgangur könnunarinnar er að safna upplýsingum um vinnuna sem unnin er í skólunum vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál og veita sérfræðingum möguleika á að nýta niðurstöður hennar í þjónustu við skólana. Vonast er til að niðurstöðurnar nýtist stjórnvöldum og skólasamfélaginu við stefnumótun og skipulagningu á móttöku, námi og kennslu nemenda sem læra íslensku sem annað tungumál og einnig aðlögun þeirra og hinna sem fyrir eru að breyttu skólasamfélagi.

Helstu niðurstöður eru þær að almenn ánægja virðist vera með störf skólanna þó skýr þörf fyrir fræðslu og þjálfun komi fram. Mikið er lagt upp úr móttöku nemenda með annað tungumál en íslensku og jákvætt viðhorf er gagnvart móturmáli þeirra.

Svarendur telja algengara að nemendur með íslensku sem annað tungumál verði fyrir fordómum eða séu afskiptir innan skólanna en aðrir nemendur en verði í svipuðum mæli fyrir höfnun eða einelti.

Skýrsluna í heild sinni má finna hér [http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skjol/hverfi/midborg_hlidar/utgefid_efni_skyrslur / Sk rsla Nemendur me slensku sem anna tungum l - upplifun fagf lks sk lanna.pdf](http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skjol/hverfi/midborg_hlidar/utgefid_efni_skyrslur/Skrsla_Nemendur_me_slensku_sem_anna_tungumal_-_upplifun_fagf_lks_sk_lanna.pdf)

Fylgiskjal 1 - Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum

Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum

nr. 1040/2011.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til ábyrgðar nemenda með hliðsjón af aldri þeirra, þroska og aðstæðum. Þá tekur hún til réttinda og skyldna aðila skólasamfélagsins í allri starfsemi á vegum skóla, skólabrags, samskipta í skóla, skólareglna og málsmeðferðar vegna brota á þeim.

Reglugerð þessi tekur einnig til nemenda í grunnskólum sem fengið hafa viðurkenningu ráðherra skv. 43. gr. laga nr. 91/2008, um grunnskóla.

Foreldrar samkvæmt reglugerð þessari teljast þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga.

2. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að:

- a. nemendur geti notið bernsku sinnar í skólastarfi, notið hæfileika sinna og séu öryggir í öllu starfi á vegum skólans,
- b. stuðla að ábyrgð nemenda á eigin námi, hegðun og samskiptum með hliðsjón af aldri, þroska og aðstæðum að öðru leyti,
- c. allir í skólasamfélaginu kappkosti í sameiningu að stuðla að og viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag, þar sem öryggi, vellíðan og heilbrigði eru leiðarljós,
- d. stuðla að góðu samstarfi og samráði milli foreldra og skóla um nám nemenda, hegðun og samskipti og stuðla að gagnkvæmu trausti allra aðila í skólasamfélaginu, gagnkvæmri virðingu, samábyrgð, kurteislegri framkomu og tillitssemi,
- e. haldið sé uppi námsaga þar sem tekið er tillit til þarfa nemenda, þroska og hæfni þeirra, með áherslu á mannréttindi, jafnrétti, lýðræðisleg vinnubrögð og bann við mismunun af öllu tagi,
- f. hver grunnskóli setji sér skólareglur með skýrum viðbrögðum við brotum á reglunum, að úrræði og viðbrögð stuðli að jákvæðri hegðun og miði að því að rækta persónuþroska og hæfni nemenda.

II. KAFLI

Ábyrgð, réttindi og skyldur.

3. gr.

Ábyrgð, réttindi og skyldur starfsfólks skóla.

Starfsfólk skóla skal ávallt bera velferð nemenda fyrir brjósti og leggja sig fram um að tryggja nemendum öryggi, vellíðan og vinnufrið til að þeir geti notið skólagöngu sinnar. Starfsfólki ber að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi og góðri umgengni.

Starfsfólk skal sýna nærgætni og gæta virðingar í framkomu sinni gagnvart nemendum, foreldrum og samstarfsfólki og gæta þagmælsku, nema þegar um er að ræða tilkynningarskyldu gagnvart barnaverndarlögum. Stjórnendum skóla ber að vinna markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti allra í skólanum og í þeirri vinnu skal taka

sérstaklega mið af aldri og þroska nemenda. Ef mál koma upp í skólanum sem tengjast óæskilegri hegðun og framkomu nemenda skal fara með slík mál skv. 6. kafla reglugerðar þessarar.

Skólastjórnendum og kennurum ber að eiga samstarf við foreldra um hegðun, líðan og samskipti barna þeirra. Umsjónarkennarar skulu upplýsa foreldra reglulega um skólabrag og bekkjarbrag og leita eftir uppbyggjandi samstarfi við foreldrahópinn um hvorutveggja. Starfsfólki skóla ber að taka afstöðu gegn líkamlegu, andlegu og félagslegu ofbeldi í skólanum. Ef slík tilvik koma upp skal bregðast við þeim samkvæmt stefnu skólans, sbr. 3. kafla reglugerðar þessarar. Skólastjórnendum og kennurum ber að upplýsa foreldra ef ítrekað er fundið að hegðun eða framkomu nemanda í öllu starfi á vegum skóla, þ. á m. í útiveru á skólatíma og í ferðum utan skólalóðar á vegum skólans.

4. gr.

Ábyrgð, réttindi og skyldur nemenda.

Nemendur skulu sækja grunnskóla nema veikindi eða önnur forföll hamli.

Nemendur bera ábyrgð á eigin námi, framkomu sinni, háttsemi og samskiptum við skólasystkin og starfsfólk skóla, þ.m.t. rafrænum samskiptum og netnotkun með hliðsjón af aldri og þroska þeirra.

Nemendur eiga rétt á að láta skoðanir sínar í ljós í málum sem þá varðar og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þeirra. Nemendum ber að hlíta fyrir mælum kennara og starfsfólks skóla, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin.

Nemanda skal gefinn kostur á að tjá sig ef fundið er að hegðun hans vegna brota á skólareglum.

5. gr.

Ábyrgð, réttindi og skyldur foreldra.

Foreldrar skólaskylds barns bera ábyrgð á að það innritist í skóla þegar það kemst á skóla-skyldualdur og sæki skóla.

Foreldrar bera ábyrgð á uppeldi barna sinna. Þannig bera foreldrar einnig ásamt börnum sínum ábyrgð á hegðun þeirra og framkomu gagnvart samnemendum og starfsfólki skóla og eiga að bregðast við afleiðingum hegðunar barna sinna í skóla.

Foreldrar gæta hagsmuna barna sinna og ber að stuðla að því að þau stundi nám sitt. Þeim ber að fylgjast með námsframvindu í samvinnu við þau og kennara. Foreldrar skulu fá tækifæri til að taka þátt í námi barna sinna, sem og í skólastarfinu almennt í samráði við umsjónarkennara og skóla-stjórnendur.

Foreldrum ber að greina skólanum frá þeim þáttum sem kunna að hafa áhrif á námsframvindu, ástundun og hegðun, s.s. um vanlíðan barna sinna og áföll sem gætu haft áhrif á skólagönguna, sem og þegar breytingar verða á högum þeirra og aðstæðum.

Foreldrum er skylt að vinna að lausn mála í samstarfi við skóla, sérfræðipjónustu og fræðslu-yfirvöld sveitarfélaga þegar misbrestur verður á hegðun og framkomu barna þeirra.

Foreldrum ber ásamt barni að taka þátt í meðferð máls, en telji foreldrar eða stjórnendur skóla að ekki ríki trúnaður eða traust í tengslum við umfjöllun um mál barns er æskilegt að leita aðstoðar óvilhalls aðila.

III. KAFLI

Jákvæður skólabragur og samskipti.

6. gr.

Jákvæður skólabragur og starfsandi.

Í grunnskólum skal skilgreina í hverju jákvæður skólabragur felist og móta leiðir til að viðhalda honum.

Starfsfólk grunnskóla, nemendur og foreldrar skulu í sameiningu leggja áherslu á að viðhalda góðum starfsanda í skólanum og jákvæðum skólabrag.

Mikilvægt er að í grunnskólum sé fjallað um mál sem kunna að hafa áhrif á skólabrag, þ.m.t. mál sem koma upp utan skólatíma og í rafrænum samskiptum.

Mat á skólabrag skal tengjast öðru innra mati skólans.

Nánar er fjallað um skólabrag í aðalnámskrá grunnskóla.

7. gr.

Starf grunnskóla gegn einelti.

Allir skólar skulu hafa heildstæða stefnu fyrir skólann til að fyrirbyggja og bregðast við líkamlegu, andlegu og félagslegu ofbeldi og félagslegri einangrun. Skólar skulu setja sér aðgerðaáætlun gegn einelti með virkri viðbragðsáætlun til að takast á við eineltismál í skólanum.

Áætlunin skal ná til allrar starfsemi og alls starfsfólks skóla og skal kveða á um skyldur þess til að vinna gegn einelti með ábyrgum og virkum hætti. Áætlunin skal ná til allra nemenda og styrkja þá til að bera virðingu hver fyrir öðrum, sýna tillitssemi og samkennd og taka afstöðu gegn einelti. Áætlunin beinist einnig að foreldrum með það að markmiði að þeir séu virkir í samstarfi við skólann í að vinna gegn einelti og vinna með starfsfólki skóla að úrvinnslu eineltismála, eftir atvikum með formlegum samningi milli heimilis og skóla. Einnig skal í áætluninni vikið að aðilum í grenndar-samfélaginu sem starfa með börnum og unglingum og þeir upplýstir um vinnu skólans gegn einelti og óskað eftir samráði við þá eftir því sem þörf krefur.

Aðgerðir skóla gegn einelti taka til skólans í heild, einstakra bekkjardeilda, námshópa og einstaklinga. Hver kennari ber ábyrgð á að framfylgja með virkum og ábyrgum hætti aðgerðaáætlun skólans gegn einelti og skólastjóri ber ábyrgð á að starfið sé samhæft.

Kanna þarf reglulega eðli og umfang eineltis í skólum, kynna niðurstöður og nýta þær til úrbóta.

Aðgerðaáætlun gegn einelti er hluti af skólanámskrá og er kynnt sérstaklega eftir því sem þurfa þykir og skal birt opinberlega. Starfsfólk sérfræðipjónustu skal aðstoða skóla í tengslum við aðgerðir gegn einelti og úrlausn einstakra mála eftir því sem þörf krefur.

Foreldrar eða skólar geta óskað eftir aðstoð sérstaks fagráðs sem starfar á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðuneytis ef ekki tekst að finna viðunandi lausn innan skóla eða sveitarfélags, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir og aðkomu sérfræðipjónustu. Ráðuneytið gefur út verklagsreglur um vísun mála til fagráðsins, málsmeðferð og eftirfylgni að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

IV. KAFLI

Skólareglur og hlutverk þeirra.

8. gr.

Gerð skólareglna og innleiðing.

Í hverjum grunnskóla skal setja skólareglur sem skylt er að fara eftir.

Skólastjóri hefur forgöngu um og ber ábyrgð á að skólareglur séu settar og þeim fylgt. Reglurnar skulu unnar í samvinnu við skólaráð. Leitast skal við að ná sem víðtækastri sátt um þær í skólanum. Skólastjóri hefur þó endanlegt ákvörðunarvald um orðalag skólareglna ef ágreiningur kemur upp, að teknu tilliti til umsagnar fræðsluyfirvalda í sveitarfélaginu.

Ár hvert skulu skólareglurnar kynntar nemendum og foreldrum þeirra og birtar í starfsáætlun.

Umsjónarkennarar skulu fjalla um skólareglurnar, þýðingu þeirra og hlutverk með nemendum sínum eins oft og þurfa þykir.

Skólareglur skal endurskoða reglulega.

9. gr.

Inntak skólareglna.

Skólareglur skulu vera skýrar og afdráttarlausar, í samræmi við grunnskólalög og aðalnámskrá grunnskóla og í samræmi við réttindi barna samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Við samningu skólareglna skal hafa markmið og efni þessarar reglugerðar að leiðarljósi svo og ákvæði stjórnsýslulaga.

Í skólareglum skal m.a. kveðið á um almenna umgengni, samskipti, háttsemi, stundvísi, ástundun náms, hollustu og heilbrigðar lífsvenjur, ábyrgð, réttindi og skyldur. Í reglunum skal koma fram hvernig skólinn hyggst bregðast við brotum á þeim.

Ráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga skulu í samráði við aðila skólasamfélagsins útbúa almenn viðmið um skólareglur.

10. gr.

Viðbrögð við brotum á skólareglum.

Viðbrögð við brotum á skólareglum skulu unnin á sama hátt og skólareglurnar og kynnt nemendum og foreldrum þeirra.

Viðbrögð skulu vera markviss og til þess fallin að stuðla að jákvæðum skólabrag, bættri hegðun nemenda, aukinni ábyrgð og áhuga á menntun og miða að því að styrkja sjálfsmynd nemenda.

Viðbrögð við brotum á skólareglum skulu vera í samræmi við brotið og ávallt skal velja vægasta úrræðið sem er til þess fallið að ná fram settu markmiði. Gæta skal jafnræðis og samræmis í viðbrögðum og taka tillit til aðstæðna hvers og eins. Óheimilt er að nota skráningarkerfi á þann hátt að uppsafnaðir refsipunktur leiði sjálfvirk til agaviðbragða.

V. KAFLI

Brot á skólareglum.

11. gr.

Misbrestur á hegðun nemenda.

Brjótí nemandi af sér skal kennari ræða við nemanda um hegðun hans til þess að hann geri sér grein fyrir eðli brotsins og afleiðingum þess og átti sig á ábyrgð sinni. Kennari skal hafa samráð við foreldra í samræmi við eðli máls og leita aðstoðar skólastjórnenda og sérfróðra ráðgjafa skólans sem leita leiða til úrbóta, eftir atvikum að teknu tilliti til hlutverks barnaverndaryfirvalda. Leggja skal áherslu á að leitað sé eftir samkomulagi og sáttaleiðum.

Veita skal nemendum stuðning sýni þeir af sér óæskilega hegðun og/eða slaka ástundun og leitast við að koma skólagöngu þeirra í viðunandi horf í samstarfi við foreldra. Taka skal tillit til aðstæðna og þarfa nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

Nýta skal til fullnustu allar þær leiðir sem skólinn hefur tiltækar til að leita lausna og ráða bót á hegðun nemenda, að teknu tilliti til þroska þeirra, félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika, eða aðstæðna að öðru leyti. Hegði nemandi sér í ósamræmi við skólareglur utan skólatíma telst það almennt ekki brot á skólareglum, nema þegar t.d. er um að ræða einelti eða annað ofbeldi sem á sér stað á leið nemanda til og frá skóla. Fer þá um viðbrögð í samræmi við skólareglur.

Foreldrum skal ætíð svo fljótt sem auðið er gerð grein fyrir brotum barna sinna á skólareglum og viðbrögðum skólans og gefa skal foreldrum kost á að tjá sig ef börn þeirra brjóta skólareglur.

12. gr.

Ítrekuð brot nemenda á skólareglum.

Ef hegðun nemanda reynist verulega áfátt ber umsjónarkennara hans að leita orsaka og reyna að ráða á því bót, m.a. með viðtölum við nemandann sjálfan og foreldra hans og eftir atvikum með samningum. Sérstaklega skal skoða þroska nemanda, náms- og kennsluhætti, skólabrag, samsetningu námshópa, aðstæður í nemenda- og félagahópnum, samskipti kennara og nemenda og samstarf heimila og skóla.

Verði samt ekki breyting á til batnaðar skulu kennarar leita aðstoðar skólastjórnenda og sérfróðra ráðgjafa skólans á vegum sérfræðiþjónustu sveitarfélaga, sem skulu leita leiða til úrbóta, að teknu tilliti til hlutverks nemendaverndarráðs, skv. reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum og hlutverks barnaverndaryfirvalda.

Gagnvart nemanda sem virðir ekki skólareglur, þrátt fyrir undangengnar aðvaranir og áminningar, má grípa til þeirra viðbragða að taka nemanda úr kennslu og láta hann fást við önnur

viðfangs-efni það sem eftir lifir skóladags. Einnig er heimilt að vísa nemanda tímabundið úr kennslustundum í ákveðinni námsgrein. Jafnframt er heimilt að meina nemanda þátttöku í félags- og tómstundastarfi á vegum skólans vegna agabrota í félags- og tómstundastarfi. Tryggja skal að nemandi sé í umsjón starfsfólks á vegum skólans á skólatíma eða í öðru kennsluúrræði innan skólans. Einnig er hægt að kalla eftir því að foreldri sæki viðkomandi nemanda í skólann.

Ef nemandi virðir enn ekki skólareglur og ítrekuð brot hans á skólareglum eru alvarleg má vísa nemanda um stundarsakir úr skóla á meðan reynt er að finna lausn á máli hans, að hámarki eina kennsluviku. Ef allt um þrýtur og brot nemanda eru mjög alvarleg, s.s. ef hann veldur öðrum skaða eða eignatjóni, er heimilt að víkja honum ótímabundið úr skóla. Það skal þó ekki gert fyrr en allar aðrar leiðir hafa verið reyndar.

13. gr.

Líkamlegt inngrip í mál nemenda vegna óásættanlegrar og/eða skaðlegrar hegðunar.

Starfsfólki skóla er óheimilt að beita líkamlegum refsingum og líkamlegu inngripi í refsingarskyni.

Ef starfsfólk skóla metur að háttsemi nemenda leiði af sér hættu fyrir samnemendur og/eða starfsfólk skóla ber starfsfólki skylda til að bregðast tafarlaust við slíku með líkamlegu inngripi til að stöðva nemanda. Líkamlegu inngripi skal aðeins beitt í ítrustu neyð og eingöngu þegar ljóst er að aðrar leiðir duga ekki til að forða nemanda frá því að skaða sig og/eða aðra. Starfsfólki skóla er óheimilt að neyta aflsmunar nema nauðsyn krefji til að stöðva ofbeldi eða koma í veg fyrir að nemandi valdi sjálfum sér eða öðrum skaða eða eignatjóni. Skal þess ávallt gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til í samræmi við meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Láta skal tafarlaust af inngripi er hættu hefur verið afstýrt. Skólastjóri skal sjá til þess að atvik samkvæmt þessari málsgrein séu skráð og varðveitt í skólanum svo og ferill máls og ákvarðanir sem teknar eru í kjölfarið, í samræmi við lög um persónuvernd nr. 77/2000. Atvikaskráning skal fela í sér lýsingu á aðdraganda, atburðinum sjálfum og mati á þeirri hættu sem orsakast hefði af athafnaleysi.

Mikilvægt er að starfsfólk vinni ekki eitt við slíkar aðstæður og kalli eftir aðstoð annars starfsfólks skólans eða viðeigandi utanaðkomandi aðstoð, t.d. frá lögreglu, heilsugæslu eða öðrum eftir atvikum.

Skólastjóri getur synjað nemanda um að sækja skóla tímabundið þegar rökstuddur grunur leikur á að hann sé undir áhrifum vímuefna á skólatíma og/eða stuðlar að dreifingu slíkra efna meðal nem-enda. Heimilt er við slíkar aðstæður að höfðu samráði við foreldra að láta þar til bæra aðila meta reglulega ástand viðkomandi nemanda og meina honum að sækja skóla þar til fyrir liggur að hann sé ekki lengur undir áhrifum vímuefna.

Í hverjum grunnskóla skulu vera til verklagsreglur unnar af starfsfólki skóla vegna tilvika þegar nauðsynlegt er að grípa til tafalausra aðgerða þegar stöðva þarf óásættanlega hegðun nemanda, bregðast við hótunum eða rökstuddur grunur er um að nemandi sé undir áhrifum vímuefna. Í verklagsreglum skal kveðið á um málsmeðferð skv. 14. gr. Verklagsreglurnar skulu vera hluti af starfsáætlun hvers skóla.

Sambandi íslenskra sveitarfélaga er heimilt að taka saman leiðbeiningar fyrir skóla þar sem m.a. er nánar kveðið á um verklagsreglur og viðbragðsáætlun innan skóla og viðeigandi utanaðkomandi aðstoð samkvæmt þessari grein.

VI. KAFLI

Málsmeðferðarreglur.

14. gr.

Málsmeðferð vegna brota nemenda á skólareglum.

Væg viðbrögð og úrræði sem skólar beita til að halda uppi aga og almennum umgengnisvenjum teljast almennt ekki til stjórnvaldsákvarðana og falla því ekki undir 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga. Hið sama gildir þegar nemanda er vikið úr skóla það sem eftir lifir skóladags eða úr einstökum kennslustundum eða úr tilteknu félags- og tómstundastarfi á vegum skólans.

Brottvísun úr skóla telst stjórnvaldsákvörðun og gilda stjórnslulög um málsmeðferðina. Einnig skal gæta stjórnslulaga þegar nemandi er tímabundið eða ótímabundið meinað að sækja kennslustundir í tiltekinni námsgrein eða taka þátt í tilteknu félags- og tómstundastarfi á vegum skólans. Við meðferð máls samkvæmt 4. mgr. 12. gr. og 4. mgr. 13. gr. reglugerðar þessarar og beitingu viðurlaga samkvæmt þeim málsgreinum skal gæta ákvæða stjórnslulaga, þ.m.t. andmæla-réttar, meðalhófs, jafnræðisreglu og rannsóknar- og upplýsingaskyldu. Um 2. mgr. 13. gr. gildir jafnræðisregla 11. gr. stjórnslulaga.

Ávallt skal leita samstarfs við foreldra nemandi um úrlausn máls. Skólastjóri skal sjá til þess að atvik sem skipta máli vegna úrlausnar mála séu skráð og varðveitt í skólanum, ferli máls og ákvarðanir sem teknar eru vegna brota á skólareglum, í samræmi við lög um persónuvernd og reglugerð nr. 897/2009 um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín.

15. gr.

Brottvísun um stundarsakir og ótímabundin brottvísun.

Áður en ákvörðun um brottrekstur nemandi skv. 4. mgr. 12. gr. er tekin skal gefa foreldrum kost á að kynna sér gögn sem liggja til grundvallar fyrirhugaðri ákvörðun og koma á framfæri athugasemdum og andmælum, skv. 13. gr. stjórnslulaga.

Meðan mál skv. 4. mgr. 12. gr. er útkljáð getur skólastjóri vísað nemandi úr skóla um stundar-sakir eða ótímabundið, enda tilkynni hann formlega og tafarlaust þá ákvörðun foreldrum nemandi og skólanefnd.

Nemandi skal að jafnaði ekki vikið úr skóla lengur en eina viku sé um að ræða tímabundna brottvísun. Ef fyrirsjáanlegt er að skólastjóra takist ekki að leysa mál nemandi á þeim tíma skal hann vísa því til skólanefndar sem beitir sér eins fljótt og við verður komið fyrir lausn málsins í samráði við sérfræðipjónustu sveitarfélaga í samstarfi við foreldra.

Sé nemandi vikið ótímabundið úr skóla skv. 4. mgr. 12. gr. skal skólastjóri strax tilkynna skólanefnd þá ákvörðun. Eftir að máli hefur verið vísað til skólanefndar ber hún ábyrgð á því að nemandi sé tryggð skólavist eða önnur viðeigandi kennsluúrræði eins fljótt og auðið er og aldrei síðar en innan þriggja vikna.

Óheimilt er að víkja nemandi að fullu úr skóla nema honum hafi verið tryggt annað kennsluúrræði.

Takist ekki að leysa málið getur hvor aðili, foreldri eða skólanefnd, vísað ágreiningi til úrlausnar og úrskurðar ráðuneytisins.

16. gr.

Kæra til mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Ákvörðun skólastjóra skv. 4. mgr. 12. gr. er kæránleg til ráðuneytisins á grundvelli 47. gr. laga um grunnskóla. Við meðferð kærumáls er ráðuneytinu heimilt að afla sér álits sérfræðinga.

Hafi sveitarfélag ekki séð nemandi fyrir kennslu getur ráðuneytið í úrskurði sínum lagt fyrir sveitarfélag að tryggja nemandi nánar tiltekin kennsluúrræði innan tilskilins tíma.

17. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 6. mgr. 14. gr. og 4. mgr. 30. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla með síðari breytingum öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 270/2000 um skólareglur í grunnskóla.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 21. október 2011.

Svandís Svavarsdóttir.

Ásta Magnúsdóttir.

Fylgiskjal 2 – Lög um leikskóla

Lög um leikskóla

nr. 90/2008, með síðari breytingum til og með lögum nr. 126/2011.

Breytingarnar hafa verið innfærðar en eru ekki auðkenndar.

I. KAFLI

Gildissvið og markmið.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi taka til starfsemi leikskóla. Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er fyrir börn undir skólaskyldualdri. Leikskóli annast að ósk foreldra uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri í samræmi við lög þessi.

Foreldrar samkvæmt lögum þessum teljast þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga.

2. gr.

Markmið.

Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla skulu vera:

- a. að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
- b. að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,
- c. að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
- d. að stuðla að vísýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
- e. að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífældri þróun,
- f. að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.

II. KAFLI

Stjórnskipan leikskóla.

3. gr.

Yfirstjórn.

Ráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til, að öðru leyti en varðar stofnun og rekstur leikskóla, sbr. IX. kafla. Ráðherra gætir þess að farið sé eftir ákvæðum sem lög þessi og reglugerð með þeim mæla fyrir um, sbr. V. kafla.

Ráðherra gerir Alþingi grein fyrir framkvæmd skólastarfs í leikskólum landsins á þriggja ára fresti.

4. gr.

Sveitarfélög.

Sveitarfélög bera ábyrgð á starfsemi leikskóla. Sveitarfélög hafa forustu um að tryggja börnum leikskóladvöl og bera ábyrgð á heildarskipan skólahlads í leikskólum sveitarfélags, þróun einstakra

leikskóla, húsnæði og búnaði leikskóla, sérúrræðum leikskóla, sérfræðiþjónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd leikskólastarfs í sveitarfélagi. Sveitarfélög setja almenna stefnu um leikskólahald í sveitarfélagi og kynna fyrir íbúum þess.

Nefnd, kjörin af sveitarstjórn, fer með málefni leikskóla í umboði sveitarstjórnar. Leikskólastjórar, starfsfólk leikskóla og foreldrar í sveitarfélagi kjósa hver úr sínum hópi aðal- og varamann til setu á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

5. gr.

Leikskólastjóri.

Við leikskóla skal vera leikskólastjóri sem stjórnar starfi hans í umboði rekstraraðila. Leikskólastjóri stjórnar daglegum rekstri og starfi leikskóla og gætir þess að leikskólastarf sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá og önnur gildandi fyrirmæli. Leikskólastjóri stuðlar að samstarfi milli foreldra, starfsfólks leikskóla og annars fagfólks með velferð barna að markmiði. Leikskólastjóri boðar til kennara- og starfsmannafunda svo oft sem þurfa þykir.

Leikskólastjóri gerir rekstraraðila og sveitarstjórn grein fyrir starfsemi leikskóla í ársskýrslu.

III. KAFLI

Starfsfólk leikskóla.

6. gr.

Ráðning.

Um ráðningu leikskólastjóra og starfsfólks leikskóla fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga og nánari fyrirmælum í samþykkt um stjórn sveitarfélags eftir því sem við á.

Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólakennari skulu hafa menntun leikskólakennara, sbr. lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Heimilt er að starfsfólk án leikskólakennaramenntunar taki þátt í að annast uppeldi og menntun barna, enda fáist ekki leikskólakennari til starfsins. Kveða má á um leiðbeiningar- og stjórnunarhlutverk leikskólakennara gagnvart öðru starfsfólki leikskóla í reglugerð.

Óheimilt er að ráða til starfa við leikskóla einstakling sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild leikskólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá.

7. gr.

Starfsfólk.

Starfsfólk leikskóla skal rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og samviskusemi. Það skal gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki.

Að frumkvæði leikskólastjóra skal móta áætlun um hvernig símenntun starfsfólks skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur leikskóla, sveitarfélags og skólanámskrár.

Leikskólastjórar og starfsfólk leikskóla skulu samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar og eftir því sem kann að vera mælt fyrir um í kjarasamningum eiga kost á símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína, kynnast nýjungum í leikskóla- og uppeldismálum og njóta stuðnings við nýbreytni- og þróunarstörf.

8. gr.

Þagnarskylda.

Starfsfólk leikskóla skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra, sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna og eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi láti af störfum.

Þagnarskylda starfsfólks leikskóla nær ekki til atvika sem ber að tilkynna um lögum samkvæmt.

Skal leikskólastjóri brýna skyldur þessar fyrir starfsfólki og sérstaklega tilkynningarskyldu þess samkvæmt barnaverndarlögum.

IV. KAFLI **Foreldrar og foreldraráð.**

9. gr. *Foreldrar.*

Foreldrar leikskólabarna skulu gæta hagsmuna barna sinna. Þeir skulu hafa náð samráð við starfsfólk leikskóla og fylgjast með skólagöngu barna sinna og veita þær upplýsingar sem kunna að skipta máli fyrir skólastarfið og velferð barna. Foreldrar skulu jafnframt eiga rétt á upplýsingum um skólastarfið og stöðu barna sinna. Um rétt foreldris sem ekki fer með forsjá barns til upplýsinga um barn sitt samkvæmt þessum lögum fer samkvæmt fyrirmælum 52. gr. barnalaga, nr. 76/2003.

Eigi í hlut foreldrar sem tala ekki íslensku eða nota táknmál skal skóli leitast við að tryggja þeim túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla samkvæmt þessari grein.

10. gr. *Samstarf foreldra og starfsfólks.*

Leikskólastjóri skal stuðla að samstarfi milli foreldra og starfsfólks leikskóla með velferð barna að markmiði. Sé óskað eftir stofnun foreldrafélags skal leikskólastjóri aðstoða við stofnun þess.

11. gr. *Foreldraráð.*

Kjósa skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Í foreldraráði sitja að lágmarki þrjú foreldrar. Skal kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og skal kosið til eins árs í senn. Foreldraráð setur sér starfsreglur. Leikskólastjóra ber að starfa með foreldraráði. Leikskólastjóri getur sótt um undanþágu til sveitarfélags um stofnun foreldraráðs ef gildar ástæður eru fyrir hendi, svo sem vegna fámennis í leikskóla.

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

V. KAFLI **Skólahúsnæði og aðstoða í leikskólum.**

12. gr. *Húsnæði og fjöldi barna í leikskóla.*

Gerð leikskólahúsnæðis skal taka mið af þörfum barna og þeirri starfsemi sem fram fer í leikskóla. Leggja skal áherslu á öruggt og rúmgott náms- og starfsumhverfi. Húsnæði og allur aðbúnaður skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan barna og starfsfólks, svo sem hvað varðar húsbúnað, hljóðvist, lýsingu og loftræstingu. Gert skal sérstaklega ráð fyrir rými fyrir sérfræðipjónustu vegna barna með sérþarfir og vinnuástöðu starfsfólks.

Við ákvörðun fjölda barna í leikskóla skal m.a. tekið tillit til aldursdreifingar barna og sérþarfa, lengdar dvalartíma þeirra, stærðar leik- og kennslurýmis og samsetningar starfsmannahóps.

Ráðherra setur reglugerð um starfsumhverfi leikskóla í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Í reglugerðinni skal m.a. kveðið á um öryggi barna og slysavarnir, um lágmarkskröfur til húsnæðis og aðbúnaðar barna og starfsfólks, um lengd daglegs dvalartíma barna og um aðstöðu vegna þjónustu við börn með sérþarfir.

VI. KAFLI
Námskrár og samstarf skólastiga.

13. gr.
Aðalnámskrá.

Ráðherra setur leikskólum aðalnámskrá sem er endurskoðuð reglulega. Í henni koma fram helstu markmið leikskólastarfs og uppeldis- og menntunarhlutverk leikskóla, sbr. 2. gr. Í aðalnámskrá skal m.a. leggja áherslu á gildi leiks í öllu leikskólastarfi. Einnig skal fjallað um markmið fyrir námssvið leikskólans, foreldrasamstarf, þróunarstarf, mat á leikskólastarfi og tengsl leikskóla og grunnskóla. Í aðalnámskrá skal skilgreina hæfnipætti á námssviðum leikskólans í samræmi við aldur og þroska barna.

Auglýsing um gildistöku aðalnámskrár leikskóla skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

14. gr.
Skólanámskrá og starfsáætlun.

Í hverjum leikskóla skal gefa út skólanámskrá og er leikskólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá leikskóla og felur í sér uppeldis- og námsáætlun leikskóla þar sem markmið eru sett og skilgreindar leiðir að þeim markmiðum. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu skóla og skólastefnu viðkomandi sveitarfélags. Skólanámskrá skal endurskoða reglulega.

Leikskólastjóri gefur árlega út sérstaka starfsáætlun. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir árlegri starfsemi leikskóla, svo sem skóladagatali og öðru því sem varðar starfsemi leikskólans.

Skólanámskrá og starfsáætlun skulu staðfestar af nefnd skv. 2. mgr. 4. gr., að fenginni umsögn foreldraráðs, og skulu þær kynntar foreldrum.

15. gr.
Sprotasjóður skóla.

Sprotasjóður styður við þróun og nýjungar í skólastarfi í samræmi við stefnu stjórnvalda og aðalnámskrá leikskóla. Til sjóðsins renna fjármunir sem veittir eru í fjárlögum hverju sinni. Ráðuneytið hefur umsjón með sjóðnum og setur reglugerð um styrkveitingar. Sjóðurinn er sameiginlegur fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Í reglugerð er heimilt að fela stofnun á vegum ráðuneytisins eða öðrum þar til bærum aðila umsjón með sjóðnum og að annast úthlutanir úr honum.

16. gr.
Tengsl leikskóla og grunnskóla.

Sveitarstjórn skal koma á gagnvirku samstarfi leikskóla og grunnskóla. Í skólanámskrá skal gera grein fyrir samstarfi milli leikskóla og grunnskóla og hvernig skuli standa að færslu og aðlögun barna milli skólastiga.

Persónuupplýsingar, sem fyrir liggja um hvert einstakt barn í leikskóla og nauðsynlegar eru fyrir velferð og aðlögun þess í grunnskóla, skulu fylgja barninu, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu og málsmeðferðar í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Foreldrum skal gerð grein fyrir þessari upplýsingamiðlun. Meðferð upplýsinga skal vera á hendi leikskólastjóra eða annarra sérfræðinga á vegum sveitarfélagsins samkvæmt nánari ákvörðun þess.

Ráðherra setur reglugerð um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla þar sem m.a. skal kveðið á um hvaða upplýsingar falla undir grein þessa, um meðferð, eyðingu og miðlun upplýsinga milli skólastiga og um stöðu og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum sem varða börn þeirra.

VII. KAFLI
Mat og eftirlit með gæðum leikskólastarfs.

17. gr.
Markmið.

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla,
- auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

18. gr.
Innra mat.

Hver leikskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 17. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, barna og foreldra eftir því sem við á.
Leikskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

19. gr.
Ytra mat sveitarfélaga.

Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur.
Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.

20. gr.
Ytra mat ráðuneytisins.

Ráðuneytið annast greiningu og miðlun upplýsinga um starf leikskóla á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 19. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun.
Ráðuneytið gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara, aðalnámskrár leikskóla og aðra þætti skólastarfs.
Ráðherra setur reglugerð um innra og ytra mat og upplýsingaskyldu sveitarfélaga að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

VIII. KAFLI
Sérfræðiþjónusta og stoðkerfi leikskóla.

21. gr.
Skipulag sérfræðiþjónustu.

Á vegum sveitarfélaga skal rekin sérfræðiþjónusta fyrir leikskóla. Í sérfræðiþjónustu felst annars vegar stuðningur við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leikskóla og starfsfólk þeirra. Sveitarfélög ákveða fyrirkomulag sérfræðiþjónustu en skulu stuðla að því að hún geti farið fram innan leikskóla.

Sérfræðiþjónusta fyrir leikskóla getur verið rekin sameiginlega með sérfræðiþjónustu grunnskóla. Þá geta sveitarfélög sameinast um slíkan rekstur eða gert þjónustusamninga við önnur sveitarfélög, stofnanir eða aðila sem veita þá þjónustu sem þörf er fyrir hverju sinni.

Ráðherra setur reglugerð um sérfræðipjónustu leikskóla í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

22. gr.

Framkvæmd sérfræðipjónustu.

Börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, að mati viðurkenndra greiningaraðila, eiga rétt á slíkri þjónustu innan leikskólans. Þjónusta þessi skal fara fram undir handleiðslu sérfræðinga samkvæmt ákvörðun leikskólastjóra og sérfræðipjónustu skv. 21. gr. í samráði við foreldra.

Leikskólastjóri skal samræma innan hvers leikskóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna skv. 21. gr. Jafnframt skal hafa samráð við félagsþjónustu sveitarfélaga vegna málefna einstakra barna eftir því sem þurfa þykir.

Við framkvæmd sérfræðipjónustu skulu sveitarfélög leggja áherslu á góð tengsl leikskóla og grunnskóla með samfelli í skólasterfi að leiðarljósi.

23. gr.

Sérfræðingar í leikskólamálum.

Á vegum sveitarfélaga skulu starfa sérfræðingar í leikskólamálum er veita leikskólum ráðgjöf og stuðning við nýbreytni og skólaþróun. Þeir sinna einnig eftirliti með starfsemi leikskóla og stuðla að samstarfi þeirra innbyrðis og milli skólastiga.

IX. KAFLI

Stofnun og rekstur leikskóla.

24. gr.

Tilkynningar.

Sveitarstjórn skal tilkynna ráðuneytinu þegar það stofnar nýjan leikskóla og rekstri leikskóla er hætt.

25. gr.

Leyfi til reksturs leikskóla.

Sveitarstjórn getur leyft öðrum aðilum að byggja og reka leikskóla í formi sjálfseignarstofnunar, hlutafélags eða samkvæmt öðru viðurkenndu rekstrarformi. Heimilt er að binda leyfi sveitarfélags við ákveðinn hámarksfjölda barna. Um slíka leikskóla gilda sömu lög og reglur og um aðra leikskóla samkvæmt lögum þessum eftir því sem við á. Þar á meðal skal af hálfu viðkomandi skóla fylgt ákvæðum stjórnáskilslaga við töku ákvarðana sem kærnanlegar eru skv. 30. gr. laga þessara. Það á þó ekki við um ákvarðanir um gjalddöku. Sveitarfélög skulu setja sér reglur um veitingu rekstrarleyfa. Skulu þær birtar opinberlega og vera aðgengilegar íbúum sveitarfélags.

Í rekstrarleyfi skal skýrt kveðið á um réttindi og skyldur rekstraraðila samkvæmt lögum þessum. Í rekstrarleyfi skal sérstaklega fjallað um þagnarskyldu starfsfólks, sbr. 8. gr., um húsnæði og fjölda barna, sbr. 12. gr., og um gerð skólanámskrár, sbr. 14. gr., um skyldur rekstraraðila til þess að meta með reglubundnum hætti árangur og gæði skólustarfsins, sbr. 18. gr., láta sveitarstjórn í té gögn og upplýsingar vegna eftirlits, sbr. 19. gr., og um skipulag og framkvæmd sérfræðipjónustu, sbr. 21. og 22. gr. Sveitarstjórnnum er heimilt að gera samning við viðkomandi skóla um fyrirkomulag þjónustu og gjalddöku.

Sveitarstjórn skal tilkynna ráðuneytinu um veitingu rekstrarleyfis sem og ef rekstrarleyfi fellur úr gildi.

26. gr.
Reglur um innritun.

Sveitarstjórn er heimilt að setja reglur um innritun í leikskóla í sveitarfélaginu, enda njóti viðkomandi leikskóli framlags úr sveitarsjóði. Þessar reglur eru annars vegar settar með tilliti til aðstæðna barna og foreldra og hins vegar með tilliti til aðstæðna í leikskólum sveitarfélagsins. Reglur sveitarstjórnar samkvæmt þessari grein skulu birtar opinberlega og vera aðgengilegar íbúum sveitarfélagsins.

27. gr.
Gjaldtaka.

Sveitarstjórnnum er heimilt að ákveða gjaldtöku fyrir barn í leikskóla. Gjaldtaka fyrir hvert barn má þó ekki nema hærrí fjárhæð en nemur meðalraunkostnaði við dvöl hvers leikskólabarns í leikskólum á vegum sveitarfélagsins.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til leikskóla sem fengið hafa rekstrarleyfi skv. 25. gr. nema kveðið sé á um slíkt í þjónustusamningi sem sveitarfélag gerir við aðila sem fengið hefur rekstrarleyfi skv. 25. gr.

28. gr.
Samrekstur skóla.

Sveitarfélögum, tveimur eða fleiri, er heimilt að hafa með sér samvinnu um rekstur leikskóla, sbr. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Í samningi sveitarfélaga skal kveðið á um hvernig fari með hlutverk nefndar skv. 2. mgr. 4. gr. Velji sveitarfélög að reka saman leikskóla í formi byggðasamlags, sbr. 82. gr. sveitarstjórnarlaga, fer stjórn byggðasamlags með verkefni nefndar skv. 2. mgr. 4. gr. nema stofnuð sé sérstök nefnd til að fara með það hlutverk á vegum byggðasamlagsins. Ákvæði um slíkt fyrirkomulag skulu sett í samning um stofnun byggðasamlags.

Hafi sveitarfélög með sér samstarf um skólalald á leikskólastigi með þeim hætti að börn úr tilteknu sveitarfélagi sækji leikskóla sem rekinn er af öðru sveitarfélagi fer um samninga milli sveitarfélaga eftir 5. gr. laga um grunnskóla. Sækji hluti barna úr sveitarfélagi leikskóla í öðru sveitarfélagi á þeim grundvelli er viðkomandi sveitarfélögum heimilt að kveða svo á í samþykktum um stjórn sveitarfélaganna að í nefnd skv. 2. mgr. 4. gr. viðtökusveitarfélags eigi sæti, með málfrelsi og tillögurétt, fulltrúi sem kjörinn er af sveitarstjórn þess sveitarfélags þar sem umrædd börn eiga lögheimili.

Sveitarfélögum er heimilt að reka saman leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla undir stjórn eins skólastjóra að fenginni umsögn nefndar skv. 2. mgr. 4. gr. Skal stjórnandi slíkrar stofnunar hafa leyfisbréf til kennslu á leik- og/eða grunnskólastigi. Sveitarstjórn getur ákveðið að foreldraráð, sbr. 11. gr., og skólaráð, sbr. 8. gr. laga um grunnskóla, starfi sameiginlega í einu ráði. Ákvæði þetta gildir einnig um skóla sem reknir eru á grundvelli 1. mgr.

Hinn samrekni skóli starfar að öðru leyti samkvæmt lögum um viðkomandi skólastig.

29. gr.
Þróunarleikskólar.

Ráðherra getur veitt sveitarfélögum og sjálfstætt reknum leikskólum heimild til að reka þróunarleikskóla eða gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs með undanþágu frá ákvæðum laga þessara, reglugerða settra á grundvelli þeirra og aðalnámskrár leikskóla. Slíkum tilraunum skulu ávallt sett eðlileg tímamörk og kveðið á um úttekt að tilraun lokinni.

Heimilt er að styrkja þróunarleikskóla og sérstakar nýjungar eftir því sem fjárlög heimila hverju sinni.

X. KAFLI
Meðferð ágreiningsmála.

30. gr.

Málskotsréttur.

Ákvarðanir um rétt einstakra barna, sem teknar eru á grundvelli 22. gr. um rétt til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar, um aðgang að skóla, sbr. 4. og 26. gr., og um gjalddöku fyrir vist í leikskóla, sbr. 27. gr., eru kærnanlegar til ráðherra. Um meðferð kærnumála fer að ákvæðum stjórnáslulaga.

Sveitarstjórn getur ákveðið í samþykkt um stjórn og stjórnáslu sveitarfélags að áður en hægt er að kæra ákvörðun skv. 1. mgr. til ráðherra skuli fyrst beina kæru til nefndar skv. 2. mgr. 4. gr. eða annars tiltekins aðila innan stjórnáslu sveitarfélags. Sé heimild þessari beitt skal sveitarstjórn ákveða hvort þessi kæruréttur eigi við um hluta ákvarðana skv. 1. mgr. eða um þær allar. Um málsmeðferð á kærustigi innan sveitarfélags fer að ákvæðum stjórnáslulaga.

Verði ákvörðun sem tekin er af hálfu sveitarfélags skv. 22. gr. um rétt til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar, eða um aðgang að skóla, sbr. 4. og 26. gr., ekki talin í samræmi við lög getur ráðherra, í úrskurði í tilefni af stjórnáslukæru, kveðið á um að viðkomandi sveitarfélag skuli sjá barni fyrir slíkri þjálfun eða aðstoð eða aðgangi að leikskóla.

XI. KAFLI
Gildistaka o.fl.

31. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2008. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 78/1994, um leikskóla.

Ákvæði til bráðabirgða.

Reglugerðir, auglýsingar og önnur fyrirmæli sett samkvæmt lögum nr. 78/1994, með síðari breytingum, skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau stangast ekki á við lög þessi þar til nýjar reglugerðir, auglýsingar eða önnur fyrirmæli hafa öðlast gildi.

Fylgiskjal 3 – Lög um grunnskóla

Lög um grunnskóla

nr. 91/2008, með síðari breytingum til og með lögum nr. 126/2011.

Breytingarnar hafa verið innfærðar en eru ekki auðkenndar.

I. KAFLI

Gildissvið, hlutverk grunnskóla og skólaskylda.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi taka til grunnskóla á vegum sveitarfélaga, til sjálfstætt rekinna grunnskóla sem hlotið hafa viðurkenningu samkvæmt lögum þessum og til viðurkennds náms á grunnskólastigi. Skólar sem bjóða nám á grunnskólastigi nefnast grunnskólar.

2. gr.

Markmið.

Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelltri þróun. Starfshættir grunnskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Þá skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

Grunnskóli skal stuðla að víðsýni hjá nemendum og efla færni þeirra í íslensku máli, skilning þeirra á íslensku samfélagi, sögu þess og sérkennum, högum fólks og á skyldum einstaklingsins við samfélagið, umhverfið og umheiminn. Nemendum skal veitt tækifæri til að nýta sköpunarkraft sinn og að afla sér þekkingar og leikni í stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal leggja grundvöll að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfa hæfni þeirra til samstarfs við aðra.

Grunnskóli skal stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda.

3. gr.

Skólaskylda.

Skólaskylda á grunnskólastigi er að jafnaði í tíu ár, en getur verið skemmri, sbr. 32. gr. Öllum börnum, að jafnaði á aldrinum 6–16 ára, er skylt að sækja grunnskóla.

Foreldrar gæta hagsmuna barna sinna á skólaskyldualdri. Foreldrar samkvæmt lögum þessum teljast þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga.

II. KAFLI

Stjórnskipan grunnskóla.

4. gr.

Yfirstjórn.

Ráðherra fer með yfirstjórn þeirra málefna sem lög þessi taka til, setur grunnskólum aðalnámskrá, leggur grunnskólum til námsgögn, hefur eftirlit með gæðum skólastarfs, annast öflun, greiningu og miðlun upplýsinga, styður þróunarstarf í skólum og hefur úrskurðarvald í ágreiningsmálum eftir því sem lög þessi kveða á um. Menntamálaráðuneyti hefur eftirlit með því að sveitarfélög uppfylli þær skyldur sem lög þessi, reglugerðir og reglur settar samkvæmt þeim og aðalnámskrá grunnskóla

kveða á um. Ráðherra skal á þriggja ára fresti leggja fram á Alþingi skýrslu um framkvæmd skólustarfs í grunnskólum landsins sem byggist m.a. á skýrslum sveitarfélaga um skólahlald skv. 37. gr.

5. gr.
Sveitarfélög.

Rekstur almennra grunnskóla er á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga. Sveitarfélög bera ábyrgð á heildarskipan skólahlalds í grunnskólum sveitarfélagsins, þróun einstakra skóla, húsnæði og búnaði grunnskóla, sérúrræðum grunnskóla, sérfræðipjónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd grunnskólustarfs í sveitarfélaginu. Sveitarfélög setja almenna stefnu um grunnskólahlald í sveitarfélaginu og kynna fyrir íbúum þess. Sveitarstjórn skal koma á samstarfi leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar.

Sveitarfélög bera ábyrgð á samstarfi skóla við aðila utan hans.

Sveitarfélögum er skylt að sjá til þess að skólaskyld börn skv. 3. gr., sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, og börn sem hefur verið ráðstafað í fóstur til fósturforeldra, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, njóti skólavistar eftir því sem nánar segir í lögum þessum. Áður en barni er ráðstafað í fóstur skal barnaverndarnefnd kanna aðstæður í samráði við skólafyrirvöld á viðkomandi stað og leggja mat á möguleika viðkomandi grunnskóla til að koma til móts við þarfir barnsins.

Liggi ekki fyrir ákvörðun stjórnvalds um lögheimili barns kveður sveitarstjórn á um skólaskyldu þess, enda búi barnið í sveitarfélaginu og leitað hafi verið eftir innritun þess í skóla, sbr. 19. gr. Synjun sveitarstjórnar er kæránleg eftir fyrirmælum 47. gr. Í úrskurði getur ráðuneytið lagt fyrir sveitarfélag að tryggja barni skólavist innan sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn í sveitarfélagi þar sem barn á lögheimili getur samið við annað sveitarfélag um að veita barninu skólavist þannig að viðtökusveitarfélag hafi sömu skyldur gagnvart skólavist þess og ætti það lögheimili þar.

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessarar greinar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, Barnaverndarstofu og önnur stjórnvöld þar sem m.a. skal kveðið á um skólagöngu fósturbarna, bæði fagleg og fjárhagsleg málefni og samstarf aðila. Úrskurðarnefnd skipuð fulltrúum frá ráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Barnaverndarstofu sker úr um ágreiningsmál.

6. gr.
Skólanefnd.

Í hverju sveitarfélagi skal í umboði sveitarstjórnar vera skólanefnd sem fer með málefni grunnskóla eftir því sem lög og reglugerðir ákveða og sveitarstjórn eða sveitarstjórnir kunna að fela henni.

Meginhlutverk skólanefndar er sem hér segir:

- a. að sjá til þess að öll skólaskyld börn sem rétt eiga á skólavist í sveitarfélaginu njóti lögboðinnar fræðslu,
- b. að staðfesta starfsáætlun skóla ár hvert og skólanámskrá einstakra skóla,
- c. að fylgjast með framkvæmd náms og kennslu í sveitarfélaginu og gerð skólanámskrár og gera tillögur til skólastjóra og/eða sveitarstjórnar um umbætur í skólustarfi,
- d. að fylgjast með og stuðla að því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðipjónustu,
- e. að sjá til þess að jafnan sé fyrir hendi viðeigandi húsnæði fyrir kennslu og annar aðbúnaður, þ.m.t. útivistar- og leiksvæði nemenda,
- f. að hafa eftirlit með að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt og gera tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur,
- g. að stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar.

Skólanefnd skal kosin af hlutaðeigandi sveitarstjórn í upphafi hvers kjörtímabils. Um kosningu í skólanefnd og starfshætti fer samkvæmt sveitarstjórnarlögum og samþykktum viðkomandi sveitarfélags. Varamenn í skólanefndum skulu vera jafnmargir aðalmönnum og kosnir á sama hátt.

Skólastjórar, grunnskólakennarar og foreldrar í sveitarfélagi kjósa hver úr sínum hópi aðal- og varamann til setu á skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

Þegar skólanefnd fær til meðferðar kærumál samkvæmt ákvæðum laga þessara gilda um meðferð kærumálsins reglur stjórnáslulaga. Um sérstakt hæfi nefndarmanna og annarra fulltrúa sem rétt hafa til að sitja fundi nefndarinnar gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga.

7. gr.

Skólastjóri.

Við grunnskóla skal vera skólastjóri sem er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Skólastjóri stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins. Skólastjóri boðar til kennarafunda svo oft sem þurfa þykir á starfstíma grunnskóla. Kennarafundi skulu sækja kennarar og aðrir sérfræðingar skólans. Skólastjóri boðar til starfsmannafunda svo oft sem þurfa þykir.

Skólastjóri gerir tillögur til sveitarstjórnar um fyrirkomulag stjórnunar í grunnskóla með tilliti til þarfa viðkomandi skóla. Skólastjóri ákveður verksvið annarra stjórnenda skólans og skal einn þeirra vera staðgengill skólastjóra.

Hafi grunnskóli færri en 60 nemendur, og ef ekki er annar stjórnandi, ákveður skólastjóri í upphafi skólaárs hver af föstum kennurum skólans skuli annast skólastjórn í forföllum hans.

8. gr.

Skólaráð.

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar.

Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári. Heimilt er, með rökstuddri greinargerð, að sækja tímabundið um undanþágu frá ákvæði þessarar málsgreinar til ráðuneytis. Í greinargerð þarf að koma fram með hvaða hætti verkefnum skólaráðs verði sinnt. Gildar ástæður þurfa að vera fyrir veitingu undanþágu, svo sem fámenni eða sérstaða.

Ráðherra setur reglugerð um starfsemi skólaráða í samráði við samtök sveitarfélaga, kennara og foreldra.

9. gr.

Foreldrafélag.

Við grunnskóla skal starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla.

Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.

10. gr.

Nemendafélag.

Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri

sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum.

Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð skv. 2. mgr. 8. gr.

III. KAFLI **Starfsfólk grunnskóla.**

11. gr. *Ráðning.*

Um ráðningu skólastjóra og starfsfólks grunnskóla fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga og nánari fyrirmælum í samþykkt um stjórn sveitarfélags eftir því sem við á.

Um skilyrði þess að hljóta ráðningu sem skólastjóri, kennari eða náms- og starfsráðgjafi í grunnskóla fer samkvæmt gildandi lögum þar um.

Óheimilt er að ráða einstakling til starfa við grunnskóla sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild skólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá.

12. gr. *Starfsfólk.*

Starfsfólk grunnskóla skal rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og samviskusemi. Það skal gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki.

Starfsfólk grunnskóla skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra, sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna og eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi láti af störfum. Þagnarskylda starfsfólks grunnskóla nær ekki til atvika sem ber að tilkynna um lögum samkvæmt. Skal skólastjóri brýna skyldur þessar fyrir starfsfólki og sérstaklega tilkynningarskyldu samkvæmt barnaverndarlögum.

Að frumkvæði skólastjóra mótar hver skóli áætlun til ákveðins tíma um hvernig símenntun starfsfólks hans skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár.

Kennarar og skólastjórar grunnskóla skulu eiga kost á reglulegri símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína. Þeir skulu einnig eiga kost á námsleyfum.

IV. KAFLI **Nemendur.**

13. gr. *Réttur nemenda.*

Grunnskóli er vinnustaður nemenda. Allir nemendur grunnskóla eiga rétt á kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan. Grunnskóli skal í hvívetna haga störfum sínum þannig að nemendur finni til öryggis og njóti hæfileika sinna. Nemendur eiga rétt á því að njóta bernsku sinnar í öllu starfi á vegum skólans. Þess skal gætt að vinnuálag í skóla sé hæfilegt þannig að nemendur fái nægjanlega hvíld frá skipulögðu starfi innan hvers skóladags og skólaárs, svo sem með samfelldu jóla- og páskaleyfi. Nemendur eiga rétt á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi námsumhverfi, námstílhögun, fyrirkomulag skólastarfs og aðrar ákvarðanir sem snerta þá. Taka skal tillit til sjónarmiða þeirra eins og unnt er.

Hver nemandi skal hafa umsjónarkennara. Umsjónarkennari fylgist náið með námi nemenda sinna og þroska, líðan og almennri velferð, leiðbeinir þeim í námi og starfi, aðstoðar og ráðleggur þeim um persónuleg mál og stuðlar að því að efla samstarf skóla og heimila.

Nemendur eiga rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar í grunnskóla af aðilum sem uppfylla skilyrði laga um náms- og starfsráðgjafa.

14. gr.
Ábyrgð nemenda.

Nemendur bera ábyrgð á eigin námi og á framkomu sinni og samskiptum með hliðsjón af aldri og þroska.

Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks grunnskóla í öllu því sem skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin.

Ef hegðun nemanda reynist verulega áfátt ber kennara hans að leita orsaka þess og reyna að ráða á því bót, m.a. með viðtölum við nemandann sjálfan og foreldra hans. Verði samt ekki breyting á til batnaðar skal kennari leita aðstoðar skólastjóra og sérfróðra ráðgjafa skólans sem leita leiða til úrbóta, eftir atvikum að teknu tilliti til hlutverks barnaverndaryfirvalda.

Meðan mál skv. 3. mgr. er útkljáð getur skólastjóri vísað nemanda úr skóla um stundarsakir eða ótímabundið, enda tilkynni hann foreldrum nemanda og skólanefnd tafarlaust þá ákvörðun. Um slíka ákvörðun gilda ákvæði stjórnýslulaga. Skólanefnd er skylt innan hæfilegs tíma að tryggja nemanda, sem vikið hefur verið úr skóla, viðeigandi kennsluúrræði.

Ákvörðun skv. 4. mgr. er kæránleg eftir fyrirmælum 47. gr. Hafi sveitarfélag ekki séð nemanda fyrir kennslu getur ráðuneytið í úrskurði sínum lagt fyrir sveitarfélag að tryggja nemanda nánar tiltekin kennsluúrræði innan tilskilins tíma.

Ráðherra mælir nánar fyrir um framkvæmd þessarar greinar í reglugerð.

15. gr.
Skólaskylda.

Nemendum er skylt að sækja grunnskóla, sbr. 3. gr. Skólaskylda er unnt að fullnægja í grunnskólum á vegum sveitarfélaga, í sjálfstætt rekrum grunnskólum eða með öðrum viðurkenndum hætti samkvæmt lögum þessum.

Skólaskylda barns hefst að jafnaði við upphaf skólaárs á því almanaksári sem barnið verður sex ára. Foreldrar barns geta sótt um eða samþykkt að það hefji skólagöngu fyrir eða síðar. Skólastjóri getur veitt slíka heimild að fenginni umsögn sérfræðipjónustu.

Skólastjóra er heimilt að veita nemanda undanþágu frá skyldunámi í tiltekinni námsgrein ef gild rök mæla með því. Enn fremur er skólastjóra heimilt að viðurkenna nám utan grunnskóla sem jafngildi grunnskólanáms.

Sæki foreldrar skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn í einstökum námsgreinum eða að öllu leyti er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu telji hann til þess gildar ástæður. Foreldrar skulu þá sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur.

Um ákvörðun um veitingu undanþágu eða synjun hennar, sbr. 3. og 4. mgr., gilda ákvæði stjórnýslulaga. Slík ákvörðun er kæránleg eftir fyrirmælum 47. gr. Í úrskurði getur ráðherra mælt fyrir um að undanþága verði veitt í heild eða að hluta, jafnvel þó að af hálfu sveitarfélags hafi ekki verið fallist á slíka beiðni.

Setja skal viðmiðanir um undanþágur samkvæmt þessari grein í aðalnámskrá grunnskóla.

16. gr.
Móttökuáætlun og nemendur með annað móðurmál en íslensku.

Kennsla í grunnskólum skal fara fram á íslensku. Heimilt er að nám fari fram á öðrum tungumálum en íslensku þegar það leiðir af eðli máls eða aðalnámskrá.

Grunnskólar taka á móti nemendum sem eru að hefja skólagöngu, eru að skipta um skóla eða hefja nám sitt hér á landi samkvæmt móttökuáætlun skóla eða sveitarfélags. Foreldrum skulu á þeim tímamótum veittar upplýsingar um skólagöngu barnsins og skólastarfið almennt og foreldrum með annað móðurmál en íslensku og heyrnarlausum foreldrum greint frá rétti þeirra til túlkapjónustu.

Móttökuáætlun vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku skal taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum. Tryggja skal að þessir nemendur og

foreldrar þeirra fái ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um grunnskólastarf.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Með kennslunni er stefnt að virku tvítyngi þessara nemenda og að þeir geti stundað nám í grunnskólum og tekið virkan þátt í íslensku samfélagi. Grunnskólum er heimilt að viðurkenna kunnáttu í móðurmáli nemenda með annað móðurmál en íslensku sem hluta af skyldunámi er komi í stað skyldunáms í erlendu tungumáli.

17. gr.

Nemendur með sérþarfir.

Nemendur eiga rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis.

Nemendur sem eiga erfitt með nám sökum sérþækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, sbr. 2. gr. laga um málefni fatlaðra, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir.

Nemendur sem að mati læknis geta ekki sótt skóla vegna slyss eða langvarandi veikinda eiga rétt til sjúkrakennslu annaðhvort á heimili sínu eða á sjúkrastofnun. Sjúkrakennsla er á ábyrgð viðkomandi sveitarfélags.

Telji foreldrar barns, skólastjórar, kennarar eða aðrir sérfræðingar að það fái ekki notið kennslu við sitt hæfi í almennum grunnskóla geta foreldrar sótt um skólavist fyrir barnið í sérúrræði innan grunnskóla eða í sérskóla.

Verði ágreiningur um fyrirkomulag skólavistar barns skal við úrlausn hans gæta ákvæða stjórnarsýslulaga. Skal ákvörðun tekin með hliðsjón af álitum sérfræðinga og með heildarhagsmuni barnsins að leiðarljósi. Ákvörðun er kæránleg samkvæmt fyrirmælum 47. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar og málsmeðferð. Þegar ráðuneytið kveður upp úrskurð í málum sem því berast á grundvelli þessarar greinar er því heimilt að mæla nánar fyrir um fyrirkomulag skólavistar nemanda og skyldur sveitarfélags í því efni.

V. KAFLI

Foreldrar.

18. gr.

Foreldrar og meðferð upplýsinga.

Foreldrar skulu gæta hagsmuna barna sinna á skólaskylduáldri. Foreldrar eiga rétt á að velja grunnskóla innan sveitarfélags fyrir börn sín samkvæmt reglum sveitarfélagsins. Jafnframt skulu þeir eiga rétt á upplýsingum um skólastarfið og skólagöngu barna sinna.

Foreldrum er skylt að veita grunnskóla upplýsingar um barn sitt sem nauðsynlegar eru fyrir skólastarfið og velferð barnsins. Um persónuupplýsingar sem þannig er aflað eða fylgt hafa barni úr leikskóla er krafist fullrar þagnarskyldu og málsmeðferðar í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Foreldrum skal gerð grein fyrir þessum upplýsingum. Meðferð upplýsinga skal vera á hendi skólastjóra eða annarra sérfræðinga á vegum sveitarfélagsins samkvæmt nánari ákvörðun þess. Ráðherra setur reglugerð um meðferð, eyðingu og miðlun upplýsinga og um rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín. Um rétt foreldris sem ekki fer með forsjá barns til upplýsinga um barn sitt samkvæmt þessum lögum fer samkvæmt fyrirmælum [52. gr. barnalaga, nr. 76/2003](#).

Foreldrar skulu hafa samráð við skólann um skólagöngu barna sinna, fylgjast með og styðja við skólagöngu þeirra og námsframvindu og stuðla að því að börnin mæti úthvöld í skólann og fylgi skólareglum. Þeir skulu fá tækifæri til að taka þátt í námi barnsins, svo og í skólastarfinu almennt.

Eigi í hlut foreldrar sem ekki tala íslensku eða nota táknmál skal skóli leitast við að tryggja túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla samkvæmt þessari grein.

19. gr.
Ábyrgð foreldra.

Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna og ber þeim að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra. Foreldrar skólaskylds barns bera ábyrgð á að það innritist í skóla þegar það kemst á skólaskyldualdur og sæki skóla. Verði misbrestur á skólasókn skólaskylds barns, án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli, skal skólastjóri leita lausna og taka ákvörðun um úrbætur. Jafnframt skal hann tilkynna barnaverndaryfirvöldum um málið. Skólastjóri skal fara að ákvæðum stjórnáskýlulaga við meðferð málsins. Ákvörðun er kæránleg eftir fyrir mælum 47. gr.

Í úrskurði getur ráðuneyti lagt fyrir sveitarfélag að tryggja nemanda tiltekin kennsluúrræði, þ.m.t. að veita honum aðgang að tilteknum skóla innan sveitarfélagsins.

VI. KAFLI
Skólahúsnæði og aðstaða í grunnskólum.

20. gr.
Skólamannvirkja.

Gerð skólamannvirkja er undirbúin af sveitarstjórn í samráði við skólanefnd og skólaráð. Stofnkostnaður grunnskóla á vegum sveitarfélaga greiðist af viðkomandi sveitarfélagi. Sveitarfélög annast einnig og kosta viðhald skólahúsnæðis og endurnýjun og viðhald búnaðar þess. Gert skal sérstaklega ráð fyrir rými fyrir sérfræðipjónustu við börn með sérþarfir og vinnuaðstöðu starfsfólks.

Í öllum grunnskólum skal gera ráð fyrir skólasafni eða tryggja með öðrum hætti aðgang nemenda að þjónustu slíks safns sem skal vera upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og kennara. Það skal búið bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist námsgreinum og námssviðum aðalnámskrár grunnskóla.

Grunnskólahúsnæði og skólalóðir skulu uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í lögum þessum, lögum um vinnuvernd og aðalnámskrá grunnskóla. Húsnæði og allur aðbúnaður skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan nemenda og starfsfólks, svo sem hvað varðar hentugan húsbúnað, hljóðvist, lýsingu og loftræstingu.

Við hönnun, byggingu og endurnýjun skólahúsnæðis skulu sveitarfélög hafa samráð við hagsmunaaðila skólasamfélagsins og aðila í grenndarsamfélagi.

Ráðherra setur reglugerð um húsnæði og búnað grunnskóla í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga þar sem nánar skal kveðið á um aðstöðu, búnað, slysavarnir og öryggismál í grunnskólahúsnæði og á skólalóðum.

21. gr.
Umsjón skólamannvirkja.

Skólastjóri skal sjá um daglega umsjón skólamannvirkja samkvæmt nánari ákvörðun sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn getur í samráði við skólastjóra ráðstafað skólahúsnæði öllu eða hluta þess til annarrar starfsemi svo fremi sem það raskar ekki lögbundinni notkun húsnæðisins.

22. gr.
Skólaakstur.

Sveitarfélög bera ábyrgð á skipulagi skólaaksturs þar sem hann á við og standa straum af kostnaðinum. Ráðherra setur nánari reglur um tilhögun skólaaksturs í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Skólaakstur skal vera nemendum að kostnaðarlausu.

23. gr.
Skólamálsverðir.

Í grunnskóla skulu nemendur eiga kost á málsverði á skólatíma í samræmi við opinber máneldismarkmið. Sveitarfélögum er heimilt að taka gjald fyrir skólamáltíðir samkvæmt sérstakri gjaldskrá sem þau setja.

Gjaldskrárákvarðanir samkvæmt þessari grein eru kæránlegar eftir fyrirmælum 47. gr.

VII. KAFLI
Inntak náms, námsskipan, námsframboð, námsmat og starfstími.

24. gr.
Aðalnámskrá.

Ráðherra setur grunnskólum aðalnámskrá sem er endurskoðuð reglulega. Í henni er m.a. kveðið nánar á um uppeldishlutverk grunnskólans og meginstefnu í kennslu og kennsluskipan í samræmi við hlutverk grunnskólans, sbr. 2. gr. Í aðalnámskrá skal m.a. leggja áherslu á:

- a. sjálfsvitund, siðgæðisvitund, félagsvitund og vitund nemenda um borgaralega ábyrgð og skyldur,
- b. líkamlega og andlega velferð, heilbrigða lífshætti og ábyrga umgengni við líf og umhverfi,
- c. þjálfun í íslensku í öllu námi,
- d. leikræna og listræna tjáningu,
- e. hæfni nemenda til að skilja orsakasamhengi og draga rökréttar ályktanir,
- f. skilning og frjótt og skapandi starf, nýsköpun og frumkvöðlanám,
- g. jafnvægi milli bóklegs og verklegs náms,
- h. leik barna sem náms- og þroskaleið,
- i. nám sem nýtist nemendum í daglegu lífi og við frekara nám og starf,
- j. undirbúning beggja kynja jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi,
- k. margvíslegar leiðir við öflun þekkingar með notkun tæknimiðla, upplýsingatækni og safna- og heimildavinnu,
- l. náms- og starfsfræðslu og kynningu á atvinnulífi og námsleiðum til undirbúnings náms- og starfsvali.

Í aðalnámskrá og við skipulagningu náms og kennslu og við gerð og val námsgagna skal þess sérstaklega gætt að allir nemendur fái jöfn tækifæri til náms og eigi þess kost að velja sér viðfangsefni og nálgun í eigin námi.

Markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu, stéttar, trúarbragða, heilsufars, fötlunar eða stöðu að öðru leyti.

Í öllu skólastarfi skal stuðla að heilbrigðum lífsháttum og taka mið af persónugerð, þroska, hæfileikum, getu og áhugasviðum hvers og eins.

25. gr.
Markmið náms.

Í aðalnámskrá skal kveðið á um meginmarkmið náms og kennslu, uppbyggingu og skipan náms, svo og hlutfallslega skiptingu tíma milli námssviða og námsgreina í grunnskóla. Þess skal gætt að námið verði sem heildstæðast, en hver grunnskóli ákveði hvort námsgreinar og námssvið eru kennd aðgreind eða samþætt. Í aðalnámskrá skal skilgreina þekkingar- og hæfnipætti á hverju námssviði. Nemendur skulu eiga þess kost að uppfylla námsmarkmið einstakra námsgreina og námssviða með mismunandi hætti. Í aðalnámskrá skal setja árangursviðmið um það hvenær nemandi telst hafa lokið einstökum námsgreinum eða námssviðum. Einnig skal setja viðmið vegna nemenda sem ljúka grunnskólanámi á skemmri tíma en tíu árum. Í aðalnámskrá skal gera grein fyrir samstarfi grunnskóla við leikskóla og framhaldsskóla og hvernig skuli staðið að aðlögun og flutningi milli skólastiga.

Í aðalnámskrá skal setja ákvæði um inntak og skipulag náms í íslensku, íslensku sem öðru

tungumáli eða íslensku táknmáli, stærðfræði, ensku, dönsku eða öðru Norðurlandamáli, list- og verkgreinum, náttúrugreinum, skólaíþróttum, samfélagsgreinum, jafnréttismálum, trúarbragðafræði, lífsleikni og upplýsinga- og tæknimennt.

26. gr.
Val í námi.

Frá upphafi grunnskóla skulu nemendur eiga val í námi sínu, svo sem um viðfangsefni, námsaðferðir og námsgreinar, í samræmi við viðmið í aðalnámskrá grunnskóla og skipulag skóla. Markmiðið með því er að gera nemendur ábyrgja fyrir eigin námi og skapa sveigjanleika í skólastarfi. Hluti náms getur einnig verið fjarnám og netnám.

Á unglingastigi, þ.e. í 8.–10. bekk, skulu nemendur velja námsgreinar og námssvið í allt að fimmtung námstímans samkvæmt nánari viðmiðunum sem settar eru í aðalnámskrá grunnskóla. Skólum er heimilt að skipuleggja mismunandi hlutfall valtíma eftir árgöngum í 8.–10. bekk og binda valið að hluta til teknum námssviðum.

Heimilt er að meta skipulagt nám sem stundað er utan grunnskóla, t.d. við tónlistarskóla, sem hluta af grunnskólanámi samkvæmt nánari útfærslu í aðalnámskrá grunnskóla. Stundi nemandi slíkt nám er viðkomandi sveitarstjórn ekki skylt að standa straum af kostnaði sem af því leiðir þótt námið njóti viðurkenningar í stað skyldunáms. Jafnframt er heimilt að meta tímabundna þátttöku í atvinnulífi, félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfbodastarfi sem nám, enda falli það að markmiðum skólastarfs.

Grunnskólanemendur eiga rétt á að stunda nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi meðan þeir eru í grunnskóla enda hafi þeir sýnt fullnægjandi færni. Skólastjóri í grunnskóla veitir nemanda heimild til slíks náms utan skólans samkvæmt viðmiðum sem sett skulu í aðalnámskrá. Ákvörðun skólastjóra samkvæmt þessari málsgrein lýtur ákvæðum stjórnarsýslulaga.

Heimilt er að kæra synjun um mat á námi eða beitingu heimildar samkvæmt þessari grein eftir fyrirmælum 47. gr. Í úrskurði getur ráðuneytið lagt fyrir skólastjóra grunnskóla að veita nemanda heimild til náms á framhaldsskólastigi skv. 4. mgr.

27. gr.
Námsmat.

Mat á árangri og framförum nemenda er reglubundinn þáttur í skólastarfi. Tilgangur þess er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að mæta markmiðum aðalnámskrár og ná námsmarkmiðum sínum, örva nemendur til framfara og meta hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda. Nánari ákvæði um námsmat skulu sett í aðalnámskrá grunnskóla.

Óheimilt er að veita upplýsingar um vitnisburði einstakra nemenda öðrum en þeim sjálfum og foreldrum þeirra. Þó er heimilt að veita þessar upplýsingar vegna flutnings nemenda milli skóla og innritunar í framhaldsskóla, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu og málsmeðferðar í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Nemendur og foreldrar þeirra eiga rétt á upplýsingum um niðurstöður mats, matsaðferðir og matstæki, þar með talið að skoða metin verkefni og prófúrlausnir. Þeir eiga jafnframt rétt á munnlegum skýringum á námsmati og að niðurstaða námsmats sæti endurskoðun innan grunnskólans. Slík endurskoðun telst ekki ígildi stjórnarsýslukæru í skilningi stjórnarsýslulaga.

Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um meðferð niðurstöðu námsmats í grunnskólum og miðlun upplýsinga um námsmat vegna flutnings nemenda milli skóla og innritunar í framhaldsskóla og um rétt foreldra til þess að fá vitneskju um slíkar upplýsingar.

28. gr.
Starfstími.

Starfstími nemenda í grunnskóla skal á hverju skólaári vera að lágmarki níu mánuðir. Skóladagar nemenda skulu eigi vera færri en 180. Skipting milli kennsludaga og annarra skóladaga nemenda er á ábyrgð skólastjóra að höfðu samráði við skólaráð og að fenginni staðfestingu skólanefndar.

Vikulegur kennslutími hvers nemanda í grunnskóla skal að lágmarki vera:

- a. 1.200 mínútur í 1.–4. bekk,

- b. 1.400 mínútur í 5.–7. bekk,
- c. 1.480 mínútur í 8.–10. bekk.

Skólastjóri ákveður nánari útfærslu vikulegs kennslutíma í samráði við skólaráð. Við ákvörðun daglegs og vikulegs starfstíma nemenda í grunnskóla skal þess gætt að hann sé samfelldur með eðlilegum hléum og fari ekki fram yfir hæfilegt vinnuálag miðað við aldur nemenda og þroska.

Heimilt er að víkja frá vikulegum lágmarkskennslutíma skv. 2. mgr. tímabundið, en nemendum skal þá tryggð viðbótarkennsla sem nemur frávikinum innan sama skólaárs.

Sveitarstjórnnum er heimilt að samræma tiltekna leyfisfisdaga innan skólaársins fyrir alla skóla í sveitarfélaginu, að höfðu samráði við hagsmunaaðila.

29. gr.

Skólanámskrá og starfsáætlun.

Í hverjum grunnskóla skal gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð þeirra og skal semja þær í samráði við kennara. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega.

Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaaleyfis, páskaleyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stöðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Starfsáætlun skóla skal árlega lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólalshalds.

Skólastjóri er ábyrgur fyrir útfærslu þessara ákvæða og einnig fyrir umfjöllun í skólanum og í skólaráði og að gera skólanefnd grein fyrir því með hvaða hætti áætlanir hafi staðist. Starfsáætlun og skólanámskrá skulu vera aðgengilegar öllum aðilum skólasamfélagsins.

30. gr.

Skólabragur.

Öllum aðilum skólasamfélagsins ber að leggja sitt af mörkum til þess að stuðla að og viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag.

Skólastjórum og kennurum ber að eiga samráð við foreldra um hegðun, líðan og samskipti barna þeirra. Foreldrum ber með sama hætti að eiga samráð við skólann um skólagöngu barna sinna. Sama á við um aðra forsjáraðila barna í viðkomandi skóla.

Grunnskólar skulu hafa heildstæða stefnu um það hvernig fyrirbyggja eigi að líkamlegt, andlegt eða félagslegt ofbeldi eigi sér stað í skólastarfi. Skólar skulu einnig hafa áætlun um framkvæmd tilkynningarskyldu samkvæmt barnaverndarlögum, um hvernig brugðist er við tilvikum um einelti, annað ofbeldi og félagslega einangrun. Áætlun skal m.a. framfylgt með því að hver skóli setji sér skólareglur. Í skólareglum skal m.a. kveðið á um almenna umgengni, samskipti, stundvísi, ástundun náms og heilbrigðar lífsvenjur. Þá skal í skólareglum koma fram hvernig skólinn hyggst bregðast við brotum á þeim.

Ráðherra er heimilt að mæla nánar fyrir um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í reglugerð sem sett er sameiginlega á grundvelli þessarar greinar og 14. gr. Þar skal m.a. mælt fyrir um starfrækslu fagráðs á vegum ráðuneytisins er verði ráðgefandi í eineltismálum.

31. gr.

Kostnaður í skyldunámi.

Kennsla í skyldunámi í opinberum grunnskólum skal veitt nemendum að kostnaðarlausu og er óheimilt að krefja nemendur eða foreldra þeirra um greiðslu fyrir kennslu, þjónustu, námsgögn eða annað efni sem nemendum er gert skylt að nota í námi sínu og samrýmist ákvæðum laga þessara og aðalnámskrá. Sama á við um nám grunnskólanemenda í framhaldsskólaáföngum, enda sé námið skilgreint sem hluti náms í grunnskóla. Þó er opinberum aðilum ekki skylt að leggja

nemendum til gögn til persónulegra nota, svo sem ritföng og pappír.

Nú stundar grunnskólanemandi nám í framhaldsskóla sem skilgreint er sem hluti náms í grunnskóla, og fer þá um kostnað vegna kennslu á framhaldsskólastigi eftir ákvæðum laga um framhaldsskóla. Sveitarfélög greiða þá kostnað vegna námsgagna og innritunar og eftir atvikum efnisgjald. Um nánari framkvæmd og fyrirkomulag skal samið milli hlutaðeigandi grunn- og framhaldsskóla.

Ráðuneyti er skylt að leggja grunnskólum til námsgögn í samræmi við meginmarkmið náms og kennslu á grunnskólastigi samkvæmt aðalnámskrá.

Óheimilt er að taka gjald af nemendum vegna ferðalaga sem flokkast undir vettvangsnám eða eru að öðru leyti hluti af skyldunámi nemenda. Þó er heimilt að taka gjald fyrir uppihald í námsferðum nemenda, að höfðu samráði við foreldra.

Ákvarðanir um gjaldtöku samkvæmt þessari grein eru kærarlegar samkvæmt fyrir mælum 47. gr.

32. gr.

Lok grunnskóla.

Er grunnskólanámi lýkur skal nemandi fá skírteini er votti að hann hafi lokið námi samkvæmt lögum þessum. Í skírteini skal skrá vitnisburð nemanda á lokaári í grunnskóla í því námi er hann lagði stund á.

Skólastjóri metur hvort nemandi hafi lokið grunnskólanámi og ber ábyrgð á útskrift hans úr grunnskóla. Heimilt er að útskrifa nemanda úr grunnskóla áður en tíu ára skyldunámi er lokið, enda uppfylli nemandi námskröfur grunnskóla í samræmi við lokamarkmið aðalnámskrár. Í aðalnámskrá grunnskóla skal nánar kveðið á um útfærslu þessarar greinar. Ákvörðun skólastjóra í þessu efni lýtur ákvæðum stjórnáskrá. Foreldri getur kært synjun um útskrift úr grunnskóla samkvæmt þessari grein eftir fyrir mælum 47. gr.

33. gr.

Tómstundastarf og lengd viðvera.

Í öllum grunnskólum skal nemendum gefinn kostur á að taka þátt í tómstunda- og félagsstarfi. Tómstunda- og félagsstarf getur bæði verið liður í daglegu starfi og utan venjulegs skólatíma. Sveitarstjórn getur enn fremur boðið grunnskólanemendum lengda viðveru utan daglegs kennslutíma.

Sveitarfélögum er heimilt að taka gjald fyrir lengda viðveru utan daglegs kennslutíma og tómstundastarf samkvæmt sérstakri gjaldskrá sem þau setja. Gjaldskrárákvarðanir samkvæmt þessari grein eru kærarlegar samkvæmt fyrir mælum 47. gr.

34. gr.

Sprotasjóður skóla.

Sprotasjóður skal styðja við þróun og nýjungar í skólastarfi í samræmi við stefnu stjórnvalda og aðalnámskrá. Til sjóðsins renna fjármunir sem veittir eru á fjárlögum hverju sinni. Ráðuneyti hefur umsjón með sjóðnum og setur reglugerð um styrkveitingar. Sjóðurinn er sameiginlegur fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Í reglugerð er heimilt að fela stofnun á vegum ráðuneytisins eða öðrum þar til bærum aðila umsjón með sjóðnum og að annast úthlutanir úr honum.

VIII. KAFLI

Mat og eftirlit með gæðum grunnskólastarfs.

35. gr.

Markmið.

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er að:

a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,

- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

36. gr.

Innra mat.

Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

37. gr.

Ytra mat sveitarfélaga.

Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólalags, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólafestnu sinnar og áætlanir um umbætur.

Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.

38. gr.

Ytra mat ráðuneytisins.

Ráðuneyti annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólalag í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun.

Ráðuneyti gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara og aðalnámskrár grunnskóla og aðra þætti skólastarfs. Ráðuneyti skipuleggur einnig þátttöku í alþjóðlegum mennta- og samanburðarrannsóknnum.

Ráðherra setur reglugerð um innra og ytra mat og upplýsingaskyldu sveitarfélaga að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

39. gr.

Samræmt námsmat.

Ráðuneyti stendur fyrir samræmdu námsmati í grunnskólum, leggur grunnskólum í því skyni til samræmd könnunarpróf og annast framkvæmd samræmds námsmats.

Samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði skulu lögð fyrir alla nemendur í 4. og 7. bekk grunnskóla. Nemendur í fyrri hluta 10. bekkjar skulu þreyta samræmd könnunarpróf í íslensku, stærðfræði og ensku. Önnur próf skal halda samkvæmt ákvörðun ráðherra.

Skólastjóra er heimilt ef gildar ástæður mæla með því og samþykki foreldra liggur fyrir að veita nemendum undanþágu frá því að þreyta könnunarpróf í einstökum prófgreinum 4., 7. og 10. bekkjar.

Námsmatsstofnun eða annar til þess bær aðili, sem ráðherra ákveður, hefur umsjón með gerð og framkvæmd samræmds námsmats og prófa samkvæmt grein þessari. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um fyrirkomulag og framkvæmd samræmds námsmats, prófa og rannsókna í grunnskólum og undanþágur nemenda frá samræmdu námsmati, samkvæmt þessari grein.

IX. KAFLI
Sérfræðipjónusta og stoðkerfi grunnskóla.

40. gr.

Skipulag og framkvæmd sérfræðipjónustu.

Sveitarfélög skulu tryggja að sérfræðipjónusta sé veitt í grunnskólum, ákveða fyrirkomulag hennar og stuðla að því að hún fari fram innan grunnskóla. Í sérfræðipjónustu felst annars vegar stuðningur við nemendur og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi grunnskóla og starfsfólk þeirra.

Í grunnskólum skal frá upphafi skólagöngu nemenda unnið að forvarnastarfi með skimunum og athugunum á nemendum til að tryggja þeim kennslu og námsaðstoð við hæfi. Auk þess skal fara fram greining á nemendum sem eiga í sálrænum eða félagslegum erfiðleikum sem hafa áhrif á nám þeirra. Allar athuganir á vegum skóla sem varða einstaka nemendur skulu gerðar í samráði við og með samþykki foreldra og óheimilt er að taka gjald fyrir slíkar athuganir. Greina skal foreldrum frá niðurstöðum slíkra athugana.

Foreldrar nemenda geta óskað eftir greiningu samkvæmt þessari grein, auk þess sem skólastjóri, kennarar eða starfsmenn heilsugæslu geta lagt fram ósk um greiningu í samráði við og með samþykki þeirra. Sérfræðipjónusta sér um að greining fari fram, skilar tillögu til skólastjóra um hvernig við skuli bregðast, fylgist með úrbótum og metur árangur.

Skólastjóri skal samræma innan hvers skóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda er lúta að sérfræðipjónustu, námsráðgjöf og skólaheilsugæslu með stofnun nemendaverndarráðs. Jafnframt skal stuðla að samráði við félagspjónustu sveitarfélags og barnaverndaryfirvöld vegna málefna einstakra nemenda eftir því sem þurfa þykir. Heimilt er, með rökstuddri greinargerð, að sækja um tímabundna undanþágu frá einstökum ákvæðum í reglugerð um nemendaverndarrád til ráðuneytis. Gildar ástæður þurfa að vera fyrir veitingu undanþágu, svo sem fámenni eða sérstaða.

Sveitarfélög sem reka grunnskóla skulu hafa frumkvæði að samstarfi sérfræðipjónustu, félagspjónustu, barnaverndaryfirvalda og heilbrigðisþjónustu innan sveitarfélagsins vegna nemenda með sérþarfir og langvinn veikindi. Sveitarfélög skulu einnig hafa frumkvæði að samstarfi sérfræðipjónustu við aðila sem annast sérhæfð greiningar- og meðferðarúrræði á vegum ríkisins vegna einstakra nemenda.

Við framkvæmd sérfræðipjónustu skulu sveitarfélög leggja áherslu á góð tengsl leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla með samfelli í skólastarfi að leiðarljósi.

Ráðherra setur reglugerð um sérfræðipjónustu og starfsemi nemendaverndarráða í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Sé foreldri synjað um beiðni um greiningu skv. 3. mgr. verður sú ákvörðun kærð samkvæmt fyrirmælum 47. gr. Ráðuneytið getur í úrskurði mælt fyrir um að tilteknum nemanda skuli veitt greining í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

41. gr.

Skólaheilsugæsla.

Um skólaheilsugæslu í grunnskólum fer eftir gildandi lögum um heilbrigðisþjónustu. Um skipulag og fyrirkomulag skólaheilsugæslu í grunnskóla skal haft samráð við skólanefnd og skólastjóra.

Skólastjóra ber að fylgjast með því að nemendur njóti skólaheilsugæslu í skólanum í samræmi við þá tilhögun sem ákveðin hefur verið skv. 1. mgr.

Sveitarfélög greiða stofnkostnað húsnæðis í skólum sem ætlað er fyrir skólaheilsugæslu og annast rekstur þess. Laun starfsmanna við skólaheilsugæslu og sérgreindur kostnaður við þessa starfsemi greiðist sem annar kostnaður við rekstur almennrar heilsugæslu á heilsugæslustöð og fer um ráðningu starfsmanna með sama hætti.

42. gr.
Sérúrræði.

Sveitarfélög geta beitt sér fyrir sérúrræðum innan grunnskóla eða stofnað til reksturs sérskóla þegar almennt nám og kennsluhættir hæfa ekki þörfum eða hag nemenda. Slíkum úrræðum er ætlað að veita nemendum sérhæft umhverfi til náms í lengri eða skemmri tíma þar sem jafnframt skal lögð áhersla á að veita starfsfólki almennra grunnskóla stuðning og kennslufræðilega ráðgjöf.

X. KAFLI **Viðurkenning grunnskóla, samrekstur og heimakennsla.**

43. gr.
Viðurkenning grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum.

Ráðherra er heimilt að viðurkenna grunnskóla eða hluta grunnskóla, sbr. 1. gr., sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum í formi sjálfseignarstofnunar eða hlutafélags eða samkvæmt öðru viðurkenndu rekstrarformi, enda liggja fyrir samþykki sveitarfélags um stofnun skólans. Heimilt er að binda samþykki sveitarfélags við ákveðinn hámarksfjölda nemenda. Um slíka grunnskóla gilda sömu lög og reglur og um grunnskóla skv. 1. gr., eftir því sem við á. Þar á meðal skal af hálfu viðkomandi skóla fylgt ákvæðum stjórnáskilgáttanna við töku ákvarðana sem kærnanlegar eru skv. 47. gr. Það á þó ekki við um ákvarðanir um gjaldtöku.

Sveitarfélög skulu gera þjónustusamninga við grunnskóla sem falla undir þessa grein. Í samningi skulu koma fram atriði er varða áherslur í starfsemi skólans, mat og eftirlit með gæðum, fjárhagsleg samskipti og atriði sem varða gildi samnings, þar á meðal um reynslutíma. Þá skal í samningi tekin afstaða til þess hvort rekstraraðili hafi heimild til gjaldtöku af foreldrum og að hvaða marki heimildin tekur til kennslu og skólamáltíða. Enn fremur skal gengið frá fyrirkomulagi sérfræðipjónustu og skólaaksturs, ef við á. Grunnskóli með viðurkenningu ráðuneytisins á rétt á því að sveitarstjórn geri við hann þjónustusamning.

Grunnskólar sem hljóta viðurkenningu skv. 1. mgr. eiga rétt á framlagi úr sveitarstjórn til starfsemi sinnar vegna nemenda sem hafa lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar í. Skal fralagið nema að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt árlegum útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en fralagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda. Útreikningur Hagstofu Íslands á kostnaði samkvæmt þessari málsgrein skal taka mið af verðlagsbreytingum.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd þessarar greinar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofu Íslands. Í reglugerð skal m.a. kveðið nánar á um skilyrði fyrir viðurkenningu, hvernig staðið verði að veitingu hennar, form og efni þjónustusamninga, þ.m.t. meðferð rekstrarafgangs af starfsemi skólans sem rekja má til opinberra fjárveitinga, upplýsingagjöf til sveitarfélaga og ráðuneytis, eftirlit með starfsemi, afturköllun viðurkenningar og riftun þjónustusamnings vegna vanefnda á ákvæðum hans.

44. gr.
Próunarskólar.

Ráðherra getur veitt sveitarfélögum og sjálfstætt reknum grunnskólum heimild til að reka próunarskóla eða gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs með undanþágu frá ákvæðum laga þessara, reglugerða settra á grundvelli þeirra og aðalnámskrár grunnskóla. Slíkum tilraunum skulu ávallt sett eðlileg tímamörk og kveðið á um úttekt að tilraun lokinni.

Heimilt er að styrkja próunarskóla og sérstakar nýjungar eftir því sem fjárlög heimila hverju sinni.

45. gr.
Samrekstur.

Sveitarfélögum, tveimur eða fleiri, er heimilt að hafa með sér samvinnu um rekstur grunnskóla, sbr. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Í samningi sveitarfélaga skal kveðið á um hvernig fari með

hlutverk skólanefndar skv. 6. gr. Velji sveitarfélög að reka saman grunnskóla í formi byggðasamlags, sbr. 82. gr. sveitarstjórnarlaga, fer stjórn byggðasamlags með verkefni skólanefndar nema stofnuð sé sérstök nefnd til að fara með það hlutverk á vegum byggðasamlagsins. Ákvæði um slíkt fyrirkomulag skulu sett í samning um stofnun byggðasamlagsins.

Hafi sveitarfélög með sér samstarf um skólalald á grunnskólastigi með þeim hætti að börn úr tilteknu sveitarfélagi sækja skóla sem rekinn er af öðru sveitarfélagi fer um samninga milli sveitarfélaga eftir 5. gr. Sæki umtalsverður hluti barna úr sveitarfélagi skóla í öðru sveitarfélagi á þeim grundvelli er viðkomandi sveitarfélögum heimilt að kveða svo á í samþykktum um stjórn sveitarfélaganna að í skólanefnd viðtökusveitarfélags eigi sæti, með málfrelsi og tillögurétt, fulltrúi sem kjörinn er af sveitarstjórn þess sveitarfélags sem umrædd börn eiga lögheimili í.

Sveitarfélögum er heimilt að reka saman grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla undir stjórn eins skólastjóra að fenginni umsögn skólanefnda. Skal stjórnandi slíkrar stofnunar hafa leyfisbréf til kennslu á leik- og/eða grunnskólastigi. Sveitarstjórn getur ákveðið að skólaráð, sbr. 8. gr., og foreldraráð, sbr. 11. gr. laga um leikskóla, starfi sameiginlega í einu ráði. Ákvæði þetta gildir einnig um skóla sem reknir eru á grundvelli 1. mgr. Hinn samrekni skóli starfar að öðru leyti samkvæmt lögum um viðkomandi skólastig.

46. gr. *Undanþágu.*

Ráðherra er heimilt að viðurkenna grunnskóla eða námsbraut innan almenns grunnskóla sem starfar samkvæmt viðurkenndri erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan.

Foreldrar, sem óska eftir undanþágu frá 3. gr. til að geta kennt börnum sínum heima, að hluta eða öllu leyti, skulu sækja um slíka heimild til síns sveitarfélags. Skólastjóri getur veitt undanþágu að höfðu samráði við skólanefnd og sérfræðipjónustu. Börn sem hljóta heimakennslu eru undanþegin skólaskyldu skv. 3. gr., en skulu lúta eftirliti og reglulegu mati og þreyta könnunarpróf samkvæmt lögum þessum.

Ákvörðun sveitarstjórnar skv. 2. mgr. er kæránleg eftir fyrirmælum 47. gr. Menntamálaráðuneytið getur í úrskurði sínum lagt fyrir sveitarfélag að veita foreldrum barns heimild skv. 2. mgr.

Ráðherra setur reglugerð um skilyrði til heimakennslu á grunnskólastigi og viðurkenningu grunnskóla samkvæmt þessari grein. Sveitarfélög skulu tilkynna ráðuneytinu um veitingu heimildar samkvæmt þessari grein.

XI. KAFLI **Meðferð ágreiningsmála.**

47. gr. *Kæruheimild.*

Ákvarðanir um rétt og skyldu einstakra nemenda sem teknar eru í grunnskólum á grundvelli 4. mgr. 5. gr., 4. mgr. 14. gr., 3. og 4. mgr. 15. gr., 5. mgr. 17. gr., 1. mgr. 19. gr., 1. mgr. 23. gr., 4. mgr. 26. gr., 4. mgr. 31. gr., 2. mgr. 32. gr., 2. mgr. 33. gr., 3. mgr. 40. gr. og 2. mgr. 46. gr. eru kæránlegar til ráðherra. Um meðferð kærumála fer að ákvæðum stjórnsýslulaga.

Sveitarstjórn getur ákveðið í samþykkt um stjórn og stjórnsýslu sveitarfélagsins að áður en hægt er að kæra ákvörðun skv. 1. mgr. skuli fyrst beina kæru til skólanefndar eða annars tiltekna aðila innan stjórnsýslu sveitarfélagsins. Sé heimild þessari beitt skal sveitarstjórn ákveða hvort þessi kæru réttur eigi við um hluta ákvarðana skv. 1. mgr. eða um þær allar, og þá skal jafnframt tekin afstaða til þess í samþykkt hvort slíkar ákvarðanir sem teknar eru af hálfu sjálfstætt rekinna grunnskóla í sveitarfélagi, sbr. 43. gr., skuli kæránlegar með sama hætti. Um málsmeðferð á kærustigi innan sveitarfélags fer að ákvæðum stjórnsýslulaga.

XII. KAFLI
Gildistaka.
48. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2008. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 66/1995, um grunnskóla.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Grunnskólar sem þegar eru starfandi á grundvelli 56. gr. laga nr. 66/1995, um grunnskóla, sbr. 22. gr. laga nr. 98/2006, eiga rétt á framlagi úr sveitarsjóði samkvæmt lögum þessum án sérstakrar viðurkenningar ráðherra. Sveitarfélagi er þó heimilt að takmarka framlag úr sveitarsjóði við hámarksfjölda nemenda.

Eignarhlutur ríkisins í skólahúsnæði grunnskóla, sem var í eigu ríkisins í heild eða hluta, skal afskrifaður í 15 jöfnum áföngum á árunum 1996–2010 og eignfærður hjá þeim sveitarfélögum sem bera ábyrgð á rekstri skóla og annast viðhald skólahúsnæðis. Sé húsnæði, sem áður var nýtt í tengslum við skólastarf, ekki lengur nýtt í slíku skyni skal eignarhlutur ríkisins vera óskertur.

II.

Sveitarfélög skulu greiða upphæð er svarar til 1,3% af dagvinnulaunum kennara og skólastjóra í sveitarfélaginu í sérstakan sjóð er Samband íslenskra sveitarfélaga annast rekstur á og varðveitir. Úr sjóði þessum skulu greidd laun kennara og skólastjóra við grunnskóla vegna námsleyfa allt að einu ári. Sjóðurinn ráðstafar einnig þeim fjármunum sem ríkið veitir til símenntunar kennara og skólastjóra. Samband íslenskra sveitarfélaga skipar fimm menn í stjórn sjóðsins, tvo tilnefnda af Kennarasambandi Íslands og þrjá af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Stjórn sjóðsins setur sér starfsreglur og birtir þær.

Prátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að ákveða að framlög vegna námsleyfa kennara og skólastjórnenda renni í sérstakan sjóð sem sveitarfélög og viðsemjendur þeirra hafa samið um í kjarasamningum. Jafnframt má ákveða að fjármunum sem ákveðnir eru í fjárlögum til símenntunar kennara og skólastjóra verði ráðstafað með sama hætti.

Nú hafa sveitarfélög og viðsemjendur þeirra komið á fót sjóði, sbr. 2. mgr., og skal ráðherra þá birta auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda um að hann komi í stað sjóðs skv. 1. mgr.

III.

Reglugerðir, auglýsingar og önnur fyrirmæli sett samkvæmt lögum nr. 66/1995, með síðari breytingum, skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau stangast ekki á við lög þessi þar til nýjar reglugerðir, auglýsingar eða önnur fyrirmæli hafa öðlast gildi.

IV.

Skólanefndir sem kosnar hafa verið samkvæmt lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, halda umboði sínu.

V.

..

Fylgiskjal 4 – Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla

nr. 87/2008, síðari breytingum til og með lögum nr. 139/2011. .

Breytingarnar hafa verið innfærðar en eru ekki auðkenndar.

I. KAFLI Gildissvið.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til menntunar og ráðningar kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla og lögverndunar starfsheita og starfsréttinda þeirra.

2. gr.
Markmið.

Markmið laganna er að tryggja að þeir sem leggja stund á kennslu- og uppeldisstörf í leik-, grunn- og framhaldsskólum hafi menntun í samræmi við störf þeirra og ábyrgð.

II. KAFLI Menntun kennara, starfsheiti, leyfisbréf.

3. gr.
Starfsheitið leikskólakennari.

Rétt til að nota starfsheitið leikskólakennari og starfa við leikskóla á vegum opinberra aðila eða aðra hliðstæða skóla hefur sá einn sem til þess hefur leyfi ráðherra.

Leyfi til þess að nota starfsheitið leikskólakennari má aðeins veita þeim sem lokið hefur:

1. meistaraprófi frá háskóla sem hlotið hefur viðurkenningu ráðherra á grundvelli laga um háskóla, nr. 63/2006, á fræðasviði sem ráðherra viðurkennir til kennslu á leikskólastigi; eða
2. öðru námi sem jafngildir meistaraprófi skv. 1. tölul. og ráðherra viðurkennir til kennslu á leikskólastigi.

4. gr.
Starfsheitið grunnskólakennari.

Rétt til að nota starfsheitið grunnskólakennari og starfa við grunnskóla á vegum opinberra aðila eða aðra hliðstæða skóla hefur sá einn sem til þess hefur leyfi ráðherra.

Leyfi til þess að nota starfsheitið grunnskólakennari má aðeins veita þeim sem lokið hefur:

1. meistaraprófi frá háskóla sem hlotið hefur viðurkenningu ráðherra á grundvelli laga um háskóla, nr. 63/2006, á fræðasviði sem ráðherra viðurkennir til kennslu á grunnskólastigi; eða
2. öðru námi sem jafngildir meistaraprófi skv. 1. tölul. og ráðherra viðurkennir til kennslu á grunnskólastigi; eða
3. meistararéttindum í iðngrein sem nýtist til kennslu á grunnskólastigi í skilgreindri námsgrein eða á skilgreindu námssviði, enda komi slík sérhæfing fram í leyfisbréfi, auk 60 eininga náms í kennslu- og uppeldisfræði; eða
4. fullgildu lokaprófi í listgrein, tæknigrein eða verkgrein sem nýtist til kennslu á grunnskólastigi í skilgreindri námsgrein eða á skilgreindu námssviði, enda komi slík sérhæfing fram í leyfisbréfi. Skal

menntun a.m.k. vera 270–300 námseiningar, þar af að lágmarki 60 námseiningar í kennslu- og uppeldisfræði.

5. gr.

Starfsheitið framhaldsskólakennari.

Rétt til að nota starfsheitið framhaldsskólakennari og starfa við framhaldsskóla hefur sá einn sem til þess hefur leyfi ráðherra. Í leyfisbréfi skal tilgreina kennslugrein/ar eða sérsvið viðkomandi framhaldsskólakennara samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari má aðeins veita þeim sem lokið hefur:

1. meistaraþrófi frá háskóla sem hlotið hefur viðurkenningu ráðherra á grundvelli laga nr. 63/2006, á fræðasviði sem ráðherra viðurkennir til kennslu á framhaldsskólástigi; eða
2. öðru námi sem jafngildir meistaraþrófi skv. 1. tölul. og ráðherra viðurkennir til kennslu á framhaldsskólástigi; eða
3. meistara réttindum í iðngrein sem nýtist til kennslu á framhaldsskólástigi í skilgreindri námsgrein eða á skilgreindu námssviði, auk 60 eininga náms í kennslu- og uppeldisfræði; eða
4. fullgildu lokaprófi í listgrein, tæknigrein eða verkgrein sem nýtist til kennslu á framhaldsskólástigi í skilgreindri námsgrein eða á skilgreindu námssviði, enda komi slík sérhæfing fram í leyfisbréfi. Skal menntun a.m.k. vera 270–300 námseiningar, þar af að lágmarki 60 námseiningar í kennslu- og uppeldisfræði.

6. gr.

Réttindi sem aflað er í ríki innan EES eða í aðildarríki EFTA.

Ráðherra skal staðfesta leyfi til að nota starfsheitið leikskólakennari, grunnskólakennari og framhaldsskólakennari samkvæmt umsókn ríkisborgara frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða Færeyjum ef viðkomandi leggur fram vottorð um viðurkennd kennsluréttindi í ríki innan svæðisins eða Færeyjum í samræmi við skilyrði tilskipunar 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi.

Samkvæmt umsókn frá ríkisborgara aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu skal ráðherra staðfesta leyfi til að nota starfsheitið leikskólakennari, grunnskólakennari eða framhaldsskólakennari með sömu skilyrðum og tilgreind eru í 1. mgr., enda leggi viðkomandi fram vottorð um viðurkennd kennsluréttindi í aðildarríki samtakanna.

7. gr.

Matsnefnd.

Leiki vafi á hvort umsækjandi um leyfi til þess að nota starfsheitið leikskólakennari, grunnskólakennari eða framhaldsskólakennari fullnægi þeim skilyrðum sem kveðið er á um í lögum þessum skal leita umsagnar matsnefndar sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn.

Matsnefnd skal skipuð fimm fulltrúum, einum fulltrúa tilnefndum af samstarfsnefnd um háskólástigið, tveimur fulltrúum tilnefndum af heildarsamtökum kennara, einum fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

Nánar skal kveðið á um starfshætti nefndarinnar í reglugerð.

8. gr.

Um inntak menntunar leik-, grunn- og framhaldsskólakennara.

Ráðherra setur reglugerð þar sem inntak menntunar leik-, grunn- og framhaldsskólakennara er nánar skilgreint með tilliti til lágmarkskrafna um vægi kennslu- og uppeldisfræða og vægi faggreina.

Með námseiningum er í lögum þessum átt við ECTS-einingar eða staðlaðar námseiningar, sbr. lög nr. 63/2006, um háskóla.

III. KAFLI
Starfsréttindi og ráðningar í leikskólum.

9. gr.

Leikskólakennarar og ráðning þeirra.

Til þess að verða ráðinn kennari við leikskóla skal umsækjandi hafa öðlast leyfi til þess að nota starfsheitið leikskólakennari skv. 3. og 21. gr.

Að lágmarki $\frac{2}{3}$ hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda leikskólakennara.

Sveitarstjórn, eða sá sem sveitarstjórn felur umboð sitt, eða aðrir rekstraraðilar, ráða leikskólakennara og skólastjórnendur við leikskóla í samræmi við lög þessi, fyrirmæli laga um leikskóla og ákvæði sveitarstjórnarlaga.

10. gr.

Ráðning skólustjóra í leikskólum.

Til þess að verða ráðinn leikskólustjóri eða aðstoðarleikskólustjóri við leikskóla skal umsækjandi hafa starfsheitið leikskólakennari og viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á leikskólastigi.

IV. KAFLI
Starfsréttindi og ráðningar í grunnskólum.

11. gr.

Ráðning grunnskólakennara og sérfræðinga.

Til þess að verða ráðinn kennari við grunnskóla skal umsækjandi hafa öðlast leyfi til þess að nota starfsheitið grunnskólakennari skv. 4. og 21. gr.

Skólustjórar ráða grunnskólakennara til tímabundinnar forfallakennslu eða afleysinga og aðra sérfræðinga, sbr. 3. mgr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að ráða sérfræðing tímabundið að hámarki eitt skólaár í senn til að kenna sérgrein sína, enda sé aðeins um að ræða kennslu sem nemur 240 mínútum eða minna á viku.

12. gr.

Ráðning skólustjóra í grunnskólum.

Til þess að verða ráðinn skólustjóri eða aðstoðarskólustjóri við grunnskóla skal umsækjandi hafa starfsheitið grunnskólakennari og viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á grunnskólastigi.

V. KAFLI
Starfsréttindi og ráðningar í framhaldsskólum.

13. gr.

Starfsfólk framhaldsskóla og ráðning þess.

Til þess að verða ráðinn til kennslu í framhaldsskóla skal umsækjandi hafa öðlast leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari skv. 5. og 21. gr. Miða skal við að framhaldsskólakennari kenni þær greinar eða á því sviði sem menntun hans nær til.

Skólameistari framhaldsskóla ræður starfsfólk framhaldsskóla í samræmi við ákvæði laga um framhaldsskóla og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er skólameistara heimilt að ráða sérfræðing tímabundið að hámarki eitt skólaár í senn til að kenna sérgrein sína, enda sé aðeins um að ræða kennslu sem nemur 240 mínútum eða minna á viku.

14. gr.

Skólustjórnendur framhaldsskóla.

Við ráðningu í stjórnunarstörf við framhaldsskóla skal umsækjandi hafa starfsheitið framhaldsskólakennari og viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á framhaldsskólastigi.

15. gr.

Auglýsingar og ráðningar.

Auglýsa skal öll laus kennslu- og stjórnunarstörf í framhaldsskóla í samræmi við reglur ráðherra er fer með starfsmannamál ríkisins um auglýsingar á lausum störfum. Í auglýsingu skal m.a. tilgreina kennslugreinar eða sérsvið. Ekki er skylt að auglýsa þau störf sem getið er um í 16. gr. Ráðningum skal lokið fyrir 31. maí eftir því sem við verður komið.

16. gr.

Sérstök tilvik.

Kennsla skal falin framhaldsskólakennurum sem þegar hafa ráðningu eftir því sem við verður komið. Heimilt er þó að ráða framhaldsskólakennara og aðra sérfræðinga, sbr. 3. mgr. 13. gr., án auglýsingar til tímabundinnar forfallakennslu eða afleysinga, svo sem vegna orlofs, veikinda, fæðingarorlofs eða námsleyfis, enda sé afleysingu ekki ætlað að standa lengur en 12 mánuði samfellt.

Þá er heimilt að ráða framhaldsskólakennara til kennslustarfa sem eiga að standa tvo mánuði eða skemur sem og til tímabundinna starfa í minna en $\frac{1}{4}$ hluta starfs.

Ráða skal til starfa skv. 1. og 2. mgr. með ráðningarsamningi með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti sem er þó einn mánuður fyrstu þrjá mánuði í starfi, enda sé ráðningu ætlað að standa í a.m.k. þrjá mánuði.

VI. KAFLI

Undanþágur.

17. gr.

Undanþáguheimild fyrir leikskóla.

Sæki enginn leikskólakennari um auglýst leikskólakennarastarf, leikskólastjórastarf eða aðstoðarleikskólastjórastarf, sbr. 2. mgr. 9. gr., þrátt fyrir endurtekna auglýsingu er heimilt að lausráða í starfið til bráðabirgða, að hámarki til eins árs í senn, einstakling sem ekki er leikskólakennari. Hið sama gildir ef umsækjandi uppfyllir ekki þau almennu skilyrði sem nauðsynleg teljast til þess að fá ráðningu í starf. Nú hefur starf starfsmanns verið auglýst í tvígang án þess að leikskólakennari hafi fengist og er þá heimilt að ráða hann í starfið samkvæmt nánari fyrirætlunum sveitarstjórnarlaga og hlutaðeigandi kjarasamnings. Starfsmaður sem ráðinn er vegna framangreindra aðstæðna má ekki bera starfsheitið leikskólakennari og ekki má endurráða hann án undangenginnar auglýsingar.

18. gr.

Undanþágunefnd grunnskóla.

Ráðherra skipar undanþágunefnd grunnskóla til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð fjórum fulltrúum, einum fulltrúa tilnefndum af heildarsamtökum kennara, einum fulltrúa tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einum fulltrúa tilnefndum af samstarfsnefnd um háskólastigið og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

Óheimilt er að ráða aðra en þá sem uppfylla ákvæði laga þessara til kennslu við grunnskóla á vegum opinberra aðila eða hliðstæða skóla, sbr. lög um grunnskóla.

Nú sækir enginn grunnskólakennari um auglýst kennslustarf þrátt fyrir endurtekna auglýsingu og getur skólastjóri þá sótt um heimild til undanþágunefndar grunnskóla um að lausráða tiltekinn starfsmann til kennslustarfa til bráðabirgða, þó aldrei lengur en til eins árs í senn. Undanþágunefnd er heimilt að víkja frá kröfu um endurtekna auglýsingu þegar sótt er um undanþágu til að endurráða einstakling sem er í námi til kennsluréttinda. Slíkri umsókn skal fylgja staðfesting á að viðkomandi sé í námi og áætlun um námsframvindu. Skólastjóra er ekki skylt að leita til undanþágunefndar sé um að ræða kennslu sem nemur 240 mínútum á viku eða minna, sbr. 3. mgr. 11. gr.

Málsaðili getur skotið ákvörðun undanþágunefndar til ráðherra. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar undanþágunefndar.

Ef hvorki skólastjóri né að minnsta kosti tveir skólanefndarmenn mæla með ráðningu grunnskólakennara í kennslustarf getur skólastjóri þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. leitað til undanþágunefndar og óskað eftir heimild nefndarinnar til að lausráða annan einstakling.

Nú fæst heimild frá undanþágunefnd til að lausráða einstakling skv. 3. eða 5. mgr. og skal hann þá ráðinn með sérstökum ráðningarsamningi til ákveðins tíma með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti sem er þó einn mánuður á fyrstu þremur mánuðum í starfi. Slíkur starfsmaður má ekki bera starfsheitið grunnskólakennari og ekki má endurráða hann án undangenginnar auglýsingar.

Starfsreglur undanþágunefndar skal ákveða nánar í reglugerð.

19. gr.

Undanþágunefnd framhaldsskóla.

Ráðherra skiptar undanþágunefnd framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð þremur fulltrúum, einum fulltrúa tilnefndum af heildarsamtökum kennara, einum fulltrúa tilnefndum af Félagi íslenskra framhaldsskóla og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

Óheimilt er að ráða aðra en þá sem uppfylla ákvæði laga þessara til kennslu við framhaldsskóla, sbr. lög um framhaldsskóla.

Nú sækir enginn sem fullnægir ákvæðum þessara laga um auglýst kennslustarf þrátt fyrir endurtekna auglýsingu og getur skólameistari þá sótt um heimild til undanþágunefndar framhaldsskóla um að lausráða tiltekinn starfsmann til kennslustarfa til bráðabirgða, þó aldrei lengur en til eins árs. Undanþágunefnd er heimilt að víkja frá kröfu um endurtekna auglýsingu þegar sótt er um undanþágu til að endurráða einstakling sem er í námi til kennsluréttinda. Slíkri umsókn skal fylgja staðfesting á að viðkomandi sé í námi og áætlun um námsframvindu. Skólameistara er ekki skylt að leita til undanþágunefndar sé um að ræða kennslu sem nemur 240 mínútum á viku eða minna, sbr. 3. mgr. 13. gr.

Málsaðili getur skotið ákvörðun undanþágunefndar til ráðherra. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar undanþágunefndar.

Ef hvorki skólameistari né að minnsta kosti tveir skólanefndarmenn mæla með ráðningu framhaldsskólakennara í kennslustarf getur skólameistari þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. leitað til undanþágunefndar og óskað eftir heimild nefndarinnar til að lausráða annan einstakling sem hefur sémenntun í auglýstri kennslugrein.

Nú fæst heimild frá undanþágunefnd til að lausráða einstakling skv. 3. eða 5. mgr. og skal hann þá ráðinn með sérstökum ráðningarsamningi með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti sem er þó einn mánuður á fyrstu þremur mánuðum í starfi. Slíkur starfsmaður má ekki bera starfsheitið framhaldsskólakennari og ekki má endurráða hann án undangenginnar auglýsingar.

Starfsreglur undanþágunefndar skal ákveða nánar í reglugerð.

VII. KAFLI

Almenn ákvæði.

20. gr.

Mat á umsóknum og forgangur til starfs.

Við ráðningu skólastjórnenda í leik-, grunn- og framhaldsskólum skal tekið tillit til menntunar, starfsferils, stjórnunarreynslu eða viðbótarmenntunar í stjórnun og umsagna um starfshæfni umsækjanda. Sæki fleiri en einn um sama starf og uppfylli tveir eða fleiri þær kröfur sem gerðar eru skal m.a. tekið tillit til menntunar, starfsreynslu og umsagna um starfshæfni umsækjanda þegar ákvörðun er tekin um ráðningu í starfið.

Grunnskólakennari sem hefur sérhæft sig til kennslu í tiltekinni námsgrein, á tilteknu námssviði eða aldurstigi, skal við ráðningu hafa forgang til kennslu miðað við það.

Einstaklingar sem hafa lokið bakkalárprófi á sviði uppeldis- og kennslufræða, og aðrir þeir sem

hafa sambærilega menntun sem nýtist til starfa í leikskólum, skulu njóta forgangs umfram aðra við ráðningu í störf í leikskólum.

Einstaklingar sem hafa lokið bakkalárprófi á sviði uppeldis- og kennslufræða, og aðrir þeir sem hafa sambærilega menntun sem nýtist til starfa í grunnskólum, skulu njóta forgangs umfram aðra við ráðningu í störf í grunnskólum.

Einstaklingar með starfsréttindapróf eða háskólapróf og a.m.k. 120 námseiningar í auglýstri kennslugrein skulu njóta forgangs umfram aðra við ráðningu í störf í framhaldsskólum.

Þrátt fyrir ákvæði 3.–5. mgr. skulu þeir einstaklingar ekki njóta forgangs umfram þá sem hlotið hafa starfsheitið leikskólakennari, grunnskólakennari eða framhaldsskólakennari skv. 3.–5. gr.

21. gr.

Um gildissvið leyfisbréfa og útgáfu þeirra.

Ráðherra veitir kennurum leyfisbréf til notkunar á starfsheitum kennara skv. 3.–5. gr. Um gildissvið leyfisbréfa fer að öðru leyti eftir því sem hér segir:

1. Leyfisbréf grunnskólakennara sem sérhæft hefur sig í kennslu yngri barna veitir honum heimild til kennslu elstu aldursflokka í leikskólum.

2. Leyfisbréf leikskólakennara sem sérhæft hefur sig í kennslu eldri barna veitir honum heimild til kennslu í 1.–3. bekkjum grunnskóla.

3. Leyfisbréf framhaldsskólakennara veitir honum heimild til kennslu á sérsviði sínu í 8.–10. bekkjum grunnskóla.

4. Leyfisbréf grunnskólakennara sem lokið hefur a.m.k. 120 námseininga sérmenntun í kennslugrein veitir honum heimild til kennslu á sérsviði sínu í byrjunaráföngum framhaldsskóla.

Leikskólakennari sem lokið hefur a.m.k. 60 námseininga viðbótarmenntun í stjórnun eða sérkennslu á rétt á leyfisbréfi sem grunnskólakennari og starfa sem slíkur.

Grunnskólakennari sem lokið hefur a.m.k. 60 námseininga viðbótarmenntun í stjórnun eða sérkennslu á rétt á leyfisbréfi sem leikskólakennari og starfa sem slíkur.

Ráðherra er heimilt að fela háskólum, sem hlotið hafa viðurkenningu á grundvelli laga um háskóla og sinna menntun kennara eftir samningi við ráðuneytið, að annast útgáfu leyfisbréfa samkvæmt lögum þessum. Skal þá ráðherra veita hlutaðeigandi stofnunum sérstök fyrirmæli um hvernig útgáfu slíkra leyfisbréfa skuli nánar háttað.

Ráðherra er heimilt að setja nánari fyrirmæli um útgáfu leyfisbréfa í reglugerð.

22. gr.

Eldri réttindi.

Leikskólakennarar með bakkalárpróf á sviði uppeldis- og kennslufræða frá viðurkenndri kennaramenntunarstofnun, eða annað jafngilt nám sem lokið var með prófum sem tryggðu kennsluréttindi fyrir gildistöku laga þessara, skulu halda réttindum sínum.

Grunn- og framhaldsskólakennarar með leyfisbréf við gildistöku laga þessara halda fullum réttindum til jafns við þá sem öðlast starfsréttindi grunn- og framhaldsskólakennara samkvæmt lögum þessum.

23. gr.

Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2008. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 86/1998, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

Ákvæði 3., 4. og 5. gr. taka til þeirra sem hefja nám eftir gildistöku laga þessara.

Fram til 1. júlí 2011 skulu þeir sem fá leyfisbréf til kennslu í leik-, grunn- og framhaldsskólum hafa lokið bakkalárprófi og tilskildu námi í uppeldis- og kennslufræðum.

Þeim sem innrituðust í 180 eininga bakkalárnám til kennslu í leik-, grunn- og framhaldsskólum fyrir 1. júlí 2008 og áttu við lok vormissiris 2011 þrjátíu eða færri einingum ólokið til prófs veitist frestur til að sækja um útgáfu leyfisbréfs til kennslu í leik-, grunn- og/eða framhaldsskóla til 1. júlí

2012. Sama gildir um þá sem innrituðust í 60 eininga diplómanám til kennslu í grunn- og framhaldsskólum fyrir lok 1. júlí 2010.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara skulu gefin út leyfisbréf til handa leik-, grunn- og framhaldsskólakennurum sem til þess eiga tilkall og ekki hafa þegar fengið slík bréf, enda óski þeir eftir því.

Starfsmenn sem ráðnir hafa verið án kennaramenntunar, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 78/ 1994, um leikskóla, skulu þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 9. gr. halda starfi sínu. Um réttarstöðu þeirra að öðru leyti fer samkvæmt fyrirmælum í ráðningarsamningum og/eða kjarasamningum, sbr. 1. mgr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Fylgiskjal 5 - Fjöldi barna í leikskóla sveitarfélaga árið 2010 eftir lengd dvalar og sveitarfélagi ásamt fjölda heilsdagsígilda

Sveitarfélag	Viðvera leikskólabarna í klukkustundum							Fjöldi barna alls	Samtals heilsdag sigildi
	4 tímar	5 tímar	6 tímar	7 tímar	8 tímar	9 tímar	10 tímar		
0000 - Reykjavíkurborg	22	26	129	250	3230	2054	39	5750	5.932
1000 - Kópavogsbær	14	15	119	124	985	454	5	1716	1.716
1100 - Seltjarnarneskaupstaður	1	1	6	4	90	73	0	175	181
1300 - Garðabær	2	4	9	27	157	118	2	319	326
1400 - Hafnarfjarðarkaupstaður	8	14	46	124	491	669	84	1436	1.504
1603 – Svf. Álftanes	0	4	10	12	97	70	1	194	198
1604 - Mosfellsbær	3	6	25	29	257	221	0	541	555
2000 - Reykjanesbær	11	12	59	50	218	132	10	492	480
2300 - Grindavíkurbær	3	11	23	25	27	9	4	102	90
2503 - Sandgerðisbær	6	10	15	12	41	38	0	122	115
2506 – Svf. Vogar	1	1	8	14	45	19	3	91	90
3000 - Akraneskaupstaður	13	13	34	68	170	94	7	399	384
3511 - Hvalfjarðarsveit	0	0	10	7	14	3	1	35	32
3609 - Borgarbyggð	9	11	20	32	65	32	0	169	155
3709 - Grundarfjarðarbær	5	0	13	0	38	0	0	56	50
3711 - Stykkishólmsbær	3	5	9	2	14	16	0	49	45
3714 - Snæfellsbær	9	6	26	28	23	8	0	100	84
3811 - Dalabyggð	5	4	2	12	10	3	0	36	30
4100 - Bolungarvíkurkaupstaður	0	3	5	12	16	12	0	48	46
4200 - Ísafjarðarbær	24	13	17	40	82	49	0	225	205
4502 - Reykhólahreppur	0	0	2	9	10	0	0	21	19
4604 - Tálknafjarðarhreppur	3	5	3	3	1	6	0	21	17
4607 - Vesturbyggð	8	7	1	2	18	7	2	45	39
4803 - Súðavíkurhreppur	0	0	3	0	9	0	0	12	11
4911 - Strandabyggð	4	6	0	6	14	0	0	30	25
5200 – Svf. Skagafjörður	21	11	52	29	107	12	0	232	202
5508 - Húnaþing vestra	5	10	7	0	42	0	0	64	56
5604 - Blönduósbær	2	2	9	3	18	34	0	68	68
5609 – Svf. Skagatrönd	6	0	2	0	28	0	0	36	33
5612 - Húnavatnshreppur	0	0	0	1	8	1	0	10	10
6000 - Akureyrarkaupstaður	10	38	81	115	352	265	0	861	840
6100 - Norðurþing	4	2	36	17	78	11	0	148	136
6250 - Fjallabyggð	3	7	10	11	19	34	0	84	80
6400 - Dalvíkurbyggð	5	15	43	20	35	9	0	127	107
6513 - Eyjafjarðarsveit	0	0	2	18	15	13	0	48	47

Sveitarfélag	Viðvera leikskólabarna í klukkustundum							Fjöldi barna alls	Samtals heilsdag sigildi
	4 tímar	5 tímar	6 tímar	7 tímar	8 tímar	9 tímar	10 tímar		
6514 - Hörgárbyggð	1	4	6	4	11	7	0	33	30
6601 - Svalbarðsstrandarhr.	0	1	1	2	1	13	0	18	19
6602 - Grýtubakkahreppur	0	6	1	8	8	0	0	23	20
6607 - Skútustaðahreppur	3	0	2	0	9	0	0	14	12
6612 - Þingeyjarsveit	0	1	15	13	19	1	0	49	43
6709 - Langanesbyggð	3	0	6	5	23	0	0	37	33
7000 - Seyðisfjarðarkaupstaður	0	0	1	3	11	20	0	35	37
7300 - Fjarðabyggð	16	27	28	28	128	41	0	268	245
7502 - Vopnafjarðahreppur	2	8	11	10	4	1	0	36	28
7509 - Borgarfjarðahreppur	0	0	3	0	0	0	0	3	2
7613 - Breiðdalshreppur	0	0	9	0	0	0	0	9	7
7617 - Djúpavogshreppur	6	3	8	11	12	0	0	40	33
7620 - Fljótsdalshérað	9	20	35	62	74	17	0	217	191
7708 – Svf. Hornafjörður	13	9	19	18	27	19	0	105	91
8000 - Vestmannaeyjabær	7	6	27	30	81	45	5	201	192
8200 – Svf. Árborg	17	11	57	104	270	76	1	536	506
8508 - Mýrdalshreppur	1	3	1	2	15	0	0	22	20
8509 - Skaftárhreppur	0	0	2	1	17	0	0	20	19
8613 - Rangárþing eystra	10	4	17	14	39	12	0	96	85
8614 - Rangárþing ytra	7	4	16	10	50	6	0	93	84
8710 - Hrunamannahreppur	7	3	9	12	11	0	0	42	34
8716 - Hveragerðisbær	1	1	12	10	84	32	0	140	139
8717 - Sveitarfélagið Ölfus	0	7	5	13	7	27	25	84	88
8719 - Grímsnes- og Grafningshr.	2	0	1	5	8	0	0	16	14
8720 - Skeiða- og Gnúpverjahr.	1	0	4	9	13	1	0	28	26
8721 - Bláskógabyggð	11	4	6	9	29	1	0	60	51
8722 - Flóahreppur	6	1	3	3	16	6	0	35	31
Landið allt	333	385	1.141	1.492	7.791	4.791	189	16.122	15.986

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Börn í leikskólum reknur af sveitarfélögum. Heilsdagsígildi eru reiknuð þannig að dvalartími í 4 klst. jafngildir hálfu heilsdagsígildi, dvalartími í 5 klst. = 0,625 og 6 klst. = 0,75, 7 klst. = 0,875, 8 klst. viðvera reiknast sem 1 heilsdagsígildi, 9 klst. viðvera reiknast sem 1,125 heilsdagsígildi og 10 klst. viðvera sem 1,25.

Fylgiskjal 6 Stöðugildi starfsfólks í leikskólum sveitarfélaga árið 2010 og hlutfallsleg skipting þeirra

Sveitarfélag	Leikskólakennarar		Aðrir með uppeldismenntun		Ófaglærðir við uppeldi og menntun				Starfsmenn leikskóla alls
	Fjöldi stg	% uppeldis- og menntun	Fjöldi stg	% uppeldis- og menntun	Fjöldi stg	% uppeldis- og menntun	Allir við uppeldi og menntun	Önnur og ótilgreind störf	
0000 - Reykjavíkurborg	403	31%	213	17%	671	52%	1287	116	1403
1000 - Kópavogsbær	152	35%	49	11%	232	54%	433	36	469
1100 - Seltjarnarneskaupstaður	19	38%	5	10%	26	53%	50	2	52
1300 - Garðabær	29	42%	17	24%	23	34%	70	6	76
1400 - Hafnarfjarðarkaupstaður	151	42%	45	12%	166	46%	362	28	390
1603 - Sveitarfélag Álftanes	11	26%	9	21%	23	53%	43	5	48
1604 - Mosfellsbær	35	29%	13	11%	73	60%	122	14	136
2000 - Reykjanesbær	57	45%	3	3%	67	53%	127	10	136
2300 - Grindavíkurbær	7	35%	3	13%	10	52%	20	2	22
2503 - Sandgerðisbær	5	15%	2	5%	26	80%	33	0	33
2506 - Sveitarfélagið Vogar	5	28%	1	5%	13	67%	19	2	22
3000 - Akraneskaupstaður	54	61%	4	5%	30	34%	89	6	95
3511 - Hvalfjarðarsveit	4	46%	2	24%	3	31%	9	1	9
3609 - Borgarbyggð	21	48%	1	3%	22	49%	45	4	49
3709 - Grundarfjarðarbær	5	46%	0	0%	6	54%	10	2	12
3711 - Stykkishólmsbær	4	38%	0	0%	7	62%	12	3	15
3714 - Snæfellsbær	3	12%	3	14%	18	74%	24	4	28
3811 - Dalabyggð	1	13%	1	17%	5	70%	8	1	8
4100 - Bolungarvíkurkaupstaður	4	36%	0	0%	7	64%	10	0	11
4200 - Ísafjarðarbær	18	35%	6	11%	27	54%	51	7	58
4502 - Reykhólahreppur	1	18%	0	4%	4	78%	5	0	5
4604 - Tálknafjarðarhreppur	2	38%	0	0%	3	63%	4	0	4
4607 - Vesturbyggð	2	26%	0	0%	6	74%	8	1	9
4803 - Súðavíkurhreppur	0	0%	0	10%	3	90%	3	0	3
4911 - Strandabyggð	1	14%	1	19%	4	67%	5	1	6
5200 - Sveitarfél. Skagafjörður	25	43%	5	9%	28	49%	58	5	63
5508 - Húnaþing vestra	2	14%	2	14%	11	72%	15	2	16
5604 - Blönduósbær	6	35%	1	3%	10	62%	17	1	18
5609 - Sveitarfél. Skagaströnd	3	41%	0	0%	5	59%	8	1	8
5612 - Húnavatnshreppur	1	42%	0	0%	1	58%	2	0	2
6000 - Akureyrarkaupstaður	113	57%	14	7%	72	36%	200	18	218
6100 - Norðurþing	17	47%	2	4%	18	49%	37	5	42
6250 - Fjallabyggð	7	33%	3	15%	10	52%	20	3	22
6400 - Dalvíkurbyggð	8	35%	5	19%	11	46%	24	2	26
6513 - Eyjafjarðarsveit	3	25%	1	9%	7	67%	11	2	13

Sveitarfélag	Leikskólakennarar		Aðrir með uppeldismenntun		Ófaglærðir við uppeldi og menntun			Starfsmenn leikskóla alls	
	Fjöldi stg	% uppeldis- og menntun	Fjöldi stg	% uppeldis- og menntun	Fjöldi stg	% uppeldis- og menntun	Allir við uppeldi og menntun		Önnur og ótilgreind störf
6514 - Hörgárbyggð	5	65%	1	10%	2	25%	8	1	9
6601 - Svalbarðsstrandarhr.	3	47%	0	0%	3	53%	5	0	6
6602 - Grýtubakkahreppur	2	53%	1	17%	1	30%	4	1	5
6607 - Skútustaðahreppur	1	35%	0	0%	3	65%	4	0	4
6612 - Þingeyjarsveit	4	25%	3	21%	8	53%	15	1	16
6709 - Langanesbyggð	3	36%	0	0%	5	64%	8	1	9
7000 - Seyðisfjarðarkaupstaður	6	53%	1	10%	4	37%	10	0	10
7300 - Fjarðabyggð	18	29%	5	8%	38	63%	61	8	69
7502 - Vopnafjarðarhreppur	5	54%	0	0%	4	46%	9	0	9
7509 - Borgarfjarðarhreppur	0	0%	0	18%	1	82%	1	0	1
7613 - Breiðdalshreppur	0	0%	0	0%	2	100%	2	0	2
7617 - Djúpavogshreppur	2	28%	0	0%	5	72%	7	2	9
7620 - Fljótsdalshérað	20	37%	2	4%	32	59%	54	2	55
7708 - Sveitarfél. Hornafjörður	7	31%	1	6%	14	63%	22	2	24
8000 - Vestmannaeyjabær	20	41%	7	15%	21	44%	48	3	51
8200 - Sveitarfélagið Árborg	51	44%	11	10%	54	46%	115	15	130
8508 - Mýrdalshreppur	2	35%	0	0%	4	65%	7	0	7
8509 - Skaftárhreppur	2	67%	0	0%	1	33%	3	0	3
8613 - Rangárþing eystra	8	39%	3	16%	9	45%	19	2	21
8614 - Rangárþing ytra	6	27%	3	13%	14	60%	24	1	25
8710 - Hrunamannahreppur	3	30%	0	1%	7	69%	9	1	11
8716 - Hveragerðisbær	5	14%	9	22%	24	64%	38	4	42
8717 - Sveitarfélagið Ölfus	10	52%	0	0%	9	48%	20	1	21
8719 - Grímsnes- og Grafningshr.	1	29%	1	29%	1	41%	3	1	5
8720 - Skeiða- og Gnúpverjahr.	3	39%	0	0%	5	61%	7	2	10
8721 - Bláskógabyggð	4	34%	0	0%	9	66%	13	1	14
8722 - Flóahreppur	5	58%	1	7%	3	34%	8	2	10
Landið allt	1375	37%	459	12%	1931,2	51%	3765	337	4102

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Fylgiskjal 7 - Hlutfall þjónustutekna af beinum rekstrarkostnaði leikskóla sveitarfélaga árið 2010 eftir sveitarfélögum

Sveitarfélag	Þjónustutekjur	Heildarrekstrarkostnaður vegna leikskóla	% tekna af heildarrekstrarkostnaði
0000 - Reykjavíkurborg	-1.065.764	7.931.985	13%
1000 - Kópavogsbær	-403.120	2.526.267	16%
1100 - Seltjarnarneskaupstaður	-61.663	269.684	23%
1300 - Garðabær	-100.635	437.851	23%
1400 - Hafnarfjarðarkaupstaður	-357.078	1.871.497	19%
1603 - Sveitarfélag Álftanes	-58.522	279.621	21%
1604 - Mosfellsbær	-136.065	683.437	20%
2000 - Reykjanesbær	-118.280	730.156	16%
2300 - Grindavíkurbær	-21.606	142.357	15%
2503 - Sandgerðisbær	-24.921	167.791	15%
2506 - Sveitarfélagið Vogar	-27.143	116.707	23%
3000 - Akraneskaupstaður	-112.225	541.267	21%
3511 - Hvalfjarðarsveit	-4.537	58.034	8%
3609 - Borgarbyggð	-58.579	278.863	21%
3709 - Grundarfjarðarbær	-16.324	70.732	23%
3711 - Stykkishólmsbær	-19.218	98.186	20%
3714 - Snæfellsbær	-26.750	146.168	18%
3811 - Dalabyggð	-7.557	46.540	16%
4100 - Bolungarvíkurkaupstaður	-15.379	53.133	29%
4200 - Ísafjarðarbær	-75.002	297.034	25%
4502 - Reykhólahreppur	-4.684	26.659	18%
4604 - Tálknafjarðarhreppur	-4.956	25.039	20%
4607 - Vesturbyggð	-10.335	48.799	21%
4803 - Súðavíkurhreppur	-687	15.128	5%
4911 - Strandabyggð	-5.326	39.158	14%
5200 - Sveitarfélagið Skagafjörður	-62.747	349.826	18%
5508 - Húnaþing vestra	-17.756	75.833	23%
5604 - Blönduósbær	-22.546	87.556	26%
5609 - Sveitarfélagið Skagatrönd	-13.163	45.697	29%
5612 - Húnavatnshreppur	-47	23.060	0%
6000 - Akureyrarkaupstaður	-235.086	1.120.793	21%
6100 - Norðurþing	-31.417	198.675	16%
6250 - Fjallabyggð	-18.394	137.570	13%
6400 - Dalvíkurbyggð	-31.272	145.075	22%
6513 - Eyjafjarðarsveit	-14.707	80.114	18%
6514 - Hörgárbyggð	-9.153	50.753	18%
6601 - Svalbarðsstrandarhreppur	-4.328	36.595	12%
6602 - Grýtubakkahreppur	-5.063	30.899	16%
6607 - Skútustaðahreppur	-2.362	19.885	12%

Sveitarfélag	Þjónustutekjur	Heildarrekstrarkostnaður vegna leikskóla	% tekna af heildarrekstrarkostnaði
6612 - Þingeyjarsveit	-8.343	63.976	13%
6709 - Langanesbyggð	-11.602	37.411	31%
7000 - Seyðisfjarðarkaupstaður	-6.505	53.356	12%
7300 - Fjarðabyggð	-65.324	409.399	16%
7502 - Vopnafjarðarhreppur	-10.682	52.315	20%
7509 - Borgarfjarðarhreppur	-314	3.524	9%
7613 - Breiðdalshreppur	-1.557	11.037	14%
7617 - Djúpavogshreppur	-8.915	48.463	18%
7620 - Fljótsdalshérað	-49.525	311.095	16%
7708 - Sveitarfélagið Hornafjörður	-22.026	133.946	16%
8000 - Vestmannaeyjabær	-44.739	245.093	18%
8200 - Sveitarfélagið Árborg	-139.061	726.906	19%
8508 - Mýrdalshreppur	-8.025	38.525	21%
8509 - Skaftárhreppur	-4.317	20.507	21%
8613 - Rangárþing eystra	-23.748	114.707	21%
8614 - Rangárþing ytra	-24.472	151.798	16%
8710 - Hrunamannahreppur	-9.043	54.526	17%
8716 - Hveragerðisbær	-41.070	195.705	21%
8717 - Sveitarfélagið Ölfus	-18.523	116.502	16%
8719 - Grímsnes- og Grafningshreppur	-2.677	26.386	10%
8720 - Skeiða- og Gnúpverjahreppur	-6.238	53.830	12%
8721 - Bláskógabyggð	-14.623	86.839	17%
8722 - Flóahreppur	-9.403	59.844	16%
Landið allt	-3.735.129	22.320.114	17%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Tölur í þús.kr. Eingöngu um beinan rekstrarkostnað að ræða vegna leikskóla sem sveitarfélögin reka.

Fylgiskjal 8 - Hlutfall rekstrarútgjalda vegna leikskóla af skatttekjum árið 2010

Sveitarfélag	Skatttekjur	Nettó útgjöld v leikskóla	% útgjalda af skatttekjum
0000 - Reykjavíkurborg	51.604.751	8.707.245	17%
1000 - Kópavogsbær	13.597.372	2.738.636	20%
1100 - Seltjarnarneskaupstaður	1.909.727	217.605	11%
1300 - Garðabær	4.943.107	789.921	16%
1400 - Hafnarfjarðarkaupstaður	11.157.809	1.925.672	17%
1603 - Sveitarfélag Álftanes	1.251.337	221.099	18%
1604 - Mosfellsbær	3.553.500	550.466	15%
1606 - Kjósarhreppur	93.963	4.864	5%
2000 - Reykjanesbær	5.906.239	1.053.330	18%
2300 - Grindavíkurbær	1.274.681	235.849	19%
2503 - Sandgerðisbær	926.887	144.152	16%
2504 - Sveitarfélagið Garður	681.810	97.749	14%
2506 - Sveitarfélagið Vogar	549.561	89.566	16%
3000 - Akraneskaupstaður	2.891.727	429.042	15%
3511 - Hvalfjarðarsveit	505.810	53.470	11%
3609 - Borgarbyggð	1.752.534	268.348	15%
3709 - Grundarfjarðarbær	459.647	57.705	13%
3710 - Helgafellssveit	24.928	6.130	25%
3711 - Stykkishólmsbær	574.925	78.968	14%
3713 - Eyja- og Miklaholtshreppur	66.436	905	1%
3714 - Snæfellsbær	1.009.342	117.717	12%
3811 - Dalabyggð	405.053	40.061	10%
4100 - Bolungarvíkurkaupstaður	421.008	37.754	9%
4200 - Ísafjarðarbær	1.947.010	234.463	12%
4502 - Reykhólahreppur	141.441	22.456	16%
4604 - Tálknafjarðarhreppur	164.980	20.084	12%
4607 - Vesturbyggð	528.425	38.708	7%
4803 - Súðavíkurhreppur	148.225	14.441	10%
4902 - Kaldrananeshreppur	61.937	5.034	8%
4908 - Bæjarhreppur	62.745	4.021	6%
4911 - Strandabyggð	306.979	33.856	11%
5200 - Sveitarfélagið Skagafjörður	2.115.741	287.357	14%
5508 - Húnaþing vestra	633.601	60.807	10%
5604 - Blönduósbær	452.136	65.010	14%
5609 - Sveitarfélagið Skagatrönd	282.480	32.671	12%
5611 - Skagabyggð	58.015	1.090	2%
5612 - Húnavatnshreppur	275.815	23.013	8%
5706 - Akrahreppur	115.140	11.245	10%
6000 - Akureyrarkaupstaður	7.845.017	1.206.052	15%
6100 - Norðurþing	1.515.518	184.208	12%
6250 - Fjallabyggð	1.165.651	119.176	10%
6400 - Dalvíkurbyggð	1.004.979	117.937	12%
6513 - Eyjafjarðarsveit	560.407	65.407	12%
6514 - Hörgárbyggð	317.408	41.757	13%
6601 - Svalbarðsstrandarhreppur	205.750	32.267	16%
6602 - Grýtubakkahreppur	197.555	26.712	14%
6607 - Skútustaðahreppur	230.737	17.523	8%

Sveitarfélag	Skatttekjur	Nettó útgjöld v leikskóla	% útgjalda af skatttekjum
6612 - Þingeyjarsveit	554.718	68.896	12%
6706 - Svalbarðshreppur	56.030	2.550	5%
6709 - Langanessbyggð	319.585	32.986	10%
7000 - Seyðisfjarðarkaupstaður	372.500	46.851	13%
7300 - Fjarðabyggð	2.703.458	357.551	13%
7502 - Vopnafjarðarhreppur	383.552	41.632	11%
7505 - Fljótsdalshreppur	128.597	490	0%
7509 - Borgarfjarðarhreppur	77.002	3.211	4%
7613 - Breiðdalshreppur	125.302	9.480	8%
7617 - Djúpavogshreppur	247.986	39.547	16%
7620 - Fljótsdalshérað	1.795.606	269.114	15%
7708 - Sveitarfélagið Hornafjörður	1.168.339	113.385	10%
8000 - Vestmannaeyjabær	2.021.264	231.313	11%
8200 - Sveitarfélagið Árborg	3.402.181	592.304	17%
8508 - Mýrdalshreppur	271.049	29.451	11%
8509 - Skaftárhreppur	246.012	16.190	7%
8610 - Ásahreppur	140.841	12.101	9%
8613 - Rangárþing eystra	875.442	90.960	10%
8614 - Rangárþing ytra	796.561	116.295	15%
8710 - Hrunamannahreppur	420.795	45.822	11%
8716 - Hveragerðisbær	1.048.253	154.635	15%
8717 - Sveitarfélagið Ölfus	969.386	109.560	11%
8719 - Grímsnes- og Grafningshreppur	391.615	23.709	6%
8720 - Skeiða- og Gnúpverjahreppur	341.768	47.593	14%
8721 - Bláskógabyggð	543.719	72.695	13%
8722 - Flóahreppur	350.380	50.441	14%
Sveitarfélög	145.693.226	23.110.311	16%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Allar tölur í þús.kr. Um heildarrekstrarkostnað að ræða, þ.e. sameiginlega liði, beinan kostnað á leikskóla sveitarfélaga og framlög til einkarekinna leikskóla.

Fylgiskjal 9 - Beinn rekstrarkostnaður leikskóla sveitarfélaga á hvert heilsdagsígildi árið 2010 eftir sveitarfélögum

Sveitarfélag	Samtals heilsdagsígildi	Brúttó rekstrarkostnaður *	Rekstrarkostnaður / heilsdagsígildi
0000 - Reykjavíkurborg	5.932	7.931.985	1.337
1000 - Kópavogsbær	1.716	2.526.267	1.472
1100 - Seltjarnarneskaupstaður	181	269.684	1.488
1300 - Garðabær	326	437.851	1.343
1400 - Hafnarfjarðarkaupstaður	1.504	1.871.497	1.244
1603 - Sveitarfélag Álftanes	198	279.621	1.416
1604 - Mosfellsbær	555	683.437	1.231
2000 - Reykjanesbær	480	730.156	1.521
2300 - Grindavíkurbær	90	142.357	1.588
2503 - Sandgerðisbær	115	167.791	1.462
2506 - Sveitarfélagið Vogar	90	116.707	1.304
3000 - Akraneskaupstaður	384	541.267	1.409
3511 - Hvalfjarðarsveit	32	58.034	1.800
3609 - Borgarbyggð	155	278.863	1.795
3709 - Grundarfjarðarbær	50	70.732	1.408
3711 - Stykkishólmsbær	45	98.186	2.176
3714 - Snæfellsbær	84	146.168	1.735
3811 - Dalabyggð	30	46.540	1.532
4100 - Bolungarvíkurkaupstaður	46	53.133	1.165
4200 - Ísafjarðarbær	205	297.034	1.449
4502 - Reykhólahreppur	19	26.659	1.376
4604 - Tálknafjarðarhreppur	17	25.039	1.452
4607 - Vesturbyggð	39	48.799	1.243
4803 - Súðavíkurhreppur	11	15.128	1.345
4911 - Strandabyggð	25	39.158	1.566
5200 - Sveitarfélagið Skagafjörður	202	349.826	1.730
5508 - Húnaþing vestra	56	75.833	1.354
5604 - Blönduósbær	68	87.556	1.290
5609 - Sveitarfélagið Skagaströnd	33	45.697	1.406
5612 - Húnavatnshreppur	10	23.060	2.306
6000 - Akureyrarkaupstaður	840	1.120.793	1.334
6100 - Norðurþing	136	198.675	1.466
6250 - Fjallabyggð	80	137.570	1.714
6400 - Dalvíkurbyggð	107	145.075	1.359
6513 - Eyjafjarðarsveit	47	80.114	1.709
6514 - Hörgárbyggð	30	50.753	1.699
6601 - Svalbarðsstrandarhreppur	19	36.595	1.952
6602 - Grýtubakkahreppur	20	30.899	1.585
6607 - Skútustaðahreppur	12	19.885	1.657
6612 - Þingeyjarsveit	43	63.976	1.475
6709 - Langanesbyggð	33	37.411	1.121
7000 - Seyðisfjarðarkaupstaður	37	53.356	1.447
7300 - Fjarðabyggð	245	409.399	1.674
7502 - Vopnafjarðarhreppur	28	52.315	1.860
7509 - Borgarfjarðarhreppur	2	3.524	1.566
7613 - Breiðdalshreppur	7	11.037	1.635
7617 - Djúpavogshreppur	33	48.463	1.491

Sveitarfélag	Samtals heilsdagsígildi	Brúttó rekstrarkostnaður *	Rekstrarkostnaður / heilsdagsígildi
7620 - Fljótsdalshérað	191	311.095	1.632
7708 - Sveitarfélagið Hornafjörður	91	133.946	1.480
8000 - Vestmannaeyjabær	192	245.093	1.279
8200 - Sveitarfélagið Árborg	506	726.906	1.437
8508 - Mýrdalshreppur	20	38.525	1.938
8509 - Skaftárhreppur	19	20.507	1.058
8613 - Rangárþing eystra	85	114.707	1.349
8614 - Rangárþing ytra	84	151.798	1.818
8710 - Hrunamannahreppur	34	54.526	1.622
8716 - Hveragerðisbær	139	195.705	1.409
8717 - Sveitarfélagið Ölfus	88	116.502	1.322
8719 - Grímsnes- og Grafningshreppur	14	26.386	1.868
8720 - Skeiða- og Gnúpverjahreppur	26	53.830	2.111
8721 - Bláskógabyggð	51	86.839	1.720
8722 - Flóahreppur	31	59.844	1.915
Landið allt	15.986	22.320.114	1.396

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofa Íslands.

Skýring: * Um beinan rekstrarkostnað á leikskóla sveitarfélaga er að ræða. Athygli er vakin á því að útreikningar heilsdagsígilda er frábrugðinn þeim sem hingað til hefur verið stuðst við. Allar tölur í þús.kr.

Fylgiskjal 10 - Stöðugildi starfsfólks í grunnskóla árið 2010 eftir menntun og sveitarfélögum

Sveitarfélag	Grunnskólar reknir af sveitarfélögum			
	Grunnskóla- kennarar	Kennarar án kennsluréttinda	Aðrir starfsmenn *	Samtals stöðugildi
0000 - Reykjavíkurborg	1357,7	27,8	672,8	2058,4
1000 - Kópavogsbær	408,0	24,1	193,1	625,3
1100 - Seltjarnarneskaupstaður	56,9	0,9	38,4	96,3
1300 - Garðabær	115,4	1,5	60,3	177,2
1400 - Hafnarfjarðarkaupstaður	353,1	15,0	171,9	539,9
1603 - Sveitarfélag Álftanes	39,9	2,7	17,3	59,9
1604 - Mosfellsbær	127,2	2,7	64,6	194,5
2000 - Reykjanesbær	189,2	17,7	71,4	278,3
2300 - Grindavíkurbær	46,2	1,3	20,9	68,5
2503 - Sandgerðisbær	24,2	4,7	16,4	45,3
2504 - Sveitarfélagið Garður	19,8	5,0	12,7	37,5
2506 - Sveitarfélagið Vogar	21,3	3,7	14,4	39,4
3000 - Akraneskaupstaður	87,9	2,1	48,2	138,3
3511 - Hvalfjarðarsveit	15,3	0,0	8,1	23,4
3609 - Borgarbyggð	54,5	7,2	32,2	94,0
3709 - Grundarfjarðarbær	15,5	0,0	7,6	23,2
3711 - Stykkishólmsbær	19,1	1,2	11,1	31,4
3713 - Eyja- og Miklaholtshreppur	5,0	0,0	4,9	9,9
3714 - Snæfellsbær	18,5	3,7	12,6	34,8
3811 - Dalabyggð	12,0	3,5	7,3	22,8
4100 - Bolungarvíkurkaupstaður	15,1	0,0	8,7	23,8
4200 - Ísafjarðarbær	55,1	11,2	23,3	89,5
4502 - Reykhólahreppur	5,8	0,4	3,6	9,8
4604 - Tálknafjarðarhreppur	6,9	2,9	2,0	11,8
4607 - Vesturbyggð	16,3	6,7	3,6	26,7
4803 - Súðavíkurhreppur	4,6	0,0	2,0	6,6
4901 - Árneshreppur	1,0	1,1	0,5	2,6
4902 - Kaldrananeshreppur	2,0	1,0	0,0	3,0
4908 - Bæjarhreppur	2,5	0,4	1,2	4,1
4911 - Strandabyggð	11,3	1,8	5,0	18,1
5200 - Sveitarfélagið Skagafjörður	70,6	11,7	54,2	136,5
5508 - Húnaþing vestra	19,9	0,0	15,6	35,5
5604 - Blönduósibær	15,8	2,0	7,0	24,8
5609 - Sveitarfélagið Skagaströnd	10,8	2,6	2,7	16,1
5612 - Húnavatnshreppur	10,0	0,0	6,4	16,4
6000 - Akureyrarkaupstaður	243,6	8,6	129,3	381,5
6100 - Norðurþing	43,3	5,7	21,6	70,6
6250 - Fjallabyggð	25,8	6,6	16,7	49,1
6400 - Dalvíkurbyggð	33,5	0,7	14,3	48,5
6513 - Eyjafjarðarsveit	22,4	2,8	8,0	33,3
6514 - Hörgárbyggð	10,0	2,5	4,7	17,2
6601 - Svalbarðsstrandarhreppur	8,2	0,5	5,8	14,5
6602 - Grýtubakkahreppur	8,2	2,0	1,7	12,0
6607 - Skútustaðahreppur	8,3	0,0	8,8	17,0
6612 - Þingeyjarsveit	24,6	1,4	9,9	35,9
6706 - Svalbarðshreppur	2,5	0,0	1,0	3,5
6709 - Langanesbyggð	8,4	9,0	4,2	21,6
7000 - Seyðisfjarðarkaupstaður	11,6	1,0	5,4	18,0
7300 - Fjarðabyggð	72,4	18,6	34,4	125,3
7502 - Vopnafjarðarhreppur	10,7	1,9	8,1	20,7

Sveitarfélag	Grunnskólar reknir af sveitarfélögum			
	Grunnskóla- kennarar	Kennarar án kennsluréttinda	Aðrir starfsmenn *	Samtals stöðugildi
7509 - Borgarfjarðarhreppur	2,0	2,0	0,9	4,9
7613 - Breiðdalshreppur	3,5	2,3	1,2	6,9
7617 - Djúpavogshreppur	4,9	4,4	1,0	10,3
7620 - Fljótsdalshérað	62,9	4,4	30,6	97,9
7708 - Sveitarfélagið Hornafjörður	36,9	12,0	24,1	73,1
8000 - Vestmannaeyjabær	64,8	6,3	33,9	105,0
8200 - Sveitarfélagið Árborg	119,9	10,1	60,7	190,6
8508 - Mýrdalshreppur	10,6	3,4	4,0	18,0
8509 - Skaftárhreppur	5,0	2,3	4,5	11,8
8613 - Rangárþing eystra	27,2	2,0	20,4	49,5
8614 - Rangárþing ytra	30,9	1,0	16,6	48,5
8710 - Hrunamannahreppur	18,4	1,0	11,4	30,8
8716 - Hveragerðisbær	39,2	3,7	19,3	62,2
8717 - Sveitarfélagið Ölfus	27,2	6,2	16,1	49,5
8719 - Grímsnes- og Grafningshreppur	7,2	0,0	0,8	8,0
8720 - Skeiða- og Gnúpverjahreppur	6,6	1,7	1,8	10,1
8721 - Bláskógabyggð	21,1	2,6	5,3	29,0
8722 - Flóahreppur	12,5	0,6	8,1	21,1
Sveitarfélög alls	4268,6	293,8	2156,7	6719,1

Sveitarfélag	Sjálfstætt starfandi grunnskólar			
	Grunnskóla- kennarar	Kennarar án kennsluréttinda	Aðrir starfsmenn	Samtals stöðugildi
0000 - Reykjavíkurborg	59,3	7,3	19,1	85,7
1000 - Kópavogsbær	3,8	4,4	1,6	9,8
1300 - Garðabær	19,2	5,0	7,7	31,9
1400 - Hafnarfjarðarkaupstaður	7,5	2,0	2,2	11,7
Sjálfstætt starfandi alls	89,8	18,7	30,6	139,1

Heimild: Hagstofa Íslands.

Fylgiskjal 11 - Hlutfallsleg skipting starfsfólks við kennslu árið 2010 eftir réttindum og sveitarfélögum

Grunnskólar reknir af sveitarfélögum		
Sveitarfélag	Grunnskóla-kennarar	Kennarar án kennsluréttinda
0000 - Reykjavíkurborg	98%	2%
1000 - Kópavogsbær	94%	6%
1100 - Seltjarnarneskaupstaður	98%	2%
1300 - Garðabær	99%	1%
1400 - Hafnarfjarðarkaupstaður	96%	4%
1603 - Sveitarfélag Álftanes	94%	6%
1604 - Mosfellsbær	98%	2%
2000 - Reykjanesbær	91%	9%
2300 - Grindavíkurbær	97%	3%
2503 - Sandgerðisbær	84%	16%
2504 - Sveitarfélagið Garður	80%	20%
2506 - Sveitarfélagið Vogar	85%	15%
3000 - Akraneskaupstaður	98%	2%
3511 - Hvalfjarðarsveit	100%	0%
3609 - Borgarbyggð	88%	12%
3709 - Grundarfjarðarbær	100%	0%
3711 - Stykkishólmsbær	94%	6%
3713 - Eyja- og Miklaholtshreppur	100%	0%
3714 - Snæfellsbær	83%	17%
3811 - Dalabyggð	77%	23%
4100 - Bolungarvíkurkaupstaður	100%	0%
4200 - Ísafjarðarbær	83%	17%
4502 - Reykhólahreppur	93%	7%
4604 - Tálknafjarðarhreppur	71%	29%
4607 - Vesturbyggð	71%	29%
4803 - Súðavíkurhreppur	100%	0%
4901 - Árneshreppur	48%	52%
4902 - Kaldrananeshreppur	67%	33%
4908 - Bæjarhreppur	85%	15%
4911 - Strandabyggð	86%	14%
5200 - Sveitarfélagið Skagafjörður	86%	14%
5508 - Húnaþing vestra	100%	0%
5604 - Blönduósbær	89%	11%
5609 - Sveitarfélagið Skagaströnd	81%	19%
5612 - Húnavatnshreppur	100%	0%
6000 - Akureyrarkaupstaður	97%	3%
6100 - Norðurþing	88%	12%
6250 - Fjallabyggð	80%	20%
6400 - Dalvíkurbyggð	98%	2%
6513 - Eyjafjarðarsveit	89%	11%
6514 - Hörgárbyggð	80%	20%
6601 - Svalbarðsstrandarhreppur	95%	5%
6602 - Grýtubakkahreppur	80%	20%
6607 - Skútustaðahreppur	100%	0%
6612 - Þingeyjarsveit	95%	5%
6706 - Svalbarðshreppur	100%	0%
6709 - Langanesbyggð	48%	52%
7000 - Seyðisfjarðarkaupstaður	92%	8%
7300 - Fjarðabyggð	80%	20%

Grunnskólar reknir af sveitarfélögum		
Sveitarfélag	Grunnskóla- kennarar	Kennarar án kennsluréttinda
7502 - Vopnafjarðarhreppur	85%	15%
7509 - Borgarfjarðarhreppur	50%	50%
7613 - Breiðdalshreppur	60%	40%
7617 - Djúpavogshreppur	53%	47%
7620 - Fljótsdalshérað	93%	7%
7708 - Sveitarfélagið Hornafjörður	75%	25%
8000 - Vestmannaeyjabær	91%	9%
8200 - Sveitarfélagið Árborg	92%	8%
8508 - Mýrdalshreppur	76%	24%
8509 - Skaftárhreppur	69%	31%
8613 - Rangárþing eystra	93%	7%
8614 - Rangárþing ytra	97%	3%
8710 - Hrunamannahreppur	95%	5%
8716 - Hveragerðisbær	91%	9%
8717 - Sveitarfélagið Ölfus	81%	19%
8719 - Grímsnes- og Grafningshreppur.	100%	0%
8720 - Skeiða- og Gnúpverjahreppur	79%	21%
8721 - Bláskógabyggð	89%	11%
8722 - Flóahreppur	96%	4%
Sveitarfélög alls	94%	6%

Sjálfstætt starfandi grunnskólar		
Sveitarfélag	Grunnskóla- kennarar	Kennarar án kennsluréttinda
0000 - Reykjavíkurborg	89%	11%
1000 - Kópavogsbær	46%	54%
1300 - Garðabær	79%	21%
1400 - Hafnarfjarðarkaupstaður	79%	21%
Sjálfstætt starfandi alls	83%	17%

Heimild: Hagstofa Íslands.
Skýring: Stjórnendur og sérkennarar einnig meðtaldir.

Fylgiskjal 12 - Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi starfsfólks við kennslu árið 2010 eftir sveitarfélögum

Grunnskólar reknir af sveitarfélögum			
Sveitarfélag	Fjöldi starfsfólks við kennslu *	Fjöldi nemenda	Fj. nemenda á hvert stöðugildi starfsfólks við kennslu
0000 - Reykjavíkurborg	1.386	13.397	9,7
1000 - Kópavogsbær	432	4.189	9,7
1100 - Seltjarnarneskaupstaður	58	546	9,4
1300 - Garðabær	117	1.348	11,5
1400 - Hafnarfjarðarkaupstaður	368	3.664	10,0
1603 - Sveitarfélag Álftanes	43	456	10,7
1604 - Mosfellsbær	130	1.414	10,9
2000 - Reykjanesbær	207	2.021	9,8
2300 - Grindavíkurbær	48	448	9,4
2503 - Sandgerðisbær	29	240	8,3
2504 - Sveitarfélagið Garður	25	219	8,8
2506 - Sveitarfélagið Vogar	25	185	7,4
3000 - Akraneskaupstaður	90	1.007	11,2
3511 - Hvalfjarðarsveit	15	90	5,9
3609 - Borgarbyggð	62	506	8,2
3709 - Grundarfjarðarbær	16	114	7,3
3711 - Stykkishólmsbær	20	160	7,9
3713 - Eyja- og Miklaholtshreppur	5	26	5,2
3714 - Snæfellsbær	22	250	11,3
3811 - Dalabyggð	15	91	5,9
4100 - Bolungarvíkurkaupstaður	15	111	7,3
4200 - Ísafjarðarbær	66	515	7,8
4502 - Reykhólahreppur	6	31	5,0
4604 - Tálknafjarðarhreppur	10	45	4,6
4607 - Vesturbyggð	23	99	4,3
4803 - Súðavíkurhreppur	5	28	6,1
4901 - Árneshreppur	2	4	1,9
4902 - Kaldraneshreppur	3	13	4,3
4908 - Bæjarhreppur	3	83	28,9
4911 - Strandabyggð	13	13	1,0
5200 - Sveitarfélagið Skagafjörður	82	619	7,5
5508 - Húnaþing vestra	20	167	8,4
5604 - Blönduósibær	18	125	7,0
5609 - Sveitarfélagið Skagaströnd	13	113	8,4
5612 - Húnavatnshreppur	10	63	6,3
6000 - Akureyrarkaupstaður	252	2.574	10,2
6100 - Norðurþing	49	370	7,6
6250 - Fjallabyggð	32	266	8,2
6400 - Dalvíkurbyggð	34	295	8,6
6513 - Eyjafjarðarsveit	25	210	8,3
6514 - Hörgárbyggð	13	89	7,1
6601 - Svalbarðsstrandarhreppur	9	51	5,9
6602 - Grýtubakkahreppur	10	56	5,5
6607 - Skútustaðahreppur	8	48	5,8
6612 - Þingeyjarsveit	26	133	5,1
6706 - Svalbarðshreppur	3	10	4,0
6709 - Langanesbyggð	17	90	5,2
7000 - Seyðisfjarðarkaupstaður	13	65	5,2
7300 - Fjarðabyggð	91	674	7,4

Grunnskólar reknir af sveitarfélögum			
Sveitarfélag	Fjöldi starfsfólks við kennslu *	Fjöldi nemenda	Fj. nemenda á hvert stöðugildi starfsfólks við kennslu
7502 - Vopnafjarðarhreppur	13	90	7,2
7509 - Borgarfjarðarhreppur	4	16	4,0
7613 - Breiðdalshreppur	6	23	4,0
7617 - Djúpavogshreppur	9	45	4,8
7620 - Fljótsdalshérað	67	528	7,9
7708 - Sveitarfélagið Hornafjörður	49	309	6,3
8000 - Vestmannaeyjabær	71	578	8,1
8200 - Sveitarfélagið Árborg	130	1.205	9,3
8508 - Mýrdalshreppur	14	66	4,7
8509 - Skaftárhreppur	7	37	5,1
8613 - Rangárþing eystra	29	236	8,1
8614 - Rangárþing ytra	32	241	7,5
8710 - Hrunamannahreppur	19	163	8,4
8716 - Hveragerðisbær	43	363	8,5
8717 - Sveitarfélagið Ölfus	33	242	7,3
8719 - Grímsnes- og Grafningshreppur	7	38	5,3
8720 - Skeiða- og Gnúpverjahreppur	8	43	5,2
8721 - Bláskógabyggð	24	145	6,1
8722 - Flóahreppur	13	81	6,2
Sveitarfélög alls	4.562	41.780	9,2

Sjálfstætt starfandi grunnskólar			
Sveitarfélag	Fjöldi starfsfólks við kennslu *	Fjöldi nemenda	Fj. nemenda á hvert stöðugildi starfsfólks við kennslu
0000 - Reykjavíkurborg	66,6	400	6,0
1000 - Kópavogsbær	8,2	57	7,0
1300 - Garðabær	24,2	213	8,8
1400 - Hafnarfjarðarkaupstaður	9,5	89	9,3
Sjálfstætt starfandi alls	108,5	759	7,0

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.
Skýring: Stjórnendur og sérkennarar einnig meðtaldir.

Fylgiskjal 13 - Rekstrarútgjöld vegna grunnskóla sem hlutfall af skatttekjum sveitarfélaga árið 2010

Sveitarfélag	Skatttekjur	Rekstrar- kostnaður v. grunnskóla	Þjónustutekjur v. grunnskóla	Nettó útgjöld vegna grunnskóla	% útgjalda v. grunnskóla af skatttekjum
0000 Reykjavíkurborg	51.604.751	19.003.416	-1.428.151	17.575.265	34%
1000 Kópavogsbær	13.597.372	5.167.198	-231.018	4.936.180	36%
1100 Seltjarnarneskaupstaður	1.909.727	812.120	-67.712	744.408	39%
1300 Garðabær	4.943.107	1.784.333	-69.781	1.714.552	35%
1400 Hafnarfjarðarkaupstaður	11.157.809	4.994.992	-408.502	4.586.490	41%
1603 Sveitarfélagið Álftanes	1.251.337	459.198	-20.632	438.566	35%
1604 Mosfellsbær	3.553.500	1.553.260	-141.580	1.411.680	40%
1606 Kjósarhreppur	93.962	21.634		21.634	23%
2000 Reykjanesbær	5.906.239	2.165.028	-64.612	2.100.416	36%
2300 Grindavíkurbær	1.274.681	649.067	-4.822	644.245	51%
2503 Sandgerðisbær	926.887	416.753	-4.109	412.644	45%
2504 Sveitarfélagið Garður	681.810	321.696	-4.228	317.468	47%
2506 Sveitarfélagið Vogar	549.561	256.356	-4.257	252.099	46%
3000 Akraneskaupstaður	2.891.727	989.685	-77.053	912.632	32%
3511 Hvalfjarðarsveit	505.810	187.822	-10.300	177.522	35%
3609 Borgarbyggð	1.752.533	811.950	-83.691	728.259	42%
3709 Grundarfjarðarbær	459.647	183.778	-6.677	177.101	39%
3710 Helgafellssveit	24.928	8.953	-1.091	7.862	32%
3711 Stykkishólmsbær	574.925	210.432	-8.601	201.831	35%
3713 Eyja- og Miklaholtshreppur	66.436	72.333	-28.149	44.184	67%
3714 Snæfellsbær	1.009.342	393.626	-12.335	381.291	38%
3811 Dalabyggð	405.053	204.620	-11.050	193.570	48%
4100 Bolungarvíkurkaupstaður	421.008	162.484	-9.673	152.811	36%
4200 Ísafjarðarbær	1.947.010	616.811	-13.739	603.072	31%
4502 Reyknhólahreppur	141.442	101.269	-11.242	90.027	64%
4604 Tálknafjarðarhreppur	164.980	81.809	-7.276	74.533	45%
4607 Vesturbyggð	528.425	178.644	-2.474	176.170	33%
4803 Súðavíkurhreppur	148.225	58.823	-3.833	54.990	37%
4901 Árneshreppur	22.556	18.441	-227	18.214	81%
4902 Kaldrananeshreppur	61.937	26.928	-21	26.907	43%
4908 Bæjarhreppur	62.745	51.805	-5.968	45.837	73%
4911 Strandabyggð	306.979	137.988	-9.476	128.512	42%
5200 Sveitarfélagið Skagafjörður	2.115.742	978.249	-81.748	896.501	42%
5508 Húnaþing vestra	633.601	321.479	-61.500	259.979	41%
5604 Blönduósbær	452.136	173.132	-13.500	159.632	35%
5609 Sveitarfélagið Skagaströnd	282.480	124.796	-26.527	98.269	35%
5611 Skagabyggð	58.015	35.862		35.862	62%
5612 Húnavatnshreppur	275.814	138.775	-4.323	134.452	49%
5706 Akrahreppur	115.140	66.362		66.362	58%
6000 Akureyrarkaupstaður	7.845.017	2.990.563	-252.228	2.738.335	35%
6100 Norðurþing	1.515.518	534.046	-21.050	512.996	34%
6250 Fjallabyggð	1.165.651	384.773	-19.934	364.839	31%
6400 Dalvíkurbyggð	1.004.979	354.689	-29.037	325.652	32%
6513 Eyjafjarðarsveit	560.407	250.166	-13.922	236.244	42%
6515 Hörgársveit	317.408	170.422	-9.127	161.295	51%
6601 Svalbarðsstrandarhreppur	205.750	128.736	-3.806	124.930	61%
6602 Grýtubakkahreppur	197.555	94.495	-5.841	88.654	45%
6607 Skútustaðahreppur	230.737	100.881	-5.229	95.652	41%
6611 Tjörneshreppur	18.883	-133		-133	-1%
6612 Þingeyjarsveit	554.718	310.269	-10.602	299.667	54%
6706 Svalbarðshreppur	56.030	37.753	-1.214	36.539	65%

Sveitarfélag	Skatttekjur	Rekstrar- kostnaður v. grunnskóla	Þjónustutekjur v. grunnskóla	Nettó útgjöld vegna grunnskóla	% útgjalda v. grunnskóla af skatttekjum
6709 Langanesbyggð	319.585	145.912	-10.125	135.787	42%
7000 Seyðisfjarðarkaupstaður	372.500	126.965	-4.915	122.050	33%
7300 Fjarðabyggð	2.703.457	1.069.571	-56.693	1.012.878	37%
7502 Vopnafjarðarhreppur	383.552	128.686	-5.783	122.903	32%
7505 Fljótsdalshreppur	128.597	60.613		60.613	47%
7509 Borgarfjarðarhreppur	77.003	33.030	-606	32.424	42%
7613 Breiðdalshreppur	125.302	64.313	-2.221	62.092	50%
7617 Djúpvogshreppur	247.987	76.075	-5.381	70.694	29%
7620 Fljótsdalshérað	1.795.606	846.084	-91.972	754.112	42%
7708 Sveitarfélagið Hornafjörður	1.168.339	397.137	-21.506	375.631	32%
8000 Vestmannaeyjabær	2.021.264	657.593	-27.300	630.293	31%
8200 Sveitarfélagið Árborg	3.402.181	1.474.457	-112.694	1.361.763	40%
8508 Mýrdalshreppur	271.048	123.990	-5.474	118.516	44%
8509 Skaftárhreppur	246.011	119.204	-6.729	112.475	46%
8610 Ásahreppur	140.841	41.679		41.679	30%
8613 Rangárþing eystra	875.442	419.772	-28.455	391.317	45%
8614 Rangárþing ytra	796.561	377.469	-45.719	331.750	42%
8710 Hrunamannahreppur	420.795	214.419	-40.692	173.727	41%
8716 Hveragerðisbær	1.048.253	426.875	-49.228	377.647	36%
8717 Sveitarfélagið Ölfus	969.386	407.226	-16.530	390.696	40%
8719 Grímsnes- og Grafningshreppur	391.615	129.552	-12.875	116.677	30%
8720 Skeiða- og Gnúpverjahreppur	341.768	156.347	-2.524	153.823	45%
8721 Bláskógabyggð	543.720	286.851	-11.624	275.227	51%
8722 Flóahreppur	350.379	163.115	-10.275	152.840	44%
Landið allt	145.693.224	57.245.502	-3.881.189	53.364.313	37%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Átt er við allan rekstrarkostnað vegna grunnskóla,
þ.e.. alla deildina (sameiginlegir liðir, stofnun/skóli, vistun utan skólatíma og annan rekstrarkostnað).

Fylgiskjal 14 - Rekstrarútgjöld vegna grunnskóla sem hlutfall af skatttekjum sveitarfélaga árið 2010

Sveitarfélag	Skatttekjur	Rekstrar- kostnaður v. grunnskóla brúttó	Þjónustutekjur v. grunnskóla	Nettó útgjöld vegna grunnskóla	% útgjalda v. grunnskóla af skatttekjum
0000 Reykjavíkurborg	51.604.751	16.434.330	-779612	15.654.718	30%
1000 Kópavogsbær	13.597.372	4.545.715	-183287	4.362.428	32%
1100 Seltjarnarneskaupstaður	1.909.727	779.623	-57800	721.823	38%
1300 Garðabær	4.943.107	1.551.676	-35319	1.516.357	31%
1400 Hafnarfjarðarkaupstaður	11.157.809	4.550.666	-234604	4.316.062	39%
1603 Sveitarfélagið Álftanes	1.251.337	424.911	-11900	413.011	33%
1604 Mosfellsbær	3.553.500	1.337.527	-81351	1.256.176	35%
2000 Reykjanesbær	5.906.239	2.052.941	-26641	2.026.300	34%
2300 Grindavíkurbær	1.274.681	464.780	-1970	462.810	36%
2503 Sandgerðsbær	926.887	396.139	-1921	394.218	43%
2504 Sveitarfélagið Garður	681.810	305.892	-3172	302.720	44%
2506 Sveitarfélagið Vogar	549.561	251.791	-2588	249.203	45%
3000 Akraneskaupstaður	2.891.727	989.685	-77053	912.632	32%
3511 Hvalfjarðarsveit	505.810	174.766	-10249	164.517	33%
3609 Borgarbyggð	1.752.533	744.674	-45810	698.864	40%
3709 Grundarfjarðarbær	459.647	175.272	-1397	173.875	38%
3711 Stykkishólmsbær	574.925	210.432	-8601	201.831	35%
3713 Eyja- og Miklaholtshreppur	66.436	0	0	0	0%
3714 Snæfellsbær	1.009.342	393.626	-12335	381.291	38%
3811 Dalabyggð	405.053	168.023	-10653	157.370	39%
4100 Bolungarvíkurkaupstaður	421.008	156.942	-8273	148.669	35%
4200 Ísafjarðarbær	1.947.010	607.772	-7406	600.366	31%
4502 Reykhólahreppur	141.442	101.269	-11242	90.027	64%
4604 Tálknafjarðarhreppur	164.980	81.809	-7277	74.532	45%
4607 Vesturbyggð	528.425	178.644	-2474	176.170	33%
4803 Súðavíkurhreppur	148.225	58.823	-3833	54.990	37%
4901 Árneshreppur	22.556	18.384	-226	18.158	81%
4902 Kaldrananeshreppur	61.937	26.928	-21	26.907	43%
4908 Bæjarhreppur	62.745	30.654	-5967	24.687	39%
4911 Strandabyggð	306.979	122.397	-9087	113.310	37%
5200 Sveitarfélagið Skagafjörður	2.115.742	947.374	-70062	877.312	41%
5508 Húnaþing vestra	633.601	285.772	-27188	258.584	41%
5604 Blönduósbær	452.136	163.074	-8461	154.613	34%
5609 Sveitarfélagið Skagaströnd	282.480	124.217	-26527	97.690	35%
5612 Húnavatnshreppur	275.814	138.865	-4323	134.542	49%
6000 Akureyrarkaupstaður	7.845.017	2.857.729	-190720	2.667.009	34%
6100 Norðurþing	1.515.518	508.697	-20466	488.231	32%
6250 Fjallabyggð	1.165.651	383.324	-19298	364.026	31%
6400 Dalvíkurbyggð	1.004.979	351.297	-27050	324.247	32%
6513 Eyjafjarðarsveit	560.407	250.166	-13922	236.244	42%
6515 Hörgársveit	317.408	161.773	-9127	152.646	48%
6601 Svalbarðsstrandarhreppur	205.750	127.250	-3051	124.199	60%
6602 Grýtubakkahreppur	197.555	93.258	-5364	87.894	44%
6607 Skútustaðahreppur	230.737	87.206	-449	86.757	38%
6612 Þingeyjarsveit	554.718	327.496	-16662	310.834	56%
6706 Svalbarðshreppur	56.030	33.202	-1214	31.988	57%
6709 Langanesbyggð	319.585	145.912	-15015	130.897	41%
7000 Seyðisfjarðarkaupstaður	372.500	126.965	-4915	122.050	33%
7300 Fjarðabyggð	2.703.457	1.064.739	-56795	1.007.944	37%
7502 Vopnafjarðarhreppur	383.552	128.686	-5783	122.903	32%

Sveitarfélag	Skatttekjur	Rekstrar- kostnaður v. grunnskóla brúttó	Þjónustutekjur v. grunnskóla	Nettó útgjöld vegna grunnskóla	% útgjalda v. grunnskóla af skatttekjum
7509 Borgarfjarðarhreppur	77.003	33.030	-606	32.424	42%
7613 Breiðdalshreppur	125.302	64.313	-2221	62.092	50%
7617 Djúpvogshreppur	247.987	76.074	-5381	70.693	29%
7620 Fljótsdalshérað	1.795.606	771.672	-67647	704.025	39%
7708 Sveitarfélagið Hornafjörður	1.168.339	395.758	-20816	374.942	32%
8000 Vestmannaeyjabær	2.021.264	636.418	-22978	613.440	30%
8200 Sveitarfélagið Árborg	3.402.181	1.368.447	-58146	1.310.301	39%
8508 Mýrdalshreppur	271.048	123.859	-5473	118.386	44%
8509 Skaftárhreppur	246.011	119.204	-6729	112.475	46%
8613 Rangárþing eystra	875.442	411.472	-26133	385.339	44%
8614 Rangárþing ytra	796.561	400.488	-50313	350.175	44%
8710 Hrunamannahreppur	420.795	212.424	-39967	172.457	41%
8716 Hveragerðisbær	1.048.253	413.667	-43814	369.853	35%
8717 Sveitarfélagið Ölfus	969.386	332.245	-14778	317.467	33%
8719 Grímsnes- og Grafningshreppur	391.615	119.612	-12875	106.737	27%
8720 Skeiða- og Gnúpverjahreppur	341.768	102.979	-2470	100.509	29%
8721 Bláskógabyggð	543.720	285.964	-11624	274.340	50%
8722 Flóahreppur	350.379	141.577	-9876	131.701	38%
Landið allt	145.112.858	51.652.296	-2.570.308	49.081.988	34%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Átt er við beinan rekstrarkostnað vegna grunnskóla,
þ.e. þann kostnað sem bókfærður er á hverja grunnskólastofnun.

Fylgiskjal 15 - Beinn rekstrarkostnaður (brúttó) grunnskóla sveitarfélaga á hvern nemanda 2010

Sveitarfélag	Beinn rekstrarkostnaður	Fjöldi nemenda 2010 *	Beinn kostnaður á hvern nemanda
0000 Reykjavíkurborg	16.434.330	13.466	1.220
1000 Kópavogsbær	4.545.715	4.132	1.100
1100 Seltjarnarneskaupstaður	779.623	560	1.393
1300 Garðabær	1.551.676	1.359	1.142
1400 Hafnarfjarðarkaupstaður	4.550.666	3.679	1.237
1603 Sveitarfélagið Álftanes	424.911	461	923
1604 Mosfellsbær	1.337.527	1.400	955
2000 Reykjanesbær	2.052.941	2.025	1.014
2300 Grindavíkurbær	464.780	461	1.009
2503 Sandgerðisbær	396.139	247	1.607
2504 Sveitarfélagið Garður	305.892	224	1.369
2506 Sveitarfélagið Vogar	251.791	199	1.265
3000 Akraneskaupstaður	989.685	1.012	978
3511 Hvalfjarðarsveit	174.766	91	1.931
3609 Borgarbyggð	744.674	522	1.428
3709 Grundarfjarðarbær	175.272	117	1.498
3711 Stykkishólmsbær	210.432	160	1.315
3714 Snæfellsbær	393.626	256	1.541
3811 Dalabyggð	168.023	94	1.797
4100 Bolungarvíkurkaupstaður	156.942	115	1.371
4200 Ísafjarðarbær	607.772	544	1.118
4502 Reykhólahreppur	101.269	30	3.376
4604 Tálknafjarðarhreppur	81.809	43	1.925
4607 Vesturbyggð	178.644	106	1.685
4803 Súðavíkurhreppur	58.823	31	1.898
4901 Árneshreppur	18.384	4	5.253
4902 Kaldrananeshreppur	26.928	13	2.071
4908 Bæjarhreppur	30.654	12	2.555
4911 Strandabyggð	122.397	85	1.440
5200 Sveitarfélagið Skagafjörður	947.374	625	1.516
5508 Húnaþing vestra	285.772	164	1.748
5604 Blönduósbær	163.074	125	1.305
5609 Sveitarfélagið Skagaströnd	124.217	113	1.104
5612 Húnavatnshreppur	138.865	65	2.136
6000 Akureyrarkaupstaður	2.857.729	2.581	1.107
6100 Norðurþing	508.697	383	1.328
6250 Fjallabyggð	383.324	280	1.371
6400 Dalvíkurbyggð	351.297	303	1.161
6513 Eyjafjarðarsveit	250.166	206	1.217
6515 Hörgársveit	161.773	89	1.818
6601 Svalbarðsstrandarhreppur	127.250	52	2.471
6602 Grýtubakkahreppur	93.258	58	1.608
6607 Skútustaðahreppur	87.206	48	1.836
6612 Þingeyjarsveit	327.496	134	2.453
6706 Svalbarðshreppur	33.202	11	3.018
6709 Langanesbyggð	145.912	95	1.536
7000 Seyðisfjarðarkaupstaður	126.965	68	1.881
7300 Fjarðabyggð	1.064.739	667	1.598
7502 Vopnafjarðarhreppur	128.686	87	1.488
7509 Borgarfjarðarhreppur	33.030	17	1.943
7613 Breiðdalshreppur	64.313	24	2.680
7617 Djúpavogshreppur	76.074	43	1.769

Sveitarfélag	Beinn rekstrarkostnaður	Fjöldi nemenda 2010 *	Beinn kostnaður á hvern nemanda
7620 Fljótsdalshérað	771.672	526	1.468
7708 Sveitarfélagið Hornafjörður	395.758	313	1.266
8000 Vestmannaeyjabær	636.418	591	1.078
8200 Sveitarfélagið Árborg	1.368.447	1.215	1.127
8508 Mýrdalshreppur	123.859	69	1.808
8509 Skaftárhreppur	119.204	42	2.838
8613 Rangárþing eystra	411.472	234	1.762
8614 Rangárþing ytra	400.488	248	1.618
8710 Hrunamannahreppur	212.424	168	1.268
8716 Hveragerðisbær	413.667	359	1.152
8717 Sveitarfélagið Ölfus	332.245	240	1.384
8719 Grímsnes- og Grafningshreppur	119.612	42	2.848
8720 Skeiða- og Gnúpverjahreppur	102.979	44	2.367
8721 Bláskógabyggð	285.964	143	2.007
8722 Flóahreppur	141.577	76	1.875
Landið allt	51.685.054	41.977	1.231

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofa Íslands.
Skýring: * Nemendafjöldi er meðaltal nemenda skólaárin 2009/2010 og 2010/2011.

Fylgiskjal 16 - Heildarútgjöld vegna leikskóla og grunnskóla sem hlutfall af skatttekjum árið 2010

Sveitarfélag	Skatttekjur	Nettó útgjöld v grunnskóla	Nettó útgjöld v leikskóla	Samtals útgjöld v leikskóla og grunnskóla	% útgjalda v leik- og grunnskóla af skatttekjum
0000 - Reykjavíkurborg	51.604.751	17.575.265	8.707.245	26.282.510	51%
1000 - Kópavogsbær	13.597.372	4.936.180	2.738.636	7.674.816	56%
1100 - Seltjarnarneskaupstaður	1.909.727	744.408	217.605	962.013	50%
1300 - Garðabær	4.943.107	1.714.552	789.921	2.504.473	51%
1400 - Hafnarfjarðarkaupstaður	11.157.809	4.586.490	1.925.672	6.512.162	58%
1603 - Sveitarfélag Álftanes	1.251.337	438.566	221.099	659.665	53%
1604 - Mosfellsbær	3.553.500	1.411.680	550.466	1.962.146	55%
1606 - Kjósarhreppur	93.963	21.634	4.864	26.498	28%
2000 - Reykjanesbær	5.906.239	2.100.416	1.053.330	3.153.746	53%
2300 - Grindavíkurbær	1.274.681	644.245	235.849	880.094	69%
2503 - Sandgerðisbær	926.887	412.644	144.152	556.796	60%
2504 - Sveitarfélagið Garður	681.810	317.468	97.749	415.217	61%
2506 - Sveitarfélagið Vogar	549.561	252.099	89.566	341.665	62%
3000 - Akraneskaupstaður	2.891.727	912.632	429.042	1.341.674	46%
3511 - Hvalfjarðarsveit	505.810	177.522	53.470	230.992	46%
3609 - Borgarbyggð	1.752.534	728.259	268.348	996.607	57%
3709 - Grundarfjarðarbær	459.647	177.101	57.705	234.806	51%
3710 - Helgafellssveit	24.928	7.862	6.130	13.992	56%
3711 - Stykkishólmsbær	574.925	201.831	78.968	280.799	49%
3713 - Eyja- og Miklaholtshreppur	66.436	44.184	905	45.089	68%
3714 - Snæfellsbær	1.009.342	381.291	117.717	499.008	49%
3811 - Dalabyggð	405.053	193.570	40.061	233.631	58%
4100 - Bolungarvíkurkaupstaður	421.008	152.811	37.754	190.565	45%
4200 - Ísafjarðarbær	1.947.010	603.072	234.463	837.535	43%
4502 - Reykhólahreppur	141.441	90.027	22.456	112.483	80%
4604 - Tálknafjarðarhreppur	164.980	74.533	20.084	94.617	57%
4607 - Vesturbyggð	528.425	176.170	38.708	214.878	41%
4803 - Súðavíkurhreppur	148.225	54.990	14.441	69.431	47%
4901 - Árneshreppur	22.556	18.214		18.214	
4902 - Kaldrananeshreppur	61.937	26.907	5.034	31.941	52%
4908 - Bæjarhreppur	62.745	45.837	4.021	49.858	79%
4911 - Strandabyggð	306.979	128.512	33.856	162.368	53%
5200 - Sveitarfélagið Skagafjörður	2.115.741	896.501	287.357	1.183.858	56%
5508 - Húnaþing vestra	633.601	259.979	60.807	320.786	51%
5604 - Blönduósbær	452.136	159.632	65.010	224.642	50%
5609 - Sveitarfélagið Skagaströnd	282.480	98.269	32.671	130.940	46%
5611 - Skagabyggð	58.015	35.862	1.090	36.952	64%
5612 - Húnavatnshreppur	275.815	134.452	23.013	157.465	57%
5706 - Akrahreppur	115.140	66.362	11.245	77.607	67%
6000 - Akureyrarkaupstaður	7.845.017	2.738.335	1.206.052	3.944.387	50%
6100 - Norðurþing	1.515.518	512.996	184.208	697.204	46%
6250 - Fjallabyggð	1.165.651	364.839	119.176	484.015	42%
6400 - Dalvíkurbyggð	1.004.979	325.652	117.937	443.589	44%
6513 - Eyjafjarðarsveit	560.407	236.244	65.407	301.651	54%
6514 - Hörgárbyggð	317.408	161.295	41.757	203.052	64%
6601 - Svalbarðsstrandarhr.	205.750	124.930	32.267	157.197	76%
6602 - Grýtabakkahreppur	197.555	88.654	26.712	115.366	58%
6607 - Skútustaðahreppur	230.737	95.652	17.523	113.175	49%
6612 - Þingeyjarsveit	554.718	299.667	68.896	368.563	66%
6706 - Svalbarðshreppur	56.030	36.539	2.550	39.089	70%

Sveitarfélag	Skatttekjur	Nettó útgjöld v grunnskóla	Nettó útgjöld v leikskóla	Samtals útgjöld v leikskóla og grunnskóla	% útgjalda v leik- og grunnskóla af skatttekjum
6709 - Langanesbyggð	319.585	135.787	32.986	168.773	53%
7000 - Seyðisfjarðarkaupstaður	372.500	122.050	46.851	168.901	45%
7300 - Fjarðabyggð	2.703.458	1.012.878	357.551	1.370.429	51%
7502 - Vopnafjarðarhreppur	383.552	122.903	41.632	164.535	43%
7505 - Fljótsdalshreppur	128.597	60.613	490	61.103	48%
7509 - Borgarfjarðarhreppur	77.002	32.424	3.211	35.635	46%
7613 - Breiðdalshreppur	125.302	62.092	9.480	71.572	57%
7617 - Djúpavogshreppur	247.986	70.694	39.547	110.241	44%
7620 - Fljótsdalshérað	1.795.606	754.112	269.114	1.023.226	57%
7708 - Sveitarfélagið Hornafjörður	1.168.339	375.631	113.385	489.016	42%
8000 - Vestmannaeyjabær	2.021.264	630.293	231.313	861.606	43%
8200 - Sveitarfélagið Árborg	3.402.181	1.361.763	592.304	1.954.067	57%
8508 - Mýrdalshreppur	271.049	118.516	29.451	147.967	55%
8509 - Skaftárhreppur	246.012	112.475	16.190	128.665	52%
8610 - Ásahreppur	140.841	41.679	12.101	53.780	38%
8613 - Rangárþing eystra	875.442	391.317	90.960	482.277	55%
8614 - Rangárþing ytra	796.561	331.750	116.295	448.045	56%
8710 - Hrunamannahreppur	420.795	173.727	45.822	219.549	52%
8716 - Hveragerðisbær	1.048.253	377.647	154.635	532.282	51%
8717 - Sveitarfélagið Ölfus	969.386	390.696	109.560	500.256	52%
8719 - Grímsnes- og Grafningshr.	391.615	116.677	23.709	140.386	36%
8720 - Skeiða- og Gnúpverjahreppur	341.768	153.823	47.593	201.416	59%
8721 - Bláskógabyggð	543.719	275.227	72.695	347.922	64%
8722 - Flóahreppur	350.380	152.840	50.441	203.281	58%
Landið allt	145.674.344	53.364.446	23.110.311	76.474.757	52%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Fylgiskjal 17 - Listi yfir fulltrúa sambandsins í nefndum á sviði skólamála

Nefnd	Nafn fulltrúa og netfang	Skipunartími
<i>Undanþágunefnd grunnskóla um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara og framhaldsskólakennara og skólástjóra</i>	Sólveig Bachman Gunnarsdóttir	13.7.2011
	solveig.b.gunnarsdottir@samband.is	
<i>Víðræðunefnd um endurskoðun laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla</i>	Guðjón Bragason	29.1.2010
	gudjon@samband.is	
	Gunnar Gíslason	
	gunnarg@akureyri.is	
	Laufey Ólafsdóttir	
	laufey.olafsdottir@reykjavik.is	
<i>Samráðsnefnd um tónlistarfræðslu</i>	Laufey Ólafsdóttir	27.11.2009
	laufey.olafsdottir@reykjavik.is	
<i>Samráðsnefnd hagsmunaaðila á leik- og grunnskólastigi</i>	Svandís Ingimundardóttir	11.12.2009
	svandis@samband.is	
	Ragnar Þorsteinsson	
	ragnar.thorsteinsson@reykjavik.is	
<i>Námsstyrkjanefnd</i>	Magnús B. Jónsson	26.6.2009
	magnus@skagastrond.is	
<i>Tónlist fyrir alla</i>	Soffía Vagnsdóttir	18.1.2008
	sossa@bolungarvik.is	
	Ísólfrur Gylfi Pálmason	
	isolfur@hvolsvollur.is	
<i>Samstarfsnefnd um endurmenntun leik-, grunn- og framhaldsskólakennara</i>	Svandís Ingimundardóttir	16.2.2009
	svandis@samband.is	
<i>Forvarnardagur forsetans</i>	Svandís Ingimundardóttir	16.3.2006
	svandis@samband.is	
<i>Starfshópur í skák í grunnskólum</i>	Sif Sigfúsdóttir	23.6.2006
	sif.sigfusdottir@reykjavik.is	
<i>Samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi</i>	Guðrífur Arnardóttir	22.6.2007
	gudridur@fg.is	
<i>Stjórn Námsgagnastofnunar</i>	Gunnar Gíslason	27.4.2007
	gunnarg@akureyri.is	
<i>Stjórn Námsgagnasjóðs</i>	Eiríkur Hermannsson	27.4.2007
	eirikur.hermannsson@reykjanesbaer.is	
<i>Próunarsjóður námsgagna</i>	Kristín Hreinsdóttir	28.3.2007
	khreins@skolasud.is	
<i>Stjórn Nýsköpunarsjóðs námsmanna</i>	Áslaug Friðriksdóttir	31.7.2007
	aslaug@sja.is	

Nefnd	Nafn fulltrúa og netfang	Skipunartími
<i>Samráðshópur um samskipti grunn- og framhaldsskóla</i>	Valgerður Freyja Ágústsdóttir valgerdur@samband.is	11.12.2009
<i>Verkefna og námsstyrkjasjóður kennara</i>	Auður Árný Stefánsdóttir audur.arny.stefansdottir@reykjavik.is Guðfinna Harðardóttir gudfinna@samband.is	7.11.2008
<i>Stjórn Sprotasjóðs</i>	Svandís Ingimundardóttir svandis@samband.is	26.8.2009
<i>Verkefnisstjórn um dreifmennt í V-Barðastrandarsýslu og Snæfellsnesi</i>	Svandís Ingimundardóttir svandis@samband.is	
<i>Starfsgreinaráð heilbrigðis- og uppeldisgreina</i>	Berglind Eva Ólafsdóttir berglind@samband.is	30.10.2009
<i>Starfsgreinaráð umhverfis- og landbúnaðargreina</i>	Guðrún A. Sigurðardóttir gudrun.a.sigurdardottir@samband.is	30.10.2009
<i>Matsnefnd um starfsréttindi kennara</i>	Guðfinna Harðardóttir gudfinna@samband.is	12.12.2008
<i>Ritnefnd um almennan hluta aðalnámskrár grunnskóla</i>	Gunnar Gíslason gunnarg@akureyri.is	26.3.2010
<i>Ritnefnd um almennan hluta aðalnámskrár leikskóla</i>	Gunnhildur María Sæmundsdóttir gs@mos.is	26.3.2010
<i>Áheyrnarfulltrúi í matsnefnd um náms- og starfsráðgjafa</i>	Svandís Ingimundardóttir svandis@samband.is	7.5.2010
<i>Framkvæmdanefnd í málefnum heyrnarlausra og heyrnarkertra</i>	Tómas Jónsson tomas@kopavogur.is	26.2.2010

Fylgiskjal 18 - Skólaskrifstofur sveitarfélaga og skólar utan þeirra

Heiti skrifstofu	Heimilisfang	Póststöð	Sími/ Bréfsími	Netfang	Veffang	Sveitarfélag
Mennta- og leikskólasvið Reykjavíkurborgar	Fríkirkjuvegi 1	101 Reykjavík	411 7000/ 477 7050	ragnar.thorsteinsson@reykjavik.is	www.menntasvid.is	Reykjavíkurborg

Höfuðborgarsvæðið utan Reykjavíkur

Fræðslu- og menningarsvið Seltjarnarness	Austurströnd 2	170 Seltjarnarnes	595 9100/ 595 9101	baldur@seltjarnarnes.is	www.seltjarnarnes.is	Seltjarnarneskaupstaður
Fræðslusvið Kópavogs	Fannborg 2	200 Kópavogi	570 1600/ 570 1601	annabs@kopavogur.is hanness@kopavogur.is	www.kopavogur.is	Kópavogsbær
Skólaskrifstofa Garðabæjar	Garðatorgi 7	210 Garðabæ	525 8500/ 565 2332	margretsv@gardabaer.is oddnye@gardabaer.is	www.gardabaer.is	Garðabær
Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar	Strandgötu 31	220 Hafnarfirði	585 5500/ 585 5509	ingibie@hafnarfjordur.is magnusb@hafnarfjordur.is	www.hafnarfjordur.is	Hafnarfjarðarkaupstaður
Velferðar- og skólasvið Álftanes	Bjarnastöðum	225 Álftanesi	550 2300/ 550 2309	palmi@alftanes.is	www.alftanes.is	Sveitarfélagið Álftanes
Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar	Pverholti 2	270 Mosfellsbæ	525 6700/ 525 6729	bth@mos.is magnea@mos.is ri@mos.is	www.mos.is	Mosfellsbær

Suðurnes

Fræðslu-skrifstofa Reykjanesbæjar	Tjarnargötu 12	230 Reykjanesbæ	421 6700/ 421 6199	gudbjorg.sveinsdottir@reykjanesbaer.is eirikur.hermannsson@reykjanesbaer.is	www.reykjanesbaer.is	Reykjanesbær, Sveitarfélagið Garður, Sveitarfélagið Vogar og Sandgerðisbær
Skólaskrifstofa Grindavíkur	Víkurbraut 62	240 Grindavík	420 1100/ 420 1111	nmj@grindavik.is	www.grindavik.is	Grindavíkurbær

Vesturland

Fræðslu-, tólmund- og íþróttasvið Akraness	Stílholti 16-18	300 Akranesi	433 1000/ 433 1001	helgag@akranes.is	www.akranes.is	Akraneskaupstaður
Fjölskyldusvið Borgarbyggðar	Borgarbraut 14	310 Borgarnesi	433 7100/ 433 7101	asthildur@borgarbyggd.is	www.borgarbyggd.is	Borgarbyggð og Eyja- og Miklaholtshreppur
Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga	Klettsbúð 4	360 Hellissandi	430 7800/ 430 7801	sveinn@fssf.is	www.fssf.is	Stykkishólmur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Snæfellsbær, Lýshólsskóli

Heiti skrifstofu	Heimilisfang	Póststöð	Sími/ Bréfsími	Netfang	Veffang	Sveitarfélag
------------------	--------------	----------	-------------------	---------	---------	--------------

Vestfirðir

Skóla- og fjölskylduskriðstofa í Safjarðarbæjar	Hafnarstræti 1	400 Ísafirði	450 8000/ 456 3508	margret@isafjordur.is grunnskolafulltrui@isafjordur.is	www.isafjordur.is	Ísafjarðarbær, Súðavíkurbær og Bolungarvíkurkaupstaður
Grunnskóli Vesturbýggðar	Áðalstræti 53	450 Patreksfirði	456 1590/ 456 1257	nanna@vesturbyggdur.is	www.grunnskolvesturbyggdur.is	Patreksfjörður, Tálknafjörður og Bíldudalur

Norðurland vestra

Fræðsluskriðstofa Austur-Húnavetninga	Pverbraut 1	540 Blönduós	452 2600/ 452 4787 895 5796	gol@mi.is	www.felahun.is	Blönduósþétt, Höfðahreppur, Húnavatnshreppur og Skagabyggð (börn í Skagab. fara í skóla í Höfðah.) Húnaþing vestra kaupir þjónustu
Fjölskylduþjónusta Skagfirðinga	Ráðhúsinu, Skagfirðingabráttur 21	550 Sauðárkrúki	455 6080/ 455/6001	has@skagafjordur.is	www.skagafjordur.is	Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur

Norðurland eystra

Skólaskrifstofa Fjallabyggðar	Gránugötu 24	580 Siglufirði	464 9100	karitas@fjallabyggd.is	www.fjallabyggd.is	Fjallabyggð
Skóladeild Akureyrarbæjar	Glerárgötu 26	600 Akureyri	460 1455/ 460 1460	gunnarg@akureyri.is	www.akureyri.is	Akureyri, Hrísey og Hlíðarskóli
Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar	Glerárgötu 26	600 Akureyri	460 1401/ 460 1440	gudruns@akureyri.is	www.akureyri.is	Annast einstakl. við grunnskóla Akureyrar ásamt Pelamerkurskóla, Hrafnagilsskóla, Valsárskóla og Grenivíkurskóla
Fræðslu- og menningarsvið Norðurlands - Undir Félagsþjónustu Norðurlands	Ketilsbraut 7-9	640 Húsavík	464 6123/ 464 6101	huld@nordurthing.is sigurdura@nordurthing.is	www.nordurthing.is	Norðurland + Þingeyjarsveit, Skútustaðah., Svalbarðsh., Tjörnesh. og Langanesbyggð
Fræðslu- og menningarsvið Dalvíkur-byggðar	Ráðhúsinu	620 Dalvík	460 4900/ 460 4901	helgabjort@dalvik.is hildur@dalvik.is	www.dalvik.is	Dalvíkurbyggð

Austurland

Skólaskrifstofa Austurlands	Búðareyri 4	730 Reyðarfirði	474 1211/ 474 1311	sigurbiorn@skolaust.is	www.skolaust.is	Vopnafjarðarhreppur, Seyðisfjarðar-kaupstaður, Fjarðabyggð, Fljótsdalshreppur, Fljótsdalshérað, Borgarfjarðarhreppur, Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur
Fræðslu- og félagssvið Hornafjarða	Hafnarbraut 27	780 Höfn	470 8002/ 470 8001	stefan@hornafjordur.is	www.hornafjordur.is	Sveitarfélagið Hornafjörður

Heiti skrifstofu	Heimilisfang	Póststöð	Sími/ Bréfsími	Netfang	Veffang	Sveitarfélag
Fræðslu- og menningarsvið Fljótaldshéraðs	Lyngási 12	700 Egilsstöðum	470 0700/ 470 0701	helga@egilsstadir.is	www.egilsstadir.is	Fljótaldshérað
Fræðslu- og menningarsvið Fjarðabyggðar	Hafnargötu 2	730 Reyðarfirði	470 9092/ 470 9001	gunnlaugur.sverrisson@fjardabyggd.is thoroddur.helgason@fjardabyggd.is	www.fjardabyggd.is	Fjarðabyggð

Suðurland

Skólaskrifstofa Suðurlands	Austurvegi 56	800 Selfossi	480 8240/ 480 8201	khreins@skolasud.is	www.skolasud.is	Sveitarfélagið Árborg, Mýrdalshreppur, Skaftárhreppur, Ásahreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Bláskólabyggð og Flóahreppur
Fjölskyldu- og fræðslusvið Vestmannaeyjabæjar	Ráðhúsinu	900 Vestmannaeyjum	488 2000/ 488 2001	erna@vestmannaeyjar.is ionp@vestmannaeyjar.is	www.vestmannaeyjar.is	Vestmannaeyjabær
Grunnskóla- og menningardeild Árborgar	Ráðhúsinu Austurvegi 2	800 Selfossi	480 1900/ 480 1901	thorsteinn@arborg.is kristin@arborg.is	www.arborg.is	Sveitarfélagið Árborg

Skólar utan skólaskrifstofu

Landakotsskóli	Túngötu 15	101 Reykjavík	510 8200/ 510 8209	solvo.sveinsson@landakotsskoli.is	www.landakot.is	Reykjavíkurborg
Tjarnarskóli	Lækjargötu 14b	101 Reykjavík	551 6820/ 552 6074	tjarnar@ismennt.is	www.tjarnarskoli.is	Reykjavíkurborg
Ísaksskóli	Bólstaðarhlíð 20	105 Reykjavík	553 2590/ 553 4600	siganna@isaksskoli.is	www.isaksskoli.is	Reykjavíkurborg
Suðurhlíðarskóli	Suðurhlíð 36	105 Reykjavík	568 7870/ 568 7807	sudurhlidarskoli@simnet.is	www.sudurhlidarskoli.is	Reykjavíkurborg
Waldorfskólinn Sólstaðir	Pósthólf 8812	128 Reykjavík	577 1110/ 699 8804	solskoli@ismennt.is	www.waldorf.ismennt.is	Reykjavíkurborg
Waldorfskólinn í Lækjarbotnum	Pósthólf 10011	130 Reykjavík	587 4499/ 567 1747	waldorf@simnet.is		Reykjavíkurborg
Barnaskóli Hjallastefnunnar	Vífilsstaðavegi 123	210 Garðabæ	555 7810	barnaskolinngbr@hjalli.is	www.hjalli.is	Garðabær
Barnaskóli Hjallastefnunnar	Hjallabraut 55	220 Hafnarfirði	555 7610	barnaskolinnhfi@hjalli.is	www.hjalli.is	Hafnarfjörður
Barnaskóli Hjallastefnunnar	Hlíðarfóti 7	101 Reykjavík	571 7720	barnaskolinrvk@hjalli.is	www.hjalli.is	Reykjavíkurborg

Heiti skrifstofu	Heimilisfang	Póststöð	Sími/ Bréfsími	Netfang	Veffang	Sveitarfélag
Heiðarskóli	Hvalfjarðarsveit	301 Akranesi	433 8920/ 433 8911	heidarskoli@heidarskola.is	www.heidarskola.is	Hvalfjarðarsveit
Laugargerðis-skóli		311 Borgarnesi	435 6600/ 435 6603	laugarg@ismennt.is	www.laugargerðisskoli.is	Borgarbyggð
Auðarskóli/Grunnskólinn í Búðardal	Miðbraut 10	370 Búðardal	434 1133/ 434 1406	audarskoli@dalir.is	www.dalabyggd.is	Dalabyggð; Grunnskólinn í Búðardal og Tjarnarlundi
Reykhólaskóli	Skólabraut 1	380 Reykhólum	434 7731/ 434 7891	reyksk@ismennt.is sveitarstjori@reykholar.is	www.reykholar.is	Reykhólahreppi
Grunnskóli Bolungarvíkur	Höfðastíg 3-5	415 Bolungarvík	456 7249/ 456 7029	sossa@bolungarvik.is	www.bolungarvik.is	Bolungarvíkurkaupstað
Súðavíkurskóli		420 Súðavík	456 4924/ 456 5909	annalind@sudavik.is	www.sudavik.is	Súðavíkurhreppur
Grunnskólinn Borðeyri	Borðeyri	500 Stað	451 1142	karna@ismennt.is	www.strandir.is	Bæjarhreppur
Grunnskólinn á Hólmavík	Skólabraut 20	510 Hólmavík	451 3129/ 451 3429	skolastjorar@holmavik.is	www.strandabyggd.is	Strandabyggð
Grunnskóli Drangsnæs		520 Drangsnæs	451 3436/ 451 3379	valgeir76@hotmail.com	www.drangsnæs.is	Kaldranæshreppi
Finnbogastaðaskóli	Finnbogastöðum	523 Bæ	451 4032/ 451 4031	finnbs@simnet.is		Árneshreppi
Grunnskóli Húnaþings vestra		530 Hvammstanga	455 2900/ 455 2908	grhv@ismennt.is siggitho@ismennt.is	www.hunathing.is	Húnaþing vestra
Þelamerkurskóli	Laugalandi	601 Akureyri	460 1772/ 460 1771	thelamork@thelamork.is	www.thelask.is	Hörgárbyggð
Hrafnagilsskóli	Eyjaþingarsveit	601 Akureyri	464 8100/ 464 8101	hrafnagilsskoli@krummi.is karl@krummi.is	www.krummi.is	Eyjaþingarsveit
Stóru-Tjarnarskóli	Ljósavátnskarði	601 Akureyri	464 3220/ 464-3224	oliarn@storutjarnarskoli.is	www.storutjarnarskoli.is	Pingeyjarsveit
Valsárskóli	Svalbarðsströnd	601 Akureyri	462 3105/ 462 3106	valsar@valsar.is	www.valsarskoli.is	Svalbarðsstrandarhreppi
Grenivíkurskóli		610 Grenivík	463 3118/ 463 3181	asta@grenivikurskoli.is	www.grenivikurskoli.is	Grýtubakkahreppi
Grunnskólinn í Þorlákshöfn	Egilsbraut 35	815 Þorlákshöfn	480 3850	skolinn@olfus.is	www.skolinn.olfus.is	Sveitarfélagið Ölfus